# Skólanámskrá

## Verzlunarskóla Íslands

## 2011 - 2012

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

# Efnisyfirlit

Bls.

MARKMIÐ ....... 2
KENNSLUHÆTTIR ....... 2
GILDI ....... 2
MEGINÁHERSLUR ....... 3
BROT ÚR SÖGU SKÓLANS ....... 3
STJÓRN OG STARFSLIÐ ....... 4
SKÓLANEFND ....... 4
STARFSLIÐ ....... 4
SKÓLASTJÓRNENDUR ....... 4
VERKEFNASTJÓRAR ....... 4
DEILDARSTJÓRAR ....... 4
KENNARAR ....... 5
SKRIFSTOFA ....... 10
NÁMSRÁÐGJÖF ....... 11
BÓKASAFN ....... 11
AÐRIR STARFSMENN ....... 11
SKÓLASTJÓRI ....... 12
YFIRKENNARI ....... 12
ÁFANGASTJÓRI ....... 12
FJARNÁMSSTJÓRI ....... 12
SKRIFSTOFUSTJÓRI ....... 13
KERFISSTJÓRI ....... 13
KERFISFRÆÐINGUR ....... 13
VERKEFNASTJÓRI ....... 13
DEILDARSTJÓRI ....... 13
KENNARI ....... 13
UMSJÓNARKENNARI ....... 14
NÁMSRÁÐGJAFI ....... 14
FÉLAGSLÍFSFULLTRÚI ....... 14
FORVARNAFULLTRÚI ....... 15
BÓKASAFNSSTJÓRI ....... 15
RITARI/MÓTTAKA ....... 15
UMSJÓNARMAÐUR FASTEIGNA VÍ ....... 15
1. ALMENNAR REGLUR ....... 17
2. UMGENGNI ....... 17
3. SKÓLASÓKN ....... 17
4. SKÓLASÓKNAREINKUNN ....... 18
5. NÁMSMAT, PRÓF OG VERKEFNI ....... 18
6. PRÓFREGLUR ....... 19
7. REGLUR UM NOTKUN SKÓLANETS VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS ....... 20
8. VÍMUEFNI ....... 20
9. ÚTGÁFUMÁL NEMENDA ....... 21
10. MEÐFERÐ ÁGREININGSMÁLA ....... 21
11. VIÐURLÖG VEGNA BROTA Á SKÓLAREGLUM ....... 21
NÁMSRÁÐGJÖF ....... 23
FORVARNIR OG FÉLAGSLÍF ....... 23
HEILSUEFLANDI FRAMHALDSSKÓLI ....... 23
STEFNA OG FRAMKVÆMD FORVARNA ....... 23
*Framkvæmd ....... 23*
*Reglur ....... 24*
*Íhlutun ....... 24*
*Endurskoðun og samþykkt ....... 24*
FORELDRASAMSTARF ....... 24
SKÓLADAGATAL ....... 27

SKIPAN NÁMS VIÐ VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS 2010. ........ 28
*Náttúrufræðibraut – eðlisfræðisvið* ........ 29
*Náttúrufræðibraut – líffræðisvið* ........ 30
*Félagsfræðabraut – alþjóðasvið* ........ 31
*Málabraut* ........ 32
*Viðskiptabraut – hagfræðisvið* ........ 33
*Viðskiptabraut – viðskiptasvið* ........ 34
SKIPAN NÁMS VIÐ VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS 2011. ........ 35
*Náttúrufræðibraut – eðlisfræðisvið* ........ 36
*Náttúrufræðibraut – líffræðisvið* ........ 37
*Félagsfræðabraut – alþjóðasvið* ........ 38
*Málabraut* ........ 39
*Viðskiptabraut – hagfræðisvið* ........ 40
*Viðskiptabraut – viðskiptasvið* ........ 41
VERSLUNAR- OG FRUMKVÖÐLABRAUT ........ 42
*Inngangur* ........ 42
*Nám og kennsla* ........ 42
*Inntökuskilyrði* ........ 42
*Námsmat* ........ 42
*Staða nema að loknu námi* ........ 42
*Lokamarkmið* ........ 42
*Skipan náms á verslunar- og frumkvöðlabraut* ........ 43
MARKMIÐ: ........ 44
SKIPULAG: ........ 44
*Á hverju ári eru 3 annir:* ........ 44
*Hverri önn er skipt niður í:* ........ 44
SAMSKIPTI ........ 44
GJALDTAKA: ........ 45
*Árið 2010:* ........ 45
*Vorönn 2011:* ........ 45
ALÞJÓÐAFRÆÐI ........ 46
*ALÞ102* ........ 46
*ALÞ103* ........ 46
*ALÞ203* ........ 46
*ALÞ302* ........ 47
BÓKFÆRSLA ........ 47
*BÓK113* ........ 47
*BÓK201* ........ 48
*BÓK213* ........ 48
*BÓK313* ........ 48
DANSKA ........ 49
*DAN102* ........ 49
*DAN103* ........ 50
*DAN202* ........ 51
*DAN212* ........ 51
*DAN203* ........ 53
*DAN221* ........ 54
*DAN303* ........ 54
EÐLISFRÆÐI ........ 55
*EÐL103* ........ 55
*EÐL203* ........ 56
*EÐL303* ........ 58
*EÐL403* ........ 59
EFNAFRÆÐI ........ 59
*EFN103* ........ 59
*EFN203* ........ 60
*EFN213* ........ 60
*EFN303* ........ 61
*EFN313* ........ 61
ENSKA ........ 62
*ENS102* ........ 62
*ENS103* ........ 62

*ENS202* ... *62*
*ENS212* ... *63*
*ENS203* ... *63*
*ENS303* ... *63*
*ENS403* ... *64*
*ENS503* ... *64*
*ENS603* ... *64*
*ENS613* ... *65*
FÉLAGSFRÆÐI ... 65
*FÉL303* ... *65*
FJÁRMÁL ... 66
*FJÁ102* ... *66*
*FJÁ103* ... *67*
*FJÁ202* ... *67*
FRANSKA ... 67
*FRA102* ... *67*
*FRA103* ... *68*
*FRA202* ... *69*
*FRA212* ... *69*
*FRA203* ... *70*
*FRA303* ... *71*
*FRA403* ... *72*
*FRA503* ... *72*
ÍSLENSKA ... 73
*ÍSL102* ... *73*
*ÍSL103* ... *74*
*ÍSL202* ... *74*
*ÍSL212* ... *75*
*ÍSL203* ... *76*
*ÍSL303* ... *76*
*ÍSL403* ... *77*
*ÍSL503* ... *78*
ÍÞRÓTTIR ... 79
*ÍÞR101* ... *79*
*ÍÞR111* ... *79*
*ÍÞR201* ... *79*
*ÍÞR211* ... *79*
*ÍÞR301* ... *80*
*ÍÞR311* ... *80*
*ÍÞR401* ... *80*
*ÍÞR411* ... *81*
JARÐFRÆÐI ... 81
*JAR103* ... *81*
KVIKMYNDIR ... 82
*KVS103* ... *82*
LANDAFRÆÐI ... 83
*LAN103* ... *83*
LATÍNA ... 84
*LAT102* ... *84*
*LAT103* ... *84*
*LAT202* ... *85*
*LAT203* ... *85*
*LAT302* ... *86*
LÍFFRÆÐI ... 86
*LÍF103* ... *86*
*LÍF113* ... *87*
*LÍF203* ... *87*
*LÍF303* ... *88*
LÍFSLEIKNI ... 89
*LKN101* ... *89*
*LKN121* ... *89*
LOKAVERKEFNI ... 90

*LOK103* ... *90*
LÖGFRÆÐI ... 90
*LÖG103* ... *90*
MARKAÐSFRÆÐI ... 91
*MAR102* ... *91*
*MAR103* ... *91*
*MAR202* ... *91*
MENNINGARFRÆÐI ... 92
*MEN103* ... *92*
*MEN203* ... *92*
NÁTTÚRUVÍSINDI ... 93
*NÁT103* ... *93*
*NÁT113* ... *94*
*NÁT123* ... *94*
REKSTRARHAGFRÆÐI ... 95
*REK103* ... *95*
*REK203* ... *96*
*REK213* ... *96*
*REK313* ... *96*
*REK322* ... *97*
*REK323* ... *97*
SAGA ... 97
*SAG103* ... *97*
*SAG203* ... *98*
*SAG303* ... *99*
SPÆNSKA ... 99
*SPÆ102* ... *99*
*SPÆ103* ... *100*
*SPÆ202* ... *100*
*SPÆ212* ... *100*
*SPÆ203* ... *101*
*SPÆ303* ... *101*
*SPÆ403* ... *101*
*SPÆ503* ... *102*
STJÓRNUN ... 102
*STJ103* ... *102*
STUÐNINGUR ... 102
*NÁM193* ... *102*
*NÁM293* ... *103*
STÆRÐFRÆÐI ... 103
*STÆ103* ... *103*
*STÆ203* ... *103*
*STÆ303* ... *104*
*STÆ313* ... *104*
*STÆ363* ... *105*
*STÆ403* ... *105*
*STÆ463* ... *106*
*STÆ503* ... *106*
*STÆ523* ... *106*
*STÆ563* ... *107*
*STÆ603* ... *107*
*STÆ703* ... *108*
TÖLVUFRÆÐI ... 108
*TÖL103* ... *108*
TÖLVUNOTKUN ... 109
*TÖN102* ... *109*
*TÖN112* ... *109*
*TÖN103* ... *110*
*TÖN202* ... *110*
*TÖN212* ... *111*
*TÖN203* ... *112*
VALGREINAR ... 112

*ENS453* ... 112
*FOR103* ... 112
*ÍSL433* ... 113
*LOL103* ... 113
*MAR113* ... 113
*MYN103* ... 114
*MYN203* ... 114
*SAG143* ... 114
*SAG173* ... 115
*SDA103* ... 115
*SPÆ433* ... 115
*STÖ103* ... 116
VÉLRITUN ... 116
*VÉL101* ... 116
ÞJÓÐHAGFRÆÐI ... 116
*ÞJÓ113* ... 116
*ÞJÓ202* ... 117
*ÞJÓ213* ... 117
*ÞJÓ303* ... 117
*ÞJÓ313* ... 118
ÞÝSKA ... 118
*ÞÝS102* ... 118
*ÞÝS103* ... 118
*ÞÝS202* ... 119
*ÞÝS212* ... 119
*ÞÝS203* ... 120
*ÞÝS303* ... 120
*ÞÝS403* ... 121
*ÞÝS503* ... 121
ÁFANGALÝSINGAR Á VERSLUNAR- OG FRUMKVÖÐLABRAUT ... 122
BÓKFÆRSLA OG FJÁRMÁLALÆSI ... 122
*BÓK1A05 / BÓK173* ... 122
*BÓK2A05 / BÓK273* ... 122
DANSKA ... 123
*DAN 173 / DAN 2A05* ... 123
ENSKA ... 123
*ENS 2A05 / ENS 173* ... 123
HAGFRÆÐI ... 124
*HAG 2A05 / HAG 173* ... 124
ÍSLENSKA: ... 125
*ÍSL 2A05 / ÍSL 173* ... 125
*ÍSL 2B05 / ÍSL 273* ... 125
LOKAVERKEFNI (12EIN / 20 FEIN) ... 126
*LOK 2A020 /LOK 1712* ... 126
PERSÓNUFÆRNI ... 127
*PER 1A05 / PER 173* ... 127
SALA OG ÞJÓNUSTA ... 127
*VIÐ 1A05 / VIÐ 173* ... 127
SIÐFRÆÐI ... 127
*SIÐ 2A05 / SIÐ 173* ... 127
STÆRÐFRÆÐI ... 128
*STÆ 1A05 /STÆ 173* ... 128
*STÆ 1B05 / STÆ 273* ... 128
UPPLÝSINGATÆKNI OG LÆSI ... 129
*UTL 1A05 / UT L173* ... 129
*UTL 2A05 / UTL 203* ... 129
VINNUSTAÐANÁM ... 130
*VSN 2A015 / VSN 179* ... 130
ÍÞRÓTTIR ... 132
*ÍÞR101* ... 132
*ÍÞR111* ... 132
*ÍÞR201* ... 132

*ÍÞR211* ... *132*
VÖRUFRÆÐI ... 133
*VÖR1A05 / VÖR173* ... *133*
FRUMKVÖÐLAFRÆÐI ... 133
*FRU2A05 / FRU173* ... *133*
VIÐHORFSKÖNNUN Á MEÐAL NEMENDA ... 135
MAT VEGNA NÝRRA FRAMHALDSSKÓLALAGA ... 136
INNRA MAT Á FJARNÁMI ... 136
ÞRÓUNARVINNA ... 137
VINNA VEGNA SKJALASTJÓRNUNAR ... 137
MAT Á PRÓFUM ... 137
STEFNUMÓTUNARFUNDUR Á GRAND HÓTEL 30. OKT. 2009 ... 138

# Inngangur

Verslunarskóli Íslands var stofnaður 1905 og er því meðal elstu skóla landsins. Í fyrstu var skólanum ætlað að mennta og efla íslenska atvinnurekendur sem þá höfðu rutt sér til rúms í verslun og viðskiptum. Enn í dag leggur skólinn áherslu á að styrkja stöðu nemenda sinna í atvinnulífinu með því að tvinna hagnýtar viðskiptagreinar saman við annað bóklegt nám.

Verzlunarskólinn hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1945. Skólinn býður upp á nám á bóknámsbrautum til stúdentsprófs. Flestir nemendur skólans stefna nú að frekara námi á háskólastigi að loknu stúdentsprófi. Hin síðari ár hefur Verzlunarskólinn lagt aukna áherslu á stærðfræði og raungreinar enda hafa æ fleiri nemendur skólans farið í framhaldsnám í verkfræði og skyldum greinum.

Starfsfólk Verzlunarskóla Íslands leggur metnað sinn í að búa sem best að nemendum og veita þeim góða kennslu og þjónustu. Með því að flétta saman öflugt nám og heilbrigt félagslíf verða árin í framhaldsskóla ánægjulegri fyrir nemandann og staða hans sterkari í námi og starfi.

# Verzlunarskóli Íslands

Verzlunarskólinn tók til starfa haustið 1905. Þeir aðilar, sem stofnuðu skólann, voru Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og Kaupmannafélag Reykjavíkur. Skólinn var stofnaður með það að markmiði að auðvelda mönnum að afla sér menntunar á verslunarsviðinu. Verzlunarskóli Íslands er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt skipulagsskrá nr. 272/15. júní 1993. Samkvæmt skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar er meginhlutverk hennar að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs innbyrðis, sem og gagnvart öðrum þjóðum, með því að efla og veita almenna menntun og viðskiptafræðslu á framhalds- og háskólastigi.

Verzlunarskólinn er fjögurra ára framhaldsskóli fyrir nemendur sem hafa lokið grunnskólaprófi. Skólinn starfar í bekkjardeildum og hefur hver bekkur sína heimastofu. Kennsla fer fram á tímabilinu frá 08:10–16:00.

Skólinn hefur verið í stöðugri þróun fram á þennan dag og hafa margar breytingar verið gerðar, jafnt á námsframboði sem skipulagi.

## Markmið

Meginmarkmið náms við Verzlunarskóla Íslands er:

- að brautskráðir nemendur verði færir um að takast á við nám í háskóla eða sérskóla á háskólastigi,
- að brautskráðir nemendur verði færir um að stunda rekstur og viðskipti og gegna stjórnunarstörfum í íslensku atvinnulífi.

Til að þessi markmið náist verður námsframboð að taka mið af þeim kröfum sem skólar á borð við t.d. Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík gera til nýnema. Einnig verður skólinn að aðlaga sig að síbreytilegum aðstæðum og þróun í samfélaginu. Til að brautskráðir nemendur séu tilbúnir til að hefja störf í tæknivæddu nútíma samfélagi verður skólinn að fylgjast með í þeirri þróun sem á sér stað á sviði upplýsinga- og tölvutækni. Verzlunarskólinn hefur það að markmiði að vera í fremstu röð á þessu sviði. Áhersla er lögð á viðskiptagreinar í öllum deildum til að þjálfa færni nemenda á sviði verslunar og viðskipta.

## Kennsluhættir

Skólinn býður upp á mikið svigrúm fyrir kennara að beita þeim kennsluaðferðum sem þeir telja henta hverju sinni. Stefna skólans er hlúa vel að skólaþróunarverkefnum og bjóða kennurum og nemendum upp á aðstöðu sem hentar vel til nýbreytnistarfa. Skólinn leggur áherslu að allur aðbúnaður til tilrauna, verkefnavinnu, heimildaöflunar og tölvunotkunar sé eins og best verður á kosið í framhaldsskólum landsins.

## Gildi

Starfsfólk samþykkti í stefnumótunarvinnu skólaárið 2009-2010 að leggja ákveðin gildi til grundvallar í öllu starfi skólans. Markmiðið er að festa í sessi ákveðna menningu innan skólans og stuðla að aukinni samfélagsvitund allra sem við skólann starfa, nemenda og starfsmanna.

Gildin eru:

- Hæfni
  - Kunna sitt fag og sýna alúð og metnað í starfi. Búa yfir færni til miðlunar og samskipta og hafa frumkvæði að því að tileinka sér nýjungar.
- Ábyrgð
  - Sinna starfi sínu og námi af heilindum og trúmennsku, gæta það orðspori skólans og þeirra sem þar starfa með því að vera góður málssvari og fyrirmynd.
- Vellíðan
  - Sýna öðrum skilning og virða ólík viðhorf og skoðanir. Sýna hvert öðru umburðarlyndi og ástunda stundvísi og áreiðanleika.
- Virðing

- Byggja á jákvæðu andrúmslofti og gagnkvæmu trausti þar sem vel er búið að starfsfólki og nemendum.

## Megináherslur

Í stefnumótunarvinnu árið 2010 voru samþykktar áherslur sem lagðar verða til grundvallar í allri skólaþróun, m.a. vinnu við innleiðingu nýrra laga

- Vinnumhverfi, sem einkennist af framúrskarandi aðbúnaði, starfsfólki og nemendum
- Mannauður þar sem sífelld endurnýjun þekkingar, samvinna og sveigjanleiki eru höfð að leiðarljósi
- Hefðir og menning sem byggir á reynslu og orðspori á sviði viðskiptamenntunar og félagslífs þar sem bekkjarkerfi og ríkar hefðir skapa festu og sérstöðu
- Nemendur sem njóta menntunar sem leggur áherslur á alhliða hæfni og metnaðarfull vinnubrögð

## Brot úr sögu skólans

Danska þingið samþykkti 14. apríl 1854 lög, sem veittu Íslendingum fullt verslunarfrelsi og tóku þau gildi 1. apríl næsta ár. Verslunarstéttin í Reykjavík minntist þessara tímamóta með veglegu samsæti 15. apríl 1904. Þar flutti Brynjólfur H. Bjarnason kaupmaður ræðu og drap á þau tvö mál, sem hann taldi vera mest aðkallandi fyrir verslunarstéttina, þ.e. að heildverslun yrði innlend og stofnun verslunarskóla. Tilraunir höfðu verið gerðar til að koma á fót slíkum skóla, en þær höfðu ekki heppnast sem skyldi. Verzlunarmannafélag Reykjavíkur tók skólamálið upp á sína arma árið 1904–1905 og fékk Kaupmannafélag Reykjavíkur til liðs við sig. Þetta bar árangur. Verzlunarskóli Íslands tók til starfa haustið 1905 og var settur í fyrsta sinn 12. október það ár. Tilkoma skólans auðveldaði mönnum mjög að afla sér menntunar á verslunarsviðinu, en hana höfðu menn áður þurft að sækja til annarra landa, sem var mjög dýrt.

Skólinn starfaði fyrsta árið í tveimur deildum, yngri deild og undirbúningsdeild, sem raunar skiptist í mála– og reikningslínu. Eldri deild tók síðan til starfa næsta skólaár. Þessi deildaskipting stóð við makt til ársins 1926, en þá var þriðja bekk bætt við og loks fjórða bekk árið 1935. Framhaldsdeild fyrir þá nema, sem lokið höfðu verslunarprófi, var sett á stofn á árunum 1935–1936, og varð hún vísir að öðru meira. Viðskiptaháskóli á vegum ríkisins var stofnaður árið 1938. Forráðamönnum VÍ þótti réttmætt, að nemar úr framhaldsdeild ættu kost á að setjast í þann skóla, en þetta mætti andstöðu, ekki síst eftir að viðskiptaháskólinn varð að viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1941. Þá var brugðið á það ráð að afla heimildar fyrir skólann til að útskrifa stúdenta. Hún fékkst, reglugerð um lærdómsdeild VÍ var gefin út árið 1942 og fyrstu stúdentarnir útskrifuðust árið 1945. Stúdentsnámið skyldi taka tvö ár eftir verslunarpróf. Verslunargreinar og tungumál settu mestan svip á námsefni lærdómsdeildar. Námsframboð hefur aukist verulega frá því, að lærdómsdeild var sett á stofn, hagfræðideild og máladeild voru settar á stofn árið 1970 og stærðfræðideild á árinu 1984. Hagfræðideildinni var síðan skipt í málalínu og stærðfræðilínu árið 1994. Árið 1996 hófst vinna við endurskipulagningu og uppstokkun á námsframboði og brautaskiptingu við skólann. Í framhaldi af því var stofnuð ný braut, alþjóðabraut. Skólinn var í sex bekkjum árin 1944–1970, en á árinu 1971 voru tveir neðstu bekkirnir felldir niður en nemendur í staðinn teknir inn í skólann með landspróf eða gagnfræðapróf og eftir árið 1974 samræmt grunnskólapróf.

Sú breyting varð á stöðu VÍ sumarið 1922, að Verslunarráð Íslands tók að sér umsjón og yfirstjórn skólans gegn því skilyrði, að honum yrði skilað skuldlausum í hendur þess. VÍ hefur síðan verið undir yfirstjórn Verslunarráðs, sem meðal annars hefur kosið skólanefnd. Breytingin var gerð samkvæmt ósk Kaupmannafélagsins, Verzlunarmannafélagsins og skólanefndar. Orsök mun hafa verið sú, að á Alþingi árið 1919 kom fram frumvarp um ríkisrekinn verslunarskóla. Því var raunar vísað frá með rökstuddri dagskrá, en aðstandendur VÍ töldu stöðu skólans ekki trygga eins og allt var í pottinn búið nema hann eignaðist öflugan forsvarsaðila. Skólinn hefur starfað á eftirtöldum sex stöðum í borginni: Vinaminni (Mjóstræti 3) árið 1905–1906, Melstedshúsi við Lækjartorg árið 1906–1907, Hafnarstræti 19 árin 1907–1912, Vesturgötu 10 árin 1912–1931, Grundarstíg 24 árin 1931–1986 og eignaðist þar þrjú hús og að Ofanleiti 1 frá árinu 1986. Fyrsta starfsárið voru nemendur 66, en næsta ár um 100. Nemendafjöldinn var síðan 100–200 þar til skólinn flutti á Grundarstíginn. Þar jókst húsakostur verulega, enda voru nemendur VÍ 722 í upphafi skólaárs 1971–1972. Þeir voru 920 í upphafi skólaársins 1997–1998. Nemendur hafa ætíð komið víðsvegar að af landinu, ekki síst framan af árum.

Eftirtaldir menn hafa verið skólastjórar Verzlunarskóla Íslands: Ólafur Eyjólfsson árin 1905–1915, Jón Sívertsen árin 1915–1917 og árin 1918–1931, Helgi Jónsson árið 1917–1918, Vilhjálmur Þ. Gíslason árin 1931–1953, dr. Jón Gíslason árin 1953–1979, Þorvarður Elíasson árin 1979–1990 og

árin 1991 - 2005, Valdimar Hergeirsson árið 1990–1991, Sölvi Sveinsson árin 2005 - 2007 og dr. Ingi Ólafsson frá árinu 2007.

## Stjórn og starfslið

Verslunarráð Íslands myndar fulltrúaráð skólans, skipar 5 manna skólanefnd og ræður skólastjóra. Skólastjóri ræður síðan annað starfsfólk.

## Skólanefnd

Í skólanefnd sitja eftirtaldir:

Bryndís Hrafnkelsdóttir, formaður
Helgi Jóhannesson
Jón Diðrik Jónsson
Þórður Möller kennari, fulltrúi starfsmanna

## Starfslið

Við skólann starfa um 80 kennarar, námsráðgjafar, forvarnafulltrúi, bókasafnsfræðingar og annað starfsfólk á bókasafni. Þar fyrir utan er starfsfólk á skrifstofu, húsvörður, vaktmaður, matráðskona og ræstingafólk.

## Skólastjórnendur

Ingi Ólafsson, dr.scient., skólastjóri
Netfang: ingi@verslo.is

Þorkell H. Diego, B.A., íslenska, yfirkennari
Netfang: thorkell@verslo.is

Klara Hjálmtýsdóttir, B.A., sálfræði, B.Ed., áfangastjóri
Netfang: klara@verslo.is

Sigurlaug Kristmannsdóttir, B.Sc., líffræði, fjarnámsstjóri
Netfang: sigurlaug@verslo.is

## Verkefnastjórar

**Erlend samskipti**
Bertha S. Sigurðardóttir, M.A.,
Netfang: bertha@verslo.is

**Gæðastjóri**
Sigríður Björk Gunnarsdóttir, B.S.
Netfang: sigrbjork@verslo.is

**Félagslífsfulltrúar**
Ingibjörg Ósk Jónsdóttir, B.A.
Netfang: ingibjorgo@verslo.is

Sigrún Halla Halldórsdóttir, B.S.,
Netfang: sigrun@verslo.is

**Forvarnarfulltrúi**
Hanna Lilja Jóhannsdóttir, M.P.H.
Netfang: hanna@verslo.is

## Deildarstjórar

**Dönskudeild**
Ingibjörg S. Helgadóttir, B. Ed., deildarstjóri dönskudeildar
Netfang: ingibjorg@verslo.is

**Enskudeild**
Ásta Henriksen, B.A., deildarstjóri enskudeildar
Netfang: asta@verslo.is

**Íslenskudeild**
Þröstur Geir Árnason, M.A., deildarstjóri íslenskudeildar
Netfang: throstur@verslo.is

**Íþróttadeild**
Ingveldur Bragadóttir, íþróttakennari, deildarstj. íþróttadeildar
Netfang: ingveldur@verslo.is

**Lögfræðideild**
Þuríður Jónsdóttir, cand.jur., deildarstjóri lögfræðideildar
Netfang: thuridur@verslo.is

**Náttúrufræðideild**
Sigurður E. Hlíðar, B.S., deildarstjóri náttúrufræðideildar
Netfang: sigurd@verslo.is

**Frönskudeild**
Sigrún Halla Halldórsdóttir, B.S., deildarstjóri frönskudeildar
Netfang: sigrun@verslo.is

**Sögu- og félagsfræðideild**
Hulda S. Sigtryggsdóttir, cand.mag., deildarstjóri sögu- og félagsfræðideildar
Netfang: hulda@verslo.is

**Stærðfræðideild**
Þórður Möller, B.S., deildarstjóri stærðfræðideildar
Netfang: thordurm@verslo.is

**Upplýsingataeknideild**
Sólveig Friðriksdóttir, B.Ed., deildarstjóri upplýsingatæknideildar
Netfang: solveig@verslo.is

**Viðskiptagreinadeild**
Guðrún Inga Sívertssen, B.S., deildarstj. viðskiptagreinadeildar
Netfang: gunninga@verslo.is

**Þýskudeild**
Ragna Kemp, M.A., deildarstjóri þýskudeildar
Netfang: ragna@verslo.is

## Kennarar

Alda Jóna Nóadóttir, B.S.,
Námsgrein: bókfærsla, rekstrarhagfræði
Netfang: alda@verslo.is

Arna Katrín Steinsen, íþróttakennari
Námsgrein: íþróttir
Netfang: arna@verslo.is

Auður Fríða Gunnarsdóttir, M.A.
Námsgrein: þýska, íslenska
Netfang: audur@verslo.is

Auður Sif Sigurgeirsdóttir,B.A.
Námsgrein: íslenska
Netfang: sif@verslo.is

Ágústa Pála Ásgeirsdóttir, B.A.,
Námsgrein: danska
Netfang: agusta@verslo.is

Ármann Halldórsson, B.A.
Námsgrein: enska og heimspeki
Netfang: armann@verslo.is

Árni Hermannsson, B.A.,
Námsgrein: latína, saga og listasaga
Netfang: arnih@verslo.is

Ásdís Rósa Baldursdóttir, B.Ed.
Námsgrein: stærðfræði
Netfang: asdis@verslo.is

Ásta Henriksen, B.A., deildarstjóri enskudeildar
Námsgrein: enska
Netfang: astahe@verslo.is

Ásta Jenný Sigurðardóttir, M.Paed.
Námsgrein: stærðfræði
Netfang: jenny@verslo.is

Benedikt I. Ásgeirsson, B.S.
Námsgrein: efnafræði
Netfang: benedikt@verslo.is

Bergþór Reynisson, B.S.
Námsgrein: stærðfræði
Netfang: bergthor@verlso.is

Berta Guðmundsdóttir, B.A.
Námsgrein: þjóðhagfræði , stjórnun
Netfang: berta@verslo.is

Bertha S. Sigurðardóttir, M.A., verkefnastjóri alþjóðasamskipta
Námsgrein: enska
Netfang: bertha@verslo.is

Bessí Jóhannsdóttir, M.A.,
Námsgrein: saga
Netfang: bessi@verslo.is

Eiríkur K. Björnsson, M.A.
Námsgrein: saga, alþjóðafræði, menningafræði
Netfang: eirikur@verslo.is

Egill Helgi Lárusson, M.A.
Námsgrein: bókfærsla, markaðsfræði
Netfang: egill@verslo.is

Eygló Eiðsdóttir, B.A.
Námsgrein: íslenska
Netfang: eyglo@verslo.is

Gerður Harpa Kjartansdóttir, B.A., er í leyfi í vetur
Námsgrein: enska
Heimilisfang: Kvistalandi 13, 108 Reykjavík
Sími: 581-4827
Netfang: harpa@verslo.is

Gísli Már Reynisson
Námsgrein: stærðfræði
Netfang: gislimar@verslo.is

Guðlaug Nielsen, cand.oecon.,
Námsgrein: bókfærsla, rekstrarhagfræði
Netfang: gudlaugn@verslo.is

Guðrún Egilson, B.A.
Námsgrein: íslenska
Netfang: gudrun@verslo.is

Guðrún Ingibjörg Karlsdóttir, M. Pead.
Námsgrein: íslenska
Netfang: gudrunkarls@verslo.is

Guðrún Inga Sívertsen, B.S., deildarstjóri viðskiptagreina
Námsgrein: þjóðhagfræði og bókfærsla
Netfang: gunninga@verslo.is

Guðrún Rannveig Stefánsdóttir, M.A.
Námsgrein: danska
Netfang: rannveig@verslo.is

Gunnar Skarphéðinsson, B.A.,
Námsgrein: íslenska
Netfang: gunnarsk@verslo.is

Gylfi Þór Hafsteinsson, M.A.
Námsgrein: íslenska
Netfang: gylfi@verslo.is

Halldór Ingi Kárason, B.S
Námsgrein: tölvunotkun, stærðfræði, forritun
Netfang: halldorik@verslo.is

Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir
Námsgrein: saga
Netfang: halldora@verslo.is

Hallur Örn Jónsson, kennari
Námsgrein: saga og tölvunotkun
Netfang: hallur@verslo.is

Heiðrún Geirsdóttir, B.A.
Námsgrein: saga og menningarfræði
Netfang: heidrun@verslo.is

Hilda Torres Ortiz, kennari
Námsgrein: spænska
Netfang: hilda@verslo.is

Hólmfríður Knútsdóttir, B.S.
Námsgrein: stærðfræði
Netfang: holmfridur@verslo.is

Hrafnhildur Guðmundsdóttir, B.A.
Námsgrein: franska
Netfang: hrafnhildur@verslo.is

Hrönn Pálsdóttir, M.S.,
Námsgrein: stærðfræði
Netfang: hronn@verslo.is

Hulda S. Sigtryggsdóttir, cand.mag., deildarstjóri sögu- og félagsfræðigreina
Námsgrein: saga
Netfang: hulda@verslo.is

Inga Dóra Sigurðardóttir, M.S.
Námsgrein: stærðfræði
Netfang: inga@verslo.is

Inga Rós Antoníusdóttir, B.S,.
Námsgrein: stjórnun, markaðsfræði
Netfang: ingaros@verslo.is

Ingibjörg S. Helgadóttir, B. Ed., deildarstjóri dönskudeildar
Námsgrein: danska
Netfang: ingibjorg@verslo.is

Ingibjörg Ósk Jónsdóttir, B.A., félagslífsfulltrúi
Námsgrein: danska
Netfang: ingibjorgo@verslo.is

Ingveldur Bragadóttir, íþróttakennari, deildarstjóri íþróttadeildar
Námsgrein: íþróttir
Netfang: ingveldur@verslo.is

Jóhanna G. Björnsdóttir, kennari
Námsgrein: tölvunotkun
Netfang: johannab@verslo.is

Jón Ingvar Kjaran, B.A.
Námsgrein: saga, alþjóðafræði, menningafræði
Netfang: jon@verslo.is

Kristín Norland, B.A.
Námsgrein: enska
Netfang: kristinnor@verslo.is

Laufey R. Bjarnadóttir, B.A.
Námsgrein: enska
Netfang: laufey@verslo.is

Maren Davíðsdóttir, M.S.
Námsgrein:náttúrufræði, jarðfræði
Netfang: maren@verslo.is

Margrét Auðunsdóttir, B.S.
Námsgrein: líffræði og náttúrufræði
Netfang: margret@verslo.is

Martin Kollmar, M.S.
Námsgrein: stærðfræði, eðlisfræði
Netfang: martin@verslo.is

Ólafur Árnason, cand.merc.
Námsgrein:rekstrarhagfræði, fjármál
Netfang: olafur@verslo.is

Ólafur Helgi Árnason, cand. jur.
Námsgrein: lögfræði
Netfang: olafurhelgi@verslo.is

Ólafur Víðir Björnsson, cand.mag.
Námsgrein: íslenska
Netfang: olafurv@verslo.is

Óli Njáll Ingólfsson, kennari
Námsgrein: tölvunotkun
Netfang: oli@verslo.is

Ólöf Kjaran Knudsen, B.A.,
Námsgrein: myndlist
Netfang: olof@verslo.is

Ragna Kemp, M.A., deildarstjóri þýskudeildar
Námsgrein: þýska
Netfang: ragna@verslo.is

Ragnhildur Hrönn Sigurðardóttir, B.S.
Námsgrein: náttúrufræði, jarðfræði
Netfang: ragnhildur@verslo.is

Róbert Torfason
Námsgrein: eðlisfræði
Netfang: robert@verso.is

Rut Tómasdóttir, B.A.
Námsgrein: enska
Netfang: rut@verslo.is

Sandra Anne Eaton, M.A.
Námsgrein: enska
Netfang: sandra@verslo.is

Selma Káradóttir, M.A.
Námsgrein: efnafræði
Netfang: selma@verslo.is

Sigríður Björk Gunnarsdóttir, B.S., gæðastjóri
Námsgrein: stærðfræði og þjóðhagfræði
Netfang: sigrbjork@verslo.is

Sigríður Tryggvadóttir, B.Ed.
Námsgrein: tölvunotkun
Netfang: sigridurt@verslo.is

Sigrún Halla Halldórsdóttir, B.S., deildarstjóri frönskudeildar, félagslífsfulltrúi
Námsgrein: franska
Netfang: sigrun@verslo.is

Sigurbergur Sigsteinsson, íþróttakennari
Námsgrein: íþróttir
Netfang: sigurb@verslo.is

Sigurður Eggertsson , B.A.,
Námsgrein: náttúrufræði
Netfang: sigurdur.eggerts@verslo.is

Sigurður E. Hlíðar, B.S., deildarstjóri raungreinadeildar
Námsgrein: líffræði, líffræði
Netfang: sigurd@verslo.is

Soffía Magnúsdóttir, B.A.
Námsgrein: íslenska
Netfang: soffiam@verslo.is

Sólveig Friðriksdóttir, B.Ed., deildarstjóri upplýsingatæknideildar
Námsgrein: tölvunotkun
Netfang: solveig@verslo.is

Svanlaug Pálsdóttir, B.A.
Námsgrein: spænska
Netfang: svanlaug@verslo.is

Svava Þorsteinsdóttir, kennari
Námsgrein: stærðfræði
Netfang: svava@verslo.is

Tómas Bergsson, cand.oecon.
Námsgrein: bókfærsla og þjóðhagfræði
Netfang: tomasb@verslo.is

Tómas Örn Sölvason, cand.oecon.
Námsgrein: bókfærsla, rekstrarhagfræði og fjármál
Netfang: tomas@verslo.is

Unnur S. Eysteinsdóttir, M.A.,deildarstjóri spænskudeildar
Námsgrein: spænska
Netfang: unnur@verslo.is

Unnur Knudsen,
Námsgrein: myndlist
Netfang: unnurk@verslo.is

Vala Guðný Guðnadóttir, B.S.
Námsgrein: líffræði, náttúrufræði
Netfang: vala@verslo.is

Valur Gunnarsson, B.Ed.
Námsgrein: tölvunotkun
Netfang: valur@verslo.is

Viðar Símonarson, íþróttakennari
Námsgrein: íþróttir
Netfang: vidars@verslo.is

Vilhelm Sigfús Sigmundsson, M.S.
Námsgrein: eðlisfræði
Netfang: vilhelm@verslo.is

Þorbjörn Sigurbjörnsson, B.A.
Námsgrein: bókfærsla, rekstrarhagfræði
Netfang: thorbjorn@verslo.is

Þorgerður Aðalgeirsdóttir, B.A.,
Námsgrein: þýska
Netfang: thorg@verslo.is

Þórður Möller, B.S., deildarstjóri stærðfræðideildar
Námsgrein: stærðfræði
Heimilisfang: Logafold 45, 112 Reykjavík
Sími: 567-6369
Netfang: thordurm@verslo.is

Þórhalla Arnardóttir, M.S.
Námsgrein: náttúrufræði, líffræði
Netfang: thorhalla@verslo.is

Þröstur Geir Árnason, M.A., deildarstjóri íslenskudeildar
Námsgrein: íslenska
Netfang: throstur@verslo.is

Þuríður Jónsdóttir, cand.jur., deildarstjóri lögfræðideildar
Námsgrein: lögfræði
Heimilisfang: Neðstaleiti 16, 103 Reykjavík
Sími: 553-5098
Netfang: thuridur@verslo.is

## Skrifstofa

Eygló Sigríður Gunnarsdóttir, móttaka
Netfang: eyglo.sigridur@verslo.is

Magnea Ragna Ögmundsdóttir, gjaldkeri
Netfang: ragnao@verslo.is

Hrafnhildur Briem, skrifstofustjóri
Netfang: habbi@verslo.is

Jónína Margrét Árnadóttir, móttaka
Netfang: jonina@verslo.is

Snorri Halldórsson, kerfisfræðingur
Netfang: snorri@verslo.is

Unnur Knudsen, ritari
Netfang: unnurk@verslo.is

Þórður Hauksson, kerfisstjóri
Netfang: thordur@verslo.is

## Námsráðgjöf

Sóley Þórarinsdóttir, B.A., námsráðgjöf
Netfang: soley@verslo.is

Berglind Helga Sigurþórsdóttir, B.Ed., námsráðgjöf
Netfang: bhelga@verslo.is

Hanna Lilja Jóhannsdóttir M.P.H. námsráðgjöf, forvarnafulltrúi
Netfang: hanna@verslo.is

Kristín Huld Gunnlaugsdóttir, B.Ed., námsráðgjöf
Netfang: kristinh@verslo.is

## Bókasafn

Helga Guðlaugsdóttir, bókavörður
Netfang: helga@verslo.is

Klara Hauksdóttir, B.A.
Netfang: klarah@verslo.is

Steinunn Stefánsdóttir, B.A., MLS., bókasafnsstjóri
Netfang: steinunn@verslo.is

## Aðrir starfsmenn

Arnþrúður Gunnlaugsdóttir, rekstrarstjóri í maðbúð

Árni Steinsson, vaktmaður
Netfang: arni@verslo.is

Elín Ögmundsdóttir, starfmaður í matbúð

Hjördís Guðmundsdóttir, ræstingar

Jónína Valgerður Reynisdóttir, matráður
Netfang:valgerdur@verslo.is

Kristinn Frímann Kristinsson, húsvörður
Netfang: kiddi@verslo.is

Lilja Benediktsdóttir, starfsmaður í eldhúsi
Netfang: pax@simnet.is

Ósk Reykdal Guðmundsdóttir, ræstingar
Netfang: osk@verslo.is

Sveinn Magnússon, læknir
Netfang: sveinn@verslo.is

# Stjórnskipan




## Skólastjóri

Skólastjóri er oddviti yfirstjórnar skólans en í henni sitja auk hans yfirkennari, áfangastjóri og fjarnámsstjóri. Skólastjóri er ábyrgur fyrir öllum ákvörðunum yfirstjórnar skólans. Hann annast samskipti við yfirvöld menntamála, skólanefnd og aðra þá sem að hagsmunum skólans koma, ber ábyrgð á rekstri og fjárreiðum gagnvart skólanefnd og ákveður námsframboð í samráði við hana og ber ábyrgð á að skólanámskrá sé fylgt og að hún sé í samræmi við aðalnámskrá menntamálaráðuneytisins, ræður starfsmenn að höfðu samráði við skólanefnd og ber ábyrgð á innritun.

## Yfirkennari

Yfirkennari er staðgengill skólastjóra. Ábyrgðarsvið hans eru m.a.:

- umsjón með kennslu í skólanum
- ákveður í samráði við yfirstjórn hvaða áfangar eru í boði í dagskóla og fjarnámi
- ber ábyrgð á að námsefni sé í samræmi við (skóla)námskrá
- umsjón með faglegu starfi, mati og eftirliti í skólanum
- umsjón með gerð stundatöflu
- umsjón með framkvæmd prófa
- umsjón með þróunarstarfi jafnt í kennslu sem námsmati

## Áfangastjóri

Helstu ábyrgðarsvið áfangastjóra eru m.a.:

- stýrir innritun í samráði við skólastjóra og kerfisstjóra
- ábyrgur fyrir námsferlum og einkunnaskráningu
- tekur við umsóknum um hvers konar undanþágur frá námskrá og reglum skólans
- metur fyrra nám nemenda þegar því er til að dreifa í samráði við deildarstjóra
- stjórnar gerð prófskírteina
- hefur umsjón með fjarvistaskráningu og mætingu nemenda
- hefur umsjón með öllu því kynningarefni sem skólinn sendir frá sér

## Fjarnámsstjóri

Hlutverk fjarnámsstjóra er m.a.:

- að skipuleggja, stýra og markaðsetja námskeiðahald og fjarnám við Verzlunarskóla Íslands
- ákveða í samráði við yfirstjórn hvaða áfanga er boðið upp á í fjarnámi

- móta og ritstýra fjarnámsvef í samstarfi við kerfisstjóra
- undirbúa og hafa eftirlit með skráningu nemenda í áfanga, innheimtu skráningargjalds og nemendabókhaldi í samstarfi við áfangastjóra og gjaldkera
- stýra markaðssetningu fjarnáms og gerð kynningarefnis fjarnáms í samstarfi við áfangastjóra

## Skrifstofustjóri

Hlutverk skrifstofustjóra skal vera m.a.:

- hafa umsjón með fjárreiðum og bókhaldi skólans og vinna með skólastjóra að fjárhagsáætlunum
- hafa umsjón með innheimtu skólagjalda og annarra gjalda sem nemendur og aðrir skulu greiða
- sjá um greiðslur á reikningum fyrir skólann, bókhald og reikningsuppgjör
- annast launaútreikninga og launabókhald
- stjórna daglegum rekstri skrifstofu og samræma störf ritara og afgreiðslufólks
- umsjón með mötuneyti starfsmanna

## Kerfisstjóri

Kerfisstjóri, sem er jafnframt umsjónarmaður tölvunets skólans, skal m.a.:

- annast daglegan rekstur og uppsetningu á tölvukerfi skólans, bæði tækjum, neti og hugbúnaði
- fylgjast með nýjungum í tölvu- og hugbúnaðargerð
- gera áætlun um tölvu- og hugbúnaðarkaup
- annast innkaup og uppsetningu á tölvu- og hugbúnaði
- sjá um rekstur á símkerfi skólans og öðrum rafrænum búnaði
- annast skjávarpa skólans og vefmyndavélar

## Kerfisfræðingur

Kerfisfræðingur VÍ hefur með höndum og ber ábyrgð á eftirfarandi:

- upplýsingakerfi: þjálfun kennara í notkun upplýsingakerfis og aðstoð við notkun
- kennslukerfi: setur inn námskeið og aðstoðar kennara við mótun námskeiða
- kennsluhugbúnaður:fylgjast með nýjungum og prófa kennsluhugbúnað og gagnasöfn á geisladiskum og Internetinu. Kynna fyrir kennurum og kenna notkun
- kannanir á Netinu í samstarfi við aðra
- ýmis verkefni í samstarfi við kerfisstjóra

## Verkefnastjóri

Við skólann eru tveir verkefnastjórar og sinna þeir hvor sínum málaflokki, gæðastjórnun og alþjóðasamskiptum.

- gæðastjóri hefur með höndum gæðastjórnunarmál innan skólans, s.s. gerð gæðahandbókar
- alþjóðasamskipti. Verkefnastjórinn hefur yfirumsjón með verkefnum sem unnin eru í samvinnu við erlenda skóla og stofnanir

## Deildarstjóri

Deildarstjóri er skipaður af yfirkennara. Hann skal m.a.:

- hafa umsjón með gerð kennsluáætlana, kennslu, vali á námsefni, námsmati og samvinnu kennara í viðkomandi grein eða greinum
- sjá til þess að námslýsingar séu réttar
- sjá til þess að bókalistar séu gerðir fyrir hvert skólaár

## Kennari

Starf kennara er mjög fjölbreytilegt og spannar marga þætti. Hann skal m.a.:

- sjá um kennslu og mat á námi í kennslugrein sinni samkvæmt skólanámskrá
- fylgjast með árangri nemenda sinna
- gera kennsluáætlanir í samráði við samkennara
- taka þátt í þróun náms og kennslu í skólanum
- taka þátt í gerð skólanámskrár
- veita upplýsingar um námsefni og námsskipan í grein sinni
- veita almennar upplýsingar vegna sjálfsmats skóla og skólanámskrár
- sitja tvo fundi á ári með forráðamönnum ólögráða nemenda
- hafa samvinnu við námsráðgjafa og veita þeim nauðsynlegar upplýsingar

## Umsjónarkennari

Umsjónarkennari er skipaður fyrir hvern bekk. Hlutverk umsjónarkennara er margvíslegt og má þá helst nefna:

- kynna nemendum sínum í byrjun hvers skólaárs reglur skólans:
- skipa umsjónarmann bekkjar og fylgjast með störfum hans
- einkunnagjöf
- mætingarskylda og mætingareinkunn
- reglur um vottorð í leikfimi
- umgengni um skólann
- aðgang að bókasafni og tölvustofum
- starf skólalæknis og námsráðgjafa
- fylgjast með mætingu og ástundun nemenda
- hafa samband við námsráðgjafa, aðstoðarskólastjóra eða skólastjóra ef þurfa þykir
- bera saman kladda og skýrslu og leiðrétta ef þarf
- vera talsmaður nemenda gagnvart öðrum kennurum og skólayfirvöldum
- vera milliliður umsjónarbekkjar og stjórnenda skólans
- aðstoða nemendur í ýmsum málum eins og t.d. með námsval, vinnubrögðum í námi o.fl.

## Námsráðgjafi

Við Verzlunarskólann eru starfandi námsráðgjafar sem eru nemendum til aðstoðar við ýmis mál sem upp koma og eru um leið trúnaðarmenn þeirra. Hlutverk námsráðgjafa eru margvísleg, m.a.:

- aðstoða nemendur við að tileinka sér skipulögð og markviss vinnubrögð
- fylgjast með námsgengi nemenda sem til hans leita eða til hans er vísað og gera tillögur til úrbóta gerist þess þörf
- liðsinna kennurum vegna námsvanda einstakra nemenda
- veita ráðgjöf vegna persónulegra vandamála og hafa samband við viðeigandi tilvísunaraðila ef þörf krefur
- er talsmaður nemenda gagnvart kennurum, skólayfirvöldum o.fl.
- hefur eftirlit með fjarvistum nemenda í samvinnu við umsjónarkennara
- sjá um skipulagningu og framkvæmd foreldrakvölda fyrir nemendur 3. og 4. bekkja
- skipuleggja og sjá um framkvæmd náms- og starfsfræðslu í skólanum
- skipuleggja og sjá um kynningu meðal grunnskólanema á starfsemi og námsframboði skólans
- taka saman skýrslu um starfsemina í lok hvers skólaárs

## Félagslífsfulltrúi

Við skólann er starfandi félagslífsfulltrúi. Hlutverk hans er m.a. að:

- Skipuleggja umsjón og eftirlit með samkomum nemenda skólans s.s.
  - dansleiki
  - Nemendamót
  - nemendaferðir á vegum NFVÍ
  - og ýmsa atburði á vegum NFVÍ, t.d. nýnemadag, kosningar o.fl.
- Fylgjast með og ritskoða efni sem nemendur gefa út.

- Funda reglulega með stjórn NFVÍ og þá sérstaklega þegar taka þarf ákvarðanir um fjármál og veita nemendafélaginu aðhald hvað varðar fjármálin.
- Hafa samráð við húsvörð um notkun nemenda á húsnæði skólans.
- Upplýsa starfsmenn um hvað er á döfinni hjá NFVÍ.
- Vinna með forvarnarfulltrúa að málefnum sem tengjast félagslífi nemenda, s.s. að reglur skólans gilda á skemmtunum og ferðum á vegum nemendafélagsins.
- Hafa umsjón með leyfisveitingum nemenda sem tengist félagslífi og koma upplýsingum til skrifstofu.

## Forvarnafulltrúi

Við Verzlunarskólann er starfandi forvarnafulltrúi. Hlutverk hans er m.a. að:

- vera í forsvari fyrir stefnumörkun og framkvæmd forvarna í skólanum
- sjá um að til sé skrifleg stefna skólans í forvörnum
- standa fyrir fræðslu (fyrir starfsfólk og nemendur ) um afleiðingar neyslu áfengis, tóbaks og ólöglegra fíkniefna
- hafa náið samstarf við námsráðgjafa, nemendafélag, jafningjafræðslu, forvarnafulltrúa í öðrum skólum og fagaðila utan skólans
- taka á móti vísbendingum ef grunur leikur á um vímuefnanotkun nemenda og veita upplýsingar um úrræði fyrir þá sem eru í vímuefnavanda.
- vera nemendum, starfsfólki og forráðamönnum til ráðuneytis
- kalla saman forvarnateymi skólans

Forvarnafulltrúi hefur trúnaðarskyldu gagnvart nemendum, starfsfólki og forráðamönnum.

## Bókasafnsstjóri

Bókasafn gegnir mikilvægu hlutverki í skólanum og nauðsynlegt að vel sé að því staðið. Hlutverk yfirmanns safnsins er að:

- hafa umsjón með daglegum rekstri safnsins
- sjá um skráningu safnsins
- annast val og innkaup bóka og annarra gagna til safnsins
- leiðbeina nemendum og starfsfólki um notkun safnsins og aðstoða við upplýsingaöflun
- kynna og efla starfsemi safnsins innan skólans
- skila skýrslu til skólastjóra um starfsemi safnsins í lok skólaárs

## Ritari/móttaka

Við Verzlunarskólann starfa ritarar og hafa þeir margvísleg verk með höndum sem þeir skipta á milli sín. Hlutverk þeirra skal, m.a. vera:

- annast dagleg störf á skrifstofu:
- símsvörun
- útgáfu vottorða
- sjá um fjarvistarskráningu
- taka við tilkynningum vegna veikinda eða annarra forfalla nemenda og kennara og skrá inn
- sjá um námsferilskráningu og gerð prófskírteina vegna inngöngu nemenda í erlenda skóla
- vera skólastjóra og yfirkennara til aðstoðar
- gerð ársskýrslu skólans
- rita fundargerð á skólanefndarfundum

## Umsjónarmaður fasteigna VÍ

Umsjón og viðhald á:

- rafkerfi skólans
- myndeftirlitskerfi skólans
- hljóðkerfum
- eldviðvörunarkerfi

- loftræstikerfum
- aðgangsstýring að bílaplani skólans
- ofnakerfi
- vaktmaður á kvöldin
- gæslumenn í tölvustofum
- gæsla í íþróttahúsi
- ræsting skólans
- viðhald á húsbúnaði skólans
- skráning á tækjum skólans
- öryggisvörður
- öryggi á vinnustað

# Skólareglur

## 1. Almennar reglur

1.1. Starfsmenn og nemendur skulu virða markmið skólans, stefnu hans og reglur og gæta í hvívetna að varpa ekki rýrð á heiður hans. Gagnkvæm virðing skal ríkja milli starfsmanna og nemenda.

1.2. Sýna ber háttvísi og prúðmennsku í skólanum og alls staðar þar sem komið er fram í nafni hans.

1.3. Ósæmileg hegðun nemanda gagnvart kennurum og öðru starfsfólki skólans, skólafélögum eða öðrum, innan skóla sem utan, getur varðað brottvísun úr skóla.

1.4. Almennt gildir sú regla að foreldrum eða forráðamönnum ólögráða nemenda skal gert viðvart svo þeir geti nýtt sér andmælarétt sinn ef um brottvísun er að ræða. Þó getur til þess komið að vísa þurfi nemanda úr skóla fyrirvaralaust.

## 2. Umgengni

2.1. Nemendur skulu ganga snyrtilega um skólann og lóð hans og stuðla að því að kennslustofur og aðrar vistarverur séu ávallt snyrtilegar. Enginn má skilja eftir sig rusl, hvorki innan dyra né utan.

2.2. Neysla á mat og sælgæti skal fara fram í mötuneyti nemenda (Matbúð) eða á Marmaranum. Heimilt er þó að neyta þess nestis sem komið er með að heiman í kennslustofu í frímínútum ef fullkomins hreinlætis er gætt. Bannað er að neyta matar á meðan kennsla fer fram.

2.3. Í kennslustundum skulu nemendur vera vakandi, virða verkstjórn kennara og gæta þess að valda ekki ónæði. Notkun farsíma og annarra tækja sem valdið geta truflun að mati kennara er óheimil.

2.4. Kennara er heimilt að vísa nemanda úr kennslustund að gefnu tilefni, t.d. fyrir að spilla vinnufriði. Síendurtekin brot skal tilkynna skólayfirvöldum.

2.5. Nemendur sem vitandi vits vinna tjón á eigum skólans geta þurft að bæta fyrir skemmdir sem þeir hafa valdið.

2.6. Í tölvustofum, sérgreinastofum og á bókasafni gilda umgengnisreglur sem birtar eru þar.

## 3. Skólasókn

3.1. Nemendur skulu mæta stundvíslega í allar kennslustundir.

3.2. Nemendur eiga að tilkynna veikindi og önnur óhjákvæmileg forföll á skrifstofu skólans, í síma 5 900 600, fyrir kl. 9:30 að morgni alla veikindadaga. Ef nemandi er veikur í þrjá daga eða lengur ber honum að skila læknisvottorði. Alvarleg veikindi þarf aðeins að tilkynna í upphafi, enda skili nemandi læknisvottorði strax og skólasókn hefst að nýju.

3.3. Nemendur skulu sinna öllum persónulegum erindum sínum utan skólatíma. Þurfi nemendur að leita læknis eða tannlæknis á skólatíma skulu þeir áður tilkynna það á skrifstofu skólans og skila vottorði næsta dag. Reiknast fjarvist þá sem leyfi. Að öðru leyti eru leyfi ekki gefin. Undanþágur frá þessu veita námsráðgjafar og skólastjórnendur svo og einstakir kennarar í sínum tímum.

3.4. Ef nemandi mætir ekki í próf skal hann ávallt skila læknisvottorði. Nemandi sem skilar ekki læknisvottorði fær núll í viðkomandi prófi.

3.5 Ef veikindi nemenda eru tíð, er þeim gert að mæta í læknisskoðun.

3.6 Skólastjóri getur vikið nemendum úr skóla í lengri eða skemmri tíma virði þeir ekki reglur skólans.

## 4. Skólasóknareinkunn

Gefin er einkunn fyrir skólasókn og reiknast til eininga hjá þeim nemendum sem hófu nám haustið 2004 eða síðar, ef mætingarprósenta er hærri en 90%. Nemandi sem mætir ekki í tíma eða kemur of seint fær frádrátt samkvæmt eftirfarandi töflu:

**of seint** ½ kennslustund

**leyfi** 1 kennslustund*

**veikindi** 1 kennslustund (ef nemandi er veikur lengur en tvo daga þarf hann að skila vottorði, eftir það dragast fjarvistir ekki frá)

**skróp** 2 kennslustundir

* Afreksíþróttafólk getur sótt um, til skólastjórnenda, að fá fjarvistir felldar niður ef um keppnis- eða æfingaferðir landsliða er að ræða. Nemendur þurfa þá að skila inn beiðni frá þjálfara/félagi. (Afreksíþróttamaður telst sá sem valinn hefur verið í unglingalandslið eða landslið viðkomandi íþróttagreinar eða sá sem valinn hefur verið til þátttöku og/eða undirbúnings fyrir Norðurlandamót, Evrópumeistaramót, heimsmeistaramót eða Ólympíuleika í sinni íþróttagrein.)

Kennari skal taka manntal í hverri kennslustund. Nemandi sem ekki er mættur þegar manntal er tekið fær seint. Ef kennari er ekki mættur þegar 5 mínútur eru liðnar af kennslustund skulu nemendur hafa samband við skrifstofu skólans og athuga hverju þessi fjarvera sætir. Ef nemendur vilja gera athugasemdir við fjarvistaskráninguna þá verða þeir að koma athugasemdum til umsjónarkennara eða viðkomandi kennara innan tveggja vikna.

Skólasóknareinkunn og fjarvistarprósenta reiknast eins og sýnt er í töflunni hér að neðan:

| Fjarvistarprósenta | Skólasóknareinkunn |
|---|---|
| 3% | 10 |
| 6% | 9 |
| 9% | 8 |
| 12% | 7 |
| 15% | 6 |
| 18% | 5 |
| 21% | 4 |
| 24% | 3 |
| 27% | 2 |
| 30% | 1 |

Ef um langvarandi veikindi og fjarvistir, sem skólastjóri hefur samþykkt er að ræða, getur nemandi óskað eftir því að sérstakt tillit verði tekið til þess í skólasóknareinkunn hans. Einnig má óska eftir því að ástæður fjarvista komi fram á prófskírteini.

## 5. Námsmat, próf og verkefni

5.1 Nemandi sem hefur 90 - 100% mætingu getur fengið 1 einingu fyrir mætingu fyrir hvert skólaár. Þessar einingar, sem að hámarki geta orðið 3, eru þá umfram hinar hefðbundnu 140 einingar sem þarf til stúdentsprófs af bóknámsbraut.

5.2. Meginreglan er að lokaeinkunn í áfanga byggist á lokaprófi ásamt vinnueinkunn í áfanganum. Vægi hvors þáttar er breytilegt milli einstakra áfanga og skal tilgreint í kennsluáætlun. Þar kemur einnig fram ef nemendur þurfa að ná lágmarkseinkunn á prófi til þess að vinnueinkunn gildi. Próf eru haldin í lok annar, þ.e. í desember og á vorin auk skyndiprófa í einstökum greinum. Prófin sem tekin eru í lok annar eru lokapróf í viðkomandi námsáföngum. Til þess að standast áfanga þarf nemandinn að ná einkunn 5,0 eða hærra í hverjum námsáfanga. Standist nemandi ekki lágmarkskröfur í áfanga á haustönn þá getur hann samt haldið áfram námi á vorönn í framhaldsáfanga í greininni. Ef meðaltal einkunnar í haustannaráfanga og einkunnar í vorannaráfanga er 5,0 eða hærra þá telst nemandinn hafa lokið báðum áföngum, þ.e. ef nemandinn fær 4,0 á haustönn þá þarf hann 6,0 á vorönn (þetta gildir ekki öfugt). Ef meðaltalið er hins vegar undir 5,0 þá verður nemandinn að endurtaka þá/þann áfanga þar sem einkunn er undir 5,0.

5.3. Nemendur sem falla á haustönn (desember) eiga rétt á að endurtekningarprófi og verða próf haldin í janúar. (Nemendur geta ráðið því hvort þeir taka janúarprófin eða ekki. Hins vegar er hér um "tækifæri" númer 2 hjá nemandanum að ræða hvort sem hann tekur prófið eða ekki). Þeir sem falla aftur geta þá tekið áfangann í þriðja sinn í fjarnámi og verða próf haldin í maí. Nemendur sem falla á vorönn (maí) verða að endurtaka áfangann og verða próf haldin í júní. (Nemendur geta ráðið því hvort þeir taka júníprófin eða ekki. Hins vegar er hér um "tækifæri" númer 2 hjá nemandanum að ræða hvort sem hann tekur prófið eða ekki). Þeir sem falla aftur geta þá tekið áfangann í þriðja sinn í fjarnámi VÍ og verða próf haldin í ágúst. Nemendur sem endurtaka áfanga í fjarnámi verða sjálfir að skrá sig í áfangann á heimasíðu skólans.

5.4. Nemandi má að hámarki endurtaka 3 áfanga. Falli hann í fleirum en þremur áföngum þá telst hann fallinn á árinu. Ef nemandi fellur þrisvar í sama áfanga telst hann endanlega fallinn. Nemendur sem falla í bekk geta sótt til skólastjóra um að fá að setjast aftur í sama bekk. Þeir eiga þá rétt á að fá metna þá áfanga þar sem einkunn er 7,0 eða hærri. Þetta á þó ekki við um íþróttir.

5.5. Nemandi getur útskrifast sem stúdent með lægri einkunn en 5,0 í einum eða tveimur áföngum, en þó má einkunn í þeim ekki vera lægri en 2,0. Þetta gildir bara um lokaáfanga eða staka áfanga og nemandinn fær ekki einingar fyrir viðkomandi áfanga. Einingafjöldinn til stúdentsprófs má þó aldrei verða minni en 140.

5.6. Skólanum ber ekki skylda til að halda endurtekningarpróf nema fyrir þá sem eru að ljúka lokaprófi frá skólanum. Ef annað er ákveðið þurfa nemendur að greiða hluta kostnaðar.

5.7. Til að færast milli bekkja þarf nemandi að ná að minnsta kosti 5,0 í öllum áföngum. Hins vegar má nemandi hafa undir 5,0, en þó ekki undir 2,0, ef um lokaáfanga eða stakan áfanga er að ræða. Nemandi fær ekki einingar fyrir þá áfanga þar sem einkunn er lægri en 5,0 og verður að eiga aukaeiningar á móti til að ná 140 eininga lágmarki til stúdentsprófs.

5.8. Aðaleinkunn reiknast á verslunarprófi og stúdentsprófi. Á verslunarprófi reiknast aðaleinkunn sem vegið meðaltal einkunna í öllum námsáföngum fyrstu tveggja ára. Á stúdentsprófi reiknast aðaleinkunn sem vegið meðaltal allra námsáfanga sem nemandinn hefur tekið og staðist.

5.9. Til að fá verslunarpróf, eftir 4. bekk, verða nemendur að ná 5,0 eða hærra í aðaleinkunn og sama gildir um stúdentspróf.

5.10. Vinna skal verkefni samkvæmt fyrirmælum sem kennari gefur. Verkefnum ber að skila innan tilskilins frests. Virða ber viðurkenndar reglur um heimildanotkun og með öllu er óheimilt að skila verkefni sem að hluta til að öllu leyti hefur verið fengið frá öðrum.

5.11. Skólastjóri getur veitt undanþágu frá einstökum reglum ef veigamiklar röksemdir eru fyrir hendi.

# 6. Prófreglur

6.1 Nemendum er skylt að hafa meðferðis að prófborði öll nauðsynleg ritföng og leyfileg hjálpargögn, en skólinn leggur þeim til pappír. Óheimilt er að taka yfirhafnir, töskur, poka eða pappír inn að prófborði. Þó skal heimilt að hafa meðferðis nesti í gegnsæjum umbúðum.

6.2 Nemendum er skylt að vera um kyrrt í sætum sínum fyrstu 40 mínútur próftímans.

6.3 Þurfi nemandi að fara frá prófborði að 40 mínútum liðnum og áður en prófi er lokið, skal það því aðeins heimilt að prófvörður sé til staðar að fylgja honum.

6.4 Að 40 mínútum liðnum gengur kennari/prófvörður, í því fagi sem prófað er í, á milli stofa og svarar spurningum nemenda. Prófvörðum er óheimilt að svara spurningum einstakra nemenda á annan hátt en í heyranda hljóði og skal spurningin og svarið endurtekið í öllum stofum sem prófað er í. Kennarar koma einungis einu sinni í hverja stofu.

6.5 Prófverðir skulu sinna prófvörslu í samræmi við fyrirmæli skólastjóra og er þeim óheimilt að lesa eða sinna öðru en vörslu meðan á yfirsetu stendur.

6.6 Verði nemandi uppvís að alvarlegu misferli í prófi, skal prófvörður taka prófgögn hans í sína vörslu og vísa nemanda frá prófi. Minniháttar brot nægir að tilkynna prófstjóra.

6.7 GSM-símar eru stranglega bannaðir að prófborði. Að öðru leyti er tilgreint sérstaklega hvaða hjálpartæki nemendur mega hafa með sér.

## 7. Reglur um notkun skólanets Verzlunarskóla Íslands

7.1. Tölvubúnaður skólans er eign skólans og ætlaður til náms, kennslu, kynningar og annarra þátta er samræmast markmiðum skólans. Nemendur, sem eru að vinna verkefni vegna náms, hafa forgang í tölvur skólans.

7.2. Handhafi notandanafns er ábyrgur fyrir allri notkun þess. Aðeins einn nemandi hefur heimild til að nýta hvert notandanafn. Óheimilt er að lána öðrum notandanafn sitt og óheimilt er að reyna að tengjast tölvubúnaði skólans með öðru notandanafni en því sem nemandi hefur fengið úthlutað.

7.3. Óheimilt er að nota aðgang að neti skólans til þess að reyna að komast ólöglega inn á net eða tölvur í eigu annarra og einnig er óheimilt að sækja, senda, geyma eða nota á neti skólans forrit sem hægt er að nota til innbrota eða annarra skemmdarverka.

7.4. Óheimilt er að reyna að komast yfir gögn í eigu annarra notenda nema leyfi þeirra sé fyrir hendi og almennt er óheimilt að afrita hugbúnað eða gögn í eigu annarra án leyfis eiganda. Um allan hugbúnað gilda ákvæði höfundarréttarlaga og því er meginreglan sú að óheimilt er að afrita hugbúnað nema það sé tekið fram í notendaleyfi.

7.5. Óheimilt er að villa á sér heimildir í samskiptum á Netinu, svo sem með því að koma fram undir fölsku nafni í tölvupósti. Óheimilt er að senda keðjubréf og annan ruslpóst. Óheimilt er að setja óþarfaforrit- eða gögn inn á gagnasvæði eða diska sem notendur hafa aðgang að.

7.6. Óheimilt er að reyna að breyta eða hafa áhrif á notkunarmöguleika annarra notenda. Óheimilt að gera breytingar eða hafa áhrif á uppsetningar eða skjáborð tölvu, svo sem því að fjarlægja eða breyta kerfisskrám, breyta bakgrunni, táknmyndum eða skjáhvíld sé það hægt.

7.7. Skólinn áskilur sér rétt til að meðhöndla gögn og notendanúmer eftir því sem þurfa þykir svo sem að fara yfir, skoða og eyða efni á gagnasvæðum.

7.8. Meðferð hvers konar matvæla eða drykkja er bönnuð í tölvuverum skólans. Nemendur skulu ganga vel um allan tölvubúnað og taka til eftir sig í tölvustofum eins og í öðrum stofum.

7.9. Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðu skólans (www.verslo.is) og í reglum þeim sem gilda í tölvutímum. Eru þær hluti af skólareglum og ber nemendum að fara eftir þeim í hvívetna.

## 8. Vímuefni

8.1. Notkun tóbaks (reyktóbak, neftóbak og munntóbak) er stranglega bönnuð í húsakynnum skólans og á lóð hans.

8.2. Stranglega er bannað að hafa um hönd áfengi og önnur vímuefni eða vera undir áhrifum þeirra í húsnæði skólans og á lóð hans.

8.3. Neysla áfengis og annarra vímuefna er bönnuð á öllum samkomum og ferðalögum sem eru í nafni skólans.

## 9. Útgáfumál nemenda

9.1. Um útgáfustarfsemi nemenda gilda almennar skólareglur (sjá grein/kafla 1). Skólayfirvöld ætlast til að þar ráði heilbrigður metnaður ferðinni, framsetning efnis sé á góðu máli, myndefni sé valið af smekkvísi og fjallað sé um tímabær málefni.

9.2. Nemendur (ritstjórar, ritnefndir, greinahöfundar og aðrir hliðstæðir aðilar sem koma að gerð og birtingu efnis innan skólans) bera ábyrgð á útgáfustarfsemi sem þeir standa fyrir. Við alla fjölmiðlun, t.d. útvarpsstarfsemi og miðlun myndefnis, sem og á vefsíðum nemenda og nemendafélaga sem falla undir vefsvæði skólans, skal gæta velsæmis og almennrar háttvísi í gerð og framsetningu efnis og allri umfjöllun.

9.3. Óviðurkvæmilegt eða ærumeiðandi orðalag í útgáfu nemenda, í hvers kyns fjölmiðlun þeirra, sem og á vefsíðum tengdum skólanum getur varðað brottrekstri úr skóla.

## 10. Meðferð ágreiningsmála

10.1. Leitast skal við að leysa ágreiningsmál innan skólans. Miðað er við að umsjónarkennarar og námsráðgjafi séu hafðir með í ráðum við meðferð ágreiningsmála sem varða skjólstæðinga þeirra.

10.2. Rísi ágreiningur milli nemenda, kennara og/eða annarra starfsmanna skólans og takist hlutaðeigandi ekki að finna lausn á málinu má vísa því til skólastjóra. Uni málsaðilar ekki niðurstöðu skólastjóra má vísa málinu til skólanefndar.

10.3. Telji nemandi, eða forráðamenn hans sé nemandi yngri en 18 ára, að brotið hafi verið á rétti nemandans, sbr. þessar skólareglur, þannig að ástæða sé til að bera fram kvörtun skulu þeir snúa sér til viðkomandi kennara, sviðsstjóra, umsjónarkennara eða aðstoðarskólastjóra og námsráðgjafa. Takist ekki að leysa málið tekur skólastjóri það til umfjöllunar og ákvarðar um viðbrögð.

10.4. Brjóti nemandi skólareglur er honum veitt skrifleg viðvörun áður en til áminningar kemur nema brotið sé þess eðlis að því verði ekki við komið, svo sem brot á almennum hegningarlögum. Fái nemandi áminningu skal hún vera skrifleg þar sem fram kemur:

tilefni áminningar og þau viðbrögð sem fylgja í kjölfarið brjóti nemandi aftur af sér,

að nemandanum sé gefinn kostur á að andmæla áminningu.

10.5. Brjóti ólögráða nemandi reglur skólans eru foreldrar/forráðamenn látnir vita um það. Við meðferð mála skal sérstaklega gæta ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993, laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og upplýsingalaga nr. 50/1996.

10.6. Leitast skal við að afgreiða brot á skólareglum með skjótum hætti.

## 11. Viðurlög vegna brota á skólareglum

11.1. Nemendum ber að kynna sér skólareglur. Þeir fá ekki skotið sér undan brotum á skólareglum með skírskotun til vanþekkingar á þeim.

11.2. Skólastjórn fjallar um öll alvarleg brot á skólareglum.

11.3. Í samráði við skólastjórn ákveður skólastjóri hvaða viðurlögum skuli beitt vegna alvarlegra brota á skólareglum.

11.4. Viðurlög við broti á skólareglum geta verið eftirfarandi, eftir því hve skólayfirvöld telja brotið alvarlegt: Viðvörun kennara eða umsjónarkennara, áminning skólastjóra, brottrekstur, tímabundinn eða endanlegur.

# Nemendaþjónusta

## Námsráðgjöf

Við Verzlunarskólann eru starfandi námsráðgjafar sem eru trúnaðarmenn nemenda og talsmenn þeirra í málum sem upp koma.

Námsráðgjafar aðstoða nemendur við að tileinka sér skipulögð og markviss vinnubrögð. Í því felst að aðstoða nemendur við að skipuleggja tíma til náms og kenna þeim námstækni sem er þjálfun í ákveðnum vinnubrögðum og jafnvel hugsunarhætti sem kemst fljótlega upp í vana.

Námsráðgjafar miðla upplýsingum um námsleiðir og störf til nemenda. Leitast er við að gera nemendum grein fyrir því hvaða möguleikar eru fyrir hendi og aðstoða þá við að velja nám og starf við hæfi. Nemendum býðst að taka áhugasviðskannanir sem geta gefið vísbendingar um hvaða starfssvið hentar hverjum og einum.

Námsráðgjafar eru nemendum innan handar við lausn persónulegra vandamála sem geta hindrað þá í að ná árangri í námi. Þegar ástæða þykir til er nemendum bent á aðra hjálparaðila sem hægt er að leita til.

Námsráðgjafar eru til viðtals alla virka daga frá kl. 08:30 til 15:00.

Með breyttum sjálfræðisaldri ber skólum að veita foreldrum nemenda yngri en 18 ára upplýsingar um námsframvindu nemenda, mætingar og fleira. Til að mæta þessu er haldinn fundur með foreldrum 3. og 4. bekkinga. Á þessum fundum gefst foreldrum kostur á að hitta stjórnendur skólans og einnig umsjónarkennara nemenda. Ef nemendur mæta illa í skólann, eða stunda að öðru leyti nám sitt illa, er haft samband við foreldra.

## Forvarnir og félagslíf

Forvarnastarf er vaxandi þáttur í starfi Verzlunarskólans og vill skólinn með starfinu stuðla að lífsháttum sem styrkja stöðu nemenda í námi og starfi. Markvisst forvarnastarf er í mótun og unnið að því að auka forvarnatengt efni í kennslugreinum skólans. Áhersla er lögð á öflugt vímuefnalaust félagslíf sem er mikilvægur þáttur í forvörnum.

## Heilsueflandi framhaldsskóli

Frá og með haustönn 2011 tekur skólinn þátt í átaksverkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli sem unnið er í samvinnu við Lýðheilsustöð. Markmiðið með verkefninu er að stuðla markvisst að velferð og góðri heilsu framhaldsskólanemenda. Enda hafa rannsóknir sýnt að heilsueflandi umhverfi bætir líðan nemenda og stuðlar að betri násmárangri. Mötuneyti nemenda hefur verið breytt og vöruúrval endurskoðað til þess að ná markmiðum verkefnisins.

## Stefna og framkvæmd forvarna

Verzlunarskóli Íslands leggur áherslu á að nemendur skólans taki ábyrga afstöðu til velferðar sinnar og tileinki sér lífsstíl sem bætir sjálfsmynd þeirra og lífsleikni. Skólinn vill stuðla að lífsháttum sem styrkja stöðu nemenda í námi og starfi.

Markmið skólans er:

- að vinna að viðhorfsbreytingu sem hvetur til vímulauss lífernis,
- að fá nemendur til að taka gagnrýna afstöðu til ávana og fíkniefna og vinna gegn hverskyns sjálfseyðandi hegðun.

Allir starfsmenn og nemendur skólans koma að framkvæmd forvarnastefnunnar og þurfa að hafa hugfast að þeir eru andlit skólans og fyrirmynd annarra.

### Framkvæmd

1. Skólinn stendur fyrir ýmiskonar fræðslustarfsemi á sviði forvarna fyrir nemendur, foreldra þeirra og starfsmenn skólans.
2. Sérstakur forvarnafulltrúi annast skipulagningu forvarnastarfs skólans í samvinnu við forvarnaráð og skólayfirvöld.

3. Innan skólans skal vera forvarnaráð (skólastjórnandi, forvarnafulltrúi, námsráðgjafi, kennari, nemandi) sem funda skal reglulega og kalla má saman þegar þörf þykir. Ráðið skal fjalla um og endurskoða stefnu skólans a.m.k. einu sinni á ári.
4. Nemendum og foreldrum þeirra skal gera ljósa og sýnilega þá ráðgjöf og aðstoð sem þeir geta fengið innan veggja skólans.
5. Stuðla á að viðburðum á vegum skólans sem einkennast af heilbrigðum lífsháttum og leitað leiða til að breyta yfirbragði skemmtana sem einkennst hafa af óæskilegri neyslu.
6. Skýrar reglur gilda um umgengni og meðferð nemenda varðandi ávana- og fíkniefni og sömuleiðis gilda skýr viðurlög ef reglur eru brotnar.

### Reglur

1. Reykingar eru óheimilar innan veggja skólans og á lóð hans. Það sama á við um tóbaksnotkun af öðru tagi.
2. Reykingar eru litnar alvarlegum augum og ber að tilkynna skólayfirvöldum tafarlaust. Á sama hátt skal tilkynna skólayfirvöldum um þann sem verður uppvís af munntóbaksnotkun. Endurtekin brot á banni við tóbaksnotkun varða brottrekstri úr skóla.
3. Neysla áfengis eða annarra vímuefna er stranglega bönnuð í húsnæði og á lóð skólans.
4. Sá sem verður uppvís að neyslu vímuefna innan skólans skal leita sér aðstoðar sérfræðinga eða víkja úr skóla. Endurtekin brot varða brottrekstri úr skóla.
5. Nemendum ber að sýna góða hegðun þar sem þeir koma fram í nafni skólans. Ósæmileg hegðun, svo sem ölvun, t.d. á ferðalögum eða skemmtunum getur varðað brottvísun úr skóla og ber skólayfirvöldum að fjalla um öll slík mál.
6. Alvarleg brot, svo sem sala eða milliganga um sölu áfengis, sölu eða dreifingu ólöglegra fíkniefna, er umsvifalaust vísað til lögreglu. Skólayfirvöld ákveða hvort nemanda er vísað úr skóla á meðan rannsókn fer fram eða að fullu.

### Íhlutun

1. Brot á reglum skólans kalla skilyrðislaust á að viðurlögum sé framfylgt.
2. Ef nemandi skólans á í vímuefnavanda er það siðferðileg skylda annarra nemenda, kennara og skólayfirvalda að veita aðstoð. Hver einstaklingur sem hefur vitneskju eða rökstuddan grun um hvers konar meðhöndlun ólöglegra fíkniefna eða veit af nemanda sem á í vanda skal láta forvarnafulltrúa eða annan trúnaðarmann vita svo hægt sé að koma viðkomandi einstaklingi til aðstoðar.
3. Til forvarnafulltrúa má leita í trúnaði með hvers kyns mál sem tengjast tóbaki, áfengi eða öðrum vímuefnum. Námsráðgjafar eru nemendum einnig til aðstoðar við lausn persónulegra vandamála sem hindra þá í að ná árangri í námi. Allir nemendur hafa að auki umsjónarkennara sem fylgjast með ástundun þeirra.
4. Versnandi árangur í námi og miklar fjarvistir geta verið vísbendingar um vímuefnavanda nemenda. Ölvun og neysla annarra fíkniefna á skemmtunum á vegum skólans eru hættumerki sem fylgjast ber með.

Skólinn leggur áherslu á að beita áhrifum sínum og möguleikum til þess að aðstoða nemendur í vanda, eins snemma og auðið er. Komi í ljós að neysla er komin á alvarlegt stig og hún talin trufla námsframvindu nemandans skulu foreldrar nemandans kallaðir til ásamt nemandanum. Áhersla er lögð á að virkja foreldra til samstarfs um aðstoð við nemandann.

### Endurskoðun og samþykkt

Stefna Verzlunarskóla Íslands í forvörnum skal eftir umræðu í forvarnaráði lögð fyrir skólastjóra og skólanefnd til samþykktar. Forvarnaráð, kennarafundur, skólanefnd og stjórn nemendafélagsins skal fjalla skal um og endurskoða stefnu skólans eftir þörfum.

## Foreldrasamstarf

Við skólann er starfandi Foreldrafélag Verzlunarskóla Íslands. Aðsetur félagsins er í Reykjavík.

Tilgangur félagsins er að stuðla að auknum gæðum skólans og að bæta jafnt almenn og einstaklingsbundin skilyrði og aðstæður nemenda til menntunar og farsæls þroska.

Markmiðum sínum hyggst félagið ná með því meðal annars að:

- Að vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra/forráðamanna.

- Að stuðla að aukinni vitund foreldra/forráðamanna um forsjárskyldur sínar og þekkingu þeirra á réttindum og skyldum sínum og barna þeirra.
- Að vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra/forráðamanna sem hagsmunahóps um bættan hag og stöðu skólans.
- Að hvetja til aukins stuðnings, aðhalds og hvatningar foreldra/forráðamanna við börn sín og nám þeirra.
- Að koma á og tryggja öflugt og gott samstarf foreldra/forráðamanna, nemenda og starfsfólks skólans.

Skólinn gefur einnig út Vefrit VÍ sem kemur út með reglulegu millibili og er sent í tölvupósti til foreldra og forráðamanna nemenda skólans og annarra sem láta sig varða starfsemi hans. Markmiðið með vefritinu er að veita almennar upplýsingar um það sem er helst á döfinni í skólanum hverju sinni,. bæði í námi og félagslífi.

## Samstarf við erlenda skóla

Á undanförnum árum hafa erlend samskipti orðið æ mikilvægari þáttur í starfi Verzlunarskóla Íslands. Þar má nefna samskipti með tölvupósti, nemendaskipti og heimsóknir erlendra gesta í skólann. Við skólann starfar verkefnastjóri erlendra samskipta og heldur hann utan um þennan þátt í skólastarfinu. Á heimasíðu skólans www.verslo.is/erlend-samskipti/ má sjá heimasíður ýmissa verkefna sem unnin hafa verið í samvinnu við aðra skóla.

# Bókasafn

Bókasafn Verzlunarskóla Íslands er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur VÍ og alla þá sem starfa við skólann.

Afgreiðsla safnsins, bókakostur, tímarit, tölvur og les- og vinnuaðstaða ásamt geymslu og hópvinnu-/fundaherbergi er á 4. hæð. Sérútbúin lesstofa og Verið sem er verkefnastofa með 14 tölvum er á þriðju hæð.

Bókasafnið býður upp á mjög góða aðstöðu til náms, kennslu og aðstoð við notkun safnsins, bæði hvað varðar upplýsingaþjónustu og heimildaleitir. Á safninu er m.a. að finna bækur, dagblöð, tímarit, geisladiska, tölvuforrit, gagnagrunna, rafræn tímarit, hljóðbækur, snældur, myndbönd, DVD og yfirgripsmikið úrklippusafn. Öllum notendum safnsins býðst frjáls aðgangur að mörgum rafrænum gagnasöfnum og nettengingum.

Bókaval er í höndum bókasafnsfræðinga, stjórnenda skólans, kennara og starfsfólks. Tillögur nemenda eru alltaf vel þegnar.

Nýtt efni er haft til sýnis í ákveðinn tíma; bókalistar eru birtir á heimasíðu safnsins, kennarastofu og á auglýsingtöflu fyrir framan safn. Nýjustu eintök tímarita eru í skáhillum á safninu en eldri árgangar eru í geymslu. Alfræðirit, orðabækur og aðrar handbækur eru við inngang í afgreiðslu.

Vefsíða bókasafnsins er margþætt, en sérstök áhersla er lögð á að veita greiðan aðgang að rafrænu efni. Þar eru tengingar í gagnabanka, rafræn tímarit og bækur, leitarvefi og margs konar fróðleik notendum til hægðarauka.

Rafræn skrá yfir efni safnsins er öllum aðgengileg á heimasíðu bókasafnsins. Þar er hægt að leita að öllu tölvuskráðu efni á safninu óháð stund og stað.

Allt efni á bókasafni VÍ er tölvuskráð jafnóðum og það berst safninu. Í tölvuskránni eru rúmlega 15.000 bókfræðilegar færslur. Útlánin eru tölvuvædd og því þarf lánþegi að láta starfsfólk skrá lánsefni á sitt nafn. Lánþegar eru ábyrgir fyrir því sem þeir fá að láni. Ekki er unnt að fá bækur án þess að vera skráður í tölvukerfi bókasafnsins, og er útlánstími ein vika nema um annað sé samið.

## Skóladagatal

Skóladagatal er birt á heimasíðu skólans.



# Námsframboð

## Skipan náms við Verzlunarskóla Íslands 2010.

Nemendum sem innritast í Verzlunarskólann standa til boða eftirfarandi brautir:

- félagsfræðabraut
    - alþjóðasvið
- náttúrufræðibraut
    - eðlisfræðisvið
    - líffræðisvið
- málabraut
- viðskiptabraut
    - hagfræðisvið
    - viðskiptasvið

Nemendur, sem innritast á fyrsta ár, geta valið á milli frönsku, þýsku og spænsku sem þriðja tungumáls (á eftir dönsku og ensku).

Allir nemendur, óháð braut, verða að taka ákveðinn lágmarksfjölda eininga í viðskiptagreinum og fá þeir verslunarpróf að loknu öðru námsári, þ.e. eftir að hafa lokið minnst 70 einingum og síðan stúdentspróf að loknu fjórða námsári eða þegar þeir hafa lokið minnst 140 einingum.

Hér að neðan eru upplýsingar um þá áfanga sem kenndir eru á einstökum brautum:

## Náttúrufræðibraut – eðlisfræðisvið

Lýsing: Innan náttúrufræðibrautar er boðið upp á þrjár mismunandi leiðir innan kjörsviðs, þ.e. eðlisfræðisvið, líffræðisvið og tölvusvið. Meginmarkmið brautarinnar er að búa nemendur undir frekara nám á háskólastigi í verkfræði, læknisfræði, raunvísindum og öðrum greinum þar sem stærðfræði og raungreinamenntunar er krafist. Á eðlisfræðisviði er aukin áhersla lögð á stærðfræði og eðlisfræði.

| Námsgrein | Áfangar |
|---|---|
| Bókfærsla | BÓK 113 |
| Danska | DAN 102 202 212 |
| Eðlisfræði | EÐL 103 203 303 403 |
| Efnafræði | EFN 103 213 |
| Enska | ENS 102 202 212 303 |
| Franska* | FRA 102 202 212 303 403 |
| Íslenska | ÍSL 102 202 212 303 403 503 |
| Íþróttir | ÍÞR 101 111 201 211 301 311 401 411 |
| Jarðfræði | JAR 103 |
| Líffræði | LÍF 103 |
| Lífsleikni | LKN 100 101 120 121 |
| Lögfræði | LÖG 103 |
| Náttúruvísindi | NÁT 103 113 123 |
| Rekstrarhagfræði | REK 103 |
| Saga | SAG 103 203 |
| Spænska* | SPÆ 102 202 212 303 403 |
| Stærðfræði | STÆ 103 203 303 313 403 503 523 603 703 |
| Tölvufræði | TÖL 103 |
| Tölvunotkun | TÖN 102 112 |
| Vélritun | VÉL 101 |
| Þjóðhagfræði | ÞJÓ 113 |
| Þýska* | ÞÝS 102 202 212 303 403 |

*Þriðja tungumál: Valið á milli spænsku, frönsku eða þýsku.

Kjarni: 98 einingar

Kjörsvið: 40 einingar

Frjálst val: 6 einingar

Samtals: 144 einingar

## Náttúrufræðibraut – líffræðisvið

Lýsing: Innan náttúrufræðibrautar er boðið upp á þrjár mismunandi leiðir innan kjörsviðs, þ.e. eðlisfræðisvið, líffræðisvið og tölvusvið. Meginmarkmið brautarinnar er að búa nemendur undir frekara nám á háskólastigi í verkfræði, læknisfræði, raunvísindum og öðrum greinum þar sem stærðfræði og raungreinamenntunar er krafist. Á líffræðisviði er aukin áhersla lögð á líffræði og efnafræði ásamt stærðfræði.

| **Námsgrein** | **Áfangar** |
|---|---|
| Bókfærsla | BÓK 113 |
| Danska | DAN 102_202_212 |
| Eðlisfræði | EÐL 103_203 |
| Efnafræði | EFN 103_203_303_313 |
| Enska | ENS 102_202_212_303 |
| Franska* | FRA 102_202_212_303_403 |
| Íslenska | ÍSL 102_202_212_303_403_503 |
| Íþróttir | ÍÞR 101_111_201_211_301_311_401_411 |
| Jarðfræði | JAR 103 |
| Líffræði | LÍF 103_113_203_303 |
| Lífsleikni | LKN 100_101_120_121 |
| Lögfræði | LÖG 103 |
| Náttúruvísindi | NÁT 103_113_123 |
| Rekstrarhagfræði | REK 103 |
| Saga | SAG 103_203 |
| Spænska* | SPÆ 102_202_212_303_403 |
| Stærðfræði | STÆ 103_203_303_313_403_503_603 |
| Tölvunotkun | TÖN 102_112 |
| Vélritun | VÉL 101 |
| Þjóðhagfræði | ÞJÓ 113 |
| Þýska* | ÞÝS 102_202_212_303_403 |

*Þriðja tungumál: Valið á milli spænsku, frönsku eða þýsku.

Kjarni: 98 einingar

Kjörsvið: 40 einingar

Frjálst val: 6 einingar

Samtals: 144 einingar

## Félagsfræðabraut – alþjóðasvið

Lýsing: Innan félagsfræðabrautar er boðið upp á eina leið innan kjörsviðs, þ.e. alþjóðasvið. Markmið námsins er að veita nemendum góðan grunn í sögu og menningu helstu viðskiptalanda okkar. Einnig er lögð áhersla á að kynna helstu alþjóðastofnanir og starfsemi þeirra. Nám á félagsfræðabraut veitir góða undirstöðu fyrir háskólanám í þjóðfélagsgreinum, viðskiptum, almannatengslum og fréttamennsku.

| Námsgrein | Áfangar |
|---|---|
| Alþjóðafræði | ALÞ 102 203 302 |
| Bókfærsla | BÓK 113 |
| Danska | DAN 102 202 212 |
| Enska | ENS 102 202 212 303 403 503 613 |
| Félagsfræði | FÉL 303 |
| Franska* | FRA 102 202 212 303 403 503 |
| Íslenska | ÍSL 102 202 212 303 403 503 |
| Íþróttir | ÍÞR 101 111 201 211 301 311 401 411 |
| Landafræði | LAN 103 |
| Lífsleikni | LKN 100 101 120 121 |
| Lögfræði | LÖG 103 |
| Markaðsfræði | MAR 103 |
| Menningarfræði | MEN 103 203 |
| Náttúruvísindi | NÁT 103 113 123 |
| Rekstrarhagfræði | REK 103 |
| Saga | SAG 103 203 303 |
| Spænska* | SPÆ 102 202 212 303 403 503 |
| Stærðfræði | STÆ 103 203 313 363 |
| Tölvunotkun | TÖN 102 112 212 |
| Vélritun | VÉL 101 |
| Þjóðhagfræði | ÞJÓ 113 303 |
| Þýska* | ÞÝS 102 202 212 303 403 503 |

*Þriðja tungumál: Valið á milli spænsku, frönsku eða þýsku.

Kjarni: 97 einingar

Kjörsvið: 41 einingar

Frjálst val: 6 einingar

Samtals: 144 einingar

## Málabraut

Lýsing: Markmið brautarinnar er að búa nemendur undir tungumála- og hugvísindanám á háskólastigi. Lögð er höfuðáhersla á helstu þjóðtungur Evrópulanda og að veita nemendum innsýn í fræðaheim málvísinda. Slíkur undirbúningur er góður grunnur fyrir háskólanám í tungumálum og býr nemendur undir þátttöku í heimi alþjóðasamskipta.

| **Námsgrein** | **Áfangar** |
|---|---|
| Bókfærsla | BÓK 113 |
| Danska | DAN 102_202_212_303 |
| Enska | ENS 102_202_212_303_403_503_603 |
| Franska* | FRA 102_202_212_303_403_503 |
| Íslenska | ÍSL 102_202_212_303_403_503 |
| Íþróttir | ÍÞR 101_111_201_211_301_311_401_411 |
| Kvikmyndir | KVS 103 |
| Latína | LAT 102_202_302 |
| Lífsleikni | LKN 100_101_120_121 |
| Lokaverkefni | LOK 103 |
| Lögfræði | LÖG 103 |
| Menningarfræði | MEN 103_203 |
| Náttúruvísindi | NÁT 103_113_123 |
| Rekstrarhagfræði | REK 103 |
| Saga | SAG 103_203 |
| Spænska* | SPÆ 102_202_212_303_403_503 |
| Stærðfræði | STÆ 103_203 |
| Tölvunotkun | TÖN 102_202 |
| Vélritun | VÉL 101 |
| Þjóðhagfræði | ÞJÓ 113 |
| Þýska* | ÞÝS 102_202_212_303_403_503 |

*Þriðja og fjórða tungumál: Valið á milli spænsku, frönsku og þýsku.

Kjarni: 97 einingar

Kjörsvið: 41 einingar

Frjálst val: 6 einingar

Samtals: 144 einingar

## Viðskiptabraut – hagfræðisvið

Lýsing: Boðið er upp á tvö mismunandi svið: viðskiptasvið og hagfræðisvið. Áhersla er lögð á viðskiptagreinar og aðrar skyldar greinar þannig að nemendur geti haldið áfram námi í háskóla, í sérskólum á háskólastigi eða farið út á vinnumarkaðinn að loknu stúdentsprófi. Á hagfræðisviði er jafnmikil stærðfræði og á náttúrufræðibraut, líffræðisviði.

| **Námsgrein** | **Áfangar** |
|---|---|
| Bókfærsla | BÓK 113 201 213 313 |
| Danska | DAN 102 202 212 |
| Enska | ENS 102 202 212 303 403 503 |
| Fjármál | FJÁ 102 202 |
| Franska* | FRA 102 202 212 303 403 |
| Íslenska | ÍSL 102 202 212 303 403 503 |
| Íþróttir | ÍÞR 101 111 201 211 301 311 401 411 |
| Lífsleikni | LKN 100 101 120 121 |
| Lögfræði | LÖG 103 |
| Náttúruvísindi | NÁT 103 113 123 |
| Rekstrarhagfræði | REK 103 213 313 |
| Saga | SAG 103 203 303 |
| Spænska* | SPÆ 102 202 212 303 403 |
| Stærðfræði | STÆ 103 203 303 313 403 503 603 |
| Tölvunotkun | TÖN 102 112 202 |
| Vélritun | VÉL 101 |
| Þjóðhagfræði | ÞJÓ 113 202 302 |
| Þýska* | ÞÝS 102 202 212 303 403 |

*Þriðja tungumál: Valið á milli spænsku, frönsku eða þýsku.

Kjarni: 99 einingar

Kjörsvið: 39 einingar

Frjálst val: 6 einingar

Samtals: 144 einingar

## Viðskiptabraut – viðskiptasvið

Lýsing: Boðið er upp á tvö mismunandi svið: viðskiptasvið og hagfræðisvið. Áhersla er lögð á viðskiptagreinar og aðrar skyldar greinar þannig að nemendur geti haldið áfram námi í háskóla, í sérskólum á háskólastigi eða farið út á vinnumarkaðinn að loknu stúdentsprófi.

| **Námsgrein** | **Áfangar** |
|---|---|
| Bókfærsla | BÓK 113 201 213 313 |
| Danska | DAN 102 202 212 |
| Enska | ENS 102 202 212 303 403 503 |
| Fjármál | FJÁ 102 202 |
| Franska* | FRA 102 202 212 303 403 |
| Íslenska | ÍSL 102 202 212 303 403 503 |
| Íþróttir | ÍÞR 101 111 201 211 301 311 401 411 |
| Lífsleikni | LKN 100 101 120 121 |
| Lögfræði | LÖG 103 |
| Markaðsfræði | MAR 102 202 |
| Náttúruvísindi | NÁT 103 113 123 |
| Rekstrarhagfræði | REK 103 203 322 |
| Saga | SAG 103 203 303 |
| Spænska* | SPÆ 102 202 212 303 403 |
| Stjórnun | STJ 103 |
| Stærðfræði | STÆ 103 203 313 363 463 563 |
| Tölvunotkun | TÖN 102 112 202 |
| Vélritun | VÉL 101 |
| Þjóðhagfræði | ÞJÓ 113 |
| Þýska* | ÞÝS 102 202 212 303 403 |

*Þriðja tungumál: Valið á milli spænsku, frönsku eða þýsku.

Kjarni: 99 einingar

Kjörsvið: 37 einingar

Frjálst val: 6 einingar

Samtals: 142 einingar

## Skipan náms við Verzlunarskóla Íslands 2011.

Haustið 2011 verður breyting á námskipan með þeim hætti að tveggja eininga áfangar munu heyra sögunni til. Þessi breyting gerir það að verkum að nemendur ljúka dönskunáminu eftir fyrsta árið og hefja nám í þriðja tungumáli á öðru ári. Nemendur, sem innritast á fyrsta ár, geta valið á milli frönsku, þýsku og spænsku sem þriðja tungumáls (á eftir dönsku og ensku). Nemendur munu eftir sem áður allir lokið áföngum eftir fyrsta árið.

Nemendum sem innritast í Verzlunarskólann standa til boða eftirfarandi brautir:

- félagsfræðabraut
    - alþjóðasvið
- náttúrufræðibraut
    - eðlisfræðisvið
    - líffræðisvið
- málabraut
- viðskiptabraut
    - hagfræðisvið
    - viðskiptasvið

Allir nemendur, óháð braut, verða að taka ákveðinn lágmarksfjölda eininga í viðskiptagreinum og fá þeir verslunarpróf að loknu öðru námsári, þ.e. eftir að hafa lokið minnst 70 einingum og síðan stúdentspróf að loknu fjórða námsári eða þegar þeir hafa lokið minnst 140 einingum.

Hér að neðan eru upplýsingar um þá áfanga sem kenndir eru á einstökum brautum:

## Náttúrufræðibraut – eðlisfræðisvið

Lýsing: Innan náttúrufræðibrautar er boðið upp á þrjár mismunandi leiðir innan kjörsviðs, þ.e. eðlisfræðisvið, líffræðisvið og tölvusvið. Meginmarkmið brautarinnar er að búa nemendur undir frekara nám á háskólastigi í verkfræði, læknisfræði, raunvísindum og öðrum greinum þar sem stærðfræði og raungreinamenntunar er krafist. Á eðlisfræðisviði er aukin áhersla lögð á stærðfræði og eðlisfræði.

| Námsgrein | Áfangar |
|---|---|
| Bókfærsla | BÓK 113 |
| Danska | DAN 103 203 |
| Eðlisfræði | EÐL 103 203 303 403 |
| Efnafræði | EFN 103 213 |
| Enska | ENS 103 203 303 |
| Franska* | FRA 103 203 303 403 |
| Íslenska | ÍSL 103 203 303 403 503 |
| Íþróttir | ÍÞR 101 111 201 211 301 311 401 411 |
| Jarðfræði | JAR 103 |
| Líffræði | LÍF 103 |
| Lífsleikni | LKN 100 101 120 121 |
| Lögfræði | LÖG 103 |
| Náttúruvísindi | NÁT 103 113 123 |
| Rekstrarhagfræði | REK 103 |
| Saga | SAG 103 203 |
| Spænska* | SPÆ 103 203 303 403 |
| Stærðfræði | STÆ 103 203 303 313 403 503 523 603 703 |
| Tölvufræði | TÖL 103 |
| Tölvunotkun | TÖN 103 |
| Vélritun | VÉL 101 |
| Þjóðhagfræði | ÞJÓ 113 |
| Þýska* | ÞÝS 103 203 303 403 |

*Þriðja tungumál: Valið á milli spænsku, frönsku eða þýsku.

Kjarni: 96 einingar

Kjörsvið: 40 einingar

Frjálst val: 6 einingar

Samtals: 143 einingar

## Náttúrufræðibraut – líffræðisvið

Lýsing: Innan náttúrufræðibrautar er boðið upp á þrjár mismunandi leiðir innan kjörsviðs, þ.e. eðlisfræðisvið, líffræðisvið og tölvusvið. Meginmarkmið brautarinnar er að búa nemendur undir frekara nám á háskólastigi í verkfræði, læknisfræði, raunvísindum og öðrum greinum þar sem stærðfræði og raungreinamenntunar er krafist. Á líffræðisviði er aukin áhersla lögð á líffræði og efnafræði ásamt stærðfræði.

| **Námsgrein** | **Áfangar** |
|---|---|
| Bókfærsla | BÓK 113 |
| Danska | DAN 103 203 |
| Eðlisfræði | EÐL 103 203 |
| Efnafræði | EFN 103 203 303 313 |
| Enska | ENS 103 203 303 |
| Franska* | FRA 103 203 303 403 |
| Íslenska | ÍSL 103 203 303 403 503 |
| Íþróttir | ÍÞR 101 111 201 211 301 311 401 411 |
| Jarðfræði | JAR 103 |
| Líffræði | LÍF 103 113 203 303 |
| Lífsleikni | LKN 100 101 120 121 |
| Lögfræði | LÖG 103 |
| Náttúruvísindi | NÁT 103 113 123 |
| Rekstrarhagfræði | REK 103 |
| Saga | SAG 103 203 |
| Spænska* | SPÆ 103 203 303 403 |
| Stærðfræði | STÆ 103 203 303 313 403 503 603 |
| Tölvunotkun | TÖN 103 |
| Vélritun | VÉL 101 |
| Þjóðhagfræði | ÞJÓ 113 |
| Þýska* | ÞÝS 103 203 303 403 |

*Þriðja tungumál: Valið á milli spænsku, frönsku eða þýsku.

Kjarni: 97 einingar

Kjörsvið: 40 einingar

Frjálst val: 6 einingar

Samtals: 143 einingar

## Félagsfræðabraut – alþjóðasvið

Lýsing: Innan félagsfræðabrautar er boðið upp á eina leið innan kjörsviðs, þ.e. alþjóðasvið. Markmið námsins er að veita nemendum góðan grunn í sögu og menningu helstu viðskiptalanda okkar. Einnig er lögð áhersla á að kynna helstu alþjóðastofnanir og starfsemi þeirra. Nám á félagsfræðabraut veitir góða undirstöðu fyrir háskólanám í þjóðfélagsgreinum, viðskiptum, almannatengslum og fréttamennsku.

| **Námsgrein** | **Áfangar** |
|---|---|
| Alþjóðafræði | ALÞ 103_203 |
| Bókfærsla | BÓK 113 |
| Danska | DAN 103_203 |
| Enska | ENS 103_203_303_403_503_613 |
| Félagsfræði | FÉL 303 |
| Franska* | FRA 103_203_303_403_503 |
| Íslenska | ÍSL 103_203_303_403_503 |
| Íþróttir | ÍÞR 101_111_201_211_301_311_401_411 |
| Landafræði | LAN 103 |
| Lífsleikni | LKN 100_101_120_121 |
| Lögfræði | LÖG 103 |
| Markaðsfræði | MAR 103 |
| Menningarfræði | MEN 103_203 |
| Náttúruvísindi | NÁT 103_113_123 |
| Rekstrarhagfræði | REK 103 |
| Saga | SAG 103_203_303 |
| Spænska* | SPÆ 103_203_303_403_503 |
| Stærðfræði | STÆ 103_203_313_363 |
| Tölvunotkun | TÖN 103_203 |
| Vélritun | VÉL 101 |
| Þjóðhagfræði | ÞJÓ 113_303 |
| Þýska* | ÞÝS 103_203_303_403_503 |

*Þriðja tungumál: Valið á milli spænsku, frönsku eða þýsku.

Kjarni: 97 einingar

Kjörsvið: 40 einingar

Frjálst val: 6 einingar

Samtals: 143 einingar

## Málabraut

Lýsing: Markmið brautarinnar er að búa nemendur undir tungumála- og hugvísindanám á háskólastigi. Lögð er höfuðáhersla á helstu þjóðtungur Evrópulanda og að veita nemendum innsýn í fræðaheim málvísinda. Slíkur undirbúningur er góður grunnur fyrir háskólanám í tungumálum og býr nemendur undir þátttöku í heimi alþjóðasamskipta.

| Námsgrein | Áfangar |
|---|---|
| Bókfærsla | BÓK 113 |
| Danska | DAN 103 203 303 |
| Enska | ENS 103 203 303 403 503 603 |
| Franska* | FRA 103 203 303 403 503 |
| Íslenska | ÍSL 103 203 303 403 503 |
| Íþróttir | ÍÞR 101 111 201 211 301 311 401 411 |
| Kvikmyndir | KVS 103 |
| Latína | LAT 103 203 |
| Lífsleikni | LKN 100 101 120 121 |
| Lokaverkefni | LOK 103 |
| Lögfræði | LÖG 103 |
| Menningarfræði | MEN 103 203 |
| Náttúruvísindi | NÁT 103 113 123 |
| Rekstrarhagfræði | REK 103 |
| Saga | SAG 103 203 |
| Spænska* | SPÆ 103 203 303 403 503 |
| Stærðfræði | STÆ 103 203 |
| Tölvunotkun | TÖN 103 |
| Vélritun | VÉL 101 |
| Þjóðhagfræði | ÞJÓ 113 |
| Þýska* | ÞÝS 103 203 303 403 503 |

*Þriðja og fjórða tungumál: Valið á milli spænsku, frönsku og þýsku.

Kjarni: 97 einingar

Kjörsvið: 40 einingar

Frjálst val: 6 einingar

Samtals: 143 einingar

## Viðskiptabraut – hagfræðisvið

Lýsing: Boðið er upp á tvö mismunandi svið: viðskiptasvið og hagfræðisvið. Áhersla er lögð á viðskiptagreinar og aðrar skyldar greinar þannig að nemendur geti haldið áfram námi í háskóla, í sérskólum á háskólastigi eða farið út á vinnumarkaðinn að loknu stúdentsprófi. Á hagfræðisviði er jafnmikil stærðfræði og á náttúrufræðibraut, líffræðisviði.

| **Námsgrein** | **Áfangar** |
|---|---|
| Bókfærsla | BÓK 113 213 313 |
| Danska | DAN 103 203 |
| Enska | ENS 103 203 303 403 503 |
| Fjármál | FJÁ 103 |
| Franska* | FRA 103 203 303 403 |
| Íslenska | ÍSL 103 203 303 403 503 |
| Íþróttir | ÍÞR 101 111 201 211 301 311 401 411 |
| Lífsleikni | LKN 100 101 120 121 |
| Lögfræði | LÖG 103 |
| Náttúruvísindi | NÁT 103 113 123 |
| Rekstrarhagfræði | REK 103 213 313 |
| Saga | SAG 103 203 303 |
| Spænska* | SPÆ 103 203 303 403 |
| Stærðfræði | STÆ 103 203 303 313 403 503 603 |
| Tölvunotkun | TÖN 103 203 |
| Vélritun | VÉL 101 |
| Þjóðhagfræði | ÞJÓ 113 213 313 |
| Þýska* | ÞÝS 103 203 303 403 |

*Þriðja tungumál: Valið á milli spænsku, frönsku eða þýsku.

Kjarni: 97 einingar

Kjörsvið: 40 einingar

Frjálst val: 6 einingar

Samtals: 143 einingar

## Viðskiptabraut – viðskiptasvið

Lýsing: Boðið er upp á tvö mismunandi svið: viðskiptasvið og hagfræðisvið. Áhersla er lögð á viðskiptagreinar og aðrar skyldar greinar þannig að nemendur geti haldið áfram námi í háskóla, í sérskólum á háskólastigi eða farið út á vinnumarkaðinn að loknu stúdentsprófi.

| **Námsgrein** | **Áfangar** |
|---|---|
| Bókfærsla | BÓK 113 213 313 |
| Danska | DAN 103 203 |
| Enska | ENS 103 203 303 403 503 |
| Fjármál | FJÁ 103 |
| Franska* | FRA 103 203 303 403 |
| Íslenska | ÍSL 103 203 303 403 503 |
| Íþróttir | ÍÞR 101 111 201 211 301 311 401 411 |
| Lífsleikni | LKN 100 101 120 121 |
| Lögfræði | LÖG 103 |
| Markaðsfræði | MAR 103 |
| Náttúruvísindi | NÁT 103 113 123 |
| Rekstrarhagfræði | REK 103 203 323 |
| Saga | SAG 103 203 303 |
| Spænska* | SPÆ 103 203 303 403 |
| Stjórnun | STJ 103 |
| Stærðfræði | STÆ 103 203 313 363 463 563 |
| Tölvunotkun | TÖN 103 203 |
| Vélritun | VÉL 101 |
| Þjóðhagfræði | ÞJÓ 113 213 313 |
| Þýska* | ÞÝS 103 203 303 403 |

*Þriðja tungumál: Valið á milli spænsku, frönsku eða þýsku.

Kjarni: 97 einingar

Kjörsvið: 40 einingar

Frjálst val: 6 einingar

Samtals: 143 einingar

# Verslunar- og frumkvöðlabraut

## Inngangur

Námsbrautarlýsing verslunar- og frumkvöðlabrautar miðar að því að skilgreina meginatriði í námi og kennslu á brautinni. Markmið námsins er að veita grunnþekkingu og færni á sviði verslunar- og þjónustustarfa og þjálfa verklega færni og hæfni sem nýtist nemendum að námi loknu til starfa á vinnumarkaði en einnig að þjálfa nemendur í að sýna frumkvæði og sköpun á þessu sviði með raunverulegum verkefnum í fyrirtækjasmiðju. Auk þess mun brautin veita nemendum almenna bóknámsmenntun.

Námið er fjögurra anna nám og fer fram bæði í skóla og á vinnustöðum. Nemendur sem lokið hafa námi á brautinni geta bætt við sig námi í verslunarstjórn en einnig telst námið samsvara einu skólaári í hefðbundnu bóknámi en það mat er ávallt á ábyrgð viðtökuskóla.

Þjónustustörf á sviði verslunar eru í stöðugri þróun í takt við þjóðfélagsbreytingar. Því er afar mikilvægt að áherslur í menntun og kennsluhættir taki mið af breytingum í starfsumhverfi og ýti undir framþróun í greininni. Störf í þjónustugreinum eru fjölþætt og skapandi og gera miklar kröfur til fólks um færni í samskiptum, þjónustuvilja, námkvæmni og faglega kunnáttu. Metnaður, gott vinnuskipulag, samskipta- og samvinnuhæfni auk fagþekkingar eru eiginleikar sem starfsfólk í þjónustugreinum þarf að tileinka sér til þess að ná árangri í starfi. Frumkvæði og sköpun eru auk þess nauðsynlegir eiginleikar þegar komið er út á vinnumarkaðinn.

## Nám og kennsla

Í námsbrautarlýsingunni er námið útfært í áfangalýsingum. Námsáfangarnir eru ýmist sjálfstæðir eða hver í framhaldi af öðrum. Einnig er um þverfaglega vinnu að ræða og einkum þá í lokaverkefninu eða fyrirtækjasmiðjunni.

Námið greinist í skólanám og vinnustaðanám. Í skólastofunni er lögð áhersla á almenna menntun í bóklegum greinum en einnig í sérgreinum brautarinnar. Í vinnustaðanáminu er lögð áhersla á að nemendur kynnist fjölbreyttum vinnustöðum í verslun og þjónustu. Á lokaönn vinna nemendur stórt verkefni þar sem allir þræðir námsins fléttast saman. Eins er lögð áhersla á að byggja upp persónulega færni nemandans og styrkja og efla sjálfsmynd hans.

## Inntökuskilyrði

Brautin er ætluð útskrifuðum nemendum úr 10. bekk sem ekki hyggjast legga stund á nám til stúdentsprófs en vilja mennta sig til að auka forskot sitt á vinnumarkaði. Forkröfur eru þær að nemendur skulu hafa lokið 10. bekk.

## Námsmat

Tilgangur námsmats er að kanna að hve miklu leyti nemandi hefur náð markmiðum námsins sem sett eru í viðkomandi áföngum. Námið verður metið með fjölbreytilegum hætti. Umfang námsmats verður í samræmi við kennslu í viðkomandi áfanga. Dæmi um útfærslu námsmats eru verkefni af ýmsu tagi sem nemendur leysa í kennslustundum, í heimavinnu eða í vinnustaðanámi. Einnig má meta námið með skriflegum prófum. Þegar nemandi lýkur námi útskrifast hann með framhaldsskólapróf af verslunar- og frumkvöðlabraut og fær útgefið prófskírteini því til staðfestingar.

## Staða nema að loknu námi

Nám á verslunar- og frumkvöðlabraut er ætlað að mæta kröfum atvinnulífsins fyrir menntað fagfólk í þessari atvinnugrein. Námið svarar tilteknum þörfum atvinnulífsins en einnig er mikilvægt að nemendur geti haldið áfram námi með því t.d. að fá námið metið inn á stúdentsbrautir til framhaldsskólans. Enn fremur á námið að stuðla að sterkari sjálfsmynd nemenda og auka forskot þeirra á vinnumarkaði.

## Lokamarkmið

- að búa nemendur undir það að starfa við verslunar- og þjónustustörf, en það felur m.a. í sér:
  - að byggja upp almenna færni nemandans, þ.e. þjónustuvitund, vöruþekkingu og verkkunnáttu í nútíma þjóðfélagi
- að efla almenna og persónulega færni nemenda til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni almennum vinnumarkaði, en það felur m.a. í sér:
  - að efla persónulega færni nemandans, þ.e. framkomu, sjálfsöryggi og tjáningu
- að veita nemendum faglegar forsendur til að taka á sig aukna ábyrgð og verkefnisstjórnun á ýmsum sviðum verslunar og þjónustu, en það felur m.a. í sér:

- að nemendur fá innsýn í helstu lög og reglur sem gilda um verslunarrekstur, þ.e. virðisaukaskattur, uppgjör á kassa, fjármál, verðmyndun o.fl.
- að nemendur kynnist af eigin raun hvernig er að stofna og reka fyrirtæki
- að efla kunnáttu og þor til að takast á við ný námstækifæri á vettvangi starfs eða skóla, en það felur meða l annars í sér:
  - að veita almenna menntun í bóklegum greinum
- að auka læsi nemenda og efla tölvunotkun og kunnáttu í helstu forritum sem notuð eru í námi

## Skipan náms á verslunar- og frumkvöðlabraut

Nám á verslunar- og frumkvöðlabraut er blanda af almennu bóknámi, sérhæfðum viðskiptagreinum og vinnustaðanámi. Markmið brautarinnar eru þríþætt. Grunnmarkmið brautarinnar er að nemendur öðlist færni til þess að takast á við margvísleg verkefni í verslun og við þjónustustörf. Annað markmið brautarinnar er að nemendur öðlist góðan grunn í bók- og tölvugreinum sem nýtist þeim til frekara náms á lífsleiðinni. Þriðja markmiðið er að nemendur þekki vel eðli fyrirtækja og geti tekið þátt í frumkvöðlastarfi í samfélaginu á forsendum nýsköpunar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Almennar greinar** | | | **31 ein** |
| Íslenska | ÍSL | 6 ein | |
| Stærðfræði | STÆ | 6 ein | |
| Enska | ENS | 6 ein | |
| Danska | DAN | 3 ein | |
| Upplýsingatækni | UTL | 6 ein | |
| Íþróttir | íÞR | 4 ein | |
| **Sérgreinar brautarinnar** | | | **45 ein** |
| Bókfærsla | | 6 ein | |
| Vörufræði | | 3 ein | |
| Hagfræði | | 3 ein | |
| Persónufærni | | 3 ein | |
| Sala og framkoma | | 3 ein | |
| Frumkvöðlafræði | | 3 ein | |
| Lokaverkefni | | 12 ein | |
| Siðfræði og borgaravitund | | 3 ein | |
| Vinnustaðanám | | 9 ein | |

# Fjarnám

Verzlunarskóli Íslands býður upp á fjarnám í nær öllum áföngum sem kenndir eru í skólanum til verslunar- og stúdentsprófs. Að auki eru í boði fjölmargir áfangar sem eru í boði áfangaskóla á framhaldsskólastigi og eru áfangalýsingar þeirra í samræmi við námskrá Menntamálaráðuneytis fyrir framhaldsskóla.

## Markmið:

- Að koma til móts við nemendur sem ekki eru skráðir í dagskóla, en vilja þó taka nám á framhaldsskólastigi en geta ekki vegna búsetu, atvinnu, eða annarra aðstæðna sótt nám í dagskólum landsins.

- Að koma til móts við nemendur Verzlunarskólans sem þurfa að taka áfanga sem ekki eru í boði fyrir bekkinn þeirra. Þetta eru nemendur sem hafa fallið í áfanga á fyrri önn, komið úr öðrum skólum, skipt um braut, skipt um bekk, dveljast erlendis um tíma eða vilja bæta við sig áfanga vegna fyrirhugaðs framhaldsnáms.

- Að koma til móts við aðra framhaldsskóla með því að bjóða nemendum þeirra nám í áföngum sem ekki eru kenndir í þeirra skólum þá önnina sem nemendur þurfa á þeim að halda.

## Skipulag:

### Á hverju ári eru 3 annir:

- Vorönn
  - Skráning hefst fyrsta þriðjudag eftir að kennsla í dagskóla hefst í janúar og fjarkennsla hefst þremur vikum síðar.
  - Lokapróf á hefðbundnum prófatíma í maí.

- Sumarönn
  - Skráning hefst fyrsta þriðjudag eftir miðjan maí, kennsla hefst tveimur vikum síðar.
  - Lokapróf í fyrri hluta ágústmánaðar.

- Haustönn
  - Skráning hefst fyrsta þriðjudag eftir að kennsla í dagskóla hefst í ágúst og fjarkennsla hefst þremur vikum síðar.
  - Lokapróf á hefðbundnum prófatíma í desember.

### Hverri önn er skipt niður í:

- 10 námseiningar, hver námseining kynnt á einni viku. Sumarönn er þó aðeins 9 námsvikur og því eru 2 námseiningar kynntar eina vikuna.

- 0-3 vikur sem nemendur hafa til að ljúka við námsefnið og undirbúa sig fyrir próf. Á sumarönn hefjast próf strax og síðustu kennsluviku lýkur, á haustönn hafa nemendur 2 vikur til undirbúnings fyrir próf og á vorönn eru vikurnar þrjár.

- 1-2 prófavikur. Á sumarönn er ein prófavika, en þær eru tvær á vor- og haustönn.

**Í hverjum áfanga** er áfangalýsing, þar sem gerð er grein fyrir markmiðum áfanga, námsefni, námsmati og námsgögnum. Síðan er námsefni hvers áfanga kynnt í 10 námseiningum.

**Í hverri námseiningu** er námsáætlun fyrir námseininguna, þar sem gerð er grein fyrir námsefninu, verkefnum, verkefnaskilum og námsmati. Þar er einnig námsefni og verkefni sem tengjast námseiningunni.

Til fjarkennslu hefur verið notað kennslukerfi frá því á haustönn 2005 (WebCT/Blackboard). Nú er verið að skoða Moodle (útgáfa 2.0) og verður ákvörðun tekin á vormisseri um hvort það kennslukerfi verði tekið til notkunar hér og þá hvenær það verður gert.

## Samskipti

- Fjarnámsstjóri - kennarar: Samskipti fara fram í tölvupósti, meðal annars með vikulegum fréttabréfum fjarnámsstjóra til kennara og síðan í daglegri umgengni í skólanum.

- Fjarnámsstjóri/kennarar - nemendur: Samskipti fara aðallega fram með tölvupósti, bæði í kennslukerfinu og hefðbundnum tölvupósti. Sími er einnig notaður til samskipta og svo koma nemendur oft á í skólann og hitta kennara/fjarnámsstjóra/kerfisfræðing.

- Fjarnámsstjóri - framhaldsskólar: Fjarnámsstjóri sendir upplýsingar um skráða nemendur út í framhaldsskólana sem nemendur tilgreina. Í lok prófa eru einkunnir þessara nemenda sendar til skólanna. Sumir framhaldsskólar biðja sérstaklega um kennslu fyrir nemendur og greiða þá námsgjöld fyrir þá.

## Gjaldtaka:

### Árið 2010:

- Skráningargjald 5000 krónur
- Einingagjald 2500 krónur

### Vorönn 2011:

- Skráningargjald 6000 krónur
- Einingagjald 4500 krónur

# Áfangalýsingar dagskóla

## Alþjóðafræði

### ALÞ102

**Markmið**

Að nemendur öðlist almenna þekkingu á undirstöðuþáttum alþjóðakerfisins og skilning á nokkrum þeirra viðfangsefna sem sinnt er á vettvangi þjóðanna. Jafnframt að nemendur kynnist helstu hugtökum sem notuð eru í alþjóðasamskiptum og fái hugmynd um utanríkisþjónustu Íslands með áherslu á stofnanir og mikilvæg viðfangsefni.

**Kennsluhættir**

Margvíslegum aðferðum er beitt til að ná settum markmiðum. Kennsla fer meðal annars fram með fyrirlestrum kennara, þar sem útskýrð eru hugtök og námsefnið kynnt og reifað. Námsgögn eru af ýmsum toga og er athygli vakin á því að ýmiss konar verkefnavinna nemenda (fyrirlestrar og framsöguerindi þar með talin) og samræður samkvæmt leiðbeiningum kennara eru mikilvægur hluti námsins. Er því mikilvægt að nemendur séu virkir í náminu á öllum stigum.

**Námslýsing**

Í Alþjóðafræði 102 er fjallað um alþjóðakerfið og valdir þættir þess teknir til umfjöllunar. Varpað er ljósi á alþjóðasamskipti og sérstakri athygli beint að tilteknum viðfangsefnum sem fjallað er um á alþjóðavettvangi. Í síðari hluta áfangans er sjónum beint að utanríkismálum Íslands og þátttöku Íslendinga í fjölþjóðasamstarfi.

**Efnisatriði**

Einingar alþjóðastjórnmála og megineinkenni alþjóðlega stjórnmálakerfisins. Hnattvæðing. Alþjóðasamskipti í Evrópu eftir 1945: Kalda stríðið, upphaf, einkenni og endalok. Utanríkisstefna og utanríkisþjónusta Íslands.

**Námsmat**

Lokaeinkunn fyrir áfangann er sett saman úr eftirtöldum þáttum: Lokapróf, verkefni, annarpróf, ástundun og virkni. Til að ljúka áfanganum þarf að standast lokapróf með lágmarkseinkunn 4,0 án námundunar. Lágmarkslokaeinkunn (vegið meðaltal lokaprófs og vinnueinkunnar) er 5,0 (samanber skólareglur).

### ALÞ103

Ekki kenndur 2011-2012

### ALÞ203

**Markmið**

Að nemendur öðlist þekkingu á sögu og þróun Evrópusamvinnunnar og -sambandsins. Áhersla verður lögð á að þeir þekki til sögu og hlutverks þeirra alþjóðastofnana sem Ísland á aðild að. Þá fái þeir staðgóða yfirsýn yfir sögu og menningu ríkja Austur-Evrópu og verðir færir um að greina stöðu mála þar í fortíð og nánustu framtíð.

**Kennsluhættir**

Kennsluaðferðir eru í meginatriðum þrenns konar. Í fyrsta lagi eru fyrirlestrar kennara þar sem námsefnið er reifað og hugtök útskýrð. Þá eru umræður og loks verkefnavinna nemenda, þar sem leitast er við að tengja efni áfangans vandamálum einstakra ríkja.

Verkefnavinnan felst í að kanna einstök lönd m.t.t. markaðssetningar og framsetingar. Í því er fléttað saman alþjóðafræði, markaðsfræði og upplýsingafræði.

**Námslýsing**

Í alþjóðafræði 203 er fjallað um þróun Evrópusamvinnunar og helstu stofnanir Evrópusambandsins. Ennfremur er farið ítarlega í sögu, menningu og samfélagi ríkja Austur-Evrópu. Reynt verður eftir fremsta megni að tengja námsefnið Íslandi og farið verður vel í þær stofnanir sem Ísland á aðild að.

**Efnisatriði**

Upphaf Evrópusamvinnunnar og Evrópusambandsins. EFTA . Stofnanir Evrópusambandsins. Gengissamstarfið og stækkun sambandsins á síðari árum. Austur-Evrópa: Pólland, Ungverjaland, Þýskaland, Tékkland, Slóvakía og Búlgaría.

### Námsmat

Lokaeinkunn fyrir áfangann er sett saman úr eftirtöldum þáttum: Lokapróf, verkefni, annarpróf, ástundun og virkni.

## ALÞ302

### Markmið

Að nemendur öðlist þekkingu á menningu, sögu og samfélagsaðstæðum ríkja og þjóða í Austur-Evrópu (sérstaklega verða tekin fyrir Tékkland, Slóvakía, Búlgaría og Rúmenía, Eystrasaltsríkin og Rússland); Vestur-Evrópu (einkum Frakklands), Suður-Evrópu (áhersla á Spán og Ítalíu) en einnig verður sjónum beint að svæðum utan Evrópu (litið verður á Bandaríkin, Indland, Kína, Japan). Á hersla verður lögð á að skoða og greina veigamikla þætti í samfélagsgerð þessara ríkja. Ennfremur verður farið vel í viðskiptaumhverfi og viðskiptahegðun (e. Business Behavior). Umfjöllun um tiltekin ríki innan ofangreindra svæða verður mismikil.

### Kennsluhættir

Kennsluaðferðir eru í meginatriðum þrenns konar. Í fyrsta lagi eru fyrirlestrar kennara þar sem námsefnið er reifað og hugtök útskýrð. Þá eru umræður og loks verkefnavinna nemenda, þar sem leitast er við að tengja efni áfangans mikilvægum úrlausnarefnum í löndum sem fjallað verður um sérstaklega. Námsgögn eru af ýmsum toga og er athygli vakin á því að verkefnavinna nemenda sem og samræða samkvæmt leiðbeiningum kennara eru mikilvægur hluti námsins. Er því mikilvægt að nemendur séu virkir í náminu á öllum stigum.

### Námslýsing

Í ALÞ302 er þráðurinn tekinn upp þar sem ALÞ203 sleppti og lokið við að fjalla um lönd A-Evrópu. Hér er athyglinni þó einnig beint að viðskiptamenningu þessara landa. Viðskiptamenning á ólíkum svæðum heimsins (t.d. Asíu, S-Evrópu, Miðausturlanda) er jafnframt til umfjöllunar. Að lokum vinna nemendur einstaklingsverkefni um land að eigin vali, sem er lokaverkefni í alþjóðafræði.

### Efnisatriði

Almennt fjallað um viðskiptahegðun og viðskiptamenningu. Viðeigandi hugtök kynnt í því samhengi og þeim beitt í greiningu á samfélögum í Mið- og Austur-Evrópu. Jafnframt vikið að mikilvægum þáttum í sögu viðkomandi landa, einkum á árunum eftir síðari heimsstyrjöld. Einnig er vikið að viðskiptamenningu valinna landa í V-Evrópu, Asíu og Ameríku. Í lokaverkefni kynna nemendur sér ítarlega þau málefni sem efst eru á baugi í þeim löndum sem þeir velja sér til kynningar.

### Námsmat

Lokapróf og vinnueinkunn. Vinnueinkunn samanstendur af lokaverkefni, skyndiprófi og verkefnum, ástundun og virkni í kennslustundum. Nemendur vinna lokaverkefni í þessum áfanga.

# Bókfærsla

## BÓK113

### Markmið

Að nemendur geri sér grein fyrir hugtökunum gjöld, tekjur, eignir og skuldur, að þeir geti annast almennar færslur í dagbók og hafi skilning á uppgjöri og geti sett fram efnahagsreikning og rekstrarreikning.

Nemendur eiga að geta fært bókhald eftir fylgiskjölum og eiga að vera færir um að vinna við bókhald undir verkstjórn.

### Námslýsing

Fjallað er um grundvallaratriði bókhalds, dagbókarfærslur og reikningsuppgjör. Þeim er kennt að merkja fylgiskjöl og færa dagbók eftir þeim. Nemendum er gerð grein fyrir hlutverki bókara og tilgangi bókhalds og sagt frá helstu bókhaldslögum. Mikil áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð nemenda, nákvæmni og frágang.

### Námsmat

Skyndipróf ásamt ástundun og heimavinnu. Skriflegt lokapróf í lok annar.

## BÓK201

### Markmið

Að nemendur:

- fái innsýn í færslu tölvubókhalds og hvernig einfalt bókald er fært hjá fyrirtækjum.
- kynnist færslu fjárhagsbókhalds og undirkerfa sem gera kleift að vinna mun nákvæmari upplýsingar úr bókhaldinu en ella.
- nái ákveðinni leikni í grunnnotkun forritisins Microsoft Dynamics Nav.

### Kennsluhættir

Kennt er í tölvustofum. Nemendur færa verkefni undir leiðsögn kennara og nota til þessa upplýsingakerfið Microsoft Dynamics Nav.

### Námslýsing

Í námskeiðinu eru kynntir notkunarmöguleikar tölvunnar við færslu bókhalds. Forritið sem notað er nefnist Microsoft Dynamics Nav, en það er hvað mest notað af fyrirtækjum hérlendis og þó víðar væri leitað. Þau kerfi sem verða kynnt eru fjárhagsbókhald, sölu- og viðskiptmannabókhald, lánardrottnabókhald, birgðabókhald og launabókhald.

### Efnisatriði

Í fjárhagsbókhaldinu er farið í daglegar færslur, uppsetningu bókhaldslykils, uppgjör VSK ásamt prentun og úrvinnslu upplýsinga. Í sölu- og viðskiptamannakerfinu er kynning á uppsetningu viðskiptamanna, sölu til viðskiptamanna ásamt innborgunum. Úrvinnsla ýmissa upplýsinga er kynnt. Í birgða- og lánardrottnakerfinu er farið í innkaup vörutegunda frá lánardrottnum. Þá er farið í greiðslu til lánardrottna ásamt úrvinnslu upplýsinga hvað varðar lager o. fl. Þá er stuttlega farið í samtengingu kerfanna og hvernig færslur berast úr einu kerfi í annað. Í hefti 2 eru til viðbótar teknir fyrir nýir erlendir lánardrottnar, erlendir gjaldmiðlar, gengistap/hagnaður, uppsetning kennitalna og nánari úrvinnsla gagna. Þá er farið í sjálfvirka dráttarvaxtaútreikninga. Í launabókhaldinu eru færð laun á launþega og prentaðir launaseðlar ásamt færslu launa yfir í fjárhagsbókhald.

### Námsmat

Námsmat fer fram með tveimur prófum sem mynda lokaeinkunn. Fyrra prófið er þreytt í lok fyrra verkefnaheftis en það seinna í lok þess síðara.

## BÓK213

### Markmið

Að nemendur séu hæfir til að færa bókhald og geti gert upp bókhald lítilla fyrirtækja.

### Námslýsing

Farið er yfir flóknari dagbókarfærslur. Reikningsjöfnuður með margliðuðum athugasemdum, kynning á óbeinum afskriftum (fyrningar).

### Námsmat:

Námsmat er samsett úr lokaprófi og vinnueinkunn sem meðal annars inniheldur skyndipróf og ástundun.

## BÓK313

### Markmið

Kenna nemendum um breytingar á réttarformi fyrirtækja, fjárhagslega endurskipulagningu, samruna og slit fyrirtækja. Einnig er farið í skattauppgjör og sjóðsstreymi.

### Kennsluhættir

Verkefnavinna.

### Námsmat:

Skyndipróf og skriflegt próf í lok annar.

# Danska

## DAN102

### Markmið

Eftirfarandi markmið eru unnin út frá "Evrópska tungumálarammanum". Gengið er út frá hinum fimm færniþáttum tungumálakennslu; hlustun, lestri, samræðum, tali og ritun. Eftir nám í DA N102 er markmiðið að nemandi:

- HLUSTUN: - hafi öðlast æfingu í hlustun, svo að hann geti skilið talað mál (orð og setningar) sem tengjast honum persónulega, (t.d. persónulegar upplýsingar um hann og fjölskyldu hans, innkaup, nánasta umhverfi og atvinnu) og um efni sem hann hefur einhverja þekkingu á (A 2) - geti skilið aðalatriðin í stuttum skýrum og einföldum skilaboðum og tilkynningum (A 2)
- LESTUR: - geti lesið texta sem innihalda aðallega algeng orð úr daglegu lífi eða orðaforða sem tengist atvinnu hans eða skóla (B 1) - geti skilið lýsingar á atburðum, tilfinningum og óskum í persónulegum bréfum SA MRÆÐUR: - geti tekið þátt í samræðum um efni sem hann þekkir til ef hinn aðilinn talar skýrt og hjálpar honum að koma orðum að því sem hann vill segja (A 2)
- TAL: - hafi öðlast æfingu í munnlegri færni svo hann geti lýst fjölskyldu sinni og öðru fólki, sagt frá búsetu sinni, áhugamálum, menntun og þeirri vinnu sem hann hefur stundað (A 2)
- RITUN: - hafi fengið þjálfun í skriflegri færni, þannig að hann geti skrifað minnispunkta og skilaboð, einfaldar frásagnir sem segja frá daglegum atburðum og/eða áhugamálum hans, geti skrifað bréf þar sem hann segir frá fjölskyldu sinni, búsetu og skóla (A 2-B 1)
- ANNAÐ: - hafi öðlast færni í notkun hjálpargagna s.s. orðabækur, málnotkunarbækur, netið - hafi þjálfast í notkun sagnaorða og fornafna - hafi kynnst nokkuð vel ýmislegt um Danmörku og þjóð

### Kennsluhættir

Um bekkjarkennslu er að ræða og kennslan fer fram á dönsku. Lögð er áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir í vinnubrögðum, geri sér grein fyrir eigin ábyrgð og geti fylgst með framvindu í námi sínu með því að skrá árangur sinn í leiðarbók. Nemendur vinna ýmist sjálfstætt, í pörum eða í hópum. Á hersla er á notkun upplýsingatækni og vinna nemendur að stærri verkefnum sem þeir gera grein fyrir bæði skriflega og munnlega í bekknum.

### Námslýsing

Undanfari: Grunnskólapróf Megináhersla er lögð á að nemendur þjálfist í að skilja talað og ritað mál almenns eðli. Notaðar eru mismunandi lestraraðferðir (skimun, leitarlestur og nákvæmislestur) til að auka færni nemenda í að lesa eftir mismunandi þörfum fyrir upplýsingar. Lesnar eru fjórar smásögur, tvö ljóð og ein skáldsaga. Nemendur fái þjálfun í að tjá sig munnlega og skriflega um flest það sem snýr að daglegu lífi og áhugasviði ungs fólks. Þjálfuð verður notkun orðabókarinnar. Í málfræði verða fornöfn og sagnbeyging þjálfuð. Skilningur á mæltu máli er þjálfaður með ýmis konar hlustunaræfingum, sem tengjast efnislega því sem verið er að fjalla um hverju sinni. Mikið er um samtalsæfingar þar sem nemendur spjalla tveir og tveir saman um ákveðið efni. Ritfærni er þjálfuð með ýmis konar æfingum og verkefnum í tengslum við les- og hlustunarefni. Nemendur skrifa vikulega um eitthvað efni sem tengist vinnu vikunnar og skila í rafrænu formi í gegnum Web-CT-kerfi skólans. Nemendur fái þjálfun í að nota hjálpargögn og kennsluforrit. Evrópska tungumálamappan er höfð til hliðsjónar náminu þar sem nemendur eru þjálfaðir í að fylgjast með framvindu í námi sínu meðan á því stendur, skrá árangur í tungumálanámi (logbog) og reynslu. Dönsk menning er kynnt og áhugi á henni er vakinn.

### Efnisatriði

5. Danske tekster og opgaver - DAN102. Verkefnahefti tekið saman af dönskukennurum skólans. Farið verður í öll þemu bókarinnar. Í byrjun er Evrópska tungumálamappan kynnt.
6. Í málfræði verður farið í sagnorð og fornöfn. Innlagnir verða í tímum og talglærur með útskýringum kennara ásamt gagnvirkum æfingum verða á Web-CT. Stuðst verður með málfræðilykilinn.
7. Hraðlestur: Skáldsagan Hvid sommer eftir Hanne Elisabeth Schultz .
8. Dansk novelle- og digtsamling. Hefti, tekið saman af kennurum skólans. Smásögur eru lesnar og unnið með ljóð.
9. Á önninni verður horft á eina danska kvikmynd og verkefni unnið úr henni.

### Námsmat

Í lok áfangans verður skriflegt próf sem gildir á móti verkefnum og prófum sem unnin eru á önninni. Munnlegt próf verður í lok annar sem gildir inn í verkefnamatið.

# DAN103

## Markmið

Eftirfarandi markmið eru unnin út frá "Evrópska tungumálarammanum". Gengið er út frá hinum fimm færniþáttum tungumálakennslu; hlustun, lestri, samræðum, tali og ritun. Eftir nám í DAN103 er markmiðið að nemandi:

HLUSTUN: - hafi öðlast æfingu í hlustun, svo að hann geti skilið talað mál (orð og setningar) sem tengjast honum persónulega, (t.d. persónulegar upplýsingar um hann og fjölskyldu hans, innkaup, nánasta umhverfi og atvinnu) og um efni sem hann hefur einhverja þekkingu á (A2) - geti skilið aðalatriðin í stuttum skýrum og einföldum skilaboðum og tilkynningum (A2)

LESTUR: - geti lesið texta sem innihalda aðallega algeng orð úr daglegu lífi eða orðaforða sem tengist atvinnu hans eða skóla (B1) - geti skilið lýsingar á atburðum, tilfinningum og óskum í persónulegum bréfum

SAMRÆÐUR: - geti tekið þátt í samræðum um efni sem hann þekkir til ef hinn aðilinn talar skýrt og hjálpar honum að koma orðum að því sem hann vill segja (A2)

TAL: - hafi öðlast æfingu í munnlegri færni svo hann geti lýst fjölskyldu sinni og öðru fólki, sagt frá búsetu sinni, áhugamálum, menntun og þeirri vinnu sem hann hefur stundað (A2)

RITUN: - hafi fengið þjálfun í skriflegri færni, þannig að hann geti skrifað minnispunkta og skilaboð, einfaldar frásagnir sem segja frá daglegum atburðum og/eða áhugamálum hans, geti skrifað bréf þar sem hann segir frá fjölskyldu sinni, búsetu og skóla (A2-B1)

ANNAÐ: - hafi öðlast færni í notkun hjálpargagna s.s. orðabækur, málnotkunarbækur, netið - hafi þjálfast í notkun sagnaorða og fornafna – hafi kynnst nokkuð vel ýmislegt um Danmörku og þjóð

## Kennsluhættir

Um bekkjarkennslu er að ræða og kennslan fer fram á dönsku. Lögð er áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir í vinnubrögðum, geri sér grein fyrir eigin ábyrgð og geti fylgst með framvindu í námi sínu með því að skrá árangur sinn í leiðarbók. Nemendur vinna ýmist sjálfstætt , í pörum eða í hópum. Áhersla er á notkun upplýsingatækni og vinna nemendur að stærri verkefnum sem þeir gera grein fyrir bæði skriflega og munnlega í bekknum.

## Námslýsing

Undanfari: Grunnskólapróf Megináhersla er lögð á að nemendur þjálfist í að skilja talað og ritað mál almenns eðli. Notaðar eru mismunandi lestraraðferðir (skimun, leitarlestur og nákvæmislestur) til að auka færni nemenda í að lesa eftir mismunandi þörfum fyrir upplýsingar. Lesnar eru fjórar smásögur, tvö ljóð og ein skáldsaga. Nemendur fái þjálfun í að tjá sig munnlega og skriflega um flest það sem snýr að daglegu lífi og áhugasviði ungs fóks. Þjálfuð verður notkun orðabókarinnar. Í málfræði verða fornöfn og sagnbeyging þjálfuð. Skilningur á mæltu máli er þjálfaður með ýmis konar hlustunaræfingum, sem tengjast efnislega því sem verið er að fjalla um hverju sinni. Mikið er um samtalsæfingar þar sem nemendur spjalla tveir og tveir saman um ákveðið efni. Ritfærni er þjálfuð með ýmis konar æfingum og verkefnum í tengslum við les- og hlustunarefni. Nemendur skrifa vikulega um eitthvað efni sem tengist vinnu vikunnar og skila í rafrænu formi í gegnum Web-CT-kerfi skólans. Nemendur fái þjálfun í að nota hjálpargögn og kennsluforrit. Evrópska tungumálamappan er höfð til hliðsjónar náminu þar sem nemendur eru þjálfaðir í að fylgjast með framvindu í námi sínu meðan á því stendur, skrá árangur í tungumálanámi (logbog) og reynslu. Dönsk menning er kynnt og áhugi á henni er vakinn.

## Efnisatriði

a. Dansk på rette vej. Verkefnahefti tekið saman af dönskukennurum skólans. Farið verður í öll þemu bókarinnar. Í byrjun er Evrópska tungumálamappan kynnt.

b. Í málfræði verður farið í sagnorð og fornöfn. Innlagnir verða í tímum og talglærur með útskýringum kennara ásamt gagnvirkum æfingum verða á Web-CT. Stuðst verður með málfræðilykilinn.

c.Hraðlestur: Skáldsagan Hvid sommer eftir Hanne Elisabeth Schultz .

d. Dansk novelle- og digtsamling. Hefti, tekið saman af kennurum skólans. Smásögurnar Tårer, En Tornerose uden sko, Du lille og Bolden eru lesnar og unnið með ljóðin Lykken og Til mine forældre

e. Á önninni verður horft á danska þætti og a.m.k. eina kvikmynd og stundum einhver verkefni unnin með.

### Námsmat

Í lok áfangans verður skriflegt próf sem gildir á móti verkefnum og prófum, sem unnin eru á önninni. Munnlegt próf verður í lok annar.

## DAN202

### Markmið

Að nemandi

- geti notað málið nokkuð örugglega bæði skriflega og munnlega til þess að miðla og afla sér þekkingar og reynslu sem og í daglegum samskiptum
- geti skilið þokkalega talað og ritað mál um daglegt líf og þematengd efni
- sé fær um að beita mismunandi lestraraðferðum og geti beitt helstu málnotkunarreglum
- viti hvernig hann getur aukið kunnáttu sína og færni í málinu og geri sér ljósa eigin ábyrgð og mikilvægi frumkvæðis og eigin vinnu í náminu
- hafi fengið innsýn í danska siði, venjur og samskiptahefðir í daglegu lífi
- geti unnið einn eða með öðrum að lausn heildstæðra verkefna þar sem reynir á alla þætti málnotkunar og alhliða færni í málinu, bæði til þess að afla nýrrar þekkingar og til að miðla henni á skýran og skipulegan hátt
- geti nýtt sér hjálpargögn á markvissan hátt

### Kennsluhættir

Um bekkjarkennslu er að ræða og kennslan fer fram á dönsku. Lögð er áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir í vinnubrögðum og geri sér grein fyrir eigin ábyrgð. Nemendur vinna ýmist sjálfstætt, í pörum eða í hópum. Á hersla er lögð á notkun upplýsingatækni og vinna nemendur að stærri verkefnum sem þeir gera grein fyrir bæði skriflega og munnlega í bekknum.

### Námslýsing

Undanfari: DAN102

Í áfanganum er lögð áhersla á aukna færni nemenda til að nota málið til tjáskipta, bæði munnlegra og skriflegra. Að þeir geti skilið allt venjulegt talað og ritað mál um efni almenns eðlis og sem fjallar um áhugasvið ungs fólk. Ennfremur að auka orðaforða og lesskilning nemenda svo þeir geti tjáð sig af lipurð bæði munnlega og skriflega. Nemendur eru þjálfaðir í framburði og réttritun svo þeir geti undirbúið og flutt stutta kynningu um ákveðið afmarkað efni á dönsku. Málfræði og málnotkunarreglur eru rifjaðar upp og æfðar markvisst. Ennfremur eru nemendur þjálfaðir í notkun ýmissa rafrænna hjálpargagna og lögð rækt við að kynna þeim danska menningu.

### Efnisatriði

- Í byrjun er Evrópska tungumálamappan kynnt. Unnið verður með eftirfarandi þemu:
  - København
  - I det fremmede
  - Bilen
  - Unge og penge
  - Dansk musik
  - Diverse
- Í málfræði verður farið í nafnorð og greini, lýsingarorð og ýmis smáorð.
- Hraðlestur: Skáldsagan En, to, tre, - Nu. eftir Jester Wung-Sung.
- Smásögur eru lesnar.
- Horft á eina danska kvikmynd og verkefni unnin

### Námsmat

Vinnueinkunn og lokapróf

## DAN212

### Markmið

Eftirfarandi markmið eru unnin út frá "Evrópska tungumálarammanum". Gengið er út frá hinum fimm færniþáttum tungumálakennslu; hlustun, lestri, samræðum, tali og ritun. Eftir nám í DAN212 er markmiðið að nemandi:

- HLUSTUN:
  - geti skilið venjulegt talmál um efni sem hann þekkir og tengist vinnu hans, frístundum, skóla o.þ.h. (B1)
  - geti skilið í grófum dráttum aðalatriðin í mörgum útvarps- og sjónvarpsþáttum um málefni líðandi stundar eða efni sem tengist honum persónulega eða faglega þegar talað er tiltölulega hægt og skýrt (B1).
- LESTUR:
  - geti lesið greinar og skýrslur sem tengjast vandamálum samtímans þar sem fram koma ákveðin viðhorf eða skoðanir (B2)
  - geti skilið nútíma bókmenntatexta (B2)
- SAMRÆÐUR:
  - geti tekist á við flestar aðstæður sem geta komið upp á ferðalagi um svæði þar sem málið er talað (B1)
  - geti óundirbúinn tekið þátt í samræðum um efni sem hann þekkir, hefur áhuga á eða tengjast daglegu lífi (t.d. fjölskyldu, áhugamálum, starfi og ferðalögum) (B1)
  - geti auðveldlega lýst reynslu og atburðum, draumum sínum, væntingum og framtíðaráformum (B1)
- TAL:
  - geti rökstutt stuttlega og útskýrt ákvarðanir sínar og fyrirætlanir (B1)
  - geti sagt sögu eða sagt frá söguþræði í bók eða kvikmynd og lýst viðbrögðum sínum (B1)
- SKRIFT:
  - geti skrifað skýra, nákvæma texta um ýmis efni sem tengjast áhugasviði hans (B2)
  - geti skrifað ritgerð um efni sem hann hefur lesið sér til um og fært rök fyrir skoðunum sínum (B2)
  - geti skrifað bréf og lagt áherslu á mikilvægi ýmissa atburða og reynslu (B2)
- ANNAÐ:
  - viti hvernig hann getur aukið kunnáttu sína og færni í málinu og geri sér ljósa eigin ábyrgð og mikilvægi frumkvæðis og eigin vinnu í náminu
  - hafi fengið innsýn í danska siði, venjur og samskiptahefðir í daglegu lífi
  - geti unnið einn eða með öðrum að lausn heildstæðra verkefna þar sem reynir á alla þætti málnotkunar og alhliða færni í málinu, bæði til þess að afla nýrrar þekkingar og til að miðla henni á skýran og skipulegan hátt
  - geti nýtt sér hjálpargögn á markvissan hátt
  - átti sig á notagildi dönskukunnáttunnar til að skilja sænsku og norsku

**Kennsluhættir**

Um bekkjarkennslu er að ræða og kennslan fer fram á dönsku. Lögð er áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir í vinnubrögðum og geri sér grein fyrir eigin ábyrgð. Nemendur vinna ýmist sjálfstætt, í pörum eða í hópum. Á hersla er lögð á notkun upplýsingatækni og vinna nemendur að stærri verkefnum sem þeir gera grein fyrir bæði skriflega og munnlega í bekknum. Unnið er út frá evrópsku tungumálamöppunni þar sem nemendum er gerð grein fyrir eigin ábyrgð á öllu námi. Hlutverk möppunnar er að veita greinargóðar upplýsingar um kunnáttu og færni í erlendum tungumálum sem skráðar eru í Tungumálapassann. Í kennslubók eru gátlistar fyrir sjálfsmat. Þeir eru byggðir á samevrópska matsrammanum fyrir tungumál (Common European Framework of Reference for Languages) sem Evrópuráðið hefur gefið út. Í gátlistum fyrir sjálfsmat er gengið út frá því sem nemandinn kann og ræður við. Í Safnmöppu geymir nemandinn verkefni og annað sem hann vill halda til haga í tengslum við námið. Unnið er með mismunandi þemu sem öll enda á ákveðnu verkefni sem nemendur svo kynna í bekknum á mismunandi hátt.

**Námslýsing**

Undanfari: DAN202

Nemendur eru þjálfaðir í að nota algeng orð og orðasambönd í ræðu og riti. Talþjálfun miðar að því að nemendur glæri að orða hugsanir sínar skýrt og skilmerkileg í samtölum og frásögnum. Nemendur eru

þjálfaðir í framburði svo þeir geti undirbúið og flutt stutta fyrirlestra um ákveðið afmarkað efni á dönsku. Nemendur eru þjálfaðir í að beita mismunandi stílbrögðum við ritun texta. Í áfanganum fer fram kynning og samanburður á Danmörku og Íslandi, hvað varðar menningu, samfélag og landshætti og nemendur þjálfaðir í að afla sér sjálfir viðeigandi gagna af Netinu, á bókasafni skólans og úr dagblöðum.

### Efnisatriði

Sjálfsmat og markmiðssetning, að starfa í Danmörku og sækja um starf, umburðarlyndi og hjálparstarf, menntun og framtíð, Ísland sem ferðamannaland, fréttir og fjölmiðlar í Danmörku, peningar og fjármál og að lesa texta um vísindi. Auk þess verður horft á danska kvikmynd og lesin dönsk skáldsaga.

### Námsmat

Vinnueinkunn og Lokapróf

## DAN203

### Markmið

Eftirfarandi markmið eru unnin út frá "Evrópska tungumálarammanum". Gengið er út frá hinum fimm færniþáttum tungumálakennslu; hlustun, lestri, samræðum, tali og ritun. Eftir nám í DAN203 er markmiðið að nemandi:

HLUSTUN: - geti skilið venjulegt talmál um efni sem hann þekkir og tengist vinnu hans, frístundum, skóla o.þ.h. (B1) - geti skilið í grófum dráttum aðalatriðin í mörgum útvarps- og sjónvarpsþáttum um málefni líðandi stundar eða efni sem tengist honum persónulega eða faglega þegar talað er tiltölulega hægt og skýrt (B1).

LESTUR: - geti lesið greinar og skýrslur sem tengjast vandamálum samtímans þar sem fram koma ákveðin viðhorf eða skoðanir (B2) - geti skilið nútíma bókmenntatexta (B2)

SAMRÆÐUR: - geti tekist á við flestar aðstæður sem geta komið upp á ferðalagi um svæði þar sem málið er talað (B1) - geti óundirbúinn tekið þátt í samræðum um efni sem hann þekkir, hefur áhuga á eða tengjast daglegu lífi (t.d. fjölskyldu, áhugamálum, starfi og ferðalögum) (B1) - geti auðveldlega lýst reynslu og atburðum, draumum sínum, væntingum og framtíðaráformum (B1)

TAL: - geti rökstutt stuttlega og útskýrt ákvarðanir sínar og fyrirætlanir (B1) - geti sagt sögu eða sagt frá söguþræði í bók eða kvikmynd og lýst viðbrögðum sínum (B1)

SKRIFT: - geti skrifað skýra, nákvæma texta um ýmis efni sem tengjast áhugasviði hans (B2) - geti skrifað ritgerð um efni sem hann hefur lesið sér til um og fært rök fyrir skoðunum sínum (B2) - geti skrifað bréf og lagt áhesrlu á mikilvægi ýmissa atburða og reynslu (B2)

ANNAÐ: - viti hvernig hann getur aukið kunnáttu sína og færni í málinu og geri sér ljósa eigin ábyrgð og mikilvægi frumkvæðis og eigin vinnu í náminu - hafi fengið innsýn í danska siði, venjur og samskiptahefðir í daglegu lífi - geti unnið einn eða með öðrum að lausn heildstæðra verkefna þar sem reynir á alla þætti málnotkunar og alhliða færni í málinu, bæði til þess að afla nýrrar þekkingar og til að miðla henni á skýran og skipulegan hátt - geti nýtt sér hjálpargögn á markvissan hátt - átti sig á notagildi dönskukunnáttunnar til að skilja sænsku og norsku

### Kennsluhættir

Um bekkjarkennslu er að ræða og kennslan fer að miklu leyti fram á dönsku. Lögð er áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir í vinnubrögðum og geri sér grein fyrir eigin ábyrgð. Nemendur vinna ýmist sjálfstætt, í pörum eða í hópum. Áhersla er lögð á notkun upplýsingatækni og vinna nemendur að stærri verkefnum sem þeir gera grein fyrir bæði skriflega og munnlega í bekknum. Unnið er út frá evrópsku tungumálamöppunni þar sem nemendum er gerð grein fyrir eigin ábyrgð á öllu námi.Hlutverk möppunnar er að veita greinargóðar upplýsingar um kunnáttu og færni í erlendum tungumálum sem skráðar eru í Tungumálapassann. Nemendur eru látnir meta tungumálafærni sína eftir stöðluðum matsramma. Hann er byggður á samevrópska matsrammanum fyrir tungumál (Common European Framework of Reference for Languages) sem Evrópuráðið hefur gefið út. Í gátlistum fyrir sjálfsmat er gengið út frá því sem nemandinn kann og ræður við. Í safnmöppu geymir nemandinn verkefni og annað sem hann vill halda til haga í tengslum við námið. Unnið er með mismunandi þemu sem öll enda á ákveðnu verkefni sem nemendur svo kynna í bekknum á mismunandi hátt.

### Námslýsing

Undanfari: DAN103 Nemendur eru þjálfaðir í að nota algeng orð og orðasambönd í ræðu og riti. Talþjálfun miðar að því að nemendur læri að orða hugsanir sínar skýrt og skilmerkileg í samtölum og frásögnum. Nemendur eru þjálfaðir í framburði svo þeir geti undirbúið og flutt stutta fyrirlestra um ákveðið afmarkað

efni á dönsku. Nemendur eru þjálfaðir í að beita mismunandi stílbrögðum við ritun texta. Í áfanganum fer fram kynning og samanburður á Danmörku og Íslandi, hvað varðar menningu, samfélag og landshætti og nemendur þjálfaðir í að afla sér sjálfir viðeigandi gagna af Netinu, á bókasafni skólans og úr dagblöðum.

**Efnisatriði**

Sjálfsmat og markmiðssetning, að starfa í Danmörku og sækja um starf, umburðarlyndi og hjálparstarf, menntun og framtíð, Ísland sem ferðamannaland, fréttir og fjölmiðlar í Danmörku, peningar og fjármál og að lesa texta um vísindi. Auk þess verður horft á danska sjónvarpsþætti og a.m.k. eina kvikmynd og lesin dönsk skáldsaga. Námsefni: Dansk over stok og sten. Höfundar eru dönskukennarar skólans. Dansk novelle- og digtsamling. Smásögur og ljóð tekin saman af kennurum. En, to, tre - Nu! - Skaldsaga eftir Jesper Wung-Sung.

**Námsmat**

Í lok áfangans verður skriflegt og munnlegt próf sem gildir á móti verkefnum og prófum, sem unnin eru á önninni.

## DAN221

**Markmið**

Markmið áfangans er að

- gefa nemendum tækifæri til að hafa tjáskipti á dönsku við danskan jafnaldra í raunverulegum samskiptum
- kynnast Danmörku og dönskum heimilum
- kynnast dönskum menntaskóla
- kynnast lífi og menningu danskra ungmenna
- efla jákvætt viðhorf til danskrar menningar, þjóðar og tungu
- efla ábyrgð og umburðarlyndi nemandans sem gestgjafa og gest

**Námslýsing**

Áfanginn felst í því að á haustönn kemur bekkur frá Århus Købmandsskole í heimsókn til VÍ. Nemendur áfangans taka á móti dönsku nemendunum og eru gestgjafar þeirra í eina viku. Danirnir eru tvo til þrjá daga í skólanum en hina dagana eru þeir í ferðalögum á eigin vegum. Þá daga sem þeir eru í skólanum heimsækja þeir bekki gestgjafa sinna og dönskutíma í VÍ. Síðan sitja þeir mismunandi fyrirlestra í skólanum, fara í heimsóknir til íslenskra fyrirtæka, skoða íslensk söfn og fara í dagsferðir.

Á vorönn fer íslenski hópurinn til Århus og verður í eina viku. Þar vinna dönsku og íslensku nemendurnir sameiginleg verkefni, hlusta á fyrirlestra um menningu og listir Dana, skoða söfn og annað athyglisvert í Árósum og nágrenni.

Kröfur fyrir þátttöku:

- Lágmarksmætingareinkunn er 9,0. Þeir sem eru með 10 ganga fyrir.
- Hegðun, námsástundun og framkoma nemenda verður að vera til fyrirmyndar að mati kennara skólans.
- Nemandi verður að hafa staðist öll próf úr 3. bekkvið skólabyrjun að hausti.
- Ef nemandi hefur ekki a.m.k. 8 í mætingareinkunn fyrir haustönn í 4. bekk, eða hefur ekki staðist öll lokapróf á haustönn fær hann ekki að halda áfram á vorönn, þ.e. fer ekki með til Århus.

**Námsmat:**

Til þess að fá áfangann metinn þarf nemandi bæði að taka þátt sem gestgjafi á haustönn og gestur á vorönn. Áfanginn verður annaðhvort staðinn eða ekki staðinn og er metinn til einnar einingar.

## DAN303

**Markmið**

Að nemendur:

- öðlist víðtæka þjálfun í upplýsingaöflun og síðan í munnlegri og skriflegri framsetningu
- sýni frumkvæði og sjálfstæði við viðfangsefni sitt og nýti sér þá möguleika og þau hjálpartæki, sem nýjasta tækni býður upp á. s.s. Netið, tölvupóst og spjallrásir til samskipta við jafnaldra erlendis
- verði hlutgengir á dönsku málsvæði sem starfsmenn í ýmsum atvinnugreinum

**Kennsluhættir**

Um bekkjarkennslu er að ræða og kennslan fer fram á dönsku. Lögð er áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir í vinnubrögðum og geri sér grein fyrir eigin ábyrgð á námi. Nemendur vinna ýmist sjálfstætt, í pörum eða í hópum. Mikil áhersla er lögð á notkun upplýsingatækni og vinna nemendur að stærri þematengdum verkefnum sem þeir gera grein fyrir bæði skriflega og munnlega í bekknum.

**Námslýsing**

Undanfari: DAN212

Þemaverkefni og ferlisverkefni (projekt) eru ráðandi og velja nemendur oft verkefni sín sjálf og stýra vinnuferlinu í samráði við kennara sinn. Lögð er jöfn áhersla á alla færniþættina, þ.e. lestur, hlustun, ritun og tal. Nemendur vinna með texta fræðilegs eðlis sem og bókmenntatexta. Þeir velja sér m.a. rithöfunda og kynna sér rithöfundarferil þeirra og bókmenntaverk. Í leit sinni að upplýsingum nota nemendur Netið og öll þau hjálpartæki sem völ er á. Lögð er áhersla á frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Nemendur skila skriflegum verkefnum auk þess að kynna verkefni sín munnlega í bekknum. Í öllu vinnuferlinu er lögð áhersla á að nemendur vinni saman og tjái sig sem mest á dönsku. Að loknu námi í þessum áfanga ættu nemendur að vera hlutgengir á dönsku málsvæði sem starfsmenn í ýmsum atvinnugreinum og jafnframt ætti námsmönnum að vera opin leið til frekara náms á Norðurlöndum.

**Efnisatriði**

- Kongefamilien før og nu
- Island og Danmark i tidernes løb
- Danmark og danskerne
- Island - að kynna á landi og þjóð
- Dansk film - val á kvikmynd, leikstjóra, leikurum
- Eventyrgenren - teori, H.C. A nderson,
- Noveller og digte
- Danske kvindelige forfattere
- At gøre en forskel - hjælpearbejde
- Film og bog - sammenligning

**Námsmat**

Um símat er að ræða en ekkert eiginlegt lokapróf. Nemendur halda kynningar eða skila skriflegum verkefnum nánast vikulega sem metin eru til einkunna. Að auki skrifa nemendur á netkerfi skólans vikulegar ritanir í tengslum við vinnu annarinnar og skila verkefnamöppu með verkefnum annarinnar.

## Eðlisfræði

### EÐL103

**Markmið**

Nemandi

- Þekki jöfnu hreyfilýsingar fyrir jafnan hraða og jafna hröðun og geti beitt þeim af kunnáttu
- þekki og geti notað lögmál Newtons við að leysa dæmi, en í því felst m.a. að
    - koma orðum að lögmálum Newtons og gefa dæmi um notkun þeirra
    - teikna og reikna út einfaldar kraftamyndir, sér í lagi fyrir hluti á skáfleti og einföld trissukerfi
    - þekkja tengsl núningskrafts og þverkrafts og reikna núningskraft út frá núningsstuðli
    - útskýra mismuninn á massa hlutar og þyngd hans
    - gera í grófum dráttum grein fyrir framlagi Newtons til eðlisfræðinnar
- þekki helstu orkuform og geti leyst verkefni með lögmálinu um varðveislu orkunnar, en í því felst m.a. að
    - leysa dæmi sem fjalla um breytingu eins orkuforms í annað, s.s. stöðuorku í hreyfiorku og hreyfiorku í varma
    - lýsa hvernig orka „tapast" þegar unnið er á móti núningskrafti
    - reikna nýtni vélar út frá gefnum forsendum

- þekki lögmálið um varðveislu skriðþunga og geti notað það til að leysa einföld dæmi um línulega og tvívíða árekstra, bæði alfjaðrandi og ófjaðrandi
- kunni að setja fram lögmál Newtons á formi skriðþungabreytinga og þekki í því sambandi hugtakið atlag
- þekki helstu form efna, s.s. vökva, kristallaða og myndlausa storku, gas
- kunni að nota lögmál Hookes við að reikna aflögun efna
- geti notað reglu Pascals og lögmál um þrýsting í vökva til að útskýra hvernig loftvogir og vökvalyftur vinna og geti reiknað út einföld dæmi um þrýsting í vökva
- geti notað lögmál Arkimedesar til að reikna út flotkraft hluta
- geti beitt jöfnu Bernoullis til að tengja saman þrýsting og flæði vökva.
- geti beitt jöfnu Poiseuilles til að reikna flæði vökva í pípu.
- þekki helstu lögmál um eðli ljóss, s.s. lögmálið um speglun, brotlögmálið og lögmál Snells, og geti notað þau til að leysa einföld dæmi í ljósfræði, en í því felst m.a. að
    - þekkja samband brotstuðuls efnis og ljóshraða
    - sýna fram á hvenær alspeglun getur átt sér stað og geta reiknað markhorn á skilum efna út frá gefnum brotstuðlum
    - teikna geislagang í íhvolfum speglum og þunnum safn- og dreifilinsum og geta ákvarðað hvort mynd er raunmynd eða sýndarmynd
    - leiða linsuformúluna út frá reglum um þríhyrninga
    - finna þriðju stærðina í linsuformúlunni ef hinar tvær eru gefnar og vita hvaða upplýsingar formkerfið gefur
    - reikna út stækkun út frá fjarlægð hlutar frá linsu
    - geta ákvarðað hvort linsa er dreifi- eða safnlinsa út frá lögun hennar.
    - Þekkja samsett linsukerfi eins og smásjá og sjónauka, og geta reiknað lokastækkun þeirra.

**Námslýsing**

Í áfanganum er lagður grunnur að aflfræði með hreyfilögmálum Newtons, varðveislu skriðþungans, eðliseiginleikum efnis og ljósfræði og nánar farið í varðveislu orkunnar en gert var í NÁT 123. Gert er ráð fyrir þessari grunnþekkingu í framhaldsáföngum í eðlisfræði. Í verkefnavinnu áfangans er lögð áhersla á nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslu og notkun formúlna. Auk styttri verkefna er lögð áhersla á að nemandinn kynnist lögmálum eðlisfræðinnar af eigin raun með verklegum æfingum, kynnist nútímatækni við skráningu og úrvinnslu, riti í verkbók og kunni að skrifa skýrslur um tilraunir. Gerðar eru fjórar verklegar æfingar og skilað verkbók úr þeim.

**Efnisatriði**

Hreyfilýsing í einni vídd, færsla, hraði, hröðun og tími. Lögmál Newtons. Vinna, orka og afl. Skriðþungi, atlag og árekstrar í einni og tveimur víddum, ófjaðrandi, fjaðrandi og alfjaðrandi árekstrar. Þrýstingur, vökvaþrýstingur og lögmál Arkimedesar, lögmál Bernoullis og Poiseuilles, ljósbrot, lögmál Snells, linsur og ljósgeislafræði.

**Námsmat**

Lokapróf, tímapróf og verkbók.

## EÐL203

**Markmið**

Nemandi

- þekki og geti beitt hugtökunum varmajafnvægi og hreyfifræði gastegunda og geti í því sambandi
    - gert grein fyrir mismunandi hitakvörðum
    - komið orðum að gasjöfnunni, útskýrt hana með gaslíkaninu, notað hana við úrlausn dæma og gert og lýst tilraunum sem renna stoðum undir tilvist hennar
    - útskýrt hugtakið kjörgas og reiknað meðalhreyfiorku og ferningsmeðalhraða efniseinda í kjörgasi við gefinn hita

- geti gert grein fyrir varmaeiginleikum efna en í því felst að
    - útskýra notkun hitamælis í samræmi við núllta lögmál varmafræðinnar
    - lýsa t.d. með línuriti og útskýra hvernig hiti fasts efnis breytist með tíma þegar það er hitað með jöfnu afli þannig að það fer úr föstu efni í lofttegund

- reikna einföld dæmi í varmafræði þar sem koma við sögu eðlisvarmi, bræðsluvarmi og gufunarvarmi efnis og gera og lýsa tilraunum þar sem þessar stærðir eru mældar

- geti gert grein fyrir hreyfingu hluta í tveimur víddum, þ.e. kasthreyfingu, hringhreyfingu og almennum hreyfijöfnum þar sem hröðun er ekki fasti.
- geti gert grein fyrir hringhreyfingu en í því felst að
  - útskýra og beita stærðunum radían, snertilhraða, snertilhröðun, miðsóknarhröðun, miðsóknarkrafti
  - greina krafta sem verka á hlut í hringhreyfingu, tengsl annars lögmáls Newtons við miðsóknarkraft og miðsóknarhröðun, geta leitt út jöfnu fyrir miðsóknarhröðun, vita um ranghugmyndir um miðflóttakraft og gera tilraun þar sem miðsóknarhröðun er mæld

- kunni skil á þyngdarlögmáli Newtons og sambandi þess við 3. lögmál Keplers en í því felst að
  - reikna þyngdarkraft sem verkar milli hluta, hraða hluta á braut um jörðu og reikistjarna á braut um sólu
  - útskýra hvers vegna hlutur á braut um jörðu eða aðra himinhnetti er sagður falla frjálst og nota útskýringuna til að benda á hvers vegna hlutir virðast þyngdarlausir við vissar aðstæður
  - kunna skil á stöðuorku í þyngdarsviði og tengslum stöðuorkunnar og brautarhraða

- kunni skil á sveiflum og bylgjum en í því felst að
  - vita hvað einföld hrein sveifluhreyfing er og geta reiknað fyrir hana sveiflutíma, tíðni og hornhraða og geta reiknað út frá orkuvarðveislu hraða í hvaða stöðu sem er og einnig með því að nota annað lögmál Newtons hröðun í hvaða stöðu sem er og geta gert tilraun þar sem sveifluhreyfing er könnuð
  - útskýra hvernig finna má hvort hreyfing er einföld sveifluhreyfing og hvernig prófunin er tengd lögmáli Hookes og rita stöðujöfnu í einfaldri sveifluhreyfingu
  - leiða út frá stöðujöfnu einfaldrar sveifluhreyfingar og grundvallarlögmálum jöfnur fyrir hraða og hröðun í sveifluhreyfingunni
  - sýna hvernig lokakraftur kemur fram á einföldum pendúl og útskýra hvers vegna hreyfingin er aðeins nálgun við einfalda sveifluhreyfingu
  - teikna og gefa upp formúlu fyrir staðbylgju sem getur myndast í streng sem festur er í báða enda og gera tilraun þar sem sveiflur strengs eru rannsakaðar

- kunni skil á samliðun og bognun bylgna en í því felst að
  - lýsa bylgjubognun, eyðandi og styrkjandi samliðun og tilraun Youngs þar sem jafnan nl = d sinqn er leidd út og nota raufagler með tveimur raufum til að reikna bylgjulengd út frá gefnum eða mældum forsendum og gera tilraun þar sem bylgjulengd er mæld með raufagleri
  - útskýra hvernig samliðun verður í þunnum himnum og hvernig hvítt ljós myndar liti við að fara um þunnar himnur

- kunni skil á hljóðbylgjum en í því felst að
  - útskýra hvað hljóð er, reikna hraða þess í gasi við mismunandi aðstæður, reikna styrk þess sem fall af fjarlægð frá hljóðgjafa, umreikna milli hljóðstyrks og skynstyrks og gera tilraun þar sem hljóð er kannað
  - útskýra hvernig hviður myndast í hljóðbylgjum og finna hermutíðni hljóðs í pípu
  - útskýra Dopplerhrif og reikna tíðnibreytingu hljóðgjafa sem nálgast eða fjarlægist

### Námslýsing

Í námskeiðinu verður farið ítarlegar í aflfræði en gert var í EÐL 103, og gefin nokkur innsýn í eðlisfræði bylgjuhreyfingar og frumatriði varmafræðinnar. Verklegar æfingar úr efni námskeiðsins, verkbók og skýrslur.

### Efnisatriði

Varmafræði, varmaorka, eðlisvarmi, bræðsluvarmi, gufunarvarmi, varmajafnvægi og varmaskipti í lokuðum kerfum, varmaleiðni og varmaflutningur. Hreyfifræði í tveimur víddum, kasthreyfing og hringhreyfing, diffurvenzl hreyfingar og hreyfijöfnur fyrir lengra komna. Þyngdarlögmálið, hreyfingar himintunglanna, lögmál Keplers, stöðuorka í þyngdarsviði, kraftur sem afleiða stöðuorkunnar. Bylgjufræði, tíðni, bylgjulengd, styrkjandi og eyðandi samliðun, staðbylgjur á strengjum og í loftsúlum,

hljóðfæri, heyrn, hljóðstyrkur og skynstyrkur, dopplerhrif. Sveifluhreyfing, sveiflujafnan, hraði og hröðun hreintóna sveifils, orka sveifils, upphafsfasi sveiflu, pendúll, deyfðar sveiflur

**Námsmat**

Lokapróf, tímapróf, verkbók og verklegar æfingar.

## EÐL303

**Markmið**

Nemandi

- geti beitt hugtökunum rafkraftur og rafsvið en í því felst að
  - nota lögmál Coulombs til að finna kraftverkun á milli hleðslna og gera tilraun sem staðfestir lögmál Coulombs
  - skilgreina rafsvið og nota þá skilgreiningu ásamt lögmáli Coulombs til að finna styrk þess í nánd við hlaðna eind og eindir og kunna að teikna rafsviðslínur
  - lýsa tilraun Millikans og skilgreina einingarhleðsluna
  - koma orðum að Gausslögmáli og finna með því rafsviðsstyrk í nánd við kúlu, taug og flöt sem er hlaðinn

- kunni að nota hugtakið rafspenna en í því felst að
  - kunna vinnuskilgreiningu spennu
  - finna spennumun á milli hvaða punkta sem er í einsleitu rafsviði og teikna jafnspennulínur fyrir einfaldar aðstæður
  - finna orku og hraða hlaðinna einda sem fara yfir spennumun og þekkja eininguna rafeindavolt
  - koma orðum að skilgreiningu rýmdar þéttis, reikna rýmd plötuþéttis, lýsa og geta gert tilraun þar sem jafna fyrir rýmd plötuþéttis er staðfest
  - útskýra hvers vegna mismunur er á rafsvörunareiginleikum efna, kunna að reikna áhrif rafsvara á rýmd, spennu og rafsvið í þétti og reikna orku í hlöðnum þétti
  - reikna heildarrýmd fyrir raðtengda og hliðtengda þétta og kunna að tengja rás og mæla afhleðslu þéttis um viðnám

- þekki jafnstraumsrásir en í því felst að
  - tengja einfalda rafrás og geta mælt straum, spennu og viðnám í henni
  - þekkja Ohms-lögmál, samband afls, spennu og straums og kunna að reikna heildarviðnám í rás sem í eru rað og hliðtengd viðnám
  - kunna skil á eðlisviðnámi og viðnámshitastuðli efna
  - geta beitt reglum Kirchhoffs um tengipunkt í rafrás og um hringrás sem í eru raðtengdar rafhlöður og viðnám
  - geta útskýrt pólspennu, íspennu og innra viðnám rafhlöðu og kunna að tengja rás og mæla íspennu rafhlöðu
  - teikna í grófum dráttum einfalda rafrás á heimili, vita að þar er um riðspennu að ræða og þekkja til öryggisatriða varðandi rafmagnstæki og raflagnir

- þekki segulsvið en í því felst að
  - kunna að draga upp segullínur umhverfis segla, leiðara og spólur sem flytja straum og nota hægrihandarreglur til að ákvarða stefnu segulsviðs
  - kunna skilgreiningu á styrk segulsviðs út frá krafti sem verkar frá því á leiðara sem flytur rafstraum og geta lýst og gert tilraun þar sem styrkur segulsviðs er mældur með straumvog
  - nota jöfnuna F=qvBþver til að reikna einföld dæmi og reikna radíus brautar hlaðinnar agnar með þekktan massa og hleðslu sem hreyfist hornrétt á þekkt, jafnt segulsvið og einnig gera grein fyrir hraðasíu einda
  - geta reiknað segulsvið í ákveðinni fjarlægð frá beinum straumleiðara, í miðju n-vafninga flatspólu, í miðju tómrar langspólu og í miðju langspólu sem í er efni með þekktan segulsvörunarstuðul ef um þessi tæki fer þekktur straumur

- kunni skil á spani en í því felst að

- útskýra hvernig íspenna spanast í spólu þegar segulflæði um hana breytist og finna í hvaða átt spanstraumurinn í spólunni rennur og nota lögmál Faradays og Lenz til að leysa einföld dæmi
- útskýra hvernig spönuð íspenna kemur fram við víxlspan og sjálfspan og hvers vegna íspenna spanast í leiðara sem dreginn er þvert á segulsvið, reikna íspennuna út frá gefnum forsendum, geta einnig útskýrt spennubreyta og gert tilraunir þar sem span er kannað

- Kunni skil á eðlisfræði snúnings, en í því felst að
  - Þekkja hverfitregðu og kraftvægi og tengsl þessara stærða við hornhröðun
  - Kunna skil á einföldum kerfum þar sem vægi og snúningur kemur við sögu
  - Þekkja lögmálið um varðveislu hverfiþungans og einfaldar afleiðingar þess
  - Þekkja hreyfiorku snúnings og geta notað varðveislu orkunnar til að segja til um hreyfingu hluta þar sem bæði færsla og snúningur koma við sögu.

**Námslýsing**

Í námskeiðinu verður fjallað um frumatriði rafmagnsfræði, rafkrafta, rafsvið, rafrásir, segulsvið, span og rafsegulgeislun, snúningshreyfingu, vægi og hverfiþunga.

**Efnisatriði**

Rafmagnsfræði, lögmál Coulombs og Gauss, rafsvið, rafstöðuorka, spenna, straumur, viðnám, lögmál Ohms, rafrásir og lögmál Kirchhoffs, íspenna og pólspenna, þéttar, raforkuflutningur og raforkutap. Segulsvið, Lorentzkraftur, hægri handar regla, segulsvið um leiðara, kraftur á leiðara í segulsviði, lögmál Ampéres, spanlögmál Faradays og lögmál Lenz, riðspenna, rafalar, spennubreytar. Snúningur, vægi og hornhröðun, hreyfilýsing snúnings, hornhraði, hverfitregða, hverfiþungi og snúningsorka.

**Námsmat**

Lokapróf, tímapróf, verkbók og verklegar æfingar.

### EÐL403

**Markmið**

Nemandi

- kynnist nútíma eðlisfræði og helstu greinum hennar
- kynnist og fjalli um helstu hugmyndir eðlisfræðinnar um upphaf og þróun alheimsins

**Námslýsing**

Fjallað er um helstu atriði nútíma eðlisfræði, sér í lagi afstæðiskenningu, kjarneðlisfræði og frumatriði skammtafræði og öreindafræði, auk þess sem innsýn verður gefin í hugmyndir eðlisfræðinnar um upphaf og þróun alheimsins og farið ítarlegar í varmafræði, óreiðu og varmavélar.

**Efnisatriði**

Afstæðiskenning, afstæði tíma og lengdar, ljóshraðinn, Lorentzummyndanir og samlagning hraða, massi, hvíluorka, hreyfiorka, heildarorka. Kjarneðlisfræði, uppbygging kjarnans, kjarnakrafturinn, bindiorka kjarna, geislavirkni, smug, alfa-, beta- og gammageislun, helmingunartími, ísog geislunar, kjarnorka, samruni og klofnun. Bohr-líkan atómsins, einföld skammtafræði, ágrip af nútíma eðlisfræði, óvissuvenzl Heisenbergs, ljóseindin, regla de Broglies.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar

## Efnafræði

### EFN103

**Markmið**

Að kynna nemendum undirstöðuatriði efnafræði sem þátt í heimsmynd nútímans og veita grunnþekkingu fyrir frekara nám á háskólastigi.

**Kennsluhættir**

Hefðbundin kennsla fer fram í kennslutímum, þar sem hvatt er til umræðu og fyrirspurna eftir því sem tilefni gefast til. Mikil áhersla er lögð á dæmareikning. Auk þessar eru verklegar æfingar í raungreinastofu. Í raungreinastofu er tölvubúnaður sem gerir nemendum kleift að hefja skýrslugerð og útreikninga

jafnframt tilrauninni. Lögð er áhersla á að nemendur noti tölvuforrit við úrvinnslu niðurstaðna. Nemendum er ætlað að tileinka sér og öðlast skilning á efni kennslutexta og viðbótarefni sem fram kemur í kennslustundum. Einnig eiga þeir að ná tökum á skýrslugerðarformi og tölfræðilegri úrvinnslu gagna í verklegum tilraunum

**Efnisatriði**

Frumefnin, lotukerfið, atómið, málmar, málmleysingjar og eðallofttegundir, atómmassi, mól og mólmassi. Efnatengi: sameindatengi, jónatengi og málmtengi, eðallofttegundir, gildisrafeindir og átturegla. Efnahvörf, stilling efnajafna, flokkar efnahvarfa. Útreikningar byggðir á efnahvörfum, vatn og vatnslausnir, felling og massamælingar, sýru-basa títrun. Efni í loftham: loftþrýstingur, eðlislögmál lofts, ástandsjafna lofts, efnahvörf og rúmmál lofttegunda. Efnaorka: inn- og útvermin efnahvörf, varmamælingar, varmajöfnur, myndunarvarmi, ritun varmajafna, vötnunarorka. Hraði efnahvarfa: árekstrakenningin, mælingar á hraða efnahvarfa, virkjunarorka, gangur efnahvarfa, hvatar.

Atóm og skammtafræði: litróf, rafsegulbylgjur, orkuskammtar og ljóseindir. Línulitróf, orkuþrep atóma, skammtatölur, lögun og lega svigrúma.

Lotubundnir eiginleikar frumefna: lotubundin rafeindaskipan, svigrúmahýsing, regla Hunds, rafeindaskipan jóna, lotubundin stærð atóma og jónunarorka, rafeindafíkn.

Lögun sameinda, svigrúmablöndun, rafdrægni, skautun sameinda, blönduð einkenni tengja.

**Námsmat**

Skriflegt lokapróf í lok annar gildir á móti áfangaprófi, heimaverkefnum, verklegu námi o.fl.

## EFN203

**Markmið**

Að kynna nemendum undirstöðuatriði efnafræði sem þátt í heimsmynd nútímans og veita grunnþekkingu fyrir frekara nám á háskólastigi.

**Kennsluhættir**

Hefðbundin kennsla fer fram í kennslutímum, þar sem hvatt er til umræðu og fyrirspurna eftir því sem tilefni gefast til. Mikil áhersla er lögð á dæmareikning. Auk þessar eru verklegar æfingar í raungreinastofu. Í raungreinastofu er tölvubúnaður sem gerir nemendum kleift að hefja skýrslugerð og útreikninga jafnframt tilrauninni. Lögð er áhersla á að nemendur noti tölvuforrit við úrvinnslu niðurstaðna. Nemendum er ætlað að tileinka sér og öðlast skilning á efni kennslutexta og viðbótarefni sem fram kemur í kennslustundum. Einnig eiga þeir að ná tökum á skýrslugerðarformi og tölfræðilegri úrvinnslu gagna í verklegum tilraunum

**Efnisatriði**

Hraði efnahvarfa: framvinda efnahvarfa, árekstrakenningin, þættir sem hafa áhrif á hraða efnahvarfa, gangur efnahvarfa.

Lotubundnir eiginleikar frumefna: lotubundin rafeindaskipan og svigrúmahýsing, rafeindaskipan jóna. Lögun, svigrúma og skautun sameinda, sameindalíkön, VSEPR byggingar, skautun tengja, blönduð einkenni tengja.

Vökvar og föst efni: jónaefni og málmar, bræðslu- og suðumark sameinda, vetnistengi og van der Waalstengi, yfirborðsspenna og seigja vökva, eiginleikar vatns, föst efni (jóna-, sameinda- og málmkristallar, stórsameindir og myndlaus efni) og hamskipti.

**Námsmat**

Skriflegt lokapróf í lok annar gildir á móti áfangaprófi, heimaverkefnum, verklegu námi o.fl.

## EFN213

**Markmið**

Að kynna nemendum undirstöðuatriði efnafræði sem þátt í heimsmynd nútímans og veita grunnþekkingu fyrir frekara nám á háskólastigi.

**Kennsluhættir**

Hefðbundin kennsla fer fram í kennslutímum, þar sem hvatt er til umræðu og fyrirspurna eftir því sem tilefni gefast til. Mikil áhersla er lögð á dæmareikning. A auk þessar eru verklegar æfingar í raungreinastofu. Í raungreinastofu er tölvubúnaður sem gerir nemendum kleift að hefja skýrslugerð og

útreikninga jafnframt tilrauninni. Lögð er áhersla á að nemendur noti tölvuforrit við úrvinnslu niðurstaðna. Nemendum er ætlað að tileinka sér og öðlast skilning á efni kennslutexta og viðbótarefni sem fram kemur í kennslustundum. Einnig eiga þeir að ná tökum á skýrslugerðarformi og tölfræðilegri úrvinnslu gagna í verklegum tilraunum

**Námsmat**

Skriflegt lokapróf gildir á móti áfangaprófi, heimaverkefnum, verklegu námi o.fl.

## EFN303

**Markmið**

Að kynna nemendum undirstöðuatriði efnafræði sem þátt í heimsmynd nútímans og veita grunnþekkingu fyrir frekara nám á háskólastigi.

**Kennsluhættir**

Hefðbundin kennsla fer fram í kennslutímum, þar sem hvatt er til umræðu og fyrirspurna eftir því sem tilefni gefast til. Mikil áhersla er lögð á dæmareikning. Auk þessar eru verklegar æfingar í raungreinastofu. Í raungreinastofu er tölvubúnaður sem gerir nemendum kleift að hefja skýrslugerð og útreikninga jafnframt tilrauninni. Lögð er áhersla á að nemendur noti tölvuforrit við úrvinnslu niðurstaðna. Nemendum er ætlað að tileinka sér og öðlast skilning á efni kennslutexta og viðbótarefni sem fram kemur í kennslustundum. Einnig eiga þeir að ná tökum á skýrslugerðarformi og tölfræðilegri úrvinnslu gagna í verklegum tilraunum.

**Efnisatriði**

- Efnajafnvægi:
  - Jafnvægisstaða, jafnvægislögmálið, jafnvægisfasti, lofttegundir og blönduð kerfi, þættir sem hafa áhrif á jafnvægi. Sölt í vatnslausn, leysni og leysnimargfeldi, áhrif sameiginlegra jóna á leysni, botnfallsreikningar.
  - Sýrur og basar, sjálfsjónun vatns, jafnvægisfastinn Kv, rammar og daufar sýrur, rammir og daufir basar, pH, fjölróteindasýrur, dúalausnir.
  - Oxun og afoxun, oxunartölur, stilling oxunar-afoxunarjafna.

- Rafefnafræði:
  - Raflausnir, rafhlöðður, spennuröð, rafgreining, staðalspenna, óreiða, annað lögmál varmafræðinnar, þriðja lögmál varmafræðinnar, sjálfgeng efnahvörf, Gibbs frjáls orka

**Námsmat**

Skriflegt lokapróf í lok annar gildir á móti áfangaprófi, heimaverkefni, verklegu o.fl.

## EFN313

**Markmið**

Að kynna nemendum undirstöðuatriði lífrænnar efnafræði og lífefnafræði og veita grunnþekkingu fyrir frekara nám á háskólastigi.

**Kennsluhættir**

Hefðbundin kennsla fer fram í kennslutímum, þar sem hvatt er til umræðu og fyrirspurna eftir því sem tilefni gefast til. Mikil áhersla er lögð á dæmareikning. Auk þessar eru verklegar æfingar í raungreinastofu. Í raungreinastofu er tölvubúnaður sem gerir nemendum kleift að hefja skýrslugerð og útreikninga jafnframt tilrauninni. Lögð er áhersla á að nemendur noti tölvuforrit við úrvinnslu niðurstaðna. Nemendum er ætlað að tileinka sér og öðlast skilning á efni kennslutexta og viðbótarefni sem fram kemur í kennslustundum. Einnig eiga þeir að ná tökum á skýrslugerðarformi og tölfræðilegri úrvinnslu gagna í verklegum tilraunum

**Efnisatriði**

Bygging, efnatengi og efnahvörf lífrænna sameinda. Alkanar, alkenar og alkýnar. A rómatísk hringsambönd. Rúmefnafræði og hendni. Alkýlhalíð, alkóhól, fenól og eterar. Kjarnsækin skiptihvörf, SN1 og SN2. Aldehýð og ketónar, kjarnsækin álagningarhvörf. Karboxýlsýru og afleiður þeirra. A mín. Kolvetni, amínósýrur, peptíð, prótein, lípíð og kjarnsýrur

**Námsmat**

Skriflegt lokapróf í lok annar gildir á móti áfangaprófi, heimaverkefni, verklegu o.fl.

# Enska

## ENS102

### Markmið

- að nemendur geti notað orðabækur til að komast að merkingu orða og notkun þeirra
- að nemendur geti lesið margvíslega texta, t.d. bókmenntir, almennt efni í tímaritum- og blöðum, texta af netinu
- að nemendur auki almennan orðaforða sinn í málinu og læri að beita honum t.d. í stílum svo og á eigin forsendum
- að nemendur geti tekið þátt í almennum samræðum á ensku, t.d. innan kennslustofunnar við skólafélaga, kennara og aðra af kurteisi og með viðeigandi orðalagi
- að nemendur rifji upp og geti beitt eftirfarandi málfræðireglum enskunnar: nafnorð (eintala, fleirtala, teljanleg, óteljanleg, greinirinn, eignarfall,) sérnöfn (lönd og þjóðarheiti, greinirinn); lýsingarorð (stigbreyting); atviksorð, fornöfn (sérstaklega tilvísunarfornöfn, eignarfornöfn,og afturbeygð fornöfn), sagnir (algengustu tíðir og óreglulegar), töluorð

### Námslýsing

Málfræðin er einkum kennd með stílum svo og þar til gerðum málfræðiverkefnum. Nemendur lesa almenna texta um margvísleg efni sem eru ræddir á ensku og einstaka orð og orðatiltæki þýdd á íslensku. Einstök hugtök eru skýrð á ensku. Stutt verkefni/próf bæði munnleg og skrifleg eru unnin til að þjálfa nemendur í notkun á nýjum orðaforða sem fyrir kemur í lestextum. Nemendur eru sérstaklega hvattir til að bera saman eigin veruleika og þess sem fram kemur í lesefninu og tjá sig munnlega um það. Sérstök verkefni eru unnin til að þjálfa nemendur í notkun orðabókar. Smásögur eru hraðlesnar svo og ein stutt skáldsaga. Margvísleg verkefni bæði munnleg og skrifleg eru unnin í tengslum við það efni, þ.e. nemendur gera ýmist formlega eða óformlega grein fyrir efninu eða skoðunum sínum á því. Fyrir utan málfræðikennslu og einstaka þýðingar fer kennslan fram á ensku.

### Námsmat

Nemendur fá eina einkunn í lok áfangans sem samanstendur af ástundun og virkni, skyndiprófum/verkefnum og skriflegu lokaprófi í lok annar.

## ENS103

### Markmið

Að nemendur

- tileinki sér meiri orðaforða, þ.e. skilji fleiri hugtök og geti beitt nýjum orðum í ræðu og riti.
- kynnist hugtökum er tengjast verslun og viðskiptum.
- læri að beita mismunandi lestraraðferðum og lesi margvíslega texta t.d. bókmenntir, almennt efni í tímaritum- og blöðum, texta af netinu
- geti tjáð sig skriflega á skipulagðan hátt
- geti tekið þátt í almennum samræðum á ensku af kurteisi og með viðeigandi orðalagi
- geti hlustað á margvíslegt efni, dregið út upplýsingar og tileinkað sér ný orð
- kunni að nýta sér hjálpargögn, svo sem orðabækur, leiðréttingarforrit, tölvu- og upplýsingatækni eins og kostur er.

### Námslýsing

Nemendur lesa almenna texta um margvísleg efni og orð og orðatiltæki eru þýdd á íslensku og/eða skýrð á ensku. Einnig eru kynnt hugtök sem tengjast verslun og viðskiptum Verkefni eru unnin til að þjálfa nemendur í notkun á nýjum orðaforða sem kemur fyrir í lestextum. undirstöðuatriði enskrar málfræði, sérstaklega þau atriði sem reynast íslenskum nemendumerfið, eru rifjuð upp. Ennfremur læra nemendur að skrifa vel skipulagðar efnisgreinar og ritgerðir. Ein stutt skáldsaga og nokkrar smásögur eru hraðlesnar og verkefni unnin úr því efni.

### Námsmat

Lokaeinkunn í áfanga er semsett úr lokaprófi, verkefni úr skáldsögu, ástundun og skyndiprófi.

## ENS202

### Markmið

Að nemendur

- nái góðri færni í að lesa almenna texta um margvísleg og ólík efni og geti beitt mismunandi lestraraðferðum
- auki enn frekar á almennan orðaforða sinn í málinu og læri að beita honum í nýju samhengi
- geti tjáð sig skriflega á skipulagðan hátt í nokkuð löngu máli
- skilji almennt talað mál í samræðum og geti jafnframt tjáð sig um algengustu aðstæður í daglegu lífi
- geti skilið einfalt ótextað sjónvarpsefni/myndefni/margmiðlunarefni og fylgst með orðræðu þegar fjallað er um efni sem þeir þekkja
- kunni að nýta sér hjálpargögn, svo sem orðabækur, leiðréttingarforrit, tölvu- og upplýsingatækni eins og kostur er
- rifji upp og festi í sessi þekkingu á mikilvægustu reglum málfræðinnar

**Námslýsing**

Áhersla er lögð á að byggja upp og auka við hagnýtan orðaforða með margvíslegum æfingum. Lesnir eru almennir og sérhæfðir textar um margvísleg efni. Stutt verkefni eru unnin til að þjálfa nemendur í notkun á nýjum orðaforða sem fyrir kemur í lestextum. Einnig hlusta nemendur á efni tengt kennslubókinni og vinna verkefni samhliða því. Skáldsaga er hraðlesin og nemendur lesa smásögur og fréttatengt efni. Unnin eru ritunarverkefni í tengslum við þann orðaforða og efnisþætti sem fjallað um. Lögð er aukin áhersla á grundvallaratriði ritunnar með áherslu á uppbyggingu efnisgreina.

**Námsmat**

Nemendur fá eina einkunn í lok áfangans sem samanstendur af ástundun og virkni, skyndiprófum/verkefnum og skriflegu lokaprófi í lok annar.

## ENS212

**Markmið**

- að nemendur geti lesið viðskiptatexta og almenna texta í tímaritum og blöðum svo og bókmenntatexta.
- að nemendur auki viðskiptaorðaforða sinn í málinu og læri að beita honum
- að nemendur læri ritun verslunarbréfa.

**Námsmat**

Nemendur fá eina einkunn í lok áfangans sem samanstendur af ástundun og virkni, skyndiprófum/verkefnum og skriflegu lokaprófi í lok annar.

## ENS203

**Markmið**

Að nemendur nái góðri færni í að lesa almenna texta um margvísleg og ólík efni og viðskiptatexta og geti beitt mismunandi lestraraðferðum auki enn frekar á almennan orðaforða sinn í málinu og læri að beita honum í nýju sam¬hengi geti tjáð sig skriflega á skipulagðan hátt í nokkuð löngu máli skilji almennt talað mál í samræðum og geti jafnframt tjáð sig um algengustu aðstæður í daglegu lífi geti skilið einfalt ótextað sjónvarpsefni/myndefni/margmiðlunarefni og fylgst með orðræðu þegar fjallað er um efni sem þeir þekkja kunni að nýta sér hjálpargögn, svo sem orðabækur, leiðréttingarforrit, tölvu- og upplýsingatækni eins og kostur er.

**Námslýsing**

Áhersla er lögð á að byggja upp og auka við viðskiptaorðaforða með margvíslegum æfingum. Lesnir eru almennir textar um margvísleg efni. Stutt verkefni eru unnin til að þjálfa nemendur í notkun á nýjum orðaforða sem fyrir kemur í lestextum. Skáldsaga er hraðlesin og nemendur lesa smásögur og fréttatengt efni. Unnin eru ritunarverkefni í tengslum við efnisþætti sem fjallað er um, ýmist úr kennslubókinni, blaðagreinum og bókmenntum.

**Námsmat**

Verkefnavinna og lokapróf

## ENS303

**Markmið**

- að nemendur geti lesið viðskiptatexta og almenna texta í tímaritum og blöðum svo og bókmenntatexta.

- að nemendur auki viðskiptaorðaforða sinn og læri að beita honum
- að nemendur efli ritfærni sína í ensku
- að nemendur geti flutt blaðlaust stutt erindi á ensku

**Námslýsing**

Nemendur dýpka færni sína í viðskiptaensku og ritun verslunarbréfa. Einnig lesa þeir almenna texta um málefni líðandi stundar svo og bókmenntatexta. Unnið eitt stórt verkefni á sviði viðskiptaensku. Stutt verkefni eru unnin til að þjálfa nemendur í notkun á nýjum orðaforða sem kemur fyrir í lestextum. Smásögur eru hraðlesnar svo og ein stutt skáldsaga. Margvísleg verkefni bæði munnleg og skrifleg eru unnin í tengslum við það efni, þ.e. nemendur gera ýmist formlega eða óformlega grein fyrir efninu eða skoðunum sínum á því. Lögð er aukin áhersla á form ritgerða þannig að nemendur nái tökum á grundvallaratriðum í ritgerðasmíð. Þjálfaður flutningur á töluðu máli og unnin stór framsaga.

**Námsmat**

Nemendur fá eina einkunn í lok áfangans sem samanstendur af ástundun og virkni, skyndiprófum/verkefnum og skriflegu lokaprófi í lok annar.

## ENS403

**Markmið**

- að séu læsir á velflestar gerðir ensks texta og styrki orðaforða sinn
- að nemendur efli munnlega færni sína
- að nemendur efli ritfærni sína í ensku og nái traustum tökum á ritgerðarsmíði

**Námslýsing**

Nemendur dýpka færni sína í ensku og ritun ritgerða. Einnig lesa þeir almenna texta um málefni líðandi stundar. Nemendur flytja munnlegt verkefni um skáldsögu. Stutt verkefni eru unnin til að þjálfa nemendur í notkun á nýjum orðaforða sem kemur fyrir í lestextum. Smásögur eru hraðlesnar. Margvísleg verkefni bæði munnleg og skrifleg eru unnin í tengslum við það efni, þ.e. nemendur gera ýmist formlega eða óformlega grein fyrir efninu eða skoðunum sínum á því. Lögð er aukin áhersla á form ritgerða þannig að nemendur nái tökum á grundvallaratriðum í ritgerðasmíð.

**Námsmat**

Nemendur fá eina einkunn í lok áfangans sem samanstendur af ástundun og virkni, skyndiprófum/verkefnum og skriflegu lokaprófi í lok annar.

## ENS503

**Markmið**

að nemendur

- geri sér grein fyrir bandariskri menningu, uppruna hennar og áhrifum.
- geti skilið og notað á réttan hátt sérhæfðan orðaforða eins og hann birtist í fagtextum.
- geti unnið sjálfstæða heimildaritgerð, þ.e. leitað heimilda, sett upp heimildaskrá, notað tilvitnanir og gert grein fyrir þeim og unnið úr upplýsingum.
- bæti skriflega kunnáttu sína.

**Námslýsing**

Viðfangsefni þessa námskeiðs er bandarískt þjóðfélag og menning. Nemendur vinna margvísleg verkefni með hjálp kennslubókar, Netsins, ýmissa blaðagreina, smásagna og skáldsögu. Leitast verður við að dýpka skilning nemenda á einni áhrifamestu menningu heimsins. Auk þess verður unnið með sérhæfðan orðaforða og æfingar gerðar til þess að þjálfa nemendur í notkun orðaforðans. Þjálfun mun einnig fara fram í að skrifa rannsóknarritgerðir.

**Námsmat**

Nemendur fá eina einkunn í lok áfangans sem samanstendur af ástundun og virkni, skyndiprófum/verkefnum og skriflegu lokaprófi í lok annar.

## ENS603

**Markmið**

- Nemendur öðlist góðan skilning á einu leikriti eftir Shakespeare

- Nemendur fái góða yfirsýn yfir þróun enskrar tungu frá tímum "Old English" til "Modern English"
- Nemendur kynnist helstu höfunum og bókmenntaverkum enskrar tungu og þekki úrdrætti úr þekktum verkum bókmenntasögunnar
- Nemendur öðlist góðan skilning á einni þekktri 19. aldar skáldsögu.
- Nemendur nái enn meiri færni í ensku

**Námslýsing**

Lesið er eitt leikrit eftir Shakesepeare ásamt einni 19. aldar skáldsögu. Einnig eru lesnir valdir úrdrættir úr ýmsum bókmenntaverkum sem skrifuð hafa verið á ensku frá miðöldum fram til lok 19. aldar. Þar er bæði verið að skoða efni textanna og málfar, þ.e. þróun enskrar tungu í gegnum aldirnar. Í áfanganum eru einnig lesnir textar um málefni líðandi stundar og efni þeirra rætt. Ennfremur æfa nemendur sig að skrifa stuttar tímaritgerðir og stíla.

**Námsmat**

Nemendur fá eina einkunn í lok áfangans sem samanstendur af ástundun og virkni, skyndiprófum/verkefnum og skriflegu lokaprófi í lok annar.

## ENS613

**Markmið**

Nemendur

- byggi upp orðaforða sem nýtist þeim á háskólastigi
- auki ritunarfærni sína
- auki færni í töluðu máli, flutningi á fyrirlestrum o.s.frv.
- auki þekkingu á bókmenntum
- öðlist skilning á stöðu enskrar tungu sem heimsmáli
- auki færni í sjálfstæðum vinnubrögðum
- kynnist vinnu við rannsóknir og mat á heimildum

**Námslýsing**

Unnið er með ákveðin þemu og lögð er áhersla á að auka samskiptahæfni nemenda á ensku og að byggja upp orðaforða og þjálfa vinnulag sem nýtist nemendum í háskólanámi. Áhersla er lögð á sjálfstæða vinnu nemenda og vinna þeir bæði skrifleg og munnleg einstaklingsverkefni og hópverkefni. Þemun sem unnið er með eru: þróun enskrar tungu sem heimsmáls, menning ungs fólks eins og hún birtist í bókmenntum og kvikmyndum og málefni líðandi stundar. Lesnar eru smásögur, skáldsaga og leikrit sem fjalla um menningu fólks í ólíkum löndum.

**Námsmat**

Verkefnavinna og lokapróf

# Félagsfræði

## FÉL303

**Markmið**

Meginmarkmið áfangans er að gera nemendur hæfari til virkrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Með því að kynnast stjórnmálum og stjórnskipan og forsendum þeirra og forsögu, verði nemendur færir um að taka afstöðu til mismundandi samfélagshugmynda á eigin forsendum. Um nánari áfangamarkmið sjá bls. 24 í Aðalnámskrá framhaldsskóla. Samfélagsgreinar (http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar//nr/307). Þar heitir samsvarandi áfangi FÉL303.

**Kennsluhættir**

Kennsluaðferðir eru þrenns konar. Í fyrsta lagi eru fyrirlestrar kennara þar sem námsefnið er reifað og hugtök útskýrð. Þá eru umræður, bæði um efni fyrirlestranna og/eða annað sem tengist þeim; gjarnan er rætt um fyrirbæri sem kunna að vera ofarlega á baugi í þjóðfélagsumræðunni. Loks er verkefnavinna nemenda; úr námsefninu sjálfu eða öðru sem því tengist. Áhersla er lögð á að finna dæmi úr raunveruleikanum til að varpa ljósi á hugtök og kenningar og því er virk þátttaka í tímum algerlega nauðsynleg.

**Námslýsing**

Í FÉL303 er fjallað um félagsgreinar en einkum um stjórnmál; kenningar stjórnmálafræðinnar, kenningar um æskilega samfélagsskipan, stjórnmál og stjórnskipan nútímans á Íslandi og að lokum veitt stutt innsýn í alþjóðastjórnmál. Jafnframt verða fréttir líðandi stundar skoðaðar í samhengi við námsefnið.

**Efnisatriði**

Grundvallarhugtök í stjórnmálum og stjórnmálafræði. Hugmyndafræði: öfgar til vinstri og hægri og allt sem er á milli! Stjórnkerfið og stjórnmál: Stjórnmálaþátttaka. Lýðræði og kosningar. Kosningakerfi og flokkar. Pólitísk menning og félagsmótun. Stjórnmál og fjölmiðlar. Íslenskir stjórnmálaflokkar. Skipulag íslenskra stjórnmálaflokka. Hagsmunasamtök. Kenningar um íslenska valdakerfið og stjórnmálaþróun.

**Námsmat**

Einkunn í áfanganum er samsett úr eftirfarandi þáttum: Lokapróf í desember, annarpróf, verkefnum og ástundun og frammistöðu í tímum.

## Fjármál

### FJÁ102

**Markmið**

Nemandi

- geti útskýrt helstu vaxtahugtök
- geti reiknað út vaxtaupphæð, framtíðarvirði höfuðstóls, núvirði höfuðstóls og vaxtaprósentu
- þekki til mismunandi sparnaðarleiða einstaklinga
- þekki helstu tegundir skuldabréfa og geti reiknað út greiðslur tengdar þeim
- þekki til helstu lánavalkosta sem einstaklingar standa frammi fyrir ásamt kostnaði og ábyrgð sem fylgir því að taka lán
- þekki til útreiknings á vísitölum og hagnýtra nota af þeim
- þekki til helstu aðferða við verðtryggingu og geti reiknað út greiðslur af verðtryggðum skuldabréfum
- geti reiknað út greiðslur, núvirði og framtíðarvirði greiðsluraða
- geti reiknað út ávöxtun og greint á milli nafnávöxtunar og raunávöxtunar
- geti reiknað út kaupverð, gengi, afföll og yfirverð einföldustu gerða skuldabréfa
- geti reiknað út hagkvæmustu fjárfestingavalkosti/tilboð með hjálp núvirðisreikninga
- geti reiknað út innri vexti greiðsluraðar
- þekki til helstu markaðsverðbréfa á íslenskum verðbréfamarkaði
- geti hagnýtt sér Netið til öflunar fjármálalegra upplýsinga

**Kennsluhættir**

Kennslan verður í formi fyrirlestra, skýringardæma og viðræðna við nemendur. Nemendur þurfa að vinna verkefni bæði heima og í tíma.

**Námslýsing**

Fjallað er um fjármál einstaklinga, fyrirtækja og helstu hugtök á sviði fjármála almennt. Á hersla er lögð á þjálfun í útreikningum þar sem telja má að kunnáttan hafi almennt hagnýtt gildi. Fjallað er um markað fyrir helstu tegundir verðbréfa og meginatriði sem varða mat á fjárfestingavalkostum.

**Efnisatriði**

Sparnaðarleiðir, ávöxtun, nafnvextir, raunvextir, fórnarvextir, forvextir, verðtrygging, núvirði, ávöxtunarkrafa, innri vextir, framtíðarvirði, greiðsluraðir, skuldabréf og mismunandi greiðsluform þeirra, kaupverð/gengi/afföll/yfirverð skuldabréfa, vísitölur, mat á tilboðum/fjárfestingavalkostum, markaðsverðbréf. Mat á fjárfestingavalkostum með mislangan líftíma.

**Námsmat**

Nemendur fá eina einkunn í lok áfangans sem samanstendur af ástundun og virkni, skyndiprófum/verkefnum og skriflegu lokaprófi í lok annar.

### FJÁ103

Ekki kenndur 2011-2012

### FJÁ202

**Markmið**

Nemandi

- hafi grunnþekkingu á helstu störfum sérfræðinga í fjármálum
- þekki til hefðbundinnar skiptingar á verðbréfamarkaði
- þekki til skilgreininga á fjármagnskostnaði fyrirtækja og útreikninga tengdum þeim
- þekki til útreiknings og gagnsemi vísitalna
- geti reiknað út ávöxtun mismunandi fjárfestingarvalkosta
- geti skilgreint hvað er hlutabréf og í hvaða formi hluthafar geti vænst ávöxtunar af hlutabréfaeign sinni
- þekki til sögu og meginhlutverka Kauphallar Íslands
- þekki til helstu markaðsverðbréfa á íslenskum verðbréfamarkaði
- þekki til aðferða og helstu kennitalna sem notaðar eru við mat á hlutabréfum og hlutafélögum
- þekki helstu áhættuþætti í sambandi við verðbréfaviðskipti
- þekki helstu aðferðir við mat á áhættu í verðbréfaviðskiptum
- þekki til kenninga um áhættudreifingu og skilvirk verðbréfasöfn
- geri greinarmun á virkri og hlutlausri sjóðastjórnun
- þekki til mikilvægustu tegunda afleiða
- geti hagnýtt sér Netið til öflunar fjármálalegra upplýsinga

**Kennsluhættir**

Kennslan verður í formi fyrirlestra, skýringardæma og viðræðna við nemendur. Nemendur þurfa að vinna verkefni bæði heima og í tíma.

**Námslýsing**

Á fanginn byggir á þeim grunni sem lagður var í áfanganum FJÁ 102. Fjallað er nánar um helstu viðfangsefni fjármála og fjármálastjórnunar. Gerð er grein fyrir hagrænu mikilvægi fjármagnsmarkaða og lögð áhersla á að nemendur skilji og geti túlkað helstu upplýsingar sem koma fram á fjármálamarkaði. Fjallað er um íslenska verðbréfamarkaðinn með sérstaka áherslu á hlutabréf. Farið er í samval verðbréfa og áhættuhugtök tengd verðbréfasöfnum. Þá er fjallað um nokkur helstu viðfangsefni fjármála fyrirtækja og gerð grein fyrir afleiðum með mismunandi undirliggjandi eignum. Rík áhersla er lögð á leikni nemenda við úrlausnir fjármálaviðfangsefna.

**Efnisatriði**

Markaðsverðbréf, ávöxtun, ávöxtunarkrafa, núvirði, áhætta, verðmat hlutabréfa og hlutafélaga, kennitölur, fjármagnskostnaður og fjármagnsskipan, arður, fyrirtækjaáhætta, markaðsáhætta, betagildi, skilvirkni markaða, skilvirk verðbréfasöfn, CA PM, framfall, markaðslínan, langtímafjárfestar og spákaupmenn, Kauphöll Íslands, Úrvalsvístalan, Aðallisti, Tilboðsmarkaður, frummarkaður, eftirmarkaður, innherjar, opin og lokuð útboð, sjóðastjórnun, vísitölusjóðir.

**Námsmat**

Nemendur fá eina einkunn í lok áfangans sem samanstendur af ástundun og virkni, skyndiprófum/verkefnum og skriflegu lokaprófi í lok annar.

## Franska

### FRA102

**Markmið**

Að nemendur:

- nái nokkru öryggi í frönskum framburði
- geti skilið einföld fyrirmæli á frönsku og geti náð ákveðnum upplýsingum í töluðu máli sem tengist viðfangsefni áfangans

- geti lesið einfalda texta, sem miðast við orðaforðann í áfanganum, og áttað sig á meginefni lengri texta á léttu máli þótt þeir skilji ekki hvert orð
- geti óhræddir skipst á upplýsingum við frönskumælandi fólk um sig og hagi sína með einföldum spurningum og svörum
- geti notað einfaldar setningar til að skrifa kynningar, stuttar lýsingar, stutt bréf og skilaboð
- þjálfist í réttritun
- fræðist um Frakkland, uppruna og útbreiðslu franskrar tungu, kynnist daglegu lífi frönskumælandi þjóða og vakni til vitundar um mismunandi menningarheima

**Námslýsing**

Á fyrstu önn er megináherslan lögð á að kenna nemendum undirstöðuatriði tungumálsins, grunnorðaforða þess og framburð. Miklu máli skiptir að æfa strax í upphafi jafnt tal, hlustun, ritun og lestur. Á hersla er lögð á framburðaræfingar studdar hlustun, þar sem mikilvægt er að nemendur temji sér góðan framburð strax í byrjun frönskunáms. Byrjað er á framburðarkennslu og talmálskennslu. Farið er í helstu málfræðiatriði og gerðar eru munnlegar og skriflegar æfingar. Kennara ber að nota sem fjölbreyttastar kennsluaðferðir. Á hersla er lögð á hlustun og að nemendur geti skilið talað mál og svarað sjálfir einföldum spurningum. Unnið er með einfalda texta af mismunandi gerð, svo sem samtöl, stutta texta, ljóð og söngtexta. Gerð eru verkefni úr vinnubók en einnig er farið í ýmis verkefni frá kennara. Nemendur eru æfðir í að tala og skrifa um sjálfa sig, fjölskyldu sína, vini, áhugamál og nánasta umhverfi sitt. Nemendur verði látnir nýta Netið við upplýsingaleit. Nemendur fái grunnþjálfun í notkun orðabóka.

**Námsmat**

Lesskilning og ritfærni má meta með skriflegu prófi í annarlok, skilning á mæltu máli með hlustunarkönnunum á önninni og/eða hlustunarprófi í lokin og munnlega færni með talæfingum á önninni og/eða munnlegu prófi í annarlok. Mikilvægt er að nemendum sé í upphafi vetrar gerð grein fyrir þeim atriðum sem matið byggir á hverju sinni.

Nemendur fá vinnueinkunn, sem byggir á vinnu nemenda yfir önnina. Þar er tekið tillit til námsástundunar og virkni í tímum og frammistöðu þeirra á skyndiprófum og í verkefnum. Vægi hvers þáttar vinnueinkunna er mismunandi eftir árum og kynnir kennari nemendum í upphafi hvers vetrar hvernig vinnueinkunn er gefin í frönsku.

## FRA103

**Markmið**

- Að nemendur:
- nái nokkru öryggi í frönskum framburði
- geti skilið einföld fyrirmæli á frönsku og geti náð ákveðnum upplýsingum í töluðu máli sem tengist viðfangsefni áfangans
- geti lesið einfalda texta, sem miðast við orðaforðann í áfanganum, og áttað sig á meginefni lengri texta á léttu máli þótt þeir skilji ekki hvert orð
- geti óhræddir skipst á upplýsingum við frönskumælandi fólk um sig og hagi sína með einföldum spurningum og svörum
- geti notað einfaldar setningar til að skrifa kynningar, stuttar lýsingar, stutt bréf og skilaboð
- þjálfist í réttritun
- fræðist um Frakkland, uppruna og útbreiðslu franskrar tungu, kynnist daglegu lífi frönskumælandi þjóða og vakni til vitundar um mismunandi menningarheima

**Námslýsing**

Á fyrstu önn er megináherslan lögð á að kenna nemendum undirstöðuatriði tungumálsins, grunnorðaforða þess og framburð. Miklu máli skiptir að æfa strax í upphafi jafnt tal, hlustun, ritun og lestur. Áhersla er lögð á framburðaræfingar studdar hlustun, þar sem mikilvægt er að nemendur temji sér góðan framburð strax í byrjun frönskunáms. Byrjað er á framburðarkennslu og talmálskennslu. Farið er í helstu málfræðiatriði og gerðar eru munnlegar og skriflegar æfingar.

Kennara ber að nota sem fjölbreyttastar kennsluaðferðir. Áhersla er lögð á hlustun og að nemendur geti skilið talað mál og svarað sjálfir einföldum spurningum. Unnið er með einfalda texta af mismunandi gerð, svo sem samtöl, stutta texta, ljóð og söngtexta. Gerð eru verkefni úr vinnubók en einnig er farið í ýmis verkefni frá kennara. Nemendur eru æfðir í að tala og skrifa um sjálfa sig, fjölskyldu sína, vini, áhugamál og nánasta umhverfi sitt. Nemendur verði látnir nýta Netið við upplýsingaleit. Nemendur fái grunnþjálfun í notkun orðabóka.

**Námsmat**

Lesskilning og ritfærni má meta með skriflegu prófi í annarlok, skilning á mæltu máli með hlustunarkönnunum á önninni og/eða hlustunarprófi í lokin og munnlega færni með talæfingum á önninni og/eða munnlegu prófi í annarlok. Mikilvægt er að nemendum sé í upphafi vetrar gerð grein fyrir þeim atriðum sem matið byggir á hverju sinni. Nemendur fá vinnueinkunn, sem byggir á vinnu nemenda yfir önnina. Þar er tekið tillit til námsástundunar og virkni í tímum og frammistöðu þeirra á skyndiprófum og í verkefnum. Vægi hvers þáttar vinnueinkunna er mismunandi eftir árum og kynnir kennari nemendum í upphafi hvers vetrar hvernig árseinkunn er gefin í frönsku.

## FRA202

**Markmið**

Að nemendur:

- nái nokkru öryggi í frönskum framburði
- geti skilið einföld fyrirmæli á frönsku og geti náð ákveðnum upplýsingum í töluðu máli sem tengist viðfangsefni áfangans
- geti lesið einfalda texta, sem miðast við orðaforðann í áfanganum, og áttað sig á meginefni lengri texta á léttu máli þótt þeir skilji ekki hvert orð
- geti óhræddir skipst á upplýsingum við frönskumælandi fólk um sig og hagi sína með einföldum spurningum og svörum
- geti notað einfaldar setningar til að skrifa kynningar, stuttar lýsingar, stutt bréf og skilaboð
- þjálfist í réttritun
- fræðist um Frakkland, uppruna og útbreiðslu franskrar tungu, kynnist daglegu lífi frönskumælandi þjóða og vakni til vitundar um mismunandi menningarheima

**Kennsluhættir**

Nýttar verða fjölbreyttar kennsluaðferðir, notuð hljóð- og myndbönd, kvikmyndir og tónlist. Nemendur verða virkir í tímum og þjálfast í tali og hlustun meðfram ritun og skilningi.

**Námslýsing**

Á annari önn er haldið áfram að byggja ofan á það sem gert var á fyrstu önn. Haldið er áfram að kenna nemendum undirstöðuatriði tungumálsins, grunnorðaforða þess og framburð. Haldið er áfram að æfa tal, hlustun, ritun og lestur. Á hersla er lögð á framburðaræfingar studdar hlustun. Farið er í helstu málfræðiatriði og gerðar eru munnlegar og skriflegar æfingar. Notaðar eru sem fjölbreyttastar kennsluaðferðir. Áhersla er lögð á hlustun og að nemendur geti skilið talað mál og svarað sjálfir einföldum spurningum. Unnið er með einfalda texta af mismunandi gerð, svo sem samtöl, stutta texta, ljóð og söngtexta. Gerð eru verkefni úr vinnubók en einnig er farið í ýmis verkefni frá kennara. Nemendur eru æfðir í að tala og skrifa um sjálfa sig, fjölskyldu sína, vini, áhugamál og nánasta umhverfi sitt. Nemendur eru látnir nota Netið við upplýsingaleit. Nemendur fá grunnþjálfun í notkun orðabóka.

**Efnisatriði**

Haldið áfram með grunnmálfræðiatriði, nemendur halda áfram að læra að tjá sig um sjálfa sig og nánasta umhverfi sitt.

**Námsmat**

Lesskilning og ritfærni má meta með skriflegu prófi í annarlok, skilning á mæltu máli með hlustunarkönnunum á önninni og/eða hlustunarprófi í lokin og munnlega færni með talæfingum á önninni og/eða munnlegu prófi í annarlok. Mikilvægt er að nemendum sé í upphafi vetrar gerð grein fyrir þeim atriðum sem matið byggir á hverju sinni.

Nemendur fá vinnueinkunn, sem byggir á vinnu þeirra yfir önnina. Þar er tekið tillit til námsástundunar og virkni í tímum og frammistöðu þeirra á skyndiprófum og í verkefnum. Vægi hvers þáttar vinnueinkunnar er mismunandi eftir árum og kynnir kennari nemendum í upphafi hvers vetrar hvernig vinnueinkunn er gefin í frönsku.

## FRA212

**Markmið**

Að nemendur:

- nái nokkru öryggi í frönskum framburði

- geti skilið einföld fyrirmæli á frönsku og geti náð ákveðnum upplýsingum í töluðu máli sem tengist viðfangsefni áfangans
- geti lesið einfalda texta, sem miðast við orðaforðann í áfanganum, og áttað sig á meginefni lengri texta á léttu máli þótt þeir skilji ekki hvert orð
- geti óhræddir skipst á upplýsingum við frönskumælandi fólk um sig og hagi sína með einföldum spurningum og svörum
- geti notað einfaldar setningar til að skrifa kynningar, stuttar lýsingar, stutt bréf og skilaboð
- þjálfist í réttritun
- fræðist um Frakkland, uppruna og útbreiðslu franskrar tungu, kynnist daglegu lífi frönskumælandi þjóða og vakni til vitundar um mismunandi menningarheima

**Námslýsing**

Á fyrstu önn er megináherslan lögð á að kenna nemendum undirstöðuatriði tungumálsins, grunnorðaforða þess og framburð. Miklu máli skiptir að æfa strax í upphafi jafnt tal, hlustun, ritun og lestur. Á hersla er lögð á framburðaræfingar studdar hlustun, þar sem mikilvægt er að nemendur temji sér góðan framburð strax í byrjun frönskunáms. Byrjað er á framburðarkennslu og talmálskennslu. Farið er í helstu málfræðiatriði og gerðar eru munnlegar og skriflegar æfingar. Kennara ber að nota sem fjölbreyttastar kennsluaðferðir. Á hersla er lögð á hlustun og að nemendur geti skilið talað mál og svarað sjálfir einföldum spurningum. Unnið er með einfalda texta af mismunandi gerð, svo sem samtöl, stutta texta, ljóð

og söngtexta. Gerð eru verkefni úr vinnubók en einnig er farið í ýmis verkefni frá kennara. Nemendur eru æfðir í að tala og skrifa um sjálfa sig, fjölskyldu sína, vini, áhugamál og nánasta umhverfi sitt. Nemendur verði látnir nýta Netið við upplýsingaleit. Nemendur fái grunnþjálfun í notkun orðabóka.

**Námsmat**

Lesskilning og ritfærni má meta með skriflegu prófi í annarlok, skilning á mæltu máli með hlustunarkönnunum á önninni og/eða hlustunarprófi í lokin og munnlega færni með talæfingum á önninni og/eða munnlegu prófi í annarlok. Mikilvægt er að nemendum sé í upphafi vetrar gerð grein fyrir þeim atriðum sem matið byggir á hverju sinni.

Nemendur fá vinnueinkunn, sem byggir á vinnu nemenda yfir önnina. Þar er tekið tillit til námsástundunar og virkni í tímum og frammistöðu þeirra á skyndiprófum og í verkefnum. Vægi hvers þáttar vinnueinkunna er mismunandi eftir árum og kynnir kennari nemendum í upphafi hvers vetrar hvernig árseinkunn er gefin í frönsku.

## FRA203

**Markmið**

Að nemendur:

- nái nokkru öryggi í frönskum framburði
- geti skilið einföld fyrirmæli á frönsku og geti náð ákveðnum upplýsingum í töluðu máli sem tengist viðfangsefni áfangans
- geti lesið einfalda texta, sem miðast við orðaforðann í áfanganum, og áttað sig á meginefni lengri texta á léttu máli þótt þeir skilji ekki hvert orð
- geti óhræddir skipst á upplýsingum við frönskumælandi fólk um sig og hagi sína með einföldum spurningum og svörum
- geti notað einfaldar setningar til að skrifa kynningar, stuttar lýsingar, stutt bréf og skilaboð
- þjálfist í réttritun
- fræðist um Frakkland, uppruna og útbreiðslu franskrar tungu, kynnist daglegu lífi frönskumælandi þjóða og vakni til vitundar um mismunandi menningarheima

**Námslýsing**

Á annari önn er haldið áfram að byggja ofaná það sem gert var á fyrstu önn. Haldið er áfram að kenna nemendum undirstöðuatriði tungumálsins, grunnorðaforða þess og framburð. Haldið er áfram að æfa tal, hlustun, ritun og lestur. Áhersla er lögð á framburðaræfingar studdar hlustun. Farið er í helstu málfræðiatriði og gerðar eru munnlegar og skriflegar æfingar. Notaðar eru sem fjölbreyttastar kennsluaðferðir. Áhersla er lögð á hlustun og að nemendur geti skilið talað mál og svarað sjálfir einföldum spurningum. Unnið er með einfalda texta af mismunandi gerð, svo sem samtöl, stutta texta, ljóð og söngtexta. Gerð eru verkefni úr vinnubók en einnig er farið í ýmis verkefni frá kennara. Nemendur eru æfðir í að tala og skrifa um sjálfa sig, fjölskyldu sína, vini,

áhugamál og nánasta umhverfi sitt. Nemendur eru látnir nota Netið við upplýsingaleit. Nemendur fá grunnþjálfun í notkun orðabóka.

### Námsmat

Lesskilning og ritfærni má meta með skriflegu prófi í annarlok, skilning á mæltu máli með hlustunarkönnunum á önninni og/eða hlustunarprófi í lokin og munnlega færni með talæfingum á önninni og/eða munnlegu prófi í annarlok. Mikilvægt er að nemendum sé í upphafi annar gerð grein fyrir þeim atriðum sem matið byggir á hverju sinni. Eins og fram kemur framar í þessum bæklingi í kaflanum um próf og einkunnir, fá nemendur vinnueinkunn, sem byggir á vinnu nemenda yfir önnina. Þar er tekið tillit til námsástundunar og virkni í tímum og frammistöðu þeirra á skyndiprófum og verkefnum. Vægi hvers þáttar er mismunandi eftir árum og kynnir kennari nemendum í upphafi hverrar annar hvernig vinnueinkunn er gefin í frönsku.

## FRA303

### Markmið

Að nemendur:

- nái nokkru öryggi í frönskum framburði
- geti skilið einföld fyrirmæli á frönsku og geti náð ákveðnum upplýsingum í töluðu máli sem tengist viðfangsefni áfangans
- geti lesið einfalda texta, sem miðast við orðaforðann í áfanganum, og áttað sig á meginefni lengri texta á léttu máli þótt þeir skilji ekki hvert orð
- geti óhræddir skipst á upplýsingum við frönskumælandi fólk um sig og hagi sína með einföldum spurningum og svörum
- geti notað einfaldar setningar til að skrifa kynningar, stuttar lýsingar, stutt bréf og skilaboð
- fræðist um Frakkland, uppruna og útbreiðslu franskrar tungu, kynnist daglegu lífi frönskumælandi þjóða og vakni til vitundar um mismunandi menningarheima

### Kennsluhættir

Fjölbreyttum kennsluaðferðum verður beitt. Nemendur verða virkir í tímum. Kennari verður með innlögn og nýtir sér nýjustu tækni við það eftir því sem við á. Tal og hlustun verða einnig æfð jöfnum höndum.

### Námslýsing

Á þessari önn er megináherslan lögð á að kenna nemendum lykilatriði tungumálsins, orðaforða þess og þjálfa skilning á töluðu máli og framburð. Miklu máli skiptir að halda áfram að æfa tal, hlustun, ritun og lestur. Á hersla er lögð á framburðaræfingar studdar hlustun, þar sem mikilvægt er að nemendur haldi kunnáttu sinni frá fyrri áföngum við og temji sér góðan framburð. Farið er í helstu málfræðiatriði og gerðar eru munnlegar og skriflegar æfingar. Á hersla er lögð á hlustun og að nemendur geti skilið talað mál og svarað sjálfir einföldum spurningum. Unnið er með einfalda texta af mismunandi gerð, svo sem samtöl, stutta texta, ljóð og söngtexta. Gerð eru verkefni úr vinnubók en einnig er farið í ýmis verkefni frá kennara. Nemendur eru æfðir í að tala og skrifa um sjálfa sig, fjölskyldu sína, vini, áhugamál og nánasta umhverfi sitt bæði í nútíð, framtíð og þátíð. Nemendur verði látnir nýta Netið við upplýsingaleit.

### Efnisatriði

Í málfræði verður farið í mismunandi þátíðir, framtíð og ýmsa aðra þætti. Einnig verður lesin ein léttlestrarbók og verkefni henni tengd unnin.

### Námsmat

Lesskilning og ritfærni má meta með skriflegu prófi í annarlok, skilning á mæltu máli með hlustunarkönnunum á önninni og/eða hlustunarprófi í lokin og munnlega færni með talæfingum á önninni og/eða munnlegu prófi í annarlok. Mikilvægt er að nemendum sé í upphafi vetrar gerð grein fyrir þeim atriðum sem matið byggir á hverju sinni.

Nemendur fá vinnueinkunn, sem byggir á vinnu nemenda yfir önnina. Þar er tekið tillit til námsástundunar og virkni í tímum og frammistöðu þeirra á skyndiprófum og verkefnum. Vægi hvers þáttar vinnueinkunnar er mismunandi eftir árum og kynnir kennari nemendum í upphafi hvers vetrar hvernig vinnueinkunn er gefin í frönsku.

## FRA403

### Markmið

Að nemendur:

- nái nokkru öryggi í frönskum framburði
- geti skilið einföld fyrirmæli á frönsku og geti náð ákveðnum upplýsingum í töluðu máli sem tengist viðfangsefni áfangans
- geti lesið einfalda texta, sem miðast við orðaforðann í áfanganum, og áttað sig á meginefni lengri texta á léttu máli þótt þeir skilji ekki hvert orð
- geti óhræddir skipst á upplýsingum við frönskumælandi fólk um sig og hagi sína með einföldum spurningum og svörum
- geti notað einfaldar setningar til að skrifa kynningar, stuttar lýsingar, stutt bréf og skilaboð
- þjálfist í réttritun
- fræðist um Frakkland, uppruna og útbreiðslu franskrar tungu, kynnist daglegu lífi frönskumælandi þjóða og vakni til vitundar um mismunandi menningarheima

### Kennsluhættir

Fjölbreyttum kennsluaðferðum verður beitt. Nemendur verða virkjaðir eftir föngum. Á hersla er lögð á hlustun og að nemendur geti skilið talað mál og svarað sjálfir einföldum spurningum.

### Námslýsing

Á fimmtu önn er megináherslan lögð á að halda áfram að kenna nemendum lykilatriði tungumálsins, orðaforða þess og framburð. Miklu máli skiptir að æfa strax í upphafi jafnt tal, hlustun, ritun og lestur. Á hersla er lögð á talæfingar og hlustun, þar sem mikilvægt er að nemendur temji sér góðan framburð strax í byrjun frönskunáms. Farið er í helstu málfræðiatriði og gerðar eru munnlegar og skriflegar æfingar. Unnið er með einfalda texta af mismunandi gerð, svo sem samtöl, stutta texta, ljóð og söngtexta. Gerð eru verkefni úr vinnubók en einnig er farið í ýmis verkefni frá kennara. Nemendur verði látnir nýta Netið við upplýsingaleit.

### Efnisatriði

Lokið er við helstu atriði franskrar málfræði. Einnig verður lesin létt skáldsaga og ævintýri. Tal og hlustun sem tengjast efni áfangans.

### Námsmat

Lesskilning og ritfærni má meta með skriflegu prófi í annarlok, skilning á mæltu máli með hlustunarkönnunum á önninni og/eða hlustunarprófi í lokin og munnlega færni með talæfingum á önninni og/eða munnlegu prófi í annarlok. Mikilvægt er að nemendum sé í upphafi vetrar gerð grein fyrir þeim atriðum sem matið byggir á hverju sinni.

Nemendur fá vinnueinkunn, sem byggir á vinnu nemenda yfir önnina. Þar er tekið tillit til námsástundunar og virkni í tímum og frammistöðu þeirra á skyndiprófum og í verkefnum. Vægi hvers þáttar er mismunandi eftir árum og kynnir kennari nemendum í upphafi hvers vetrar hvernig vinnueinkunn er gefin í frönsku.

## FRA503

### Markmið

Að nemendur:

- hafi vald á skýrum framburði, eðlilegu hljómfalli og blæbrigðum bæði í upplestri og tali
- auki enn við orðaforða sinn og geti notað hann í nýju samhengi
- geti skilið í aðalatriðum almennar samræður og umfjöllun um ýmis efni
- geti tekið þátt í almennum samræðum og tjáð sig skriflega um almenn efni, sem og efni sem tengist bókmenntum og menningu
- geti lesið ýmsar gerðir texta, svo sem bókmenntatexta, nytjatexta og blaða- og tímaritsgreinar
- þjálfist í að afla sér fróðleiks um ýmis efni, t.d. á Netinu og í orða- og alfræðibókum
- fái innsýn í franskar bókmenntir og listir og kynnist betur Frakklandi.

### Kennsluhættir

Notaðar verða fjölbreyttar kennsluaðferðir, fyrirlestrar, kynningar og verkefnatímar. Nemendur eru sjálfir virkir í tímum og flytja m.a. kynningu og segja frá bók.

**Námslýsing**

Á fjórða ári er áhersla á lestur bókmennta og fræðslu um franska menningu. Á fram er haldið að þjálfa færniþættina fjóra: lestur, hlustun, tal og ritun. Nemendur eru hvattir til aukins sjálfstæðis í vinnubrögðum og til notkunar á orða- og alfræðibókum sem og Netsins við upplýsingaleit. Nemendur lesa bókmenntaverk, blaða- og tímaritsgreinar, horfa á kvikmyndir og fást við þætti sem tengjast frönskumælandi löndum og menningu þeirra í sem víðustum skilningi. Skrifleg og munnleg umfjöllun um viðfangsefnin. Nemendur vinna þemaverkefni og flytja þau fyrir aðra nemendur í hópum.

**Efnisatriði**

Lesnar verða 2 - 3 smásögur og skáldsaga lesin og unnin ýmis verkefni þeim tengd. Einnig verður upprifjun á málfræði. Nemendur vinna hópverkefni um borg að eigin vali. Það verkefni verður hluti af munnlegu prófi. Tal og hlustun verða æfð jöfnum höndum.

**Námsmat**

Lesskilning og ritfærni má meta með skriflegu prófi í annarlok, skilning á mæltu máli með hlustunarkönnunum á önninni og/eða hlustunarprófi í lokin og munnlega færni með talæfingum á önninni og/eða munnlegu prófi í annarlok. Mikilvægt er að nemendum sé í upphafi annar gerð grein fyrir þeim atriðum sem matið byggir á hverju sinni. Vægi hvers þáttar í einkunn er mismunandi eftir árum og kynnir kennari nemendum í upphafi hvers vetrar hvernig vinnueinkunn er gefin í frönsku.

# Íslenska

## ÍSL102

**Markmið**

Nemandi

- lesi bókmenntaverk frá ólíkum tímum og ýmsa aðra texta.
- auki leshraða sinn og bæti lesskilning.
- geti beitt hugtökum bókmenntafræðinnar í umfjöllum um bókmenntir.
- geti beitt ýmsum hugtökum bragfræði í umfjöllum um bundið mál.
- fái markvissa þjálfun í ræðu og riti.
- öðlist trú á eigin málhæfni.
- fái góða þjálfun í málnotkun og geri sér grein fyrir því hvað „góður málnotandi“ er.
- skrifi margs konar texta og nái tökum á ferliritun.
- geti nýtt sér handbækur og önnur hjálpargögn við ritun og þjálfi vönduð vinnubrögð.
- nái góðum tökum á stafsetningu móðurmálsins og greinarmerkjasetningu.

**Námslýsing**

Í áfanganum er mikil áhersla lögð á lestur og tjáningu í ræðu og riti. Nemendur lesa fjölbreytta texta frá ýmsum tímum og fjalla um þá, bæði bókmenntir og annars konar texta. Nemendur fá innsýn í grunnhugtök bókmenntafræði, s.s. tíma, umhverfi, sjónarhorn, persónulýsingar, boðskap, rím, ljóðstafi og myndmál.

Markviss þjálfun í ræðu og riti fer fram a.m.k. einu sinni í viku. Á hersla er lögð á framsögn við ýmiss konar tækifæri. Þá er einnig áhersla lögð á að styrkja sjálfstraust nemendanna.

Nemendur vinna margs konar ritunarverkefni samkvæmt ferliritun og nýta sér ný kennsluforrit sem gagnast þeim við að skipuleggja ritsmíðar. Fjallað er um efnisgreinar, byggingu ritsmíða og röksemdafærslu. Nemendur eru þjálfaðir í að skrifa margs konar texta, bæði hlutlæga og huglæga, kenndur frágangur ritaðs máls og notkun hjálpargagna, svo sem handbóka, orðabóka og leiðréttingarforrita.

Nemendur eru þjálfaðir í stafsetningu eftir því sem þörf krefur. Þeir eru þjálfaðir í að nota orðabækur, kennsluforrit og beita málfræðireglum til að ná árangri í stafsetningu.

**Námsmat**

Í áfanganum má m.a. meta upplestur, myndrænan lestur, nákvæmnis- og leitarlestur, lesskilning og orðaforða, einstaklings- og hópverkefni tengd bókmenntum, ritunarverkefni, stafsetningu og greinarmerkjasetningu og almenna tjáningu og þátttöku í umræðum.

## ÍSL103

### Markmið

Nemandi lesi bókmenntaverk frá ólíkum tímum og ýmsa aðra texta geti beitt hugtökum bókmenntafræði í umfjöllun um bókmenntir geti beitt ýmsum hugtökum bragfræði í umfjöllun um bundið mál fái markvissa þjálfun í ræðu og riti skrifi margs konar texta og nái tökum á ferliritun geti nýtt sér handbækur og önnur hjálpargögn við ritun og þjálfi vönduð vinnubrögð nái góðum tökum á stafsetningu móðurmálsins og greinarmerkjasetningu fái tækifæri til þess að njóta listræns efnis í tengslum við lestur bókmennta, t.d. leiksýninga, kvikmynda eða myndlistar nýti sér setningafræðileg og málfræðileg hugtök í umfjöllun um stíl og samanburð ólíkra texta átti sig á forsendum góðrar framsagnar og fái tækifæri til þess að koma fram og tjá sig um ýmis málefni átti sig á mismunandi málsniðum í ræðu og riti og nýti sér þá kunnáttu læri frumatriði við gerð heimildaritgerðar og þjálfist í notkun handbóka í ritun

### Námslýsing

Í áfanganum er mikil áhersla lögð á lestur og tjáningu í ræðu og riti. Nemendur lesa fjölbreytta texta frá ýmsum tímum og fjalla um þá. Nemendur fá innsýn í grunnhugtök bókmenntafræði, s.s. tíma, umhverfi, sjónarhorn, persónulýsingar, boðskap, rím, ljóðstafi og myndmál. Markviss þjálfun í ræðu og riti fer fram a.m.k. einu sinni í viku. Nemendur vinna margs konar ritunarverkefni samkvæmt ferliritun og nýta sér ný kennsluforrit sem gagnast þeim við að skipuleggja ritsmíðar. Fjallað er um efnisgreinar, byggingu ritsmíða og röksemdafærslu. Nemendur eru þjálfaðir í að skrifa margs konar texta, bæði hlutlæga og huglæga, kenndur frágangur ritaðs máls og notkun hjálpargagna svo sem handbóka, orðabóka og leiðréttingarforrita. Áhersla er lögð á framsögn við ýmiss konar tækifæri. Þá er einnig áhersla lögð á að styrkja sjálfstraust nemendanna. Farið er yfir setningafræði, nemendur greina texta í setningarhluta. Þeir eru þjálfaðir í að greina og glöggva sig á skiptingu texta í setningar, málsgreinar og efnisgreinar. Gerð er grein fyrir reglum um greinarmerki og nemendur þjálfaðir í notkun þeirra. Þá greina nemendur texta frá ýmsum tímum og huga að stíl og stílbrigðum.

Nemendur þreyta stöðupróf í stafsetningu og málfræði og eru þjálfaðir í stafsetningu eftir því sem þörf krefur.

### Námsmat

Skrifleg próf og verkefni.

## ÍSL202

### Markmið

Nemandi

- lesi bókmenntatexta frá ólíkum tímum
- geti beitt bókmenntafræðilegum hugtökum í umfjöllun um bókmenntir
- fái tækifæri til að njóta listræns efnis í tengslum við lestur bókmennta, t.d. leiksýninga, kvikmynda eða myndlistar
- rifji upp helstu orðflokka og einkenni þeirra eftir því sem við á
- þekki grunnhugtök málfræðinnar og þjálfist í notkun slíkra hugtaka
- nýti sér setningafræðileg og málfræðileg hugtök í umfjöllum um stíl og samanburð ólíkra texta
- nýti sér málfræðilegar upplýsingar í orða- og uppflettibókum og í umræðu um mál og málnotkun
- átti sig á forsendum góðrar framsagnar og fái tækifæri til að koma fram og tjá sig um ýmis málefni
- fái tækifæri og öðlist nokkurt öryggi í að tjá hugmyndir sínar og skoðanir í töluðu máli um efni áfangans
- átti sig á mismunandi málsniðum í ræðu og riti og nýti sér þá kunnáttu í töluðu og rituðu máli
- læri frumatriði við gerð rökfærsluritgerða og þjálfist í notkun handbóka í ritun, skrifi margs konar ritsmíðar í skrefum
- nýti sér stafsetningarreglur og reglur um greinarmerki
- temji sér notkun hjálpargagna við frágang verkefna
- noti tölvutækni til að ganga frá textum til verkefnaskila
- fái tækifæri til að bæta kunnáttu sína í réttritun ef ástæða þykir til

**Námslýsing**

Í áfanganum er megináhersla lögð á að lesa ólíka texta frá bókmenntalegu og málfarslegu sjónarmiði, þ.e. Íslendingaþætti og nútímaskáldsögu. Markmiðið er að nemendur þjálfi hæfni sína til að beita fræðilegum hugtökum, t.d. setningafræðilegum við umfjöllun, rökræður og samanburð ólíkra texta og læri um leið að nýta sér þekkingu sína og þjálfun við eigin textagerð.

Grundvallaratriði málfræði eru rifjuð upp. Farið er yfir setningafræði, nemendur greina texta í setningarhluta. Þeir eru þjálfaðir í að greina og glöggva sig á skiptingu texta í setningar, málsgreinar og efnisgreinar. Gerð er grein fyrir reglum um greinarmerki og nemendur þjálfaðir í notkun þeirra. Þá greina nemendur texta frá ýmsum tímum og huga að stíl og stílbrigðum textans.

Markviss þjálfun í ræðu og riti fer fram a.m.k. einu sinni í viku. Áhersla er lögð á framsögn við ýmiss konar tækifæri, t.d. kynningu verkefna, umfjöllun um kjörbók og tækifærisræðu.

Nemendur vinna margs konar ritunarverkefni samkvæmt ferliritun, fá þjálfun í helstu aðferðum við meðferð heimilda í ritun og hagnýtingu upplýsingatækni við flutning og frágang verkefna.

**Efnisatriði**

Nemendur lesa texta frá ólíkum tímum, t.d. stutta fornsögu (eða Íslendingaþátt), smásögu og nútímaskáldsögu. Við umfjöllun um textana fá nemendur þjálfun í því að beita bókmenntafræðilegum hugtökum eftir því sem tilefni gefst til. Jafnframt verður hugað að ólíkum málfarseinkennum textanna og vakin athygli á því hvernig setningafræðileg hugtök eins og frumlag, umsögn, andlag, nafnliður, sagnliður, setning, málsgrein, aðalsetning, aukasetning o.s.frv. nýtast við lýsingu og samanburð þeirra. Nemendur gera grein fyrir skoðunum sínum og athugunum á textunum, bæði skriflega og munnlega, bera söguefnið saman við eigin reynslu og hugmyndaheim og huga að þeirri þjóðfélagsmynd sem textarnir birta.

**Námsmat**

Í áfanganum er æskilegt að meta einstaklings- og hópverkefni tengd málfræði og bókmenntum, bæði munnleg og skrifleg. Námsmat byggist að öðru leyti á hæfni til að nota málfræðihugtök við greiningu texta og umfjöllun um málið, skilningi, túlkun og greiningu á bókmenntum og hæfni í réttritun og greinarmerkjasetningu. Lokaeinkunn er samsett úr skriflegu lokaprófi og vinnueinkunn.

## ÍSL212

**Markmið**

Nemandi

- kannist við söguleg tengsl tungumáls og menningar.
- fái innsýn í meginatriði íslenskrar málstefnu.
- þekki dæmi um áhrif norrænnar tungu á önnur málsvæði.
- þekki helstu atriði í heimssögu norrænnar goðafræði.
- viti deili á helstu goðum í norrænni goðafræði og hlutverki þeirra, vættum og öðrum átrúnaði.
- kynnist nútímaljóðum sem byggjast á fornum goðsögnum eða vísa til þeirra.
- átti sig á leiðbeiningum um framburð.
- þekki helstu mállýskur á Íslandi.
- kynnist dæmum um uppruna og skyldleika orða.
- velti fyrir sér orðasmíð og merkingu.
- þekki íslenska nafnsiði.
- ræði um og myndi sér skoðun á íslenskri málstefnu.
- fái tækifæri til að semja og flytja eigin hugleiðingu tengda efni áfangans með áherslu á skýra framsögn.
- fái tækifæri til að skoða myndbönd, myndlist eða margmiðlunarefni tengt norrænum goðsögnum
- kynnist helstu aðferðum við meðferð heimilda í ritun.
- læri að byggja upp heimildaritgerð.
- nýti tölvutækni til að ganga frá textum til verkefnaskila, útgáfu eða birtingar á vef/neti.
- fái tækifæri til að kynnast söfnum og skoða listaverk em tengjast efni áfangans þar sem því verður við komið.

**Námslýsing**

Fjallað verður um sögu máls og menningar frá frumnorrænum tíma til okkar daga. Farið verður yfir sögu íslensks máls og skyldleika við önnur tungumál, helstu hljóð- og málbreytingar íslenskunnar og mállýskuafbrigði. Nemendur kynnast norrænni goðafræði og hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Nemendur fá þjálfun í helstu aðferðum við meðferð heimilda í ritun og hagnýtingu upplýsingatækni við flutning og frágang verkefna.

**Námsmat**

Í áfanganum má m.a. meta einstaklings- og hópverkefni tengd sögu máls og menningar og ritunarverkefni. Námsmat getur að öðru leyti byggst á þekkingu og skilningi á norrænni goðafræði og sögu og sérkennum íslenskunnar. Lokaeinkunn er samsett úr skriflegu lokaprófi og vinnueinkunn.

## ÍSL203

**Markmið**

Nemandi kunni skil á skyldleika tungumála innan indóerópsku málaættarinnar, geti gert grein fyirr helstu breytingum íslenskunnar í tímans rás og þekki dæmi um áhrif norrænnar tungu á önnur málsvæði fái innsýn í meginatriði íslenskrar málstefnu og velti fyir sér orðasmíð og merkingu þekki íslenska nafnasiði kynnist grundvallaratriðum hljóðfræðinnar og þekki helstu mállýskur á Íslandi læri um helstu breytingar á stíl íslensku frá upphafi ritunar til vorra daga þekki helstu atriði í heimssögu norrænnar goðafræði og viti deili á helstu goðum og hlutverkum þeirra kynnist nútímabókmenntum sem byggja á fornum goðsögum eða vísa til þeirra þjálfist í gerð heimildaritgerða og notkun upplýsingatækni í verkefnavinnu fái tækifæri til þess að flytja munnleg verkefni með áherslu á skýran framburð og framsetningu og jafnframt tækifæri til að gagnrýna verkefni annarra

**Námslýsing**

Fjallað verður um sögu máls og menningar frá frumnorrænum tíma til okkar daga. Farið verður yfir sögu íslensks máls og skyldleika við önnur tungumál, helstu hljóð- og málbreytingar íslenskunnar og mállýskuafbrigði. Nemendur kynnast norrænni goðafræði og hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Nemendur fá þjálfun í helstu aðferðum við meðferð heimilda í ritun og hagnýtingu upplýsingatækni við fluting og frágang verkefna.

**Námsmat**

Námsmat fer fram með skriflegum prófum, ritunarverkefnum og tjáningarverkefnum.

## ÍSL303

**Markmið**

Nemandi

- átti sig á skiptingu bókmenntasögunnar í tímabil óskráðra og skráðra bókmennta
- átti sig á hvenær menn hyggja að einkum hafi verið lögð stund á hverja bókmenntagrein á tímabilinu 800-1550
- þekki forna bragarhætti, a.m.k. fornyrðislag, ljóðahátt og dróttkvæðan hátt
- þekki sögu helstu eddukvæða
- átti sig á skiptingu eddukvæða í goðakvæði og hetjukvæði
- geti tekið saman nokkrar vísur eddukvæða og dróttkvæðar vísur, skilið þær og skýrt vandlega og gert grein fyrir efni
- þeirra, heimsmynd og hugmyndafræði
- þekki algengustu yrkisefni dróttkvæðaskálda
- þekki skáldamál dróttkvæða og eddukvæða, heiti og kenningar
- geti við lestur dróttkvæða nýtt hugtök sem varða orðaröð og setningagerð
- kynni sér upphaf ritmennta á Íslandi, kannist við helstu skólasetur til forna, fræðirit, bókagerð og varðveislu handrita
- þekki helstu sérkenni konungasagna, biskupasagna, samtíðarsagna, Íslendingasagna, Íslendingaþátta, fornaldarsagna Norðurlanda og riddarasagna
- lesi a.m.k. eina viðamikla Íslendingasögu og geti gert grein fyrir efni hennar og hugmyndaheimi
- átti sig á orðaforða, orðmyndun og nokkrum helstu beygingareinkennum fornmáls í þeim textum sem lesnir eru, t.d. beygingu nafnorða, fornafna, lýsingarorða og sagna

- geti aflað sér heimilda um tiltekið efni og skrifi um það ritgerð samkvæmt viðurkenndum reglum með eða án samþættingar við aðrar greinar
- fái tækifæri til að tjá sig skriflega um efni tengt áfanganum og flytja það munnlega með áherslu á skýra framsögn
- þjálfist í upplestri fornra texta með áherslu á viðeigandi hrynjandi
- fái tækifæri til að skoða sýnishorn af fornum handritum
- fái tækifæri til að skoða myndbönd og myndlist og nýta sér margmiðlunarefni sem unnið hefur verið í tengslum við fornbókmenntir
- fari á söguslóðir ef því verður við komið

**Efnisatriði**

Nemendur kynnast fornum fræðiritum, fornum kveðskap: eddukvæðum, dróttkvæðum, helgikvæðum og sagnadönsum; því helsta í sagnaritun: konungasögum, biskupasögum, samtíðarsögum, Íslendingasögum, Íslendingaþáttum, fornaldarsögum Norðurlanda og riddarasögum. Nemendur lesa vel eina fornsögu og fjalla um hana bæði munnlega og skriflega, túlka hana og bera saman við eigin reynslu og hugmyndaheim. Þeir fræðast einnig um orðaforða, beygingarkerfi og setningagerð fornmáls í tengslum við þá texta sem lesnir eru. Þeir kynnast efni á sviði lista og margmiðlunar sem hæfir áfanganum, svo og efni á Netinu og fá tækifæri til að nota tölvu við frágang verkefna.

**Námsmat**

Í áfanganum má t.d. meta einstaklings- og hópverkefni tengd afmörkuðum þáttum fornbókmennta. Námsmat getur að öðru leyti byggst á þekkingu, skilningi og greiningu á íslenskum fornbókmenntum, hugmyndafræði þeirra og málfarslegum einkennum. Lokaeinkunn er samsett úr skriflegu lokaprófi og vinnueinkunn.

## ÍSL403

**Markmið**

Nemendur

- skilji hvað felst í hugtökunum lærdómsöld, upplýsing, rómantík og raunsæi þegar fjallað er um bókmenntir
- átti sig á áhrifum erlendra menningarstrauma á íslenskar bókmenntir og málfar tímabilsins
- geti gert grein fyrir nokkrum helstu höfundum og verkum tímabilsins
- lesi texta frá tímabilinu og átti sig á einkennum þeirra
- kunni skil á algengum bragreglum og helstu bragarháttum
- geti greint algengustu stílbrögð í texta, bæði bundnu máli og óbundnu
- fái tækifæri til að beita bragreglum og stílbrögðum í skapandi skrifum
- þekki helstu baráttumenn íslenskrar málhreinsunar frá tímabilinu og skilji hvað felst í hugtakinu hreintungustefna
- vinni að bókmenntakynningum, m.a. til að vekja athygli á áhrifum tiltekinna menningarstrauma og -stefna á textana og málfarslegum einkennum þeirra
- þekki dæmi um tökuorð, slettur og slangur frá ýmsum tímum sögunnar
- þekki dæmi um nýyrði frá 19. öld
- átti sig á því í hverju erlend áhrif á íslenskt mál hafa einkum verið fólgin frá siðaskiptum til okkar daga og hvernig þau hafa komið fram
- þjálfist í að tjá sig í ræðu og riti um valin verk og höfunda
- þjálfist í upplestri bókmenntatexta frá tímabilinu með áherslu á stíl og stílbrigði
- fái tækifæri til að nýta sér fræðsluefni eða listrænt efni í hljóð- og myndformi, t.d. efni á myndböndum, geisladiskum, snældum og margmiðlunarefni, sem unnið hefur verið í tengslum við bókmenntir tímabilsins
- nýti tölvutækni til að ganga frá textum til verkefnaskila, útgáfu eða birtingar á vefsíðum á Netinu

**Efnisatriði**

Lögð er áhersla á þá höfunda sem setja svip sinn á hvert þeirra bókmenntaskeiða sem áfanginn nær yfir og á þá umræðu sem fram fór á hverjum tíma um mál og menningu. Nemendur kynnast því hvernig erlendir hugmyndastraumar hafa haft áhrif á bókmenntir, menningu og málfar tímabilsins. Nemendur lesa valda texta frá tímabilinu og gefa jafnt gaum að málfari þeirra og

hugmyndum. Nemendur þjálfast í að greina ljóðform þeirra texta sem þeir lesa og kynnast ýmiss konar efni sem unnið hefur verið um bókmenntir tímabilsins. A auk þessa fá nemendur tækifæri til að tjá skoðanir sínar í ræðu og riti og fara í leikhús og söfn eftir því sem aðstæður leyfa.

### Námsmat

Í áfanganum má m.a. meta einstaklings- og hópverkefni tengd hugmyndum og málfari sem endurspeglast í bókmenntum frá 1550 til 1900. Námsmat byggist að öðru leyti á þekkingu, skilningi og greiningu á íslenskum bókmenntum tímabilsins, hugmyndafræði þeirra og málfarslegum einkennum. Lokaeinkunn er samsett úr skriflegu lokaprófi og vinnueinkunn.

## ÍSL503

### Markmið

Nemendur

- öðlist innsýn í bókmenntasögu 20. aldar
- átti sig á áhrifum erlendra menningarstrauma á íslenskar bókmenntir 20. aldar
- þekki helstu hugtök sem tengjast bókmenntastefnum 20. aldar
- geri sér grein fyrir hlutverki bókmennta í samfélaginu og áhrifum þeirra á einstaklinga og samfélag
- geti gert grein fyrir nokkrum helstu höfundum og verkum tímabilsins
- lesi ljóð nokkurra höfunda 20. aldar og átti sig á listrænum einkennum þeirra
- lesi smásögur frá upphafi aldarinnar, miðri öldinni og seinni hluta aldarinnar og átti sig á listrænum einkennum þeirra
- lesi skáldsögur sem endurspegla ólíkar bókmenntastefnur og átti sig á listrænum einkennum þeirra
- þekki bragarhætti og kunni að lesa úr myndmáli og stílbrögðum ljóða frá 20. öld
- geti greint málfarsleg einkenni mismunandi stíls og atriði sem lúta að framsetningu máls
- þjálfist í upplestri eigin texta og annarra með áherslu á ólíka viðtakendur og tilefni
- skrifi ritgerð sem byggist á greiningu og túlkun texta með aðstoð hugtaka úr bókmenntafræði
- vinni undir leiðsögn kennara að bókmenntakynningum sem fela í sér greiningu bókmenntatexta, upplýsingaöflun og lestur fræðitexta
- fái tækifæri til að nýta sér fræðsluefni eða listrænt efni í hljóð- og myndformi, t.d. efni á myndböndum, geisladiskum, snældum og/eða margmiðlunarefni, sem unnið hefur verið í tengslum við bókmenntir tímabilsins
- fái tækifæri til að fara á leiksýningu í leikhúsi og fjalli um hana
- nýti tölvutækni til að ganga frá textum til verkefnaskila, útgáfu eða birtingar á vefsíðum á Netinu
- læri að leita að heimildum sem tengjast efni áfangans á Netinu

### Efnisatriði

Nemendur fást áfram við bókmenntafræðileg hugtök, s.s. tíma og umhverfi, byggingu, stíl, boðskap, persónusköpun, minni, myndmál og vísanir. Nemendur þjálfast í sjálfstæðri túlkun bókmenntatexta, kynnast endurnýjun ljóðformsins og átta sig á helstu einkennum óhefðbundinna ljóða. Nemendur athuga málfarsleg einkenni mismunandi stíls og atriði sem lúta að framsetningu máls. Gerð er krafa um nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur fá tækifæri til að tjá sig bæði munnlega og skriflega um efni áfangans og fara í leikhús. Þeir kynnast einnig efni á sviði myndlistar, tónlistar eða margmiðlunar sem hæfir áfanganum og fá tækifæri til að nota tölvu við frágang og birtingu verkefna.

### Námsmat

Í áfanganum má t.d. meta vinnu nemenda í kennslustundum, fyrirlestra og skrifleg verkefni tengd hugmyndum og málfarslegum einkennum mismunandi stíls sem endurspeglast í bókmenntum 20. aldar. Námsmat byggist að öðru leyti á þekkingu, skilningi og greiningu á íslenskum bókmenntum tímabilsins, hugmyndafræði þeirra og stíl. Lokaeinkunn er samsett úr skriflegu lokaprófi og vinnueinkunn.

# Íþróttir

## ÍÞR101

### Markmið

Að nemandi brjóti upp mikla setu í skólaumhverfinu og taki þátt í fjölbreyttri hreyfingu. A auk þess er unnið markvisst að því að auka þol, styrk, liðleika og að kynnast slökunartækni.

### Námslýsing

Kenndir eru tveir verklegir tímar í viku. Áhersla er lögð á fjölbreytta hreyfingu, þar sem sérkenni hverrar íþróttagreinar eru kynnt. Einnig er hugtakið "líkamsrækt" haft að leiðarljósi.

### Námsmat

Námsmat byggist á þeim þáttum sem unnið er með yfir önnina og lokaeinkunn er samsett úr ástundun, virkni og afakastamælinum.

## ÍÞR111

### Markmið

Að nemandi brjóti upp mikla setu í skólaumhverfinu og taki þátt í fjölbreyttri hreyfingu. Auk þess er unnið markvisst að því að auka þol, styrk, liðleika og að kynnast slökunartækni.

### Kennsluhættir

Kenndir eru tveir tímar á viku, annar tíminn í íþróttasal, hinn í minni sal. Aðaláherslan er á fjölbreytta hreyfingu.

### Námslýsing

Áfram er haldið með að byggja á þann grunn sem nemendur hafa og kynntar fyrir þeim nýjar greinar. Áfram er haldið með kennslu í þol- og styrkjandi æfingum. Kenndur er dans eina viku í janúar.

### Námsmat

Námsmat byggist á þeim þáttum sem unnið er með yfir önnina og lokaeinkunn er samsett úr ástundun, virkni og afakastamælinum.

## ÍÞR201

### Markmið

Að nemandi brjóti upp mikla setu í skólaumhverfinu og taki þátt í fjölbreyttri hreyfingu. Auk þess er unnið markvisst að því að auka þol, styrk, liðleika og að kynnast slökunartækni.

### Kennsluhættir

Íþróttir eru tvisvar í viku og er kennt ýmist í íþróttasal og í öðrum minni tækjasal.

### Námslýsing

Kenndir eru tveir tímar í viku. Annar tíminn er í íþróttasal, hinn í litlum sal þar sem unnið er í tækjum og stöðvaþjálfun. Megináherslan er á fjölbreytta hreyfingu, líkams- og heilsurækt.

Nemendur fá alhliða þjálfun þar sem unnið er markvisst með helstu þætti þjálfunar. Upphitun, þol, styrk og leiðleika. Einnig er kenndur dans eina viku í október.

### Námsmat

Námsmat byggist á þeim þáttum sem unnið er með yfir önnina og lokaeinkunn er samsett úr ástundun, virkni og afakastamælinum.

## ÍÞR211

### Markmið

Að nemandi brjóti upp mikla setu í skólaumhverfinu og taki þátt í fjölbreyttri hreyfingu. Auk þess er unnið markvisst að því að auka þol, styrk, liðleika og að kynnast slökunartækni.

### Kennsluhættir

Kenndir eru tveir verklegir tímar í viku. Annar tíminn er í íþróttasal þar sem meginárhersla er á knattleiki og aðra leiki, hinn tíminn er í litlum sal þar sem unnið er í tækjum og stöðvaþjálfun.

**Námslýsing**

Megináherslan er á fjölbreytta hreyfingu og heilsurækt. Kenndur er dans eina viku í janúar og eina viku í apríl þar semkenndir eru dansar fyrir peysufatadag.

**Námsmat**

Námsmat byggist á þeim þáttum sem unnið er með yfir önnina og lokaeinkunn er samsett úr ástundun, virkni og afakastamælinum.

## ÍÞR301

**Markmið**

Megináherslan er á að nemendur fái fjölbreytta og góða hreyfingu. Auk þess að þau auki sjálfstæð vinnubrögð með því að byggja upp eigið hreyfiprógram.

**Kennsluhættir**

Kennslan fer fram í tveimur sölum. Annars vegar lítill salur útbúinn tækjum/áhöldum og hins vegar knattleikjasalur. Kenndir eru tveir 40 mín. tímar á viku.

**Námslýsing**

Unnið er markvisst að því að byggja upp (auka) þol, styrk, samhæfingu hreyfinga og að viðhalda liðleika. Unnið er með gildi þess að búa yfir góðu þoli auk styrks auk sjálfstæðra vinnubragða við skipulag eigin hreyfingar.

**Efnisatriði**

Ýmsir knattleikir, dans, þolfimi (herþjálfun), stöðvahringir, ýmsir leikir o.fl.

**Námsmat**

Námsmat byggist á þeim þáttum sem unnið er með yfir önnina og lokaeinkunn er samsett úr ástundun, virkni og afakastamælinum.

## ÍÞR311

**Markmið**

Megináherslan er á að nemendur fái fjölbreytta og góða hreyfingu. Auk þess að þau auki sjálfstæð vinnubrögð með því að byggja upp eigið hreyfiprógram.

**Kennsluhættir**

Áfanginn er verklegur. Fjölbreytt og góð hreyfing er höfð að leiðarljósi.

**Námslýsing**

Byggt er á þeim grunni sem þau hafa fengið og aukin áhersla lögð á fræðslu almennt um líkamsrækt, heilsu, næringu og lífstíl. Eina viku í janúar er kenndur dans.

**Námsmat**

Námsmat byggist á þeim þáttum sem unnið er með yfir önnina og lokaeinkunn er samsett úr ástundun, virkni og afakastamælinum.

## ÍÞR401

**Markmið**

Meginmarkmið er

- að nemendur fái alhliða þjálfun með fjölbreytni að leiðarljósi.
- að nemendur fá tækifæri til að byggja upp eigin þjálfun í þoli, styrk og liðleika.

**Kennsluhættir**

Kennslan fer fram í tveimur sölum. Annars vegar lítill salur útbúinn tækjum/áhöldum og hins vegar knattleikjasalur. Kenndir eru tveir 40 mín. tímar á viku.

**Námslýsing**

Unnið er markvisst að því að byggja upp (auka) þol, styrk, samhæfingu hreyfinga og að viðhalda liðleika. Nemendur vinna í hópum og fá leiðsögn í uppbyggingu á eigin þjálfun í þoli, styrk og liðleika.

**Efnisatriði**

- Ýmsir knattleikir, dans, þolfimi (herþjálfun), stöðvahringir, ýmsir leikir o.fl.
- Unnið er með mælingar og nemendum kynnt hvernig þeir geti metið eigin afköst og framfarir út frá niðurstöðum þeirra.

**Námsmat**

Námsmat byggist á þeim þáttum sem unnið er með yfir önnina og lokaeinkunn er samsett úr ástundun, virkni og afakastamælinum.

### ÍÞR411

**Markmið**

Markmið er að auka sjálfstæði nemenda varðandi skipulagningu eigin hreyfingar og að þeir geti sjálfir séð um að rækta líkamann sér til heilsubótar og ánægju.

**Kennsluhættir**

Kennslan fer fram í tveimur sölum. Annars vegar lítill salur útbúinn tækjum/áhöldum og hins vegar knattleikjasalur. Kenndir eru tveir 40 mín. tímar á viku.

**Námslýsing**

Á fanginn er verklegur. Fjölbreytt og góð hreyfing er höfð að leiðarljósi. Í janúar er ein vika í dansi. Unnið er út frá þeim grunni sem þau hafa náð og reynt að bæta við eftir aðstæðum.

**Námsmat**

Námsmat byggist á þeim þáttum sem unnið er með yfir önnina og lokaeinkunn er samsett úr ástundun, virkni og afakastamælinum.

## Jarðfræði

### JAR103

**Markmið**

Meginmarkmið áfangans er

- að nemendur geri sér grein fyrir umfangi jarðfræðinnar sem fræðigreinar.
- að nemendur skilji og viti hvenær jörðin varð til, hvernig hún myndaðist,þekki innri lagskiptingu hennar og efnasamsetningu
- að nemendur þekki helstu steintegundir og bergtegundir jarðar
- að nemendur kunni flokkun helstu eldstöðva hér á landi og erlendis og geti gert greinarmun á þeim
- að nemendur viti hvernig lofthjúpur og vatnshjúpur vinna saman og geti rakið hringrás vatns í náttúrunni
- að nemendur kunni skil á háhita- og lághitasvæðum, þekki muninn þar á og átti sig á hagnýtingu jarðvarmans fyrirþjóð eins og Íslendinga
- að nemendur viti hvernig orkugjafar á borð við kol, olíu og geislavirk efni myndast í náttúrunni og kunni skil á hvernig maðurinn hefur nýtt sér þessi efni
- að nemendur geti unnið verkefni um mismunandi jarðfræðifyrirbæri og metið það út frá jarðfræðilegum og umhverfisfræðilegum forsendum
- að nemendur þekki helstu gerðir nýtanlegra jarðefna hérlendis
- að nemendur viti hvað umhverfismat er og hvaða hlutverki það gegnir við mannvirkjagerð
- að nemendur skilji hugtökin jarðskjálftar og brotahreyfingar, átti sig á mikilvægi þess að geta spáð fyrir umnáttúruhamfarir og tengsl þessara hugtaka fyrir tilvist mannsins
- að nemendur þekki landrekskenninguna og þau fyrirbæri sem henni tengjast, svo sem fellingafjöll, myndbreytt berg, djúpsjávarrennur, sigdali, misgengi, möttulstróka og heita reiti
- að nemendur skilji áhrif loftslags á landmótun og átti sig vel á hugtakinu veðrun
- að nemendur þekki vel áhrif sjávar á landmótun jarðar
- að nemendur þekki kenningar um uppruna og aldur jarðar auk tímatals jarðsögunnar
- að nemendur þekki helstu einkenni hvers tímabils jarðsögu Íslands og geti rakið í stuttu máli jarðsöguna frá upphafi til dagsins í dag

- að nemendur kunni góð skil á myndun og mótun Íslands, breytingar á gróðurfari, dýralífi og loftslagi og viti hver helstu megineinkenni landsins hafa verið síðustu 20 milljón árin

**Kennsluhættir**

Kennslan fer að mestu leyti fram í fyrirlestraformi. Vettvangsferð er farin á haustönn um Reykjanesskagann þar sem kynnt er fyrir nemendum þau jarðfræðifyrirbæri sem koma fyrir í kennslubók. Ber nemendum að skila sérstakri ritgerð um ferðina þar sem fram koma helstu áfangastaðir ferðarinnar og einkenni þeirra. Gildir ritgerð þessi sem hluti af lokaeinkunn nemanda. Skyndipróf eru tvö.

**Námslýsing**

Jarðfræði er fræðigrein sem tilheyrir náttúruvísindum. Hún fjallar um hinn lífvana heim jarðarinnar. Vettvangur jarðfræðinnar er jarðskorpan en viðfangsefnin eru tvíþætt og skiptist því jarðfræðin í tvær megingreinar: annars vegar hin innrænu og útrænu öfl og hins vegar jarðsöguna. Fjallað verður um helstu þætti þessara tveggja megingreina.

Innrænu öflin taka á innri gerð jarðar, landreki og flekum jarðskorpunnar, jarðskjálftum, eldsumbrotum, jarðhita, möttulstrókum og heitum reitum. Bergtegundir jarðskorpunnar og hringrás efnis fellur einnig undir þessa umfjöllun. Útrænu öflin fjalla um landmótun af völdum veðrunar, vatns og hafs. Þau fjalla einnig um lofthjúpinn og áhrif veðurfarsbreytinga á jarðskorpuna.

Jarðsagan rekur í tímaröð atburði og breytingar sem orðið hafa á jörðinni, jafnt af völdum innrænna sem útrænna afla, svo og sögu lífveranna. Kynntar verða kenningar um uppruna jarðar, tímatal jarðar og helstu megineinkenni hvers tímabils.

Sérstök áhersla verður lögð á jarðsögu Íslands, aldur landsins og myndun þess. Breytingar á loftslagi, sjávarstöðu, dýralífi og gróðurfari hér á landi fær sérstaka umfjöllum með tilvísun í landafræði landsins.

**Námsmat**

Lokapróf og vinnueinkunn.

## Kvikmyndir

### KVS103

**Markmið**

- Að nemendur þekki og skilji sögu kvikmyndalistar á 20. öld og sérkennum hennar sem listgreinar.
- Að nemendur glöggvi sig á því hvernig mismunandi sögulegum tímabilum og fyrirbrigðum hefur verið gerð skil í kvikmyndum og geti rætt á upplýstan og gagnrýninn hátt möguleika og takmarkanir kvikmynda sem tækis til að miðla sögunni.

**Kennsluhættir**

Fjallað verður um valda hluta sögunnar og hvernig þeim eru gerð skil í kvikmyndum. Þá verður tekin fyrir saga kvikmynda í fyrirlestrum, umræðum og sýningum og litið til dæma úr kvikmyndasögunni. Nemendur vinna verkefni í tíma sem utan, um ofangreint og leggja mat á hvernig einstökum tímabilum/atburðum eru gerð skil í kvikmyndum.

**Námslýsing**

Í KVS103 Fjallað um sögu kvikmyndagerðar og hvernig fjallað hefur verið um mismunandi tímabil sögunnar í kvikmyndum.

**Efnisatriði**

Upphaf kvikmyndagerðar og þróun hennar fyrstu áratugina. Uppgangur kvikmyndaiðnaðar og vandamál á 20. öld; pólitískar ofsóknir, samkeppni við sjónvarp og aðra miðla. Einkenni hvers áratugar í kvikmyndagerð frá upphafi aldarinnar og fram á okkar daga. Rómaveldi og viðleitni til kvikmyndagerðar um það. Miðaldir í kvikmyndum. Orson Welles. Kalda stríðið og kvikmyndir. Víetnamstríðið í kvikmyndum. Saga Spánar á 20. öld og spænskar kvikmyndir. Saga Írlands í kvikmyndum. Dæmi um kvikmyndagrein: Gamanmyndir.

**Námsmat**

Lokaeinkunn er mynduð af eftirfarandi: Lokapróf, paraverkefni um frjálst efni, einstaklingsverkefni um mynd að eigin vali, annarpróf, og loks ástundun og virkni.

# Landafræði

## LAN103

### Markmið

Nemandi

- þjálfist í að lesa úr, búa til og notfæra sér ólík kort, bæði staðfræði- og þemakort
- skoði framboð á íslenskum kortum, m.a. staðfræði- og þemakortum, og notkun þeirra
- geri sér grein fyrir merkingu hugtaka eins og landnýting, skipulag, auðlind og sjálfbær þróun og geti beitt þeim á ólíka vegu
- þekki hvernig landnýting hefur breyst á Íslandi
- ræði hvaða málefni eru mikilvæg þegar hugsað er til landnýtingar í framtíðinni
- geti lýst og útskýrt meginskilyrði ólíkrar landnýtingar, allt frá landbúnaði til þéttbýlis
- þekki helstu gerðir og hlutverk skipulags, svo sem aðal-, svæða- og deiliskipulag
- þekki helstu lög og reglugerðir er lúta að skipulagi og landnýtingu í heimabyggð
- ræði álitamál er varða landnýtingu á ábyrgan hátt
- geri sér grein fyrir á hvaða auðlindum efnahagslíf landsins byggist
- þekki valin dæmi um áformaða nýtingu náttúruauðlinda og tengsl hennar við atvinnulífið
- greini hvernig vatnsaflið getur verið grundvöllur orkuiðnaðar
- átti sig á hvernig náttúra og menning getur verið grundvöllur ferðaþjónustu
- þekki dreifingu, samsetningu, vöxt og hreyfingu fólksfjölda
- ræði mikilvæg vandamál er tengjast þróun fólksfjölda og búsetu, á Íslandi og erlendis
- lesi og túlki algengustu gerðir af fólksfjöldatölum og spám
- þekki þróun og breytingu einstakra svæða á jörðinni með tilliti til búsetu, landnotkunar og menningareinkenna, svo sem trúarbragða og tungumála
- geti útskýrt hvernig þróun atvinnulífs hefur breytt íslensku búsetumynstri
- kynni sér fólksflutninga í sögulegu samhengi allt til líðandi stundar, t.d. flutninga úr dreifbýli í þéttbýli, leit einstaklinga að betri lífskjörum og fólksflótta vegna náttúruhamfara eða stríða

### Kennsluhættir

Í fyrirlestrum kennara er efni áfangans reifað en umfjöllun um það síðan dýpkuð með umræðum og verkefnavinnu nemenda.

### Námslýsing

Í áfanganum er fjallað um landafræði sem fræðigrein, notagildi hennar og tengsl við aðrar fræðigreinar. Lögð er áhersla á kortalestur og kortagerð. Fjallað verður um landnýtingu á Íslandi og á heimsvísu, breytingar á notkun lands og afleiðingar þess. Skilgreint er hvað felst í skipulagi lands og á hvaða stoðum slíkt skipulag hvílir. Gerð er grein fyrir undirstöðum efnahagslífs, nýtingu auðlinda og tengslum þessara þátta. Kynnt eru grunnhugtök lýðfræðinnar, vandamál er tengjast fólksfjölgun og breytingum á búsetumynstri og loks orsakir og afleiðingar fólksflutninga.

### Efnisatriði

- Mannkynið og búsetan. Byggð á jörðinni, fólksfjöldi, lýðfræði, fólksflutningar. Landbúnaður og gróður jarðar. Matvælaframleiðsla. Íslenskur landbúnaður.
- Iðnaður, og viðskipti. Staðsetning iðnaðar, áhrifaþættir, alþjóðavæðing og skipulagsbreytingar. Flutningar, tegundir flutninga, flutningsleiðir, fjarskipti, iðnaður og þjónusta á Íslandi.
- Borgir og borgarumhverfi, borgir á mismunandi tímum, gerðir borga, áhrif borga.
- Þéttbýlismyndun á Íslandi, skipulagsmál, aðal-, deili- og svæðisskipulag, vernd náttúru og menningarminja.
- Heimsálfan Evrópa, jarðsaga, landslag og loftslag, búsetumynstur, landbúnaður, iðnaður og þjónusta.

- Heimsálfan Evrópa, vandamál, súrt regn, vatns- og sorpvandamál, svæði og landfræðileg net, ríki og ríkjahyggja, framtíð Evrópu.
- Ein jörð – margir heimar, þróunarlönd og iðnríki, þróun á mismunandi svæðum.
- Ein jörð – margir heimar. Þróunaraðstoð og þróunarsamvinna.
- Maðurinn, orkan og umhverfið, ýmsar orkulindir, eyðanlegar og endurnýjanlegar orkulindir.
- Maðurinn, orkan og umhverfið, Orka á Íslandi, umræða í samfélaginu.

**Námsmat**

Lokaeinkunn er mynduð af eftirfarandi: Lokapróf, annarpróf, fyrirlestur, smærri verkefni, og loks ástundun, virkni og mæting.

# Latína

## LAT102

**Markmið**

Að nemendur:

- geti skilið einfaldan latneskan texta og geti þýtt einfaldan íslenskan texta á latínu
- hafi tök á höfuðatriðum latneskrar mál- og setningafræði
- geti beitt latneskum orðstofnum til skilnings þegar þeir fást við texta úr Evrópumálum
- geri sér nokkra grein fyrir áhrifum hins latneska menningarheims

**Námslýsing**

Lögð er áhersla á framburð og léttan latneskan lestexta samfara æfingum, heimaverkefnum og prófum og stefnt að því að ljúka yfirferð yfir helstu grunnþætti latneskrar málfræði og setningaskipunar. Hafist er handa við málvísindi, svo sem að fara nokkuð í orðsifjafræði og samanburðarmálfræði og nemendum kynntur hinn klassíski heimur með lestri ritverka í íslenskri þýðingu.

**Efnisatriði**

- Latína: Framburður, setningaskipan, nafnorða- og sagnbeyging: germynd og þolmynd, framsöguháttur og viðtengingarháttur, lýsingarorð, töluorð, atviksorð, aðal- og aukasetningar.
- Málvísindi: Almennur inngangur að málvísindum, merkingar-, setningar-, tákn- og túlkunarfræði, málsaga og málaættir.

**Námsmat**

Námsmat er tvískipt. Annars vegar er **prófseinkunn**, þ.e. einkunn á prófi úr námsefni annarinnar. Hins vegar er **vinnueinkunn**. Hún er mynduð úr eftirfarandi þáttum: skriflegum æfingum og heimaverkefnum og virkni í tímum.

## LAT103

**Markmið**

Að nemendur:

- höfuðatriðum latneskrar mál- og setningafræði
- geti beitt latneskum orðstofnum til skilnings þegar þeir fást við texta úr Evrópumálum
- geri sér nokkra grein fyrir áhrifum hins latneska menningarheims

**Námslýsing**

Lögð er áhersla á framburð og léttan latneskan lestexta samfara æfingum, heimaverkefnum og prófum og stefnt að því að ljúka yfirferð yfir helstu grunnþætti latneskrar málfræði og setningaskipunar. Hafist er handa við málvísindi, svo sem að fara nokkuð í orðsifjafræði og samanburðarmálfræði og nemendum kynntur hinn klassíski heimur með lestri ritverka í íslenskri þýðingu.

**Efnisatriði**

Latína: Framburður, setningaskipan, nafnorða- og sagnbeyging: germynd og þolmynd, framsöguháttur og viðtengingarháttur, lýsingarorð, töluorð, atviksorð, aðal- og aukasetningar.

Málvísindi: Almennur inngangur að málvísindum, merkingar-, setningar-, tákn- og túlkunarfræði, málsaga og málaættir.

**Námsmat**

Námsmat er tvískipt. Annars vegar er prófseinkunn, þ.e. einkunn á prófi úr námsefni annarinnar. Hins vegar er vinnueinkunn. Hún er mynduð úr eftirfarandi þáttum: skriflegum æfingum og heimaverkefnum og virkni í tímum.

## LAT202

### Markmið

Að nemendur

- geti skilið nokkuð flókinn latneskan texta og geti þýtt almennan íslenskan texta á latínu
- hafi tök á höfuðatriðum latneskrar mál- og setningafræði
- geti beitt latneskum orðstofnum til verulegs skilningsauka þegar þeir fást við texta úr Evrópumálum
- geri sér nokkra grein fyrir grískum orðum og orðstofnun og áhrifum þeirra á málaheim Evrópumanna

### Námslýsing

Lögð er áhersla á lestur margs konar latnesks texta og lokið er yfirferð yfir alla höfuðþætti latneskrar málfræði og setningafræði Leystar eru fjölmargar æfingar, jafnt heima sem í skólanum og skriflegar æfingar eru reglulega. Í náminu er lögð mikil áhersla á orðsifjafræði og tengsl latínu við ensku og önnur Evrópumál. Farið er í sérstakt hefti með latneskum málsháttum og bókmenntasögu og á vormisseri er að auki farið yfir sérstakt hefti í grískum orðstofnum og tengsl þeirra við Evrópumálin og leystar æfingar í því sambandi.

### Efnisatriði

Latína: aðal- og aukasetningar, viðtengingarháttur í aðal- og aukasetningum, umsagnarígildi, lýsingarhættir og ablativus absolutus, gerundium og gerundivum, einstaka sérkennilegar sagnir, umsagnarígildi og þolmyndarsagnir. Málvísindi: latneskir orðstofnar og tengsl þeirra við ensku, grísk orð og orðstofnar í Evrópumálum, einkum hvað snertir hugvísindi.

### Námsmat

Námsmat er tvískipt. Annars vegar er **prófseinkunn**, þ.e. einkunn á prófi úr námsefni annarinnar. Hins vegar er **vinnueinkunn**. Hún er mynduð úr eftirfarandi þáttum: skriflegum æfingum og heimaverkefnum og virkni í tímum.

## LAT203

### Markmið

Að nemendur:

- geti skilið nokkuð flókinn latneskan texta og geti þýtt almennan íslenskan texta á latínu
- hafi tök á höfuðatriðum latneskrar mál- og setningafræði
- geti beitt latneskum orðstofnum til verulegs skilningsauka þegar þeir fást við texta úr Evrópumálum
- geri sér nokkra grein fyrir grískum orðum og orðstofnun og áhrifum þeirra á málaheim Evrópumanna

### Námslýsing

Lögð er áhersla á lestur margs konar latnesks texta og lokið er yfirferð yfir alla höfuðþætti latneskrar málfræði og setningafræði Leystar eru fjölmargar æfingar, jafnt heima sem í skólanum og skriflegar æfingar eru reglulega. Í náminu er lögð mikil áhersla á orðsifjafræði og tengsl latínu við ensku og önnur Evrópumál. Farið er í sérstakt hefti með latneskum málsháttum og bókmenntasögu og á vormisseri er að auki farið yfir sérstakt hefti í grískum orðstofnum og tengsl þeirra við Evrópumálin og leystar æfingar í því sambandi.

### Efnisatriði

Latína: aðal- og aukasetningar, viðtengingarháttur í aðal- og aukasetningum, umsagnar¬ígildi, lýsingarhættir og ablativus absolutus, gerundium og gerundivum, einstaka sérkenni¬legar sagnir, umsagnarígildi og þolmyndarsagnir.

Málvísindi: latneskir orðstofnar og tengsl þeirra við ensku, grísk orð og orðstofnar í Evrópumálum, einkum hvað snertir hugvísindi.

**Námsmat**

Námsmat er tvískipt. Annars vegar er prófseinkunn, þ.e. einkunn á prófi úr námsefni annarinnar. Hins vegar er vinnueinkunn. Hún er mynduð úr eftirfarandi þáttum: skriflegum æfingum og heimaverkefnum og virkni í tímum.

## LAT302

**Markmið**

Að nemendur:

- geti skilið nokkuð flókinn texta frá mismundandi tímaskeiðum
- hafi nokkur tök á að sundurgreina texta og rekja uppruna orða.
- geti beitt latneskum orðstofnum til verulegs skilningsauka þegar þeir fást við texta úr Evrópumálum

**Efnisatriði**

Texta frá ýmsum tímaskeiðum og fjölmargar æfingar.

**Námslýsing**

Lögð er áhersla á lestur margs konar latneskra texta, bæði klassískra svo og texta úr miðaldalatínu og rit á latínu eftir Íslendinga. Lögð er veruleg áhersla á orðsifjafræði og leystar fjölmargar æfingar.

**Námsmat**

Námsmat er tvískipt. Annars vegar er **prófseinkunn**, þ.e. einkunn á prófi úr námsefni annarinnar. Hins vegar er **vinnueinkunn**. Hún er mynduð úr eftirfarandi þáttum: skriflegum æfingum og heimaverkefnum og virkni í tímum.

# Líffræði

## LÍF103

**Markmið**

Að nemendur

- kynnist meginatriðum í gerð og starfsemi mannslíkamans
- hljóti þjálfun í athugunum vissra þátta lífeðlisfræðinnar með verklegum æfingum
- þjálfist í að nýta upplýsingatækni í tengslum við námið
- kynnist og beri saman: næringarnám lífvera, frumuöndun og loftskipti, flutningskerfi (æðakerfi), innri líkamsstjórnun, vökvastjórnun og þveiti, stýrikerfi dýra (byggingu og starfsemi taugakerfis, innkirtlakerfi).

**Kennsluhættir**

Fyrirlestrar og verkefnavinna í tímum ásamt verklegum æfingum.

**Efnisatriði**

Vefjaflokkar og líffæri líkamans. Næringarnám dýra, næringarnám og melting. Efnaskipti og líkamshiti. Efnaskipti í plöntum og ljóstillífun Öndun. Frumuöndun, samanburður á öndunarkerfum, loftskipti öndunar. . Lungnaöndun spendýra. Loftháð og loftfirrð öndun, efnaskipti öndunar. Stjórn öndunar. Flutningskerfi. Opin og lokuð flutningskerfi. Samanburður á blóðrásarkerfum skriðdýra, fiska, spendýra. Blóð, vessi. Virkni ónæmiskerfis, Innri líkamsstjórnun, vökvastjórnun og þveiti. Vökvastjórnun lífvera í mismunandi umhverfi. Hlutverk nýrna í hryggdýrum, efnaskiftahlutverk lifrar. Tauga-, hreyfi- og innkirtlakerfi. Samanburður á tauga- og hreyfikerfi mismunandi dýrahópa, starfsemi innkirtlakerfisins. Kynkerfi manna.

**Námsmat**

Lokapróf og vinnueinkunn

## LÍF113

### Markmið

Áfanginn veitir nemendum yfirsýn yfir vistfræðina sem fræðigrein, aðferðafræði hennar og viðfangsefni. Fjallað er um helstu hugtök vistfræðinnar.

### Kennsluhættir

Bókleg kennsla fer fram á fyrirlestrarformi og einnig verkefnavinna ýmist í tímum eða heima. Þrjár verklegar æfingar eru á önn í tengslum við námsefnið.

Farið er í vettvangsheimsókn í stofnun sem vinnur að vistfræðirannsóknum.

### Námslýsing

Fjallað er um helstu hugtök vistfræðinnar. Í áfanganum er fjallað um uppbyggingu, orkuflæði og efnahringrásir vistkerfa. Teknar eru fyrir kenningar sem lúta að stöðugleika eða kviku jafnvægi vistkerfa. Fjallað er um líffræðilegan fjölbreytileika og breytingar á tegundasamsetningu líffélaga, bæði af náttúrulegum orsökum og af mannavöldum.

Stofnhugtakið er tekið fyrir og helstu mælingaaðferðir og rannsóknir á stofnum. Sjálfbær nýting lífrænna auðlinda er útskýrð og einnig helstu nytjastofnar hérlendis. Fjallað er um aðlögun og hæfni lífvera og áhrif vistfræðilegra þátta á þróun þeirra.

Sérstaklega er lögð áhersla á sérstöðu Íslands með tilliti til vistfræðilegra þátta og fjallað um vistkerfi sem hér finnast og vistfræðilegar rannsóknir hér við land.

### Efnisatriði

Vistkerfi, líffélag, stofn, búsvæði, vist, lífrænir og ólífrænir umhverfisþættir, hringrás, orkuflæði, fæðukeðja, fæðuþrep, frumframleiðendur, neytendur, rotverur, samkeppni, afrán, samlífi, sníkjulífi, tegundasamsetning, tegundafjölbreytileiki, stöðugleiki, kvikt jafnvægi, framvinda, þróun, atferli, lífssaga, eyjaáhrif, sjálfbær nýting, nytjastofn, líffræðilegur fjölbreytileiki, tegundaútdauði, válisti, þrávirk lífræn spilliefni, gróðureyðing, jarðvegsrof, ofbeit, landgræðsla, framræsla, vistheimt.

### Námsmat

Lokapróf og vinnueinkunn

## LÍF203

### Markmið

Að nemandi

- þekki sögu erfðafræðinnar og geri sér grein fyrir mikilvægi hennar í nútímanum
- geti tekið rökstudda afstöðu til erfðafræðilegra dægurmála
- þekki lykilhugtök erfðafræðinnar um litninga og gen, t.d. kynlitningur, sjálflitningur, litningapör, samsæt gen
- geti lýst með dæmum lífsferlum örvera og fjölfruma lífvera
- þekki nokkur dæmi um hvað ræður kynferði lífvera
- þekki lögmál Mendels en í því felst að - geta lýst aðferðum til að athuga hvort einkenni séu arfgeng eða ekki
- geta lesið úr hefðbundnum ættartöflum, m.a. hvort erfðir séu ríkjandi eða víkjandi og hvort þær séu bundnar kynferði
- geta reiknað út líkur á því að afkvæmi öðlist tiltekna svipgerð ef arfgerð foreldra er þekkt
- þekki feril frumuskiptingar en í því felst að þekkja mun á mítósu og meiósu
- geta lýst með dæmum hvaða frumur og hvenær á æviferli lífvera þær skiptast meiósuskiptingu og geta útskýrt mikilvægi hennar
- þekkja fasa frumuskiptingar og geta lýst atburðarásinni og stöðu litninga í hverjum fasa fyrir sig
- þekki litningavíxl og erfðir tengdra gena
- þekki gerð og starfsemi litninga og gena en í því felst að geta lýst byggingu litninga, DNA og hvernig lykill erfðanna felst í byggingu DNA
- geti lýst afritun DNA
- geti lýst próteinmyndun frá umritun DNA yfir í RNA og þar til starfhæft prótín hefur myndast

- þekki helstu gerðir ensíma sem taka þátt í myndun prótína
- þekki dæmi um erfðir gerla og veira, áhrif þeirra á aðrar lífverur og notkun örvera í erfðarannsóknum og erfðatækni
- geti lýst príonum (próteinsýklum) og hugmyndum um áhrif þeirra á lífverur
- þekki dæmi um temprun á genavirkni í gerlum og kjörnungum
- þekki helstu breytingar sem verða á erfðaefninu, orsakir þeirra og afleiðingar en í því felst að geta lýst helstu gerðum stökkbreytinga, þ.e. breytingum á einstökum genum
- geti lýst helstu breytingum á gerð litninga
- þekki til breytinga á fjölda litninga
- geti tengt ófrjósemi og æxlisvöxt við óeðlilega frumuskiptingu
- þekki tengsl milli erfða og þróunar
- þekki Hardy-Weinberg regluna um tíðni arfgerða
- þekki nokkrar grunnaðferðir sem notaðar eru í erfðarannsóknum og erfðatækni
- þekki dæmi um nýtingu erfðafræði og erfðatækni í daglegu lífi, í landbúnaði og í læknavísindum

**Námslýsing**

Í áfanganum er fjallað um sögu erfðafræðinnar og stöðu hennar innan náttúruvísinda. Fjallað er um lykilatriði erfðafræðinnar, frumuskiptingu, litninga og gen, myndun kynfrumna og frjóvgun. Einnig um erfðamynstur lífvera og hvað ræður kynferði þeirra. Litningar eru teknir nánar til umfjöllunar frá NÁT 103 og skoðað hvernig þeir stjórna myndun próteina í lífverum og atburðarás prótínmyndunar rakin. Breytingum á erfðaefni, stökkbreytingum og litningabreytingum er lýst ásamt sérkennum í erfðum örvera og fjallað um helstu aðferðir sem beitt er í erfðarannsóknum og erfðatækni. Fjallað er um tíðni og jafnvægi gena í ólíkum stofnum lífvera. Gert er ráð fyrir fjölbreyttri verkefnavinnu nemenda í áfanganum.

**Efnisatriði**

Frumuskipting, mítósa, meiósa, frjóvgun, litningur, einlitna, tvílitna, kynlitningur, sjálflitningur, samstæðir litningar, samsæt gen, arfgerð, svipgerð, arfhreinn, arfblendinn, ríkjandi gen, víkjandi gen, kyntengd gen, fjölgena erfðir, frymiserfðir, stofnerfðir, banagen, tengsl gena, litningavíxl, stökkbreyting, litningabreyting, stofnerfðir, heilkenni,

DNA , RNA , kirni, tákni, andtákni, ríbósóm, afritun, umritun, próteinmyndun, innraðir, útraðir, afritarar, skerðiensím, temprun erfðavirkni, gerðargen, stilligen, stjórngen, gerlar, veirur, genaferja, príon, meingen, æxlisvöxtur.

**Námsmat**

Lokaeinkunn er samsett úr skriflegu lokaprófi og vinnueinkunn sem inniheldur verkefnavinnu (einstaklings og hópavinna) og könnunarpróf.

## LÍF303

**Markmið**

Nemandi

- Þjálfist í að takast á við margvísleg verkefni sem krefjast nákvæmni og vandvirkni en einnig útsjónarsemi og nýsköpunar
- Þjálfist í að greina mismunandi umfjöllun um líffræðileg efni, svo sem í kennslubókum fjölmiðlum, fræðiritum og á Netinu
- Geti gert raunhæfar áætlanir um rannsóknaraðferðir
- Þekki hvaða rannsóknartæki og hugbúnaður er á boðstólum í tengslum við líffræðinám
- Öðlist öryggi við beitingu ýmiss konar sérhæfðs búnaðar
- Öðlist reynslu af nýtingu upplýsinga- og samskiptatækni í tengslum við líffræðinám, t.d. við söfnun upplýsinga og uppsetning vefsíðna
- Sé fær um að afla, flokka, vinna úr og miðla upplýsingum í tengslum við líffræðinám sitt á greinargóðan, gagnrýninn og skapandi hátt
- Þjálfist í að tjá sig um aðferðir sínar og lausnir í töluðu máli og rituðu
- Þjálfist í að vinna sjálfstætt og í samstarfi við aðra að fjölbreytilegum verkefnum og sýni að hann geti tengt saman þekkingu úr ólíkum fögum á mismunandi vegu
- Þjálfist í að móta sér sína eigin afstöðu studda rökum og niðurstöðum athuguna
    - sinna eigin

    - annarra
- Geri sér grein fyrir mikilvægi rannsókna á sviði náttúruvísinda, sér í lagi í tengslum við líffræði

**Námslýsing**

Í þessum áfanga samþættir nemandinn þá þekkingu og færni sem hann hefur aflað sér í fyrri líffræðiáföngum og öðrum námsgreinum, við vinnu að fjölþættum úrlausarefnum og verkefnum.

Meginmarkmið áfangans er að brjóta niður veggi milli fyrri áfanga og faga, rifja upp efni þeirra og setja það í víðara samhengi en áður hefur verið mögulegt.

Lögð er áhersla á vinnubrögð sem nýtast við áætlanagerð, vinnu við rannsóknarvinnu og ritsmíðar í raungreinum. Þá eru einnig kennd vinnubrögð sem nýtast við framsetningu fræðilegrar vinnu.

**Kennsluhættir**

Hver nemandi velur á milli þess að vinna a.m.k. einnar einingar rannsóknarverkefni eða heimildaritgerð sem krefst a.m.k. að hluta til þýðingar úr erlendum fræðiritum um þrengri svið líffræðinnar. Nemendur vinna sjálfstætt og í hópum og þjálfast í að koma hugmyndum sínum og niðurstöðum frá sér á greinagóðan hátt.

Gert er ráð fyrir því að nemendur nýti upplýsinga- og samskiptatækni við verkefni sín. Gert er ráð fyrir samstarfi við stofnanir og ýmsa aðila sem starfa innan þess sviðs sem nemendur velja sér eftir því sem tök eru á.

**Námsmat**

Verkefni og ritgerð

## Lífsleikni

### LKN101

**Markmið**

Nemandi

- geti nýtt sér námsframboð og námsleiðir skólans á sem árangursríkastan hátt; það felur í sér að nemandi sé fær um að skoða mismunandi námsleiðir.
- læri árangursríkar aðferðir við nám í framhaldsskóla.
- geti nýtt sér ýmsa félagsstarfsemi og aðra nemendaþjónustu sem er í boði innan skólans; það felur í sér að nemandi fái tækifæri til að kynnast og að taka virkan þátt í félagsstarfi skólans í samræmi við áhugasvið sitt.
- viti hvaða sérfræðiþjónustu skólinn hefur upp á að bjóða og hvar hennar er að leita, t.d. umsjónarkennara,námsráðgjafa, skólasafnið og skrifstofan.
- geti tekið virkan þátt í jafnréttisumræðu
- verði meðvitaður um mikilvægi þess að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.
- verði meðvitaður um mikilvægi hollrar fæðu.
- verði meðvitaðri um eigin líkamsbeitingu og mikilvægi hreyfingar.
- þekki skaðsemi áfengis og tóbaks.

**Námslýsing**

Nemandinn tekur þennan áfanga í upphafi náms við framhaldsskóla og er hann kenndur eina kennslustund á viku yfir báðar annir. Einn kennari hefur yfirumsjón með áfanganum og sér um skipulag hans. Í áfanganum mun nemandinn fá kynningu á námsleiðum innan skólans, skólareglum, skólastarfinu og félagslífi skólans. Einnig mun nemandi ræða um jafnrétti og mikilvægi þess að tileinka sér heilsusamlegan lífsstíl. Sérfræðingar í málefnum ungs fólks heimsækja skólann og ræða við nemendur eftir því sem tök eru á.

**Námsmat**

Námsmat byggir á ástundun og fær nemandi einkunnina „staðið“ í lok skólaárs. Engin próf eru í áfanganum en ýmis verkefni eru unnin í tengslum við námsefnið.

### LKN121

**Markmið**

Nemandi

- fái kynningar á þeim námsleiðum sem í boði eru að loknu stúdentsprófi
- fái kynningu á stofnunum sem gagnlegar eru við leit að námi eða störfum að loknu stúdentsprófi
- geti tekið virkan þátt í samfélagslegri umræðu
- fái kynningar á ýmsum menningartengdum viðburðum
- verði meðvitaður um mikilvægi þess að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl

**Námslýsing**

Nemandinn tekur þennan áfanga í 6. bekk og er hann kenndur eina kennslustund á viku yfir báðar annir. Í áfanganum mun nemandinn fá kynningu á námsleiðum að loknu stúdentsprófi ásamt ýmsum öðrum valkostum, t.d. sjálfboðaliðastarfi. Einnig munu nemendur fá kynningu málefnum sem eru ofarlega á baugi í samfélaginu og tækifæri til þess að ræða þau. Einnig er lögð áhersla á að nemendur átti mikilvægi þess að tileinka sér heilsusamlegan lífsstíl. Sérfræðingar á ólíkum sviðum heimsækja skólann og ræða við nemendur eftir því sem tök eru á.

**Námsmat**

Námsmat byggir á ástundun og fær nemandi einkunnina „staðið“ í lok skólaárs. Engin próf eru í áfanganum en ýmis verkefni eru unnin í tengslum við námsefnið.

## Lokaverkefni

### LOK103

**Markmið**

Markmið er að:

- nemendur öðlist þekkingu á fræðilegum vinnubrögðum og aðferðafræði við ritgerðarsmíð og rannsóknir.
- nemendur verðir færir um að skrifa fræðilega greinargerð.
- nemendur geti metið gildi ólíkra heimilda.
- nemendur geti sett upp efni (ritgerð) í tölvuforriti og komið efninu frá sér á góðri íslensku.
- nemendur fái innsýn inn í ýmsar tegundir aðferða félags- og mannvísinda.
- nemendur verðir færir um að meta ýmiss siðferðileg vandamál í tengslum við rannsóknir og ritun fræðilegra greina.

**Kennsluhættir**

Kennslan byggist á stuttum fyrirlestrum um aðferðir og vinnubrögð, stutt verkefni og umræður. Að öðru leyti munu nemendur vinna talsvert sjálfir að gerð lokaverkefnis (ritgerðar) og hitta kennara þess á milli.

**Námslýsing**

Um er að ræða verkefnaáfanga þar sem nemendur eru þjálfaðir í fræðilegum vinnubrögðum og ritgerðasmíð.

**Námsmat**

Felst í ástundun og virkni nemenda. Nemendur vinna stórt verkefni undir handleiðslu kennara. Áfanginn er próflaus.

## Lögfræði

### LÖG103

**Markmið**

Að nemendur:

- fái innsýn í réttarreglurnar og geri sér grein fyrir
- hvernig þær verka á samskipti manna
- öðlist almenna fræðslu um íslenska lögskipan

**Kennsluhættir**

Kennsla fer fram með fyrirlestrum kennara, umræðum, ýmiss konar verkefnavinnu, m.a. þar sem nemendur vinna saman í hópum. Heimsóknir í Alþingi o.fl. Gestafyrirlesarar. Uppsetning dómsmáls.

**Námslýsing**

Lögfræði sem fræðigrein kynnt, fjallað um nokkur mikilvæg grundvallarhugtök og fræðikerfi lögfræðinnar. Fjallað verður um hugtakið réttarheimild og allar helstu tegundir réttarheimilda sem beitt er í íslenskum rétti. Grunnreglum réttarfars verða gerð skil, bæði almennum reglum einkamálaréttarfars og opinbers réttarfars svo og reglum um fullnusturéttarfar, þ.á.m. reglum um aðför og gjaldþrotaskipti. Farið er yfir stofnun löggerninga, helstu meginreglur kröfuréttarins, lausafjárkaup og fasteignaviðskipti. Þá verður farið yfir meginreglur sifjaréttar, stofnun og slit hjúskapar og reglur um fjármál hjóna. Loks verður farið yfir fjármál einstaklinga og rekstur heimilis.

**Efnisatriði**

Réttarheimildir. Stjórnskipun Íslands. Dómstólar. Lausafjárkaup. Samningaréttur. Fasteignaviðskipti. Hjúskapur. Barnaréttur. Erfðir. Vinnumarkaðurinn. Félög og skattar.

**Námsmat**

Námsmat er samansett úr skilaverkefnum og skriflegu lokaprófi

## Markaðsfræði

### MAR102

**Markmið**

Að nemendur:

- læri undirstöðuatriði við stjórnun og skipulagningu markaðsaðgerða.

**Námslýsing**

Í kennslunni er farið yfir grundvallarhugtök sem tengjast markaðsfræði og fjallað um hvernig hugmyndafræðin er notuð til að markaðssetja vörur og þjónustu. Sérstaklega er farið í mikilvægi markaðsstarfs í síbreytilegu umhverfi, afstöðu fyrirtækja til markaðarins, rekstrar – og samkeppnisumhverfi, markaðshlutun, val markhópa, staðfærslu, vöruhugtakið, verðlagningu, kynningarmál, ímynd fyrirtækja og markaðsáætlanir.

**Námsmat**

Lokaeinkunn er samsett úr lokaprófi og vinnueinkunn sem samanstendur af skyndiprófum, verkafnum og ástundun.

### MAR103

**Markmið**

**Kennsluhættir**

- Fyrirlestrar
- verkefnavinna - nemendur vinna einstaklings - eða hópverkefni tengt hverjum kafla og flytja frammi fyrir bekknum.
- Á félagsfræðibraut er unnið stórt verkefni þar sem að nemendur gera markaðsáætlun.

**Námslýsing**

Í kennslunni er farið yfir grundvallarhugtök sem tengjast markaðsfræði og fjallað um hvernig hugmyndafræðin er notuð til að markaðssetja vörur og þjónustu. Sérstaklega er farið í mikilvægi markaðsstarfs í síbreytilegu umhverfi, afstöðu fyrirtækja til markaðarins, rekstrar – og samkeppnisumhverfi, markaðshlutun, val markhópa, staðfærslu, vöruþróun, líftíma vöru, vöruhugtakið, verðlagningu, kynningarmál, ímynd fyrirtækja og markaðsáætlanir. Farið er yfir grundvallaratriði markaðsrannsókna og gerð skoðanakannana kynnt.

**Námsmat**

Lokaeinkunn er samsett úr lokaprófi og vinnueinkunn sem samanstendur af skyndiprófum, verkafnum og ástundun.

### MAR202

**Markmið**

Að nemendur

- kynnist undirstöðuatriðum markaðskannana

- öðlist færni í tölfræðilegri úrvinnslu gagna

**Námslýsing**

Í áfanganum læra nemendur undirstöðuatriði í undirbúningi og framkvæmd markaðskannana. Þeir öðlast færni í tölfræðilegri úrvinnslu gagna og notkun á SPSS tölvuforritinu. Unnin er markaðsrannsókn í samvinnu við fyrirtæki og skila nemendur skýrslu með niðurstöðunum. Markaðsrannsóknin er unnin í hóp.

**Námsmat**

Kaflapróf, hópverkefni/markaðsrannsókn og skriflegt lokapróf.

# Menningarfræði

## MEN103

**Menningarfræði**

**Markmið**

Að nemendur:

- þekki hugtök sem notuð eru í umræðu um bæði þjóðmenningu og alþjóðamenningu
- öðlist skilning á menningarlegum margbreytileika í samfélagi manna
- öðlist þekkingu á mikilvægum þáttum í menningu þjóða, einkum evrópskra
- ráði í það hvað kallast geti helstu þjóðareinkenni Íslendinga og fleiri Evrópuþjóða
- geri sér grein fyrir því hvernig reynsla, hugsun og tjáning manna mótast og kemur fram, meðal annars í margvíslegum greinum lista og fræða
- þekki hugtök á borð við frelsi, lýðræði og sjálfstæði og geti beitt þeim
- geri sér grein fyrir hugmyndum Vesturlandaþjóða um stjórnskipan og áhrif þeirra
- öðlist færni til að afla sér upplýsinga og meta þær með aðstoð margvíslegra miðla
- efli með sér hæfni til sjálfstæðis í hugsun og vinnubrögðum sem og samstarfs
- þjálfist í að meta umhverfi sitt og eigin hugmyndir á uppbyggilegan hátt í krafti þekkingar og skarprar hugsunar

**Kennsluhættir**

Margvíslegum aðferðum er beitt til að ná settum markmiðum. Kennsla fer meðal annars fram með fyrirlestrum, þar sem kennari kynnir viðfangsefni og leggur út af því, og notar til þess glærur, kort og myndefni. Ýmiss konar verkefnavinna nemenda (fyrirlestrar og framsöguerindi þar með talin) og samræða samkvæmt leiðbeiningum kennara eru mikilvægur hluti námsins.

**Námslýsing**

Í náminu er leitað fanga í ólíkum fræðigreinum til að varpa ljósi á mismunandi samfélagsþætti og má þar nefna bókmenntir, félagsfræði, heimspeki, myndefni ýmis konar, landafræði, mannfræði, sögu og stjórnmálafræði.

**Efnisatriði**

Hugtök sem notuð eru til umfjöllunar um menningu. Mikilvægir þættir í menningarsögu Vesturlanda. Hugmyndir og umræður um þjóðernishyggju og ólík sjónarhorn á viðfangsefnið ,,þjóð". Sérstök áhersla er lögð á umfjöllun um Ísland og Íslendinga í þessu samhengi.

**Námsmat**

Mat fyrir áfangann byggist á eftirfarandi þáttum: Lokapróf í desember, annarpróf (eitt), verkefni, ástundun og virkni. Lágmarkseinkunn á lokaprófi til að standast áfangann er 4,0 án námundunar. Lágmarkslokaeinkunn (vegið meðaltal lokaprófs og vinnueinkunnar) er 5,0 (sbr. skólareglur).

## MEN203

**Markmið**

Að nemendur:

- auki með sér skilning á fjölbreytileika ólíkra samfélaga
- geti gert sér grein fyrir hlutverki menningarlegra og félagslegra þátta í mótun einstaklinga og samfélaga. Í þessu samhengi verður sérstakri athygli beint að trúarbrögðum
- auki þekkingu sína á völdum þjóðum utan Evrópu og geri sér grein fyrir helstu þáttum í menningu þeirra

- öðlist aukna færni til að afla sér upplýsinga úr ólíkum miðlum, vinna úr þeim og skila til annarra
- auki hæfni til að setja fram skoðanir sínar, taka þátt í rökræðum og túlka ólík sjónarmið
- efli með sér hæfni til sjálfstæðis í hugsun og vinnubrögðum sem og samstarfs
- þjálfist í að meta umhverfi sitt og eigin hugmyndir á uppbyggilegan hátt í krafti þekkingar og skarprar hugsunar

**Kennsluhættir**

Margvíslegum aðferðum er beitt til að ná settum markmiðum. Kennsla fer meðal annars fram með fyrirlestrum, þar sem kennari kynnir viðfangsefni og leggur út af því, og notar til þess glærur, kort og myndefni. Ýmiss konar verkefnavinna nemenda (fyrirlestrar og framsöguerindi þar með talin) og samræða samkvæmt leiðbeiningum kennara eru mikilvægur hluti námsins.

**Námslýsing**

Í menningarfræði í 6. bekk er fjallað um eingyðistrúarbrögðin gyðingdóm, kristni og íslam. Jafnframt verður kastljósinu beint að Miðausturlöndum og fjallað ítarlega um valin svæði, einkum Egyptaland.

**Námsmat**

Mat fyrir áfangann byggist á eftirfarandi þáttum: Lokapróf í desember, mæting, próf, verkefni og æfingar, ástundun og virkni.

## Náttúruvísindi

### NÁT103

**Markmið**

Að veita nemendum þekkingu á lífverum jarðar. Á hersla er lögð á flokkun lífvera, umhverfisfræði, erfðir, erfðaefnið, lífeðlisfræði mannslíkamans, æxlun og efnasamsetningu lífvera.

**Kennsluhættir**

Hefðbundin kennsla fer fram í kennslutímum með fyrirlestrum, þar sem hvatt er til umræðu og fyrirspurna eftir því sem tilefni gefast til. Helstu hjálpartæki eru t.d. myndbönd og litskyggnur. Auk þessa eru verklegar æfingar í raungreinastofu, en þar er tölvubúnaður sem gerir nemendum kleift að hefja skýrslugerð og útreikninga jafnframt tilrauninni. Lögð er áhersla á að nemendur noti tölvuforrit (t.d. Excel) við úrvinnslu niðurstaðna. Nemendum er ætlað að tileinka sér og öðlast skilning á efni kennslutexta og viðbótarefni sem fram kemur í kennslustundum. Einnig eiga þeir að ná tökum á skýrslugerðarformi og tölfræðilegri úrvinnslu gagna í verklegum tilraunum.

**Námslýsing**

Á hersla er lögð á að veita nemendum almenna heildarmynd af ýmsum mikilvægum þáttum sem líffræðin fjallar um, svo sem almennum einkennum lífvera, umhverfisfræði, mannslíkamann, æxlun, erfðir og líftækni.

**Efnisatriði**

Almenn einkenni, nafngiftir, flokkun og fjölbreytni lífvera (veirur, bakteríur, frumverur, skordýr, hryggdýr og fræplöntur). Fruman, lífræn efni, vefir, líffæri, líffærakerfi, næringarforði lífvera og orkuvinnsla.

Mannslíkaminn: melting, öndun, blóðrásarkerfi, húðin, lifur, nýru, taugakerfið, sjón, heyrn og beinagrindin. Æxlun: kyn- og kynlaus æxlun, frumuskipting, æxlunarkerfi manna, kynfrumur.

Erfðir: litningar, gen, meginlögmál erfðafræðinnar, erfðir manna.

Kjarnsýrur og prótín, eftirmyndun DKS, prótínmyndun, erfðatækni og siðferðisleg vandamál.

Lífverur og umhverfi þeirra: (fæðutengsl, stofnar, áhrif manna á umhverfi sitt og ástand umhverfismála á Íslandi).

**Námsmat**

Skriflegt lokapróf í lok annar gildir á móti vinnueinkunn sem samanstendur af áfangaprófi, heimaverkefni.

## NÁT113

### Markmið

Meginmarkmið áfangans er

- að nemendur fái heildarsýn yfir hin helstu svið náttúruvísinda, svo sem kortagerð, stjörnufræði, útræn- og innræn öfl sem móta jarðskorpuna, haffræði, veðurfræði og hagnýta jarðefna- og jarðeðlisfræði.
- að nemendur kynnist hugmyndum náttúruvísinda, aðferðafræði náttúrufræðinga og umhverfissiðfræðinni eins og hún er kynnt í dag.
- að nemendur fái innsýn í grundvallaratriði kortagerðar og teiknun þversniða.
- að nemendur kynnist helstu atriðum í stjörnufræði og þeim plánetum sem finnast í sólkerfi okkar.
- að nemendur viti gróflega hver uppruni og aldur jarðar er – þekki hinar helstu jarðsögulegu breytingar sem átt hafa sér stað auk þess sem þeir skilji lagskiptingu jarðar til hlítar.
- að nemendur þekki innrænu öflin og kannist við hugtökin: heitir reitir, flekarek, flekaskil, og uppruna jarðvarmans.
- að nemendur viti hverjir eru helstu orkugjafar heimsins – uppruni – nýting – gróðurhúsaáhrif – ósoneyðing og förgun úrgangs (kjarnorka).
- að nemendur þekki útrænu öflin, hringrás vatnsins og myndun og áhrif grunnvatns á jarðskorpuna.
- að nemendur átti sig á mismunandi gæðum jarðefna og rannsóknum á því sviði.
- að nemendur skilji vel nýtingu jarðefna fyrr á öldum. Þekki vel hagnýt jarðefni í dag. Hvernig efnistaka og friðlýst svæði eru skipulögð og notkun jarðefna til mannvirkjagerðar.
- að nemendur kunni skil á veðurfarslegum og landfræðilegum forsendum vatnsaflsvirkjana, eftirspurn, verðlagningu og hagkvæmni.
- að nemendur kunni skil á hugtökunum stíflur, miðlunarlón, veitur og rennslismælingar.
- að nemendur skilji hvað felst í mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrif vatnsaflsvirkjana, flutningskerfi raforkunnar og sjónræn áhrif virkjana.

### Kennsluhættir

Kennslan fer að mestu leyti fram í fyrirlestraformi. Kennslustundir eru þrjár á viku. Tekið er jólapróf og vorpróf og að auki eru fjögur skyndipróf lögð fyrir nemendur á skólaárinu. Nemendur vinna verkefni úr hverjum kafla og skila til kennara. Einkunnir eru gefnar fyrir þá vinnu. Umræður og vinna á verkefnum í tímum er einnig stór þáttur í kennslunni. Kennslan er mjög þemabundin og nálgun á viðfangsefninu tengist manninum og gjörðum hans.

### Námslýsing

Nát113 er kennd í 3. bekk (á 1. ári). Fjallað er um kortagerð, stjörnufræði, jarðsögu, innræn öfl, innri gerð jarðar, landrekskenninguna, útræn öfl, jarðefni, vatnsorku og jarðvarma á Íslandi.

### Efnisatriði

Kort og kortagerð, Sólkerfið og alheimurinn, innræn öfl, innri gerð jarðar, jarðskorpuflekar, landrek, bergtegundir, Ísland og landrekið, útræn öfl, jarðsagan, hagnýt jarðefni á Íslandi, vatnorka og jarðvarmi.

### Námsmat

Skriflegt lokapróf í lok annar gildir á móti vinnueinkunn sem inniheldur áfangapróf, heimaverkefni o.fl.

## NÁT123

### Markmið

Að nemendur

- þekki atómkenninguna og þróun hennar, öreindir og meginatriði í gerð frumefna,
- geti gert grein fyrir megingerðum efnasambanda og efnahvarfa,
- geti sett upp einfaldar efnajöfnur, og þekki meginatriðin í uppsetningu lotukerfisins og hvaða upplýsingar er þar að finna.

- öðlist skilning á meginatriðum varðandi einkenni og samsetningu gufuhvolfsins, geti útskýrt loftþrýsting og átti sig á breytingum sem efnamengun í andrúmslofti getur valdið. Einnig að þeir geti gert grein fyrir hringrás vatns við yfirborð jarðar og vatnsorkuvirkjunum.
- þekki meginatriði aflfræðinnar og séu færir um að framkvæma einfalda aflfræðiútreikninga
- þekki orkuhugtakið, varðveislulögmál orkunnar, tengsl orku og efnis, helstu orkumyndir, orkuframleiðslu og orkunotkun. Lögð er sérsök áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir meginatriðum í framleiðslu og nýtingu orku hér á landi.
- kunni skil á rafsegulbylgjum, náttúrulegri geislavirkni, kjarnorku og sólarorku, og öðlist nokkra þekkingu á kjarnorkuverum og nýtingu sólarorku, til dæmis sólarrafhlöðum.
- öðlist þjálfun í skýrslugerð og tölfræðilegri úrvinnslu gagna.

**Kennsluhættir**

Hefðbundin kennsla fer fram í kennslutímum, þar sem hvatt er til umræðu og fyrirspurna eftir því sem tilefni gefast til. Auk þessar eru verklegar æfingar í raungreinastofu. Í raungreinastofu er tölvubúnaður sem gerir nemendum kleift að hefja skýrslugerð og útreikninga jafnframt tilrauninni. Lögð er áhersla á að nemendur noti tölvuforrit (t.d. Excel) við úrvinnslu niðurstaðna. Nemendum er ætlað að tileinka sér og öðlast skilning á efni kennslutexta og viðbótarefni sem fram kemur í kennslustundum. Einnig eiga þeir að ná tökum á skýrslugerðarformi og tölfræðilegri úrvinnslu gagna í verklegum tilraunum.

**Námslýsing**

Megináhersla er lögð á eftirfarandi þætti:

- Grundvallaratriði efnafræðinnar, svo sem lotukerfið, atómið, efnasambönd og efnahvörf. Einnig eðli vatns, hringrás vatns og andrúmsloftið.
- Meginatriði aflfræðinnar, orka, orkunotkun, rafsegulbylgjur, geislavirkni og kjarnorku.

**Efnisatriði**

Saga vísindanna, grunneiningar, markverðir stafir og eðlismassi. Atómkenningin, atóm og sameindir, frumefni, lotukerfið, öreindir, samsætur, efnasambönd, efnajöfnur, sameindir, jónir, efnablöndur, efnahvörf, formúlumassi, mól og mólmassi. Lögmál Newtons, hreyfing, hraði, hröðun, hemlunarvegalengd, massi og þyngd, núningskraftur, stöðuorka, hreyfiorka, frjálst fall, vinna,rafmagn og orkulögmálið. Hringrás vatns, varmaorka, eðlisvarmi, fasaskipti, raforkuframleiðsla og orkuflutningur. Lofthjúpurinn, gróðurhúsaáhrif og ósonlagið, jarðeldsneyti, loftmengun, vistvænir orkugjafar, rafgreining, kjarnorka, efnarafalar og rafhlöður. Sólarorka, vindorka, vetnisframleiðsla, metangas sem eldsneyti. Rafsegulbylgjur. Innlendir orkugjafar á farartæki, rafhlöður, efnarafalar, rafgreining.

**Námsmat**

Skriflegt lokapróf í lok annar gildir á móti vinnueinkunn sem inniheldur áfangapróf, heimaverkefni o.fl.

## Rekstrarhagfræði

### REK103

**Markmið**

Að nemendur:

- öðlist skilning á tekjum, rekstrarkostnaði og afkomu fyrirtækja. Innborgunum, útborgunum og greiðslustöðu
- þekki algengustu kennitölur um rekstrarafkomu og geti notað þær til að túlka niðurstöður rekstrar- og efnahagsstöðu
- skilji verðmætasköpun hjá fyrirtækjum
- geti samið einfaldar rekstrar- og greiðsluáætlanir
- skilji undirstöðuatriði markaðsverðmyndunar

**Kennsluhættir**

Námsefnið er yfirfarið með skýringadæmum og verkefnavinnu. Mikil áhersla er á reglulega heimavinnu og vönduð vinnubrögð. Reglulegar skriflegar æfingar.

**Námslýsing**

Kostnaðarhugtök, tekjur, núllpunktur, framlegðarútreikningar, rekstraráætlanir og greiðsluáætlanir. Beinn og óbeinn kostnaður. Rekstrarreikningur, efnahagsreikningur og kennitölur sem túlka ársreikninga.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar.

## REK203

**Markmið**

Að nemendur:

- Öðlist skilning á hugtökum rekstrarhagfræðinnar og geri sér ljósa hagfræðilegu hliðina á rekstri fyrirtækja.
- Öðlist skilning á mismunandi markaðsumhverfi sem fyrirtæki starfa í.
- Þjálfist í að nota stærðfræði og upplýsingatækni við lausn hagfræðilegra viðfangsefna.

**Kennsluhættir**

Kennslan verður í formi fyrirlestra, skýringardæma og viðræðna við nemendur. Nemendur þurfa að vinna verkefni bæði heima og í tíma.

**Námslýsing**

Upprifjun á grundvallarhugtökum hagfræðinnar. Mismunandi tegundir af teygni. Kynning á framleiðslufræði, Afkastalögmálið og innkaup. Helstu hugtök kostnaðarfræða. Markaðsform og verðmyndun. Hámörkun hagnaðar. Útreikningar.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar.

## REK213

**Markmið**

Nemendur skynji hugsunarhátt hagfræðingsins og hvernig beita megi flóknari hjálpartækjum s.s. stærðfræði til úrlausnar flóknari viðfangsefnum. Þá er námskeiðið undurbúningur undir Rek313.

**Kennsluhættir**

Kennslan fer fram í formi fyrirlestra og dæmatíma. Nemendur vinna sjálfstætt en undir handleiðslu kennara.

**Námslýsing**

Í kennslubókinni Economics e. Gregory Mankiw eru lesnir kaflar 1,2,4,5,6 og 13 og tilheyrandi efni í verkefnaheftinu. Hverjum kafla í Economics fylgir PowerPoint glærusafn á íslensku sem nálgast má á neti skólans. Úrlausn verkefna er stór hluti námskeiðsins.

**Efnisatriði**

10 grunnatriði hagfræðinnar, úthlutun takmarkaðra framleiðsluþátta, valkvölin, fórnarkostnaðar-hugtakið, að hugsa á jaðrinum, hvernig hvatar hafa áhrif á þankaganginn, hagkvæmni viðskipa, hvers vegna markaðir eru hagkvæm en ekki fullkomin leið til úthlutunar gæða, algjörir-hlutfallslegir yfirburðir, hin vísindalega aðferðafræði, líkanasmíð í hagfræði, framboð og eftirspurn, verðteygni, tekjuteygni, víxlteygni, áhrif pólitískra ákvarðana á hagvæmni markaðarins s.s. setning hámarks/lágmarksverðs, skattlagning. Kostnaðarhugtök, frá sjónarhóli hagfræðingsins annars vegar og bókarans hins vegar. Heildar- og einingarkostnaður, fastur og breytilegur, jaðarkostnaður. Lágmörkun kostnaðar.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar.

## REK313

**Markmið**

Að nemendur öðlist haldgóða þekkingu á mismunandi markaðsformum og geti leyst hámörkunar- og lágmörkunarvandamál við mismunandi tekju- og kostnaðarskilyrði.

**Kennsluhættir**

Kennslan fer fram í formi fyrirlestra og dæmatíma.

**Námslýsing**

Í kennslubókinni Economics e. Gregory Mankiw eru lesnir kaflar 14,15,16 og 17 og tilheyrandi efni í verkefnaheftinu. Hverjum kafla í Economics fylgir PowerPoint glærusafn á íslensku sem nálgast má á neti skólans. Úrlausn verkefna er stór hluti námskeiðsins.

**Efnisatriði**

Samkeppnimarkaðir, fullkomin samkeppni, jaðartekjur, jaðarkostnaður, breytilegur-, stiglækkandi, stighækkandi, hlutfallslegur kostnaður, afraksturslögmálið. Hámörkun tekna, lágmörkun kostnaðar, 0 punktur, hagkvæmasta magn og verð við mismunandi markaðsskilyrði. Framboð fyrirtækja til skamms- og langs tíma. Stöðvun fyrirtækis til skamms tíma og lokun fyrirtækis. Jafnvægi/ójafnvægisástand á fullkomnum markaði, bókhaldslegur/hagfræðilegur hagnaður. Einokun, ástæður einokunar, neytenda- og framleiðendaábati, velferðartap (kostnaður þjóðfélags v/einokunar, samkeppnislög, verðaðgreining, mismunandi leiðir við skiptingu markaðar m.t.t. verðaðgreiningar, fákeppni, samtök framleiðenda, samvinna á markaði. Leikjafræði, Nash-lausn, ríkjandi leikáætlun. Einkasölusamkeppni.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar

## REK322

**Markmið**

Að dýpka þekkingu og auka færni í rekstrarhagfræði. Að nemendur læri að beita þekkingu sinni á sviði rekstrarhagfræðinnar við lausn á praktískum atriðum. Leitast er við að tengja þá þekkingu við frumkvöðlafræði, gerð viðskiptaáætlana og að nemendur fái yfirsýn yfir hvernig færni í rekstrarhagfræði nýtist þeim í atvinnulífinu.

**Kennsluhættir**

Kennsla er í formi fyrirlestra og verkefnavinnu. Nemendur vinna einstaklingsverkefni sem og hópverkefni.

**Námslýsing**

Þungamiðjan í námskeiðinu er áhersla á frumkvöðulinn og frumkvöðlafræði; hvað einkennir frumkvöðla, hver eru fyrstu skrefin við að stofna rekstur og hvernig er staðið að gerð viðskiptaáætlana. Nemendur fá auk þess tækifæri til að kynnast nýjum og/eða litlum fyrirtækjum. Námskeiðið er byggt upp á leikjafræði, frumkvöðlafræði, gerð viðskiptaáætlana og verkefnavinnu auk þess sem farið er í saumana á 10 grunnatriðum hagfræðinnar.

**Námsmat**

Námsmat byggir á skyndiprófum og verkefnum.

## REK323

Ekki kenndur 2011-2012

# Saga

## SAG103

**Markmið**

Nemendur

- hafi skilning á sögu mannsins frá örófi alda fram á nýöld, þar með menningarríkjum fornaldar, samfélagsháttum miðalda og þjóðfélagsþróun á fyrri hluta nýaldar.
- hafi innsýn í heim fornaldar og miðalda, stjórnarhætti, verkmenningu, heimspeki og trúarbrögð, þannig að samhengi og samfella sögunnar sé þeim ljós. Nemendur skilji áhrif ýmissa þátta í menningu fornaldar og miðalda á vestræn þjóðfélög nútímans, þar á meðal vort eigið.
- hafi innsýn í sögu lands og þjóðar frá landnámi til 19. aldar.

- hafi tilfinningu fyrir og skilning á samhengi í sögu og menningu þjóðarinnar og skilning á ýmsum þáttum í samfélaginu, sem eiga sér rætur í sögu þjóðarinnar og þeim aðstæðum sem hún hefur búið við.
- hafi skilning á atvinnuháttum, stjórnarfari, menningu, hugarfari, trúarbrögðum og siðum og sambandi þeirra í aldanna rás. Ennfremur að þeim séu ljós tengsl Íslendinga við aðrar þjóðir, sambúð lands og þjóðar, og áhrif hennar á samfélagshætti, stéttaskiptingu, verkmenningu og hugmyndir.
- hafi hæfni til að túlka atburði og þróun á mismunandi tímabilum og kunni að nýta sér texta, kort, myndir og netföng sem geyma sögulega þekkingu.
- hafi tilfinningu fyrir daglegu lífi og hugarheimi á mismunandi tímum og geti túlkað hugmyndir og menningarþætti í samhengi við samfélög fyrri alda
- hafi hæfni til að setja fram þekkingu sína og skilning í ræðu og riti, á tölvu og tölvuneti og með öðrum þeim aðferðum sem völ er á.

**Kennsluhættir**

Kennslan byggist á fyrirlestrum kennara, umræðum í tímum og verkefnavinnu nemenda. Í fyrirlestrum er nýtt efni reifað, reynt að greina samhengi og atburðarás og hugtök útskýrð, gjarnan með dæmum með tilvísun til samtímans ef tök eru á. Nemendur og kennarar ræða síðan efnið, ýmist með frjálsum hætti eða með því að ræða niðurstöður skipulagðrar verkefnavinnu. Verkefnavinna nemenda skiptist að jafnaði í tvennt; smærri verkefni, ýmist unnin í tímum eða með heimavinnu, þar sem niðurstöður verða ýmist skrifleg skilaverkefni eða til umræðu í tímum og síðan stærri verkefni sem nemendur leysa með heimavinnu, ýmist hver fyrir sig eða í hópum. Niðurstöður eru síðan skriflegar til kennara og/eða að nemendur gera sjálfir grein fyrir þeim í tímum. Notkun myndefnis, til skilningsauka og ólíkrar nálgunar er stór þáttur í kennslunni.

**Námslýsing**

Farið er yfir helstu þætti í sögu Íslands og mannkyns frá árdögum til um 1800.

**Efnisatriði**

Almennt um sögu og sagnfræði , upphaf mannsins og landbúnaðarbyltingin, frjósami hálfmáninn og þær menningarþjóðir sem skutu þar rótum, hinar ýmsu fornþjóðir fyrir botni Miðjarðarhafs, Grikkland til forna, saga Rómverja.

Þjóðflutningar germana, ríki Karlunga, Arabar og Íslam. Landnám Íslands. Kristniboð, kristnitaka og upphaf kirkju á Íslandi. Upphaf ritaldar. Kirkjan og vald páfa, krossferðir, samfélag og efnahagur. Kirkjuvaldsstefna. Stéttir, hópar og staða þeirra á miðöldum. Á tök Sturlungaaldar, Íslendingar verða þegnar Noregskonungs og umhverfi bókmenntaafreka Íslendinga. Ný stjórnskipan og staðamál síðari. Síðmiðaldir í Evrópu og á Íslandi. Siðaskipti og Endurreisn. Landafundir. Einveldi og ríkisvald í Evrópu og á Íslandi. Upplýsingin og áhrif hennar.

**Námsmat**

Lokaeinkunnin skiptist í tvo hluta. Annars vegar lokaprófið sem gildir og hins vegar skyndipróf, verkefni, ástundun og frammistöðu í tímum. Lágmarkseinkunn á lokaprófi til að standast áfangann er 4,0 án námundunar. Lágmarkslokaeinkunn (vegið meðaltal lokaprófs og vinnueinkunnar) er 5,0 (sbr. skólareglur).

## SAG203

**Markmið**

Að nemendur öðlist þekkingu og skilning á sögu mannsins á miðöldum og á fyrri hluta nýaldar; samfélagsháttum miðalda á Íslandi og í Evrópu og þeim breytingum sem verða á seinni hluta miðalda og fyrri hluta nýaldar. Að nemendur skilji áhrif ýmissa þátta í menningu, atvinnuháttum og stjórnmálum á vestræn þjóðfélög nútímans, þar á meðal okkar eigið samfélag. Nánar um markmið sögunnar almennt og áfangamarkmið, sjá skólanámskrá og bls. 85 – 89 í Aðalnámskrá framhaldsskóla. Samfélagsgreinar (http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar//nr/307).

**Kennsluhættir**

Kennsluaðferðir eru í meginatriðum þrenns konar. Í fyrsta lagi eru fyrirlestrar kennara þar sem námsefnið er reifað og hugtök útskýrð. Þá eru umræður og loks verkefnavinna nemenda; úr námsefninu sjálfu eða öðru sem því tengist.

### Námslýsing

Í SAG 203 er fjallað um Íslands- og mannkynssögu miðalda og á fyrri hluta nýaldar, frá upphafi 19. aldar og til samtímans.

### Efnisatriði

Franska byltingin og Napóleonstíminn. Rómantík og þjóðernisstefna. Sjálfstæðisbarátta Íslendinga. Byltingar á fyrri hluta 19. aldar og hugmyndastefnur þeirrar aldar. Iðnbyltingin og þróun hennar á 19. öld og 20. öld. Nýlendustefnan á s.hl. 19. aldar og fyrri hluta þeirrar 20. Daglegt líf og atvinnuhættir á Íslandi á 19. öld. Heimsstyrjöldin fyrri. Heimastjórn og fullveldi á Íslandi. Togarabyltingin. Byltingin í Rússlandi. Millistríðsárin. Seinni heimsstyrjöld. Kalda stríðið og endalok þess. Frjálsar þjóðir í 3. heiminum.

### Námsmat

Lokaeinkunnin skiptist í tvo hluta. Annars vegar lokapróf og hins vegar skyndipróf, verkefni, ástundun og frammistöðu í tímum. Lágmarkseinkunn á lokaprófi til að standast áfangann er 4,0 án námundunar. Lágmarkslokaeinkunn (vegið meðaltal lokaprófs og vinnueinkunnar) er 5,0 (sbr. skólareglur).

## SAG303

### Markmið

Að nemendur öðlist þekkingu og skilning á sögu og samfélagsþróun síðustu áratugi og séu færir um að taka þátt í vitrænni umræðu um líklega þróun. A ð nemendur skilji áhrif ýmissa þátta í menningu, atvinnuháttum og stjórnmálum á vestræn þjóðfélög nútímans, þar á meðal okkar eigið samfélag. A ð nemendur hafi skilning á og glöggt yfirlit yfir helstu stefnur í listum á síðustu öldum. Nánar um markmið sögunnar almennt og áfangamarkmið, bls. 97 – 105 í Aðalnámskrá framhaldsskóla. Samfélagsgreinar (http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar//nr/307).

### Kennsluhættir

Kennsluaðferðir eru í meginatriðum þrenns konar. Í fyrsta lagi eru fyrirlestrar kennara þar sem námsefnið er reifað og hugtök útskýrð. Þá eru umræður og loks verkefnavinna nemenda; úr námsefninu sjálfu eða öðru sem því tengist.

### Námslýsing

Í SAG 303 er fjallað um Íslands- og mannkynssögu frá síðari hluta 20. aldar og fram til okkar daga, sem og menningarsögu síðustu þriggja alda.

### Efnisatriði

Góðæri á Íslandi og hinum vestræna heimi á 1950 – 1970. Bandaríkin og réttindabarátta blökkumanna. Erfiðleikar á 8. áratugnum. Mismunandi hlutskipti þjóða þriðja heimsins á seinni hluta 20. aldar. Þróun Evrópusamvinnu og vandamál í Evrópu við aldarlok. Bandaríkin 1970 – 2009. 21. öldin og líkleg þróun, nær og fjær. Menning í Evrópu á 17. öld; barokk og rókókó. Upplýsingin og listastefnur 18. og 19. aldar. Listastefnur og menning 20. aldar; fútúrismi, módernismi, expressjónismi og fleira. Búsetuþróun í heiminum á 20. öld. Kvikmyndir og þróun þeirra á 20. öld.

### Námsmat

Lokaeinkunnin skiptist í tvo hluta. Annars vegar lokapróf og hins vegar skyndipróf, verkefni, ástundun og frammistöðu í tímum. Lágmarkseinkunn á lokaprófi til að standast áfangann er 4,0 án námundunar. Lágmarkslokaeinkunn (vegið meðaltal lokaprófs og vinnueinkunnar) er 5,0 (sbr. skólareglur).

# Spænska

## SPÆ102

### Markmið

Að nemendur:

- kunni skil á helstu reglum um áherslur í spænsku, læri framburðarreglur og æfi framburð
- læri grundvallaratriði í málfræði

- byggi upp orðaforða sem nægi til að lýsa daglegu lífi sínu og fjölskyldu sinnar
- skilji einfaldar setningar, skilji texta námsefnisins og vinni einföld verkefni því tengd
- geti tekið þátt í einföldum samræðum og svarað einföldum spurningum
- geti kynnt sig og sagt lítillega frá eigin högum
- geti skrifað einfaldan texta um sjálfa sig
- viti hvar í heiminum spænska er töluð og byrji að kynnast helstu menningarþáttum spænskumælandi landa og noti meðal annars Internetið til þess.

**Námslýsing**

Nemendum er kynnt tungumálið, þeir byggja upp grunnorðaforða sinn og læra helstu framburðarreglur. Einnig læra þeir að búa til einfaldar setningar þannig að þeir geti tjá sig um sjálfa sig, áhugamál sín, fjölskyldu sína og nánasta umhverfi. Orðaforði, tal og hlustun eru þjálfuð með því að hlusta, endurtaka, lesa upphátt og æfa framburð.

Til glöggvunar á málfræði og setningagerð, lesa nemendur samtöl í viðkomandi kafla, gera skriflegar og gagnvirkar æfingar og verkefni.

Í hverjum kafla er sagt frá menningu, sögu og siðum frá Spánni og Rómönsku A meríku.

Á meðan á kennslu stendur fá nemendur ýmiskonar verkefni og í lok hvers kafla eru nemendur látnir gera verkefni úr lesbók, vinnubók og verkefni kennara.

**Námsmat**

Í áfanganum SPÆ 102 er metið að jöfnu vinnueinkunn og lokapróf. Vinnueinkunn samanstendur af skriflegum verkefnum frá kennara, skyndiprófi, hlustunaræfingum, munnlegum æfingum og ástundun. Á stundun er mat kennara á hversu vel hver og einn nemandi stundar nám sitt og er mælanleg í hvort nemendur gera það sem þeim er sett fyrir, hvort þeir eru virkir í tímum og hversu vel þeir fylgjast með. Skriflegt lokapróf er tekið á prófatíma í lok annar, þar er prófað úr efni sem farið hefur verið í á önninni. Prófið skiptist í fjóra hluta: Málfræði, málnotkunn, lesskilning og ritun.

## SPÆ103

Ekki kenndur 2011-2012

## SPÆ202

**Markmið**

Að nemendur:

- auki færni sína í spænskum framburði.
- geti skilið einföld fyrirmæli á spænsku og upplýsingar úr talmáli sem tengist viðfangsefni áfangans.
- geti skilið einfalda texta sem tengjast viðfangsefni áfangans og skilið meginatriði lengri texta á einföldu máli.
- geti svarað einföldum spurnigum um eigin hagi og skipst á upplýsingum við spænskumælandi, sem tengjast viðfangsefni áfangans.
- þjálfist í ritun og geti komið frá sér stuttum textum, bréfum og lýsingum.
- fræðist um spænska tungu og útbreiðslu hennar
- fræðist um menningu og daglegt líf á Spáni og í Rómönsku Ameríku

**Námslýsing**

Haldið verður áfram þaðan sem frá var horfið á fyrstu önn. Nemendur verða áfram æfðir í ritun, hlustun, framburði og lestri. Á hersla verður lögð á hlustun og að nemendur auki talfærni sína í spænsku. Nemendur verða æfðir í að skrifa og tala um heimili sitt, eigin smekk, frístundir og að skiptast á upplýsingum við spænskumælandi, svo eitthvað sé nefnt. Einnig verður haldið áfram að fara í ýmis málfræðiatriði.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar

## SPÆ212

**Markmið**

Að nemendur

- skilji skýrt talað mál sem fjallar um efni sem farið hefur verið í.
- nái aukinni færni spænskum framburði.
- skilji einföld fyrirmæli og geti lesið og skilið einfalda texta sem fjalla um efni sem hefur verið til umfjöllunar.
- geti notað einfaldar setningar til að skrifa stutta texta, bréf, lýsingar og kynningar.
- geti notað aðrar tíðir sagna
- fræðist um menningu og daglegt líf á Spáni og í spænskumælandi Ameríku

**Námslýsing**

Haldið verður áfram þaðan sem frá var horfið á annari önn. Nemendur verða áfram æfðir í ritun, hlustun, framburði og lestri. Á hersla verður lögð á að nemendur noti orðaforða úr fyrri áföngum og tengja við nýja málfræðikunnáttu. Notuð verður léttlestrarbók til að auka færni nemenda í lestri spænskra texta. Nemendur verða æfðir í að skrifa og tala um störf og starfsheiti, læra að versla og panta mat á veitingastöðum, og segja frá því sem hefur nýverið gerst í lífi þeirra, svo eitthvað sé nefnt. Einnig verður haldið áfram að fara í ýmis málfræðiatriði. Unnið verður með lestrabók, vinnubók og einnig verkefni sem kennarar leggja fyrir í tímum. Til að ná sem bestum árangri er mikilvægt að nemendur taki virkan þátt í tímum vinni jafnt og þétt yfir önnina.

**Námsmat**

Á önninni verða tekin tvö kaflapróf. Nemendur skila heimaverkefnum og taka munnlegt próf og hlustunarpróf í lok annar. Á stundun og virkni nemenda verður einnig metin til árangurs sem og safnmappa. Í lok annar er lokapróf þar sem lesskilningur, ritfærni og málfærði er metin. Vægi hvers þáttar vinnueinkunna er mismunandi eftir árum og kynnir kennari nemendum í upphafi hvers vetrar hvernig árseinkunn er gefin.

## SPÆ203

Ekki kenndur 2011-2012

## SPÆ303

**Markmið**

Að nemendur:

- auki færni sína í spænskum framburði.
- geti skilið einföld fyrirmæli á spænsku og náð upplýsingum úr talmáli sem tengist viðfangsefni áfangans.
- geti skilið einfalda texta sem tengjast viðfangsefni áfangans og skilið meginatriði lengri texta á einföldu máli.
- geti svarað einföldum spurnigum um eigin hagi og skipst á upplýsingum við spænskumælandi, sem tengist viðfangsefni
- áfangans.
- þjálfist í ritun og geti komið frá sér stuttum textum, bréfum og lýsingum, sem tengist viðfangsefni áfangans.
- fræðist um spænska tungu og útbreiðslu hennar
- fræðist um menningu og daglegt líf á Spáni og í Rómönsku Ameríku

**Námslýsing**

Haldið verður áfram þaðan sem frá var horfið á þriðju önn. Nemendur verða áfram æfðir í ritun, málfræði, hlustun, framburði og lestri. Á hersla verður lögð á lesskilning og að nemendur auki talfærni sína í spænsku. Gerð verða verkefni úr vinnubók og frá kennara.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar

## SPÆ403

**Markmið**

Að nemandi

- Auki orðaforða sinn og læri að tengja við annan orðaforða, t.d. úr öðrum málum.
- Þjálfist í notkun spænskrar málfræði.
- Nái aukinni færni í les- og málskilningi.

- Öðlist aukinn skilning á menningu og þjóðlífi Spánar og Rómönsku A meríku
- Geti haldið uppi einföldum samræðum við fólk sem hefur spænsku að móðurmáli um kunnuleg efni og án þess að misskilningur hljótist af.

**Námslýsing**

Haldið verður áfram þaðan sem frá var horfið á önninni á undan. Lokið verður yfirferð allra helstu grundvallaratriða spænskrar málfræði. Nemendur verða áfram æfðir í hlustun og ritun og meiri áhersla verður lögð á lesskilning. Í lok hvers kafla munu nemendur gera æfingar úr vinnubók, frá kennara en einnig munu þeir skila rituðum textum sem tengjast efni áfangans. Í annarlok verða lesnar smásögur og lokaverkefni unnið. Orðaforði, tal og hlustun eru þjálfuð með því að lesa, hlusta og endurtaka hljóðæfingar. Við námið er notast við hljóðglærur, myndskeið, talað mál og tónlist, Internetið, gagnvirkar æfingar og gagnvirk próf.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar

### SPÆ503

**Námslýsingu vantar**

## Stjórnun

### STJ103

**Markmið**

Að nemendur kunni grunnhugtök og kenningar í stjórnun og að beita hugtökunum í mæltu og rituðu máli.

**Kennsluhættir**

Kennsla fer fram sem sjálfsnám. Með lestri hvers kafla verða glærur með áherslupunktum. Þar sem kennslubókin er ekki íslensk þá eru ensku orðin alltaf í sviga fyrir aftan til að auðvelda ykkur lesturinn. Athugið að áfanginn er lesfag þannig að mikilvægt er að lesa jafnt og þétt.

**Námslýsing**

Farið er yfir grunnhugtök og kenningar í stjórnun. Útskýrt er hvernig þjóðfélagsbreytingar hafa gert það að verkum að menn leggja nú meiri áherslu á stjórnun en áður. Leitast er við að veita nemendum innsýn í störf stjórnenda og kynna þeim ýmis verkefni sem þeir inna af hendi. Farið er í stjórnunarferlið, mismunandi gerðir stjórnskipulaga, setningu markmiða, áætlanagerð og upplýsingastreymi. Á hersla er lögð á að upplýsa nemendur um samspil stjórnunar og samstarfs og mikilvægi þess að starfsmenn séu ánægðir í sínu starfi.

**Efnisatriði**

Grunnhlutverk stjórnunar, saga stjórnunar, stjórnun í alþjóðaumhverfi, siðferði í stjórnun, frumkvöðlastarfssemi, starfsmannastjórnun, leiðtogahlutverkið o.fl.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar

## Stuðningur

### NÁM193

Undanfari: Enginn

**Markmið**

- Að styðja nemendur og veita þeim aðhald við heimanám ásamt þjálfun í lestri.
- Að efla námssjálfsmynd nemenda með sértæka lestrarörðugleika
- Að kynna hugtökin hljóðkerfisvitundarog lestrarfærni fyrir nemendum þannig að þau geri sér betur grein fyrir eigin styrkleikum.

**Námslýsing**

Kennt er í smáum hópum og er megináhersla lögð á virkni nemenda, m.a. við lesþjálfun, verkefnavinnu og umræður. Nemendum eru kynntar ólíkar náms- og starfsleiðir og þeir fá þjálfun í ýmsum þáttum námstækni.

**Námsmat**

Ástundun og verkefnavinna

## NÁM293

**Markmið**

- Að efla íslenskukunnáttu nemenda með erlendan bakgrunn eða hafa búið lengi erlendis.
- Að nemendur fái nægilega undirstöðu í lestri, talmáli, námstækni og hugtökum námsgreina til að geta tekið fullan þátt í námi og starfi í íslenskum framhaldsskólum.

**Námslýsing**

Áfanginn er hugsaður fyrir þá nemendur sem þurfa frekari undirbúning og aðstoð í íslensku og námi almennt til að geta stundað nám í íslenskum framhaldsskólum. Kennari hittir nemendur með reglulegu milli bili í smáum hópum eftir þörfum. Áhersla er lögð á lestrarfærni, námstækni og notkun hjálpargagna. Heimanám og verkefnavinna er lögð til grundvallar í náminu.

**Námsmat**

Námsmat byggir á ástundun

# Stærðfræði

## STÆ103

**Markmið**

að nemendur:

- fái þjálfun í talnareikningi og þáttun liðastærða
- kunni og fái verulega þjálfun í hvers konar prósentureikningi og hlutfallareikningi
- geti leyst fyrsta stigs jöfnur, bæði með einni og tveimur breytistærðum, og fái þjálfum í lausn verkefni sem krefjast þess að settar séu upp jöfnur
- þekki og geti skilgreint helstu hugtök evklíðskrar rúmfræði og geri greinarmun á skilgreiningum og reglum þekki til hornafallanna og geti beitt þeim á rétthyrnda og, eftir atvikum, hvasshyrna þríhyrninga
- þekki og geti notað reglur um horn sem tengjast hringferli
- þekki skilgreiningu á ferilhorn og þekki reglur sem beita má til að finna horn við hring
- geti teiknað línu í hnitakerfi ef jafna hennar er þekkt og öfugt geti fundið jöfnu línu út frá grafi

**Námslýsing**

Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslu og lausnum verkefna og þrauta. Lögð er áhersla á talnareikning, liðun og þáttun eða þá þætti sem tekin voru fyrir í 10. bekk. Auk þess er farið ítarlega í prósentureikning. Í rúmfræðinni er sérstaklega fjallað frumreglur, skilgreiningar og reglur um horn og þríhyringa og þannig búið til afleiðslukerfi. Hornaföllin og hornafallareglur. Flatarmyndir og rúmmyndir eru skilgreindar og reglur varðandi flatar- og rúmmál teknar fyrir.

**Efnisatriði**

Talnareikningur, liðun og þáttun. Veldi og veldareglur. Hlutfallareikningur, prósentureikningur, álagning, keðjuálagning, vextir, vaxtavextir, annúítet, lánaútreikningur með hjálp töflureiknis. Frumsendur, skilgreiningar og reglur í evklíðskri rúmfræði, sannanir, þríhyrningar og hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi, hornaföll í hvasshyrndum þríhyrningi. Horn tengd hringferli. Jöfnur af fyrsta stigi, tvær jöfnur með tveimur óþekktum stærðum, óuppsettar jöfnur. Horn við hring. Talnalínan og hnitakerfið, jafna beinnar línu.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar

## STÆ203

**Markmið**

Að nemendur:

- hafi fullt vald á bókstafareikningi

- þekki til útreikninga með margliðum og þá sérstaklega öllu sem viðkemur 2. stigs margliðum
- hafi velda- og rótarreglur á valdi sínu
- þekki aðferðir til að leysa annarsstigs jöfnur
- þekki tvívítt hnitakerfi og geti teikna ferla 1. og 2. stig margliða
- þekki hugtakið fall og skilgreiningar- og myndmengi þeirra

**Námslýsing**

Lagður er grunnur að skilningi nemandans á rauntalnakerfinu. Áframhaldandi þjálfun í lausn jafna. Velda- og rótarreikningur . Margliður skilgreindar og ýmsar aðgerðir á þeim. Tvíviða hnitakerfið, jafna beinnar línu ásamt jöfnu fleygboga. Annars stigs margliður eru leystar og almenn formúla leidd út.

**Efnisatriði**

Mengi og mengjaaðgerðir. Frumtölur, heiltölureikningur, lotutugabrot og brotabrot. Talnalínan, algildi og biltákn. Liðun og þáttun, brotareikningur. Jöfnur, annars stigs jöfnur, algildisjöfnur, línulegar ójöfnur. Velda- og rótarreglur, brotin veldi. Margliður, skilgreining, deiling margliða, núllstöðvar margliðar, formerki margliða. Hnitakerfið, jafna beinnar línu. Jafna fleygboga, topppunktar, skurðpunktar milli ferla. Föll, skilgreiningar- og myndmengi.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar

## STÆ303

**Markmið**

Að nemendur:

- kunni skil á vigurhugtakinu og hafi fullt vald á vigurreikningi
- þekki skilgreiningu hornafalla og þekki nokkrar hornafallareglur
- þekki kósínus- og sínusregluna
- þekki jöfnu hring og sporbaugs
- þekki stikun hring og línu
- geti fundið ofanvarp punkts á línum

**Námslýsing**

Vigurhugtakið skilgreint og aðgerðir á vigrum kynntar. Tekin eru dæmi rú rúmfræði þar sem vigurreikningur er notaður s.s. sönnun á hvernig finna má miðpunkt þríhyrnings. Einingarhringurinn er lagður til grundvallar hornaföllum og horn á milli vigra fundið. Ýmsar hornafallareglur kynntar og tengsl hornarfallanna innbyrðis. Sínus- og kósínusreglan fyrir þríhyrninga. Jafna hrings og sporbaugs. Almenna jafna línu og stikun hrings og línu. Ofanvarp punkts á línu. Í lokin er farið í nokkrar gerðir hornafallajafna.

**Efnisatriði**

Vigur, samlagning og frádráttur, hallatala, lengd, innfeldi, þvervigur. Miðpunktur striks og miðpunktur þríhyrnings. Einingarhringurinn, bogamál, hornaföll, horn á milli vigra. Hornafallareglur og tengsl hornafallanna innbyrðis. Sínus- og kósínureglan hin meiri. Regla um flatarmál þríhyrnings. Jafna hrings og jafna sporbaugs. Stikun hrings og stikun línu. Ofanvarp punkts á línu.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar

## STÆ313

**Markmið**

Að nemendur:

- þekki mengi og mengjaaðgerðir
- þekki grunnaðgerðir rökfræðinnar
- þekki summu- og margfeldistáknin
- þekki samantektir og umraðanir og geti notað til að finna líkindi
- þekki skilyrt líkindi og geti gert líkindatré til stuðnings
- geti gert tíðnitöflu og fundið meðaltal og staðalfrávik

- þekki normaldreifingu, z-stig og öryggisbil
- geti sett fram tilgátur og notað normaldreifingu til tilgátuprófana

**Námslýsing**

Fjallað er um undirstöðuatriði rökfræðinnar og síðan eru kynnt til sögunnar samantektir og umraðanir sem koma þó nokkuð við sögu í líkindafræði. Hugtakið skilyrt líkindi er kynnt. Í tölfræðihlutanum er unnið með einkennistölur talnasafna og bæði fengist við útreikninga og myndræna framsetningu með hjálp töflureiknis.

**Efnisatriði**

Mengjafræði. Yrðingarökfræði. Gagnasöfn, tíðnitöflur, myndrit. Meðaltal, vegið meðaltal, tíðasta gildi, miðgildi. Staðalfrávik, meðalfrávik, seiling. Líkindareikningur, umraðanir og samantektir. Normaldreifingin og tvíliðudreifingin. Öryggismörk, og tilgátuprófanir.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar

## STÆ363

**Markmið**

Að nemendur:

- geti notað stærðfræði við lausn verkefna sem tengjast samfélaginu
- kunni geti hagnýtt sér vísis- og lograföll
- kunni að diffra einföld föll og geti hagnýtt sér diffrun
- skilji samhengið milli runa og raða og t.d. vaxtareiknings
- geti leyst einföld dæmi í línulegri bestun

**Námslýsing**

Lögð er áhersla á að nálgast fyrirbæri í náttúrunni og í samfélaginu með opnum huga hvað varðar stærðfræði. Til þess er nemendur látnir vinna með vísis- og lograföll, diffrun einfaldra falla. Auk þess er farið inn á svið runa og raða og einföld dæmi í línulegri bestun tekin og leyst.

**Efnisatriði**

Lögð er áhersla á að nálgast fyrirbæri í náttúrunni og í samfélaginu með opnum huga hvað varðar stærðfræði. Til þess er nemendur látnir vinna með vísis- og lograföll, diffrun einfaldra falla. Auk þess er farið inn á svið runa og raða og einföld dæmi í línulegri bestun tekin og leyst.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar

## STÆ403

**Markmið**

Að nemendur:

- hafi góðan skilning á rauntöluföllum og kunni mun á mismunandi flokkun þeirra t.d. jafnstæð-oddstæð
- þekki vísis- og lograföll auk hornafallanna og andhverfu þeirra
- geri sér grein fyrir markgildum falla og tengslum samfelldni og diffrunar
- kunni skilgreiningu á diffurkvóta og geti notað hana til ákvörðunar á útgildum, beygjuskilum, einhalla og fleiri þáttum í sambandi við feril falls
- kunni skil á öllum reglum og völdum sönnunum

**Námslýsing**

Yfirgripsmikið námsefni þar sem fengist er við grundvallarhugtök stærðfræðigreiningar. Nemendur fá þjálfun í notkun diffurreiknings og eru allar reglur, sem tengjast honum, leiddar út. Mikil áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér aðferðir sem notaðar eru við heildun og fá þeir mikla þjálfun í beitingu þeirra. Leitast er við að nemendur skilji samhengi þeirra hluta stærðfræðinnar sem á undan eru komnir.

**Efnisatriði**

Fallafræði, eintækni, einhalli, samsett föll, andhverf föll. Margliður, ræð föll, markgildi, diffrun, rannsókn falla, ferlateikningar, hornaföll, vísisföll, lograföll.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar

## STÆ463

**Markmið**

Að nemendur:

- kunni skil á vigurhugtakinu og hafi fullt vald á vigurreikningi
- þekki skilgreiningu hornafalla og þekki nokkrar hornafallareglur
- þekki jöfnu hring og sporbaugs
- þekki skilgreininguna á falli og samskeytingu þeirra
- kunni diffrunarreglur og geti fundið útgildi og beygjuskil
- þekki skilgreiningu stofnfalls og geti fundið slíkt fyrir einföld föll
- geti fundið flatarmál á milli ferla

**Námslýsing**

Í þessum áfanga er reynt að skerpa á sumu því sem komið er. Æfing og þjálfun í diffrun og hagnýtingu hennar auk vigurreiknings og hornafallareiknings. Hér er farið í svipaða hluti og eru í áföngum á náttúrufræðibraut en meira gert úr dæmareikningi heldur er færðilegri aðferð.

**Efnisatriði**

Vigur, samlagning og frádráttur, hallatala, lengd, innfeldi, þvervigur. Miðpunktur striks og miðpunktur þríhyrnings. Einingarhringurinn, bogamál, hornaföll, horn á milli vigra. Diffrun, útgildi og beygjuskil, Heildun og flatarmál, Jafna hrings og jafna sporbaugs.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar

## STÆ503

**Markmið**

Að nemendur:

- kunni skilgreiningu á stofnfalli og óákveðnu heildi
- geti fundið flatarmál svæðis á milli ferla
- geti fundið rúmmál snúða sem fást með snúningu um láréttar línur
- kunni og geti notað aðferðir við heildun, hlutheildun, innsetningu og stofnbrotsliðun
- þekki til diffurjafna af 1. stigi og geti leyst línulegar jöfnur og þær sem hægt er að beita aðskilnaði breytistærða
- þekki til mismuna- og kvótaraða og geti reikna tiltekna liði og summu
- hafi kynnst lögmálinu um stærðfræðilega þrepun
- kunni skil á öllum reglum og völdum sönnunum

**Námslýsing**

Heildun er aðalhluti þessa áfanga. Heildun kemur m.a. við sögu í flatarmálsútreikningi og lausn diffurjafna. Auk heildunar er kafli um runur og raðir og hagnýtingu. Lögð er áhersla á skilmerkilega framsetningu við lausn verkefna.

**Efnisatriði**

Heildun, heildunaraðferðir, hlutheildun, innsetning og stofnbrotsliðun. Flatarmál. Þrepun. Mismuna- og kvótarunur og raðir og summur þeirra

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar

## STÆ523

**Markmið**

Að nemendur:

- þekki skilgreiningar og frumreglur í þrívíðri rúmfræði
- geti fundið horn og lengdir í margflötungum

- geti beitt vigurreikningi við hin ýmsu verkefni í hnitarúmfræði
- þekki stikafrom línu og sléttu og jöfnu sléttu
- þekki hugtök og skilgreiningar í kúluhornafræði
- geti fundið fjarlægðir á kúluyfirborði
- hafi kynnst hvernig rúmfræði, þar sem fjöldi punkta er endanlegur, er safn af frumreglum
- geti sannað og rökstutt einfaldar reglur í endanlegri rúmfræði
- geti sannað reglur sem koma fyrir í áfanganum

**Námslýsing**

Þrívíð rúmfræði, hnitarúmfræði, er meginefnið en síðan er nemendum kynnt kúluhornafræði og endanlega rúmfræði. Þannig kynnast nemendur því að það er ekki bara ein gerð og eitt sett af reglum sem gilda í rúmfræði.

**Efnisatriði**

Saga rúmfræðinnar, frumsendur, setningar og sannanir. Vigrar, stikun línu og sléttu, skurðpunktar hluta í þrívíðu rúmi. Jafna sléttu og fjarlægð punkts frá sléttu. Krossmargfeldfeldi. Kúluhornafræði, þríhyrningar og pólaþríhyrningar, kósínusreglur og sínusreglan. Endanleg rúmfræði.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og munnlegu lokaprófi í lok annar

## STÆ563

**Markmið**

Að nemendur

- hafi fengið þjálfun í heildunarreikningi
- hafi kynnst diffurjöfnum og geti leyst einfaldar diffurjöfnur
- hafi kynnst fylkjum og fengið æfingu í fylkjareikningi
- hafi náð góðum tökum á flatar- og rúmmyndarreikningum.

**Námslýsing**

Litið á nokkrar heildunaraðferðir og þær æfðar. Diffurjöfnur kynntar og einfaldar jöfnur leystar. Fylkjareikningur kynntur og æfður. Að lokum eru flatar- og rúmmyndir teknar fyrir.

**Efnisatriði**

Heildunaraðferðir, hlutheildun, innsetning, heildun ræðra falla – stofnbrotsliðun. Diffurjöfnur, sérlaun diffurjafna, diffurjöfnur með aðskiljanlegum breytistærðum, línulega fyrsta stigs diffurjöfnur. Fylki, samlagning, margföldun, ferningsfylki, hornalínufylki, einingarfylki, andhverfa fylkis, bylt fylki, ákveða, jafna bestu línu. Þríhyrningur, hringur, ferhyrningur, flatarmál, ummál. Kassi, strýta, kúla, rúmmál, yfirborðsflatarmál.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og munnlegu lokaprófi í lok annar

## STÆ603

**Markmið**

Að nemendur:

- geti fundið rúmmál snúða
- þekki tvinntölukerfið og reikniaðgerðir í því
- geti leyst línulegar 2. stigs diffurjöfnur
- þekki til Taylor-margliða og til hvers þær eru nýtilegar
- hafi fengið þjálfun í fylkjareikingi

**Námslýsing**

Efnið kemur úr ýmsum áttum, allt frá heildun yfir í fylkjareikning. Hagnýting heildunarreiknings er í formi rúmmálsákvörðunar. Fylkjareikningur er með dæmum það sem fengist er við áþreifanleg vandamál. Tvinntölur eru kynntar og aðgerðir þar með talið rótarreikningur.

**Efnisatriði**

Hyperbólsku föllin. Rúmmál snúða, yfirborðsflatarmál og bogalengd. Pólhnit. Tvinntalnakerfið, rætur og tvinntala sem veldisvísir. Annars stigs línulegar diffurjöfnur, hliðraðar og óhliðraðar. Taylor-margliður og fylkjareikningur, snúningur um ákv. punkt, jafna bestu línu.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar

## STÆ703

**Markmið**

Að nemendur:

- hafi skilning á frumsendum rauntalnakerfisins
- geri sér skýra grein fyrir markgildi og geti unnið með $\varepsilon - \delta$ skilgreiningar
- skilji samleitni raða og geti beitt samleitniprófum
- geri sér grein fyrir undirstöðueiginleikum samfelldra og diffranlegra falla
- geti fundið Taylor – margliður og Taylor – raðir falla
- geti tekist á við stærðfræðileg verkefni af öryggi
- geti sett fram fullgildar sannanir á reglum og geri sér grein fyrir mikilvægi skýrrar framsetningar.

**Námslýsing**

Unnið er með skýra framsetningu sannana. Frumsendur rauntalnakerfisins eru kynntar og unnið með þær, samleitni runa og raða skoðað. Eiginleikar og helstu setningar samfelldra og diffranlegra falla skoðaðar. Taylor-margliður reiknaðar fyrir föll og skekkjuliðurinn skoðaður. Lagt er áhersla á nákvæma framsetningu lausna og sannana.

**Efnisatriði**

Frumsendur um svið, rauntalnakerfisins, eiginleikar rauntalnakerfisins. Runur, markgildi runu, raðir, samleitni raða, samleitnipróf, hlutfallspróf og rótarpróf. Taylor-margliður, skekkjuliður, Taylor-raðir. Samfelld föll á lokuðum bilum, setning Bolzanso, milligildissetningin, setning Rolles, meðalgildissetningin og setningar um formerki á afleiðum. Sannanir, þrepun, andumhverfa sönnuð, mótsögn, bein sönnun, óbein sönnun.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar

# Tölvufræði

## TÖL103

**Markmið**

- Að nemendur kunni reikninga milli talnakerfa með aðaláherslu á tvíundarkerfið.
- Að nemendur hafi þekkingu á sögu forritunar og helstu atriðum sem marka tímamót.
- Að nemendur kunni skil á innviði tölvu og hvert hlutverk hverrar einingar tölvunnar sé.
- Að nemendur kynnist samspili vélbúnaðar og hugbúnaðar.
- Að nemendur kynnist því hvað algrím er.
- Að nemendur geti forritað með skilyrðum, lykkjum og föllum.
- Að nemendur geti metið hvernig best er að greina, hanna og forrita einfaldari forrit.
- Að nemendur geti skipulagt tög og uppbyggingu forrita með föllum og stefjum.

**Kennsluhættir**

Kennsla fer fram í tölvustofu þrisvar í viku tvær kennslustundir í senn

**Námslýsing**

Fyrri hluti:

- Farið er yfir sögu tölvutækninnar þ.á.m. forritunarmála og nemendur verða látnir læra að breyta tölum milli talnakerfa (aðaláhersla á tvíundarkerfið). Nemendur lesa sér til um byggingu tölvunnar, helstu vélarhluta og samband hennar við umheiminn. Farið verður yfir

efni um minni, gögn og mismunandi tegundir hugbúnaðar. Nemendur fá kynningu á því hvað algrím, flækjustig og reiknanleiki eru þegar kemur að tölvum.

Seinni hluti:

- Nemendur fá undirstöðuþjálfun í forritun í hlutbundna forritunarmálinu Java. Nemendur læra að skrifa hefðbundin forrit sem keyra í textaham. Forritun verða oft með stærðfræðitengdar lausnir.

**Námsmat**

Fyrri hluti Í fyrri hluta er skilaverkefni og próf í lok fyrri hluta. Seinni hluti): Í seinni hluta er skilaverkefni og próf í lok seinni hluta. Ástundun: Ástundur telur jafnt í gengum bæði fyrri og seinna hlutann.

## Tölvunotkun

### TÖN102

**Markmið**

Í áfanganum er lögð rík áhersla á að nemandi öðlist færni í notkun ritvinnsluforritsins Word. Einnig að þeir nái færni í notkun Outlook og PowerPoint. Áhersla er lögð á að nemandi tileinki sér vandvirkni, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

**Kennsluhættir**

Kennslan byggist einkum á verkefnavinnu nemenda í tölvuverum og skilum á verkefnum. Verkefnin, sem lögð eru fyrir og skýrð af kennara, byggjast á því að kynna og þjálfa sífellt nýja þætti þeirra forrita sem verið er að kenna. Áhersla er lögð á sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

**Námslýsing**

Fyrstu vikurnar Í áfanganum Tön102 verður farið í helstu þætti í Windows stýrikerfis og í fingrasetningu og blindskrift í áfanganum Vél101. Nemendur vinna æfingar og taka síðan stöðupróf. Þeir nemendur sem ekki ná stöðuprófinu halda áfram að vinna æfingar og eiga kost á öðru stöðuprófi eftir miðja önnina.

Farið í grunnatriði í póst- og samskiptaforritinu Outlook 2010 og möguleikar þess skoðaðir til að nemendur geti nýtt sér það í námi og vinnu.

Kennd eru grunnatriði glærugerðar- og framsetningarforritsins PowerPoint 2010. Umhverfi forritsins skoðað og helstu möguleikar þess og unnin verkefni sem miða að kynningu á nemandanum sjálfum.

Farið verður vandlega í grunnatriði ritvinnsluforritsins Microsoft Word 2010. Umhverfi forritsins vandlega skoðað og helstu aðgerðir sem lúta m.a. að mótun texta og læsileika hans. Nauðsynlegt er að kynna sér afar vel allar aðgerðir og leiðbeiningar sem fram koma og æfa þær oft og vel. Unnin verða verkefni til að æfa helstu aðgerðir þess og til að ná færni í helstu möguleikum þess.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og lokaprófi í lok annar

### TÖN112

**Markmið**

Markmiðið er að nemendur þekki til grunnatriða í vefsíðugerðarforritinu Microsoft Expression Web og nokkuð ítarlega töflureikninn Excel. Einnig að nemendur nái góðri leikni í fingrasetningu á númeraborð hnappaborðsins.

**Kennsluhættir**

Kennslan byggist einkum á verkefnavinnu nemenda í tölvuverum og skilum á verkefnum. Verkefnin, sem lögð eru fyrir og skýrð af kennara, byggjast á því að kynna og þjálfa sífellt nýja þætti þeirra forrita sem verið er að kenna. Áhersla er lögð á vönduð, öguð, sjálfstæð vinnubrögð og jöfn skil á verkefnum.

**Námslýsing**

Nemendur vinna æfingar í forritinu Summu til að ná leikni á númeraborð hnappaborðsins. Tekið próf eftir 5 vikur.

Farið verður í vefsíðugerðarforritið Microsoft Expression Web, skoðað vinnuumhverfi forritsins og þær helstu aðgerðir sem nemandi þarf að hafa á sínu valdi til að vera fær um að útbúa vefsíðu og vista hana út á Netið.

Farið verður vandlega í töflureikninn Excel 2007. Þar er umhverfi forritsins skoðað vel og unnin verkefni til að ná færni í helstu möguleikum þess og haldið áfram yfir í flóknari útreikninga með notkun innbyggðra falla og fleiri öflugar aðgerðir forritsins kynntar og skoðaðar með það að markmiði að nemandi nái leikni í helstu möguleikum þess. Nemendur skila síðan völdum verkefnum til kennara.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og lokaprófi í lok annar

## TÖN103

**Markmið**

Marmiðið er að nemendur verði fullfærir í fingrasetningu og blindskrift, í innslætti á númeraborð hnappaborðsins, þekki vel póstforritið Outlook 2010 ásamt vefpósti, glærugerðar- og framsetningarforritið PowerPoint 2010 og nokkuð ítarlega ritvinnsluforritið Word og töflureikninn Excel.

**Kennsluhættir**

Kennslan byggist einkum á verkefnavinnu nemenda og skilum á verkefnum og lögð áhersla á að nemendur verði færir í að nota tölvuna sem tæki í náminu. Farið í grunnatriði póst- og samskiptaforritsins Outlook 2010 og glærugerðar- og framsetningarforritsins PowerPoint 2010. Farið vel í möguleika ritvinnsluforritsins Word 2010 og Excel 2010 og verkefnin sett þannig fram að þau þjálfi nemendur í notkun þess. Lögð er áhersla á sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

**Námslýsing**

Í áfanganum verður farið í fingrasetningu og blindskrift, Vél 101. Nemendur vinna æfingar og taka síðan stöðupróf. Einnig verðar farið í æfingar í Summu til að ná leikni á númeraborð hnappaborðsins og tekið lokapróf eftir 5 vikur. Farið í grunnatriði í póst- og samskiptaforritinu Outlook 2010 og möguleikar þess skoðaðir til að nemendur geti nýtt sér það í námi og vinnu. Farið vel í gegnum grunnatriði glærugerðar- og framsetningarforritsins PowerPoint 2010. Umhverfi forritsins skoðað og helstu möguleikar þess og unnin verkefni sem miða að kynningu á nemandanum sjálfum.

Farið verður vandlega í grunnatriði ritvinnsluforritsins Word 2010 og lögð rík áhersla á að nemandi öðlist færni í notkun þess og framsetningu á texta m.a. í ritgerðum. Einnig verður farið vandlega í grunnatriði töflureiknisins Excel 2010. Lögð er áhersla á færni í helstu möguleikum forritsins hvað varðar útreikninga og notkun innbyggðra. Nemendur skila síðan völdum verkefnum til kennara. Áhersla er lögð á að nemandi tileinki sér vandvirkni, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

**Námsmat**

Námsmatið samanstendur af vinnueinkunn og svo lokaprófi Ná þarf einkunnin 4,0 til að standast áfangann og til að vinnueinkunn byrji að telja.

## TÖN202

**Markmið**

Markmiðið er að nemendur nái að nýta sér til gagns í námi og starfi flest helstu atriði ritvinnsluforritsins Microsoft Word 2010 samþætt við Microsoft Excel 2010 og svo grunnatriði gagnagrunnsforritsins Access 2010.

**Kennsluhættir**

Kennslan byggist einkum á verkefnavinnu nemenda í tölvuverum og skilum á verkefnum. Verkefnin byggjast á því að kynna nýja og þjálfa gagnlega þætti Word ritvinnslunnar og kynna grunnatriði gagnagrunnsins Access. Á hersla er lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum og þau séu vönduð og öguð.

**Námslýsing**

Í Word er lögð áhersla á að bæta við þann grunn sem kenndur er í Tön102, og Tön112. M.a. er farið í eftirtalin atriði: Dálka, töflur, blaðadálka t.d. í tengslum við fréttabréf/kynningarblöðung, númeraðar töflur og töflulista, númeraðar myndir og myndalista, uppsetning verslunarbréfa, formbréf, límmiðar, nafnspjöld, gerð og notkun sniðmáta og stíla, notkun og breyting sniðmáta

sem fylgja Word ritvinnslunni, hönnun auglýsinga, gerð ferilskrár. Farið er í heimildanotkun og uppsetningu heimildalista, myndvinnslu og einnig rætt um siðfræði/siðferði á Netinu.

Unnið er stórt lokaverkefni með forsíðu í sama skjali, þrepskiptum, númeruðum fyrirsögnum, neðanmálsgreinum, töflum úr Excel, myndritum, listum, myndatextum, láréttum síðum, mismunandi haus/fót, efnisyfirliti og atriðisorðaskrá o.fl. Kennd eru grunnatriði í notkun gagnasafnsforritsins Access 2010. Nemendur hanna og vinna með einfalda gagnagrunna, slá inn gögn, nota síur, breyta grunnum, læra að nota fyrirspurnir, sækja gögn úr öðrum forritum og búa til skýrslur og form.

Lokapróf í Access, formbréfum og Word/Excel eru tekin á kennslutíma.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og lokaprófum í Access, formbréfum og Word/Excel sem tekin eru á kennslutíma.

## TÖN212

**Markmið**

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemandi læri að nota fjölbreyttan hugbúnað og upplýsingar á margvís¬legu formi við lausn og framsetningu viðfangsefna í námi sínu. Hafi skilning á upplýsingaöflun og upplýsingalæsi og geti lagt mat á gæði og áreiðanleika upplýsinga. Átti sig á lagalegri og siðfræðilegri hlið upplýsingaflæðis, höfundarétti og upplýsinga- og auglýsingalögum. Einnig að nemandi öðlist góða yfirsýn yfir sögu og þróun Netsins og rafrænna viðskipta. Nái færni í notkun vefdagbókar þar sem skráð er námsferli nemandans. Læri möguleika HTML forritunarmálsins til að útbúa eigin síðu og kynnist vefhönnun. Síðast en ekki síst að nemandi nái að temja sér sjálfstæði í vinnubrögðum og færni í samvinnu.

**Kennsluhættir**

Kennsluheftið Upplýsingafræði (Þróað læsi). Upplýsinga- og menningarlæsi. Höfundar Jón Ingvar Kjaran og Sólveig Friðriksdóttir. Gefið út í ágúst 2010 og selt í skólanum. Ýmis önnur gögn og lesefni munu kennarar dreifa í tímum. Kennslan byggir að hluta til á fyrirlestrum þar sem útskýrð eru ýmis hugtök og heiti og einnig á umræðum. Mikil áhersla er lögð á verkefnavinnu nemenda í tölvuverum og skilum á verkefnum. Einnig verða unnin þverfagleg verkefni með öðrum deildum. A ð auki er lögð rík áhersla á samvinnu, öguð og sjálfstæð vinnubrögð.

**Námslýsing**

Lögð er áhersla á að nemandi:

- geti unnið flókin verkefni í Word þar sem m.a. er tvinnað saman Word og Excel, settir inn töflulistar, myndrit, listar yfir myndrit, myndir, myndalistar, atriðisorðaskrá, heimildaskrá, mismunandi haus/fótur, efnisyfirlit og forsíða í sama skjali með blaðsíðuramma o.fl.
- læri að vinna með leiðréttingar í skjölum þar sem fleiri geta komið að, geti samþykkt breytingar og/eða hafnað þeim
- hafi á valdi sínu notkun dagbókar og ferilmöppu og geti sagt frá og metið nám sitt á málefnalegan hátt
- þekki vel möguleika póst- og skiptaforritsins Outlook
- þekki helstu atriði í sögulegri þróun Netsins
- geti nýtt sér möguleika Netsins í námi og starfi, þ.e. hafi þekkingu á því hvernig hagnýta má upplýsingatækni í tengslum við nám og starf
- þekki helstu aðferðir til skráningar og miðlun upplýsinga og heimilda
- þekki helstu tegundir upplýsingasafna, gagnasöfn og leitarvélar og geti aflað sér upplýsinga um fjölbreytt efni eftir margvíslegum leiðum
- kunni aðeins til HTML og XHTML forritunarmálsins og geti nýtt það til einfaldrar vefsíðugerðar
- geti sett fram þekkingu sína og upplýsingar á tölvutækan hátt og á vef
- geti metið gæði, áreiðanleika, uppruna og gildi upplýsinga
- þekki helstu lagaleg, siferðisleg og félagsleg atriði er varða söfnun, geymslu og miðlun upplýsinga
- þekki til auglýsingalaga
- þekki aðeins til opins hugbúnaðar
- þekki grunnatriði í stuttmyndagerð

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og lokaprófi í lok annar

## TÖN203

Ekki kenndur 2011-2012

# Valgreinar

Nemendur í 5. og 6. bekk geta valið um eina valgrein á hvoru ári. Framboð valgreina getur breyst árlega. Þær greinar sem kenndar eru veturinn 2011 - 2012 eru:

## ENS453

Yndislestur á ensku

**Námslýsing**

Þessi valáfangi byggist á sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda og skipulagshæfni þeirra. Þeir velja sér hver um sig 5 enskar skáldsögur og smásögur af bókalista, lesa þær sjálfstætt á tilteknum tíma og gera kennara grein fyrir þeim á ensku í einkaviðtölum.

Nemendur þurfa að undirbúa viðtalstímana og vera tilbúnir að svara spurningum um sögurnar. Áfanginn sameinar því tvennt, lesfærni og talfærni á ensku og gagnast t.d. vel þeim nemendum sem hyggja á nám þar sem hluti af lesefninu er á ensku.

**Námsmat**

Nemendur verða metnir fyrir munnlega frammistöðu yfir önnina. Í áfanganum er S(staðið) og F(fall). Ætlast er til að allar bækurnar fimm séu lesnar til að standast áfangann og skriflegri umfjöllun um hverja bók skilað í lokin.

## FOR103

Inngangur að forritun

**Námslýsing**

Uppistaða áfangans felst í undirstöðuþjálfun í forritunarmálinu Java og læra nemendur að búa til hefðbundin forrit, bæði gluggaforrit og forrit sem keyra í textaham. Þá verður örkennsla á forritið Matlab o.fl. Nemendur þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum og læra að greina, hanna og forrita einföld forrit og í lok áfangans geta nemendur gert lítinn tölvuleik.

Einnig býðst nemendum, sem hluta af námsmati (aðeins í boði á vorönn), að taka þátt í forritunarkeppni framhaldsskólanna. Kennsla í áfanganum fer fram í tölvustofum og námsmat byggir á verkefnaskilum og símati.

Áfanginn er mjög góður undirbúningur fyrir alla þá forritun og rökhugsun sem kennd er í verkfræði, stærðfræði, tölvunarfræði og fleiri tengdum greinum. Í áfanganum verður farið í kynningu í háskóla þar sem nemendur fá kynningu á námi í tölvunar-, verk- og tæknifræði.

**Efnisatriði**

Java forritun o.fl.

**Námsmat**

Verkefnaskil og símat

### HEI103

Heimspeki

**Námslýsing**

Heimspeki byggir á frjórri hugsun, hugmyndaauðgi og sköpunargleði. Hún getur skýrt viðfangsefni sem áður virtust þoku hulin. Í þessum áfanga fær nemandinn að kynnast nokkrum af þessum viðfangsefnum og ólíkum lausnum heimspekinga frá ólíkum tímum, og þjálfast í gagnrýninni og skapandi hugsun

Lögð er áhersla á tengsl heimspekinnar við veruleika nemenda. Með því móti er heimspekin bæði aðgengilegri og hagnýtari. Áfanginn getur þannig dýpkað og víkkað sýn á menningarsvið eins og

kvikmyndir, dægurtónlist og bókmenntir, ásamt samskiptum, viðskiptum, stjórnmálum, trú og öðrum viðfangsefnum sem skoða má heimspekilega.

**Kennsluhættir**

- almennar umræður,
- umfjöllun um klípusögur,
- samlestur heimspekitexta,
- sókratísk samræða
- gestafyrirlestrar
- verkefni um kvikmynd
- vettvangsferðir

**Námsmat**

Skyndipróf og símat sembyggir á mætingu, þátttöku í sókratískri samræðu og 1-2 stórum skilaverkefnum.

## ÍSL433

Lestur góðra bóka

**Námslýsing**

Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa áhuga á að lesa góðar bókmenntir. Nemendur velja bækurnar af lista sem ætlaður er áfanganum og er hvort tveggja um að ræða íslenskar skáldsögur og þýddar.

Ekki er um neina formlega kennslu að ræða heldur velur nemandinn sér **sex** bækur til lestrar yfir önnina. Hann gerir grein fyrir hverri bók hjá umsjónarkennara áfangans eftir nánara samkomulagi. Gert er ráð fyrir jafnri vinnu yfir önnina og skal nemandi hafa samráð við kennara þegar hann velur bækurnar. Heildarblaðsíðufjöldi bókanna sex má ekki vera undir 1.000 blaðsíðum.

**Námsmat:**

Námsmat í áfanganum er S(staðið) og F(fall). Ætlast er til að allar bækurnar sex séu lesnar til að standast áfangann skriflegri skýrslu um hverja bók skilað í lokin.

## LOL103

Líffæra- og lífeðlisfræði mannsins

**Námslýsing**

Áfanginn veitir yfirlit yfir byggingu og starfsemi mannslíkamans með áherslu á mismunandi skipulagsstig, lífeðlisfræði, samvægi og notkun latneskra heita og hugtaka.

Í áfanganum er farið í gerð og starfsemi frumna og frumuhluta með áherslu á starfsemi frumuhimnunnar og einkenni frumna í ólíkum vefjagerðum. Fjallað er um skipulagsstig líkamans, vefjafræði, líffærakerfin og grundvallarhugtök líffærafræðinnar. Farið er sérstaklega í gerð og starfsemi þekjukerfis, beina og liða, taugakerfis og innkirtlakerfis og hlutdeild þeirra í samvægisstjórnun.

**Námsmat**

Lokapróf og símat

## MAR113

Markaðsfræði á netinu

**Markmið**

Markmið áfangans er að nemendur læri undirstöðuatriði markaðssetningar á netinu og hvernig fyrirtæki og stofnanir geta og hafa markvisst nýtt sér netið og samfélagsmiðla á borð við Facebook, Youtube og Twitter til þess að koma vörum sínum og hugmyndum á framfæri. Nemendur læri ennfremur grunnatriði leitarvélabestunar og hvernig leitarvélar á borð við Google virka. Í lok áfangans eiga nemendur að vera færir um að skapa markaðsstefnu og markaðsáætlun sem byggir að stærstum hluta á notkun netmiðla.

**Kennsluhættir**

Áfanginn byggist á fyrirlestrum, lestri greina og vefsíðna og verkefnum af ýmsum toga (einstaklings og hópverkefnum). Fengnir eru gestafyrirlesarar til að fjalla um tilteknar aðferðir eða fyrirtæki. Stór hluti vinnunnar fer fram í tölvum. Notast er við dæmasögur og fjallað um fyrirtæki sem nemendur þekkja vel úr eigin raunveruleika. Gert er ráð fyrir virkri þátttöku nemenda.

**Námsmat:**

Símat byggt á þátttöku í tímum og verkefnavinnu.

## MYN103

Myndlist

**Markmið**

Að veita nemendum innsýn í helstu grunnatriði myndlistarnáms.

**Efnisatriði**

- Teikning; lína, form, hlutateikning  skissuteikning, ljós og skuggi
- Málun;  litafræði; acryl
- Fjarvíddarteikning; perspective, eins punkta fjarvídd, tveggja punkta fjarvídd
- Málun; vatnslitur - olíupastel – kolateikning - pennateikning
- Teikning (þróun hugmyndar)
- Anatomía
- Model (módelteikning, módel situr fyrir)
- Kynningar; á  nokkrum íslenskum listamönnum frá ca. 1900 til d.d.
- Sýning nemenda; Í lok annar halda nemendur sýningu á verkum sínum á Marmara

**Námslýsing**

Áfanginn er að mestu leyti verklegur undir stjórn kennara en einnig verða kynningar á völdum íslenskum myndlistamönnum  frá ca. 1900 til okkar daga. Farnar verð a.m.k. 3 ferðir á sýningar.

**Námsmat**

Þessi áfangi er próflaus en krafist er ástundunar og 80 % tímasóknar.

## MYN203

Myndlist

Forkrafa: MYN103

**Markmið**

Að veita nemanda innsýn í helstu grunnatriði myndlistarnáms.

**Efnisatriði**

- Skissuteikning utandyra (hús, höfn)
- Hugmyndavinna (framhald á þróun hugmyndar, hvernig eru hugmyndir sóttar í umhverfi)
- Fyrirlestur um hugmyndalist (Ilmur Stefánsdóttir)
- Model  (módelteikning)
- Fjarvídd fríhendis í málverki (herbergi, landslag)
- Munsturgerð unnin út frá hugmyndavinnu
- Textílþrykk
- Sýning nemenda; Í lok annar halda nemendur sýningu á verkum sínum á Marmara

**Námslýsing**

Áfanginn er að mestu leyti verklegur undir stjórn kennara en einnig verða kynningar á völdum íslenskum myndlistamönnum  frá ca. 1900 til okkar daga. Farnar verð a.m.k. 3 ferðir á sýningar.

**Námsmat**

Þessi áfangi er próflaus en krafist er ástundunar og 80 % tímasóknar.

## SAG143

Helförin

**Markmið**

Að nemendur afli sér yfirgripsmikillar þekkingar á helförinni og örlögum Gyðinga og ýmissa annarra samfélagshópa í þriðja ríkinu. Jafnframt öðlist þeir djúpan skilning á sögu og hugmyndafræði nasismans og þeim þjóðfélagsaðstæðum sem hann spratt upp úr. Nemendur kynnist samfélagi og menningu í Póllandi og austurhluta Þýskalands.

**Námslýsing**

Saga nasismans, síðari heimsstyrjaldarinnar, Póllands/Þýskalands, gyðinga og útrýmingar á hendur þeim verður rakin í máli og myndum. Lesnar verða valdar greinar um efnið ásamt því sem heimildamyndir og önnur miðlunarform verða notuð eftir fremsta megni.

**Námsmat**

Nemendur flytja fyrirlestra, og einnig verða könnunarpróf úr efni áfangans. Ekkert lokapróf er haldið.

## SAG173

Rússland: Keisarastjórn og kommúnismi 1881-1953

**Markmið**

Að nemandi öðlist yfirgripsmikla þekkingu á þeim veigamiklu atriðum mannkynssögunnar sem eiga sér stað í Rússlandi milli 1881- 1953 og geti í kjölfarið dregið sjálfstæðar ályktanir um orsakasamhengi stóratburða 20. aldarinnar.

**Námslýsing**

Saga rússneska keisaradæmisins frá 1881-1917 er skoðuð og einkum þeir þættir sem eru orsakavaldar að byltingunum 1905 og 1917. Saga rússnesku byltinganna 1917 verður rakin í máli og myndum. Fjallað verður um hugmyndastefnur sem kenndar eru við Lenin og Stalin, Leninismann og Stalinismann og áhrif þeirra á heimssöguna á 20.öld. Stjórnartími Stalins verður skoðaður og þá sérstaklega sú ógnarstjórn sem kennd er við hann. Sýndarréttarhöld,pyntingar og útlegðardómar saklausra borgara. Gúlagið og líf fólks á Stalintímanum verður skoðað.

**Námsmat**

Áfanginn er símatsáfangi og samanstendur af fyrirlestrum og annarri verkefnavinnu. Ekkert lokapróf.

## SDA103

Samkvæmisdans

**Markmið**

Að nemandi læri grunnspor samkvæmisdansa og þekki tónlistina sem hentar hverjum dansi.

**Námslýsing**

Kenndir verða algengir samkvæmisdansar svo sem: jive, tjútt, samba, enskur vals, quickstep, tangó og vínarvals. Einnig verða kenndir gömludansarnir ræll, skottís, vínarkruss, skoski dansinn, marsúka.

**Námsmat**

80% mæting

## SPÆ433

Viajando por España - Á ferð um Spán

Forkröfur: nemandi verður að hafa lokið a.m.k. spæ303.

**Markmið**

Markmiðið er að nemendur öðlist þekkingu og skilning á spænsku samfélagi og fái innsýn í spænska menningu auk þjálfunar í notkun talmáls. Í lok áfangans eiga nemendur að geta rætt þau málefni sem kennd hafa verið á spænsku nokkuð rétt og án mikils hiks.

**Námslýsing**

Margir íslendingar hafa lagt leið sína til Spánar og hafa heimsótt fjölfarna ferðamannastaði svo sem sólríkar strendur Suður-Spánar. Spánn hefur hinsvegar upp á afar fjölbreytta menningu að bjóða og gefst nemendum tækifæri til að kynnast nýjum hliðum á þessu landi sem svo margir þekkja.

Áhersla verður lögð á sérkenni spænskrar menningar, tónlist, hátíðir, listir, matarmenningu og spænskt samfélag skoðað. Notast verður við ýmiskonar efni s.s. bækur og upplýsingamiðlar (blöð, kvikmyndir, netið).

**Námsmat**

Áfanginn er símatsáfangi þar sem nemendur vinna að ýmsum verkefnum yfir önnina. Ekkert lokapróf er í áfanganum.

### STÖ103

Stjörnufræði

**Námslýsing**

Leyndardómar alheimsins ígrundaðir í máli og myndum, allt frá sólkerfinu og ævi stjarnanna til leyndardómsfullra vetrarbrauta við ystu sjónarrönd. Upphaf alheimsins og endalok, líf í alheimi, geimferðir, stjörnusjónaukar og himinhvelfingin. Farið verður í stjörnuskoðunarferð ef veður leyfir. Markmið námskeiðsins er að öðlast frumskilning á alheiminum, þróun hans frá upphafi til endaloka og hinu kosmíska samhengi mannlegrar tilveru!

Ekki er reiknað með sérstakri kunnáttu í stærðfræði.

**Námsmat**

Tímapróf, ritgerð og skilaverkefni

## Vélritun

### VÉL101

**Markmið**

- að nemendur læri rétta fingrasetningu að nemendur noti blindskrift
- að nemendur vélriti með jöfnum áslætti
- að nemendur nái lágmarkseinkunn 5 (4,6) á lokaprófi

**Kennsluhættir**

Á fanginn er tekinn í 3. bekk á haustönn.

Allt efni áfangans er aðgengilegt á Netinu og þar vinna nemendur verkefnin og skila. Í áfanganum eru 22 æfingar og 3 lotupróf.

Stöðupróf/lokapróf er tekið í 5. viku eftir að nemendur hafa farið í gegnum verkefni og æfingar. Þeir nemendur sem ekki ná stöðuprófi ljúka áfanganum í fjarnámi eftir áramót.

**Námsmat**

Námsmat byggir á verklegu hraðaprófi í lok annar.

## Þjóðhagfræði

### ÞJÓ113

**Markmið**

Markmið með kennslunni er að nemendur

- kynnist hagfræðinni sem fræðigrein og átti sig á grundvallarhugtökum hennar.
- öðlist færni í að reikna út helstu stærðir þjóðhagsreikninga, verðbólgu og hagvöxt.
- kunni skil á hlutverki Seðlabanka Íslands og verði meðvitaðir um mikilvægi utanríkisviðskipta Íslendinga

**Kennsluhættir**

Kenndir verða 6 kennslutímar á viku. Þeim verður skipt þannig að notaðir verða 4 tímar á viku í yfirferð kennara á námsefninu og 2 tímar fara í verkefnavinnu og kynningar nemenda. kröfur eru

gerðar að nemendur komi undirbúnir í tíma og tilbúnir að taka þátt í umræðum sem skaðast geta um viðfangsefnið.

Nemendur vinna verkefni sem þeir kynna fyrir bekknum (10 - 15 mín. kynning)

**Námslýsing**

Nemendur læra um verðmyndun á markaði, framboð og eftirspurn, hlutverk hagkerfisins og hringráð efnahagskerfisins. Verðbólga, atvinnuleysi og hlutverk hins opinbera er kynnt nemendum. Farið verður í nokkrar kenningar hagfræðinnar og hugmundum hagfræðinga um hagstjórn gerð skil.. Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir að skilja betur umfjöllun og fréttir um efnahagsmál.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar.

## ÞJÓ202

**Markmið**

Markmiðin eru:

- öðlast dýpri skilning á grundvallarhugtökum og kenningum þjóðhagfræðinnar.
- Geti notað haglíkön og tungutak hagfræðinnar til að útskýra og greina raunveruleg vandamál.
- Kynnist íslensku efnahagslífi, viðfangsefnum hagstjórnar og efnahagsstefnu stjórnvalda.
- Geti upp á eigin spýtur nálgast upplýsingar um íslenskt efnahagslíf og efnahagslíf annarra þjóða.
- Geti tjáð sig munnlega og skriflega um hagræn málefni og mótað sjálfstæðar skoðanir sem m.a. eru byggðar á þeim fræðilega grunni sem lagður er í náminu

**Efnisatriði**

- Grundvallaratriði hagfræðinnar.
- Að hugsa eins og hagfræðingur.
- Hið opinbera.
- Hagvöxtur
- Vinnumarkaður
- Verðbólga

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar

## ÞJÓ213

Ekki kenndur 2011-2012

## ÞJÓ303

**Markmið**

Að nemendur

- öðlist dýpri skilning á grundvallarhugtökum og kenningum í þjóðhagfræði, sérstaklega alþjóðahagfræði.
- geti tengt saman ólík viðfangsefni við alþjóðahagfræðina og nám úr öðrum greinum ( alþjóðafræði o.fl.)
- læri og venjist því að nota enska kennslubók
- læri að finna upplýsingar um ísl. og erlent efnahagslíf og efnahagsmál
- geti útskýrt munnlega og skriflega hagfræðileg umfjöllunarefni

**Kennsluhættir**

- Verkefni
- Hópverkefni, 2 í hóp – verkefni kynnt fyrir bekknum
- Einstaklingsverkefni – stutt verkefni ýmist til kynningar eða til að skila
- Lestur úr kennslubók í tímum
- Nemendur þýða samantekt (summary), niðurstöður (conclusion) og skilgreiningar úr hverjum kafla

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar.

### ÞJÓ313

Ekki kenndur 2011-2012

## Þýska

### ÞÝS102

**Markmið**

Að nemandi

- skilji einföld fyrirmæli kennara á þýsku í kennslustofunni
- skilji skýrt talað mál með einföldum orðaforða um efni sem tekið hefur verið fyrir í áfanganum
- geti greint afmarkaðar upplýsingar í talmáli á eðlilegum hraða í hlustunaræfingum
- geti lesið og skilið stutta texta með einföldum orðaforða
- geti gert sig skiljanlegan með einföldum setningum
- geti spurt einfaldra spurninga og jafnframt svarað
- geti skrifað einfaldan texta. t.d. bréf, kort og innkaupalista.

**Námslýsing**

Unnið er með lesbók og vinnubók og tölvudiskur fylgir. Námsefninu er skipt niður í 3 lotur, sem samsvara þremur köflum í kennslubók (15 Lerneinheiten). Kennslubókinni er skipt niður í grunnþætti tungumálsins: tal, lesskilning, hlustun og ritun og eru þessir þættir þjálfaðir með fjölbreyttum æfingum. Lögð er sérstök áhersla á framburð. Nemendur vinna með texta sem tengjast daglegu lífi, umhverfi og ferðalögum. Auk kennslubókar er unnið með einfalda söngtexta.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar.

### ÞÝS103

**Markmið**

Að nemandi

- geri sér grein fyrir mikilvægi eigin vinnu til að ná árangri í námi
- hafi öðlast nokkra þekkingu á legu og staðháttum þýskumælandi landa

Hlustun:

- skilji einföld fyrirmæli kennarans á þýsku í kennslustofunni
- skilji skýrt talað mál með einföldum orðaforða um efni sem varðar daglegt líf og tekið hefur verið fyrir í áfanganum
- geti greint stök lykilorð eða afmarkaðar upplýsingar í talmáli á eðlilegum hraða í hlustunaræfingum

Lestur:

- geti lesið og skilið stutta texta með einföldum orðaforða
- átti sig á meginefni í lengri texta sem skrifaður er á léttu máli þó hann skilji ekki hvert einast orð
- geti nýtt sér þýsk-íslenska orðabók við upplýsingaöflun

Tal:

- hafi náð öryggi í réttum framburði, sérstaklega varðandi þau atriði þar sem ónákvæmur framburður getur valdið misskilningi
- geti brugðist við einföldum fyrirmælum kennara á þýsku
- geti óhræddur tjáð sig munnlega með einföldum setningum um afmarkað efni sem hann þekkir vel

Ritun:

- geti tjáð sig skriflega með réttri stafsetningu í einföldum aðalsetningum um afmarkað efni sem fjallað hefur verið um
- geti beitt reglum rétt í málfræðiæfingum

**Námslýsing**

Unnið er með kennslubók í bókarformi og á tölvudiski. Grunnorðaforði til að gera grein fyrir sjálfum sér og sínu nánasta umhverfi er þjálfaður með fjölbreyttum skriflegum æfingum af ýmsum toga svo og munnlegum æfingum í paravinnu. Auk æfinga í vinnubók er verkefnahefti með aukaæfingum notað til að festa orðaforða í sessi og þjálfa málfræðilega færni.

Lesnar eru nokkrar laufléttar smásögur og verkefni unnin í tengslum við þær. Lögð er sérstök áhersla á að nemendur festi réttan framburð í sessi og að þeir noti þýskuna til einfaldra tjáskipta í kennslustofunni. Öll almenn einföld fyrirmæli kennara fara fram á þýsku. Nemendur hlusta reglulega á hlustunarefni og á söngtexta. Gerð er krafa um að nemendur séu virkir í kennslustundum og að þeir vinni samviskusamlega öll verkefni sem fyrir þá eru lögð.

**Námsmat**

Skrifleg próf og verkefni.

## ÞÝS202

**Markmið**

að nemandi

- geri sér grein fyrir mikilvægi eigin vinnu til að ná árangri í námi
- fái innsýn inn í daglegt líf í þýskumælandi löndum
- skilji venjulegt daglegt mál um efni sem fjallað hefur verið um og eðlileg samtöl úr daglegu lífi
- skilji texta með almennum og einnig þyngri orðaforða og nái meginþræði lengri texta
- hafi þjálfast enn frekar í notkun orðabókar
- geti tjáð sig munnlega af nokkru öryggi um afmarkað efni sem verið hefur til umfjöllunar
- geti tjáð sig skriflega af nokkru öryggi um afmarkað efni sem verið hefur til umfjöllunar
- geti beitt málnotkunarreglum rétt í æfingum af mismunandi gerð

**Námslýsing**

Á fram er grunnorðaforði daglegs lífs þjálfaður og aukinn. Orðaforðinn og grunnatriði málfræðinnar eru þjálfuð með fjölbreyttum æfingum, bæði stýrðum og frjálsum skriflegum æfingum, svo og munnlegum æfingum í paravinnu. Glærur á tölvudiski eru notaðar til munnlegrar þjálfunar og vinnubók og verkefnahefti til að auka þjálfun málfræðiatriða og orðaforða. Aukið lesefni kemur inn með lestri léttlestrarbókar, svo og ævintýra og fjalla nemendur um innihald textanna bæði skriflega og með munnlegu verkefni. Með öllu lesefni er leitast við að auka orðaforða nemenda og innsýn þeirra inn í daglegt líf í Þýskalandi og þarlenda siði og venjur.

Áfram er lögð áhersla á að nemendur séu virkir í allri umfjöllun námsefnis og noti reglulega tölvudiskinn sem því fylgir. Vinnubókin og verkefnaheftið eru unnin bæði sjálfstætt heima og í kennslustundum. Auk hlustunarefnis kennslubókar fá nemendur aukalega hlustunarverkefni til úrlausnar.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar.

## ÞÝS212

**Markmið**

Að nemandi

- geri sér grein fyrir mikilvægi eigin vinnu til að ná árangri í námi
- fái innsýn inn í daglegt líf í þýskumælandi löndum
- skilji venjulegt daglegt mál um efni sem fjallað hefur verið um og eðlileg samtöl úr daglegu lífi
- skilji texta með almennum og einnig þyngri orðaforða og nái meginþræði lengri texta
- hafi þjálfast enn frekar í notkun orðabókar
- geti tjáð sig munnlega af nokkru öryggi um afmarkað efni sem verið hefur til umfjöllunar

- geti tjáð sig skriflega af nokkru öryggi um afmarkað efni sem verið hefur til umfjöllunar
- geti beitt málnotkunarreglum rétt í æfingum af mismunandi gerð

**Námslýsing**

Á fram er grunnorðaforði daglegs lífs þjálfaður og aukinn. Orðaforðinn og grunnatriði málfræðinnar eru þjálfuð með fjölbreyttum æfingum, bæði stýrðum og frjálsum skriflegum æfingum, svo og munnlegum æfingum í paravinnu. Glærur á tölvudiski eru notaðar til munnlegrar þjálfunar og vinnubók og verkefnahefti til að auka þjálfun málfræðiatriða og orðaforða. Aukið lesefni kemur inn með lestri léttlestrarbókar, svo og ævintýra og fjalla nemendur um innihald textanna bæði skriflega og með munnlegu verkefni. Með öllu lesefni er leitast við að auka orðaforða nemenda og innsýn þeirra inn í daglegt líf í Þýskalandi og þarlenda siði og venjur.

Áfram er lögð áhersla á að nemendur séu virkir í allri umfjöllun námsefnis og noti reglulega tölvudiskinn sem því fylgir. Vinnubókin og verkefnaheftið eru unnin bæði sjálfstætt heima og í kennslustundum. Auk hlustunarefnis kennslubókar fá nemendur aukalega hlustunarverkefni til úrlausnar.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar.

## ÞÝS203

**Markmið**

Að nemandi

- geri sér grein fyrir mikilvægi eigin vinnu til að ná árangri í námi
- fái nokkra innsýn inn í daglegt líf í þýskumælandi löndum

Hlustun:

- skilji skýrt talað daglegt mál um efni sem fjallað hefur verið um og snertir daglegt líf og nánasta umhverfi

Lestur:

- skilji létta lestexta með almennum orðaforða og nái meginþræði lengri texta
- hafi fengið aukna þjálfun í notkun orðabókar

Tal:

- geti tjáð sig munnlega af nokkru öryggi um afmarkað efni sem verið hefur til umfjöllunar

Ritun:

- geti tjáð sig skriflega með réttri stafsetningu um efni sem fjallað hefur verið um
- geti beitt málnotkunarreglum rétt í æfingum af mismunandi gerð

**Námslýsing**

Áfram er grunnorðaforði daglegs lífs þjálfaður og aukinn. Orðaforðinn og grunnatriði málfræðinnar eru þjálfuð með fjölbreyttum æfingum, bæði stýrðum og frjálsum skriflegum æfingum, svo og munnlegum æfingum í paravinnu. Glærur á tölvudiski og ýmislegt myndefni er notað til munnlegrar þjálfunar. Vinnubók og verkefnahefti eru unnin til að auka þjálfun málfræðiatriða og orðaforða. Aukið lesefni til að auðga orðaforða nemenda kemur nú inn með lestri ævintýra, svo og meðlestri einnar léttlestrarbókar. Fjallað er um innihald textanna bæði skriflega og munnlega. Áfram er lögð áhersla á að nemendur séu virkir í allri umfjöllun námsefnis og noti reglulega tölvudiskinn sem því fylgir. Nemendur eru markvisst þjálfaðir í að koma upp og tala um afmrkað efni (lesið eða frá eigin brjósti). Vinnubókin er unnin í kennslustundum og sjálfstætt heima, en verkefnaheftið er að mestu unnið sjálfstætt með lausnum sem birtast eftirá í skjalahólfi nemenda. Auk hlustunarefnis kennslubókar hlusta nemendur af og til á ítarefni í hlustun.

**Námsmat**

Skrifleg próf og verkefni.

## ÞÝS303

**Markmið**

Að nemandi

- geri sér grein fyrir mikilvægi eigin vinnu til að ná árangri í námi fái innsýn inn í daglegt líf í þýskumælandi löndum
- skilji skýrt talað daglegt mál um efni sem fjallað hefur verið um eða snertir daglegt líf og nánasta umhverfi
- skilji létta lestexta með almennum orðaforða og nái meginþræði lengri texta
- hafi þjálfast enn frekar í notkun orðabókar
- geti tjáð sig munnlega af nokkru öryggi um afmarkað efni sem verið hefur til umfjöllunar
- geti tjáð sig skriflega af nokkru öryggi um afmarkað efni sem verið hefur til umfjöllunar
- geti beitt málnotkunarreglum rétt í æfingum af mismunandi gerð

**Námslýsing**

Áfram er orðaforði daglegs lífs þjálfaður og aukinn. Orðaforðinn og grunnatriði málfræðinnar eru þjálfuð, en nú með auknum þunga frjálsra skriflegra og munnlegra verkefna. Lesin er léttlestrarbók, og ævintýri og fjalla nemendur um innihald textanna bæði skriflega og munnlega. Með öllu lesefni er leitast við að auka orðaforða nemenda og innsýn þeirra inn í daglegt líf í Þýskalandi og þarlenda siði og venjur. Vinnubók og verkefnahefti eru áfram notuð til aukinnar þjálfunar, bæði sjálfstætt heima og í kennslustundum.

Áfram er lögð áhersla á að nemendur séu virkir í allri umfjöllun námsefnis og noti reglulega tölvudiskinn sem því fylgir. Auk hlustunarefnis kennslubókar hlusta nemendur áfram á ítarefni í hlustun.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar.

## ÞÝS403

**Markmið**

Að nemandi

- skilji í meginatriðum daglegt talmál með almennum algengum orðaforða
- nái megininntaki heildstæðs texta
- geti leitað eftir og notað orðskýringar í þýsk-íslenskri orðabók og geti notað sér leitarvef á netinu til upplýsingaöflunar
- geti notað þýsku í almennum samskiptum við kennara
- geti tjáð sig munnlega og skriflega um afmarkað efni með réttum málnotkunarreglum
- sé fær um að tjá sig munnlega og skriflega um land sitt, þjóð, staðhætti og veður

**Námslýsing**

Kennslubókin er lesin og nemendur kynnast auk þess verkum Strauß og Mozarts. Einnig er horft á mynd um ævi Mozarts. Verkefni eru unnin, bæði skrifleg og munnleg.

Auk þessa eru lesnar nokkrar smásögur. Aðallega er fjallað um innihald saganna bæði munnlega og skriflega og orðaforði þeirra er þjálfaður.

Vinnubók með grunnbók er að mestu unnin sjálfstætt af nemendum.

Texti um Ísland er lesinn, þar sem þjálfaður er orðaforði er tengist sögu, atvinnulífi og menningu landsins og verkefni unnin úr honum, bæði munnleg og skrifleg. Hlustun er æfð, málfræði er rifjuð upp og ný atriði bætast við.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar.

## ÞÝS503

**Markmið**

að nemendur:

- geti tekið þátt í almennum samræðum
- geti tjáð sig munnlega og skriflega um efni sem tengist námsefninu

**Námslýsing**

Lesnar eru smásögur úr smásagnahefti og gerðar ýmsar æfingar úr þeim (lestur og ritun) Nokkrar stuttsögur eru lesnar og er aðaláherslan á hlustun og tali. Gerð verkefni úr dagblöðum og

tímaritum. Munnlegt verkefni er unnið og tekið til vinnueinkunnar. Málfræði er rifjuð upp samkvæmt óskum og þörfum nemenda og tengd námsefni annarinnar. Almennt er lögð áhersla á að auka málfærni og hlustun nemenda.

**Námsmat**

Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar.

## Áfangalýsingar á verslunar- og frumkvöðlabraut

Hér er rétt að hafa fyrirvara á enda er hér um drög að ræða. Heiti áfanga er bæði gefið upp skv. hefðbundnu einingakerfi og nýjum f-einingum. Búast má við að áfangaheitin taki breytingum þegar kennsla hefst skv. námsbrautinni.

## Bókfærsla og fjármálalæsi

### BÓK1A05 / BÓK173

Undanfari:Enginn

**Námslýsing**

Áfanginn er grunnáfangi í bókfærslu og fjármálalæsi. Í upphafi verður farið í einfaldar dagbókarfærslur, sýnt samspil dagbókar og uppgjörs. Settir upp efnahags- og rekstrarreikningar og lesið úr þeim. Nemendur muna færa bókhald fyrir lítið fyrirtæki og vinna verkefni í tengslum við það. Einnig munu nemendur fá kynningu á tölvubókhaldsforritinu Navison.

Í áfanganum verður farið í fjármálalæsi og hugtök skoðuð sem snerta okkur öll og velferð okkar. Skoðað verður hvað kostar að reka okkur sem einstaklinga auk þess sem skoðaður verður kostnaður við að eiga bifreið og reka heimili. Einnig verður farið í útreikninga á lánum, munur skoðaður á verðtryggðum lánum og óverðtryggðum.

Námsmat áfangans er símat í formi verkefnavinnu, hópverkefna, ástundunar og kannana.

**Lokamarkmið**

Nemendur öðlist hæfni í að:

- Lesa út úr bókhaldsupplýsingum.
- Greina hvort rekstur skili hagnaði eða tapi.
- Greina eigin fjár stöðu reksturs.
- Greina á milli þeirra valmöguleika sem í boði eru varðandi fjármögnun.

Nemendur öðlist þekkingu í:

- Hugtökum bókfærslunnar svo sem gjöld, tekjur, eignir, skuldir og eigið fé.
- Hugtökum sem tengjast fjármálalæsi svo sem vextir, verðbólga, ráðstöfunartekjur, verðtrygging, verðbætur, skattar, sparnaður og gengi.

Nemendur öðlist leikni í að:

- Að annast almennar dagbókarfærslur.
- Að færa einfalt uppgjör
- Að setja fram efnahags- og rekstrarreikninga
- Að færa einfaldar færslur í Navison.
- Að reikna út hvað kostar að reka einstakling, bifreið og heimili.
- Að reikna afborganir af lánum, vexti og lántökukostnað.

### BÓK2A05 / BÓK273

Undanfari: BÓK1A05

Áfangi kenndur á 2. ári.

# Danska

## DAN 173 / DAN 2A05

Undanfari: Enginn

### Námslýsing

Í áfanganum er lögð áhersla að vinna með orðaforða sem tengist daglegu lífi ungs fólks svo og orðaforða í kringum þjónustu og verslun. Nemendur kynnast menningu Danmerkur og annarra Norðurlanda. Notast verður að mestu leyti við rauntexta auk, bókmenntatexta, danskar kvikmyndir og sjónvarpsefni. Auk hefðbundinnar bekkjarkennslu munu nemendur vinna sjálfstætt í hópum að verkefnum sem þeir kynna munnlega í kennslustund.

### Lokamarkmið

Nemandi skal hafa öðlast **þekkingu** á:

- orðaforða sem tengist daglegu lífi ungs fólks
- orðaforða sem nýtist í verslunar- og þjónustustörfum
- menningu Danmerkur og annarra Norðurlanda
- mismunandi framsetningu dansks máls í ræðu og riti

Nemandi skal hafa öðlast **leikni** í að:

- skilja einfalt talað danskt mál
- geta tjáð sig munnlega á einföldu máli
- rita ýmsar gerðir texta, formlega og óformlega og fylgja helstu reglum um málbeitingu
- lesa og skilja fjölbreyttan danskan texta
- beita meginreglum danskrar málfræði og setningafræði

Nemandi skal geta nýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál svo sem samræður og fjölmiðlaefni
- tileinka sér innihald ritaðs texta og nýtt það á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt og geta brugðist við honum
- geta tjáð sig hiklaust og tekið þátt í einföldum samræðum við Dani
- geta tjáð sig skýrt um efni sem hann hefur kynnt sér
- geta skrifað læsilega texta frá eigin brjósti um efni sem hann hefur kynnt sér

### Námsmat

Námsmat byggir á símati. Metin verða ritunarverkefni, kynningar og fl.

# Enska

## ENS 2A05 / ENS 173

Undanfari: Enginn

### Námslýsing

Nemendur lesa texta um margvísleg efni og eru þjálfaðir í að tileinka sér bæði almennan orðaforða og grunnorðaforða verslunar og viðskipta. Þeir eru þjálfaðir í að tjá hugsun sína í ræðu og riti og rökstyðja skoðanir sínar. Nemendur vinna sjálfstætt og í hópum að verkefnum svo sem kynningum og ritunarverkefnum sem fela m.a. í sér öflun upplýsinga af neti.

### Lokamarkmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- orðaforða til markvissar notkunar við störf í verslunum
- þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð texta eða viðfangsefnis
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja mál sem talað er með mismunandi hreim
- lesa fjölbreyttar gerðir texta og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga
- taka virkan þátt í samskiptum og beita málfari við hæfi
- tjá sig munnlega um málefni sem hann hefur kynnt sér
- tjá sig skriflega bæði á formlegan og óformlegan hátt

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda og efni sem tengist verslun og þjónustu
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt og geta brugðist við og tjáð skoðanir sínar um efni þeirra
- tjá sig lipurlega fyrir áheyrendum um sérvalið efni sem hann hefur kynnt sér
- skrifa formlegan og óformlegan texta og beita rithefðum sem við eiga í textasmíð
- skrifa læsilegan texta um sérvalið efni frá eigin brjósti þar sem hugmyndaflug getur fengið að njóta sín
- leysa ýmis mál sem upp koma í samskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður
- eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óvæntum spurningum og athugasemdum

**Námsmat**
Námsmat byggir á símati. Metin verða ritunarverkefni, kynningar og fl.

## Hagfræði

### HAG 2A05 / HAG 173

Undanfari: Enginn

**Námslýsing**
Í áfanganum verða kynnt grunnatriði hagfræðinnar. Farið verður í grunnhugtök, skoðuð verða hagkerfi og hlutverk þeirra. Vísitölur verða skoðaðar og notkun þeirra. Verðbólga, atvinnuleysi og hagvöxtur snerta líf okkar daglega og verða þessi hugtök skoðuð vandlega. Þá verður farið í að lesa út úr línuritum og túlka þau. Einnig verða nemendur þjálfaðir í að nálgast upplýsingar á netinu og vinna úr þeim. Nemendur eiga að loknum áfanganum að hafa öðlast nægjanlegan skilning á efnahagsstarfsseminni til að þeir séu færir um að skilja umfjöllun um efnahagsmál í fjölmiðlum og getið tekið þátt í umræðum er snerta efnhagsmál.

**Lokamarkmið**
Nemendur öðlist þekkingu í:

- Grunnhugtökum hagfræðinnar svo sem skortur, fórnarkostnaður, val, gæði, eftirspurn, framboð, verðbólga, vísitölur, hagvöxtur, atvinnuleysi, markaðsverð, framlegð, fastur kostnaður og breytilegur kostnaður.
- Mismunandi hagkerfum, uppbyggingu þeirra og starfsemi.
- Hlutverki Seðlabanka og annarra aðila á peningamarkaði.
- Helstu kenningum er varða utanríkisviðskipti
- Gengi gjaldmiðla, nafngengi og raungengi

Nemendur öðlist leikni í:

- Reikna út markaðsverð vöru út frá framboðs- og eftirspurnarjöfnum.
- Að reikna út hlutfallslega - og algjöra yfirburði.
- Að reikna út verðbólgu, hagvöxt og kaupmáttarbreytingar

Nemendur öðlist hæfni í að:

- Túlka umsvif hins opinbera í efnahagslífinu.
- Lesa út úr sölu-, greiðslu- og rekstraráætlunum

**Námsmat**
Símat í formi verkefnavinnu, hópverkefna og kannana.

# Íslenska:

## ÍSL 2A05 / ÍSL 173

Undanfari:Enginn

**Námslýsing**

Unnið verður með læsi, málnotkun, ritun og tjáningu.

- Læsi: Ýmsar tegundir texta verða notaðar til að þjálfa leshraða og lesskilning.
- Málnotkun: Helstu hugtök íslenskrar beygingarfræði rifjuð upp og notuð til að vinna með hagnýta málnotkun.
- Ritun: Lögð verður áhersla á réttritun og hún tengd við ritun margvíslegra styttri texta.
- Tjáning: Verkefni sem lúta að kynningu, framkomu og kurteisi verða notuð til að þjálfa nemendur.

**Lokamarkmið**

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- Mismunandi tegundum texta og tilgangi þeirra.
- Ritreglum sem nýtast í ritmáli og talmáli.
- Undirstöðuþáttum tjáningar.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Lesa mismunandi texta með lágmarkshraða og lesskilningi.
- Þjálfun í að greina aukaatriði frá aðalatriðum og nýta sér upplýsingar úr textum.
- Nýta sér helstu málfræðihugtök til að efla eigin málfærni.
- Flytja lýsingar, kynningar, endursagnir og ræður á eðlilegan hátt.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna að skapandi verkefnum þar sem reynir á lestrarhæfni og málnotkun.
- Tjá sig á skýru og eðlilegu máli í ræðu og riti.
- Efla eigin málfærni sem nýtist honum einnig við nám erlendra tungumála.
- Tjá sig um ákveðin málefni, geta sett fram rök, tjáð afstöðu sína og efasemdir og komist að ákveðinni niðurstöðu.

## ÍSL 2B05 / ÍSL 273

Undanfari: ÍSL 2A05 / ÍSL 173

**Námslýsing**

Unnið verður með lestur sérhæfðari texta, ritun og tjáningu.

- Lestur: Ýmsar tegundir texta sem tengjast markaðs- og kynningarmálum.
- Ritun: Lögð verður áhersla á ritun sem tengist almennum kynningarmálum.
- Tjáning: Verkefni sem lúta að vörukynningum, miðlun upplýsinga til fjölmiðla o.fl.

**Lokamarkmið**

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- Mismunandi tegundum texta og tilgangi þeirra.
- Aðferðum við kynningu á vörum og þjónustu á almennum markaði.
- Öflun upplýsinga og aðferðum við að miðla þeim.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skrifa og þýða mismunandi texta auk þess að þekkja og geta unnið með mismunandi málsnið.
- Þjálfun í að greina aukaatriði frá aðalatriðum og nýta sér upplýsingar úr textum.
- Setja fram kynningarefni á vönduðu og góðu máli.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Kynna vörur og þjónustu í ræðu og riti auk þess að þekkja helstu boðleiðir markaðstengdra upplýsinga í nútímaþjóðfélagi.
- Rita kynningarbréf, fréttatilkynningar, blaðagreinar og annað efni á skýru og vönduðu máli.
- Tjá sig um ákveðin málefni, geta sett fram rök, tjáð afstöðu sína og efasemdir og komist að ákveðinni niðurstöðu.

## Lokaverkefni (12ein / 20 fein)

### LOK 2A020 /LOK 1712

Þrep 2 og 3

Undanfari: Enginn

**Námslýsing**

Áfanginn skiptist í fjórar lotur. Í fyrstu lotunni verður farið almennt í hvernig fyrirtæki starfa, farið í mismunandi form þeirra og starfsemi. Nemendur fá innsýn í starfsemi fyrirtækja með því að fá heimsóknir frá stjórnendum, skoða heimasíður og fara í vettvangsferðir. Nemendur munu gera sína eigin ferilskrá og farið verður í mikilvægi þess að hafa allar upplýsingar vel framsettar. Í lok lotunnar skipta nemendur sér í hópa sem munu starfa saman í gegnum allar loturnar. Nemendur munu koma sér saman um hugmynd fyrir eigið fyrirtæki. Skipta með sér verkefnum og undirbúa stofnun þess.

Í lotu tvö verður farið í kenningar og hugtök stjórnunar. Útskýrt er hvernig þjóðfélagsbreytingar hafa gert það að verkum að menn leggja nú meiri áherslu á stjórnun en áður. Leitast er við að veita nemendum innsýn í störf stjórnenda og kynna þeim ýmis verkefni sem þeir inna af hendi. Farið er í stjórnunarferlið, mismunandi gerðir stjórnskipulaga, setningu markmiða, áætlanagerð og upplýsingastreymi. Áhersla er lögð á að upplýsa nemendur um samspil stjórnunar og samstarfs og mikilvægi þess að starfsmenn séu ánægðir í sínu starfi.

Nemendur vinna einnig að viðskiptaáætlun fyrir fyrirtækið sitt.

Í lotu þrjú verður markaðsfræðin tekin fyrir. Nemendur fá kynningu á hugtökum og viðfangsefnum hennar. Auk þess munu nemendur gera markaðsrannsókn í tengslum við fyrirtækið sitt.

Lota fjögur fer í að markaðsetja fyrirtækið, kynna vöruna og selja hana. Nemendur kynna afrakstur sinn í lok áfangans.

**Lokamarkmið**

Nemendur öðlist þekkingu í:

- Kenningum og hugtökum stjórnunar.
- Kenningum og hugtökum markaðsfræðinnar.

Nemendur öðlist leikni í að:

- Leita sér upplýsinga á netinu.
- Greina upplýsingar er snúa að fyrirtækjarekstri.
- Stýra verkefnavinnu.
- Taka á sig ábyrgð og sýna frumkvæði í vinnu.

Nemendur öðlist hæfni í að:

- Stofna fyrirtæki og reka það.
- Vinna saman í hópum.
- Setja fram og kynna á skýrann hátt upplýsingar um tiltekið efni.
- Gera viðskiptaáætlun.
- Framkvæma markaðsrannsókn.

# Persónufærni

## PER 1A05 / PER 173

**Námslýsing**

Farið verður í gegnum lífsleikniáfangann sem allir nýnemar fara í gegnum og en einnig í ýmis efni sem tengjast almennri persónufærni. Farið verður yfir hvernig starfsfólk getur eflt sig og styrkt sem einstaklingar og í samskiptum við aðra. Áhrif góðrar sjálfsmyndar á hæfni í samskiptum, áhrif þess á starfsandann og hvernig starfsmenn geta skapað gott andrúmsloft og góða samvinnu á vinnustað. Rætt verður um leiðir til að byggja sig upp og stuðla þannig að auknu sjálfsöryggi og sjálfstæði. Áhersla er lögð á hugann og hvernig jákvætt viðmót skiptir máli fyrir starfsmanninn sjálfan, samstarfsfólk og umhverfið í heild.

Fjallað verður um námsaðferðir og námstækni og nemendum kenndar hagnýtar aðferðir við að tileinka sér nýja þekkingu. Skipulag og vinnubrögð við nám tekið fyrir og nemendum bent á árangursríkar leiðir og hvað beri að forðast.

# Sala og þjónusta

## VIÐ 1A05 / VIÐ 173

**Námslýsing**

Nemendur fá þekkingu á söluhringnum allt frá fyrstu kynnum af viðskiptavini að efturfylgni sölu. Nemendur læra aðferðir til að selja vörur og þjónustu til viðskiptavina við ólíkar aðstæður á meðvitaðan og markvissan hátt. Lögð er áhersla á rétta framkomu og samskipti við sölu á vörum og þjónustu. Nemendur fræðast um þarfir viðskiptavina og aðferðir til þess að bregðast við þeim. Þeir læra aðferðir til að ná athygli viðskiptavinarins með t.d. mismunandi kynningum og staðsetningu á vörum. Þeir læra einnig að greiða úr ágreiningsmálum og bregðast við ýmsum aðstæðum sem upp geta komið.

# Siðfræði

## SIÐ 2A05 / SIÐ 173

Undanfari: Enginn

**Markmið**

- að nemandi þekki grundvallar siðfræðileg hugtök á borð við réttindi og skyldur, ábyrgð, dygð, o.s.frv.
- að nemandi geti tjáð sig með rökum um siðferðileg vandamál
- að nemandi hafi tileinkað sér að taka siðferðilegt sjónarhorn í greiningu aðstæðna
- að nemandi geti nýtt siðferðileg hugtök sérstaklega í tengslum við samskipti í starfsmannahópum og við viðskiptavini
- nemandi átti sig á siðferðilegum vandamálum tengdum Internetinu, einkum varðandi tölvupóst og samskiptasíður

**Námslýsing**

Þetta námskeið byggir á hagnýtum siðfræðilegum og heimspekilegum pælingum um lífið almennt og sérstaklega varðandi starf í verslun og viðskiptum.

Námsefni verður margvíslegt efni af neti, kvikmyndum o.s.frv. og lögð verður áhersla á að vinna með efnivið úr nærumhverfi nemenda, ekki verður stuðst við eina ákveðna bók.

**Kennsluhættir**

Kennsluaðferðir byggja að miklu leyti samræðum, t.d. heimspekikaffihús og sókratísk samræða og hagnýtum athugunum nemenda og kynningum þeirra á þeim. Leitast verður við að fara út fyrir kennslustofuna eftir því sem við á og eiga samstarf við aðrar greinar þar sem því verður við komið.

**Námsmat**

Námsmat byggir á símati, siðferðilegri dagbók nemenda sem og kynningum þeirra og skriflegum greinargerðum.

# Stærðfræði

## STÆ 1A05 /STÆ 173

Undanfari: Grunnskólapróf í stærðfræði

### Námslýsing

Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslu og lausnum verkefna og þrauta. Lögð er áhersla á talnareikning, liðun og þáttun eða þá þætti sem teknir voru fyrir í 10. bekk. Kennt verður að leysa jöfnur af fyrsta stigi bæði uppsettar og óuppsettar. Einnig verður farið ítarlega í prósentu-, vaxta- og hlutfallareikning. Kennt verður að nota Excel við lausnir slíkra dæma .

Kennd verður jafna beinnar línu og sýnt hvernig hægt er að nota forrit til þess að teikna ferla. Farið verður í flatarmáls- og rúmmálsreikninga .

### Lokamarkmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- Meðferð talna og aðgerðaröð í útreikningum
- Helstu reglum algebrunnar
- Prósentu , vaxta og hlutfallareikningi.
- Hvernig finna skal flatarmál og rúmmál reglulegra hluta.
- Hvernig hægt er að tengja ýmsa hluti í daglegu lífi við jöfnu beinnar línu .

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Nota táknmál algebrunnar til þess að túlka upplýsingar.
- Meðferð talna, heilla talna, tugabrota og almennra brota.
- Leysa nokkuð flókin dæmi í prósentureikningi og vaxtareikningi.
- Nota forrit til þess að teikna ferla.
- Finna rúmmál og flatarmál.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hafur aflað sér til að:

- Útskýra fyrir öðrum hvernig álagning eins og t.d. virðisaukaskattur er fundin.
- Túlka tölulegar upplýsingar.

## STÆ 1B05 / STÆ 273

Undanfari: STÆ 1A05/ STÆ 173

### Námslýsing

Mengi og mengjaaðgerðir. Frumtölur, heiltölureikningur, Talnalínan. Liðun og þáttun, brotareikningur. Jöfnur, annars stigs jöfnur, Veldareglur. Margliður, skilgreining, deiling margliða, núllstöðvar margliðu, formerki margliða. Hnitakerfið, jafna beinnar línu. Jafna fleygboga, topppunktar, skurðpunktar milli ferla. Tölfræði.

### Lokamarkmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- Helstu reglum algebrunnar
- Veldareglum
- Annars stigs jöfnunni
- Hnitakerfinu

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Nota táknmál algebrunnar til þess að túlka upplýsingar.
- Leysa jöfnur af öðru stigi.
- Finna topppunkt fleygboga
- Teikna ferla fleygboga

- Teikna feril hrings út frá gefinni jöfnu
- Nota forrit til þess að teikna ferla.
- Finna skurðpunkta línu og annars stigs ferla.
- Túlka tölulegar upplýsingar bæði myndrænt og með útreikningum.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hafur aflað sér til að:

- Túlka töluleg gögn með myndriti
- Lesa af gröfum
- Leysa einföld algebrudæmi.

## Upplýsingatækni og læsi

### UTL 1A05 / UT L173

Undanfari: enginn

**Námslýsing**

Í áfanganum kynnast nemendur og læra að nota fjölbreyttan hugbúnað og samskiptatæki og vinna með upplýsingar á margvíslegu formi við lausn og framsetningu viðfangsefna í námi sínu.

Markmið námsins er því að stuðla að færni þátttakenda í fjölbreyttu náms- og starfsumhverfi með hjálp upplýsingatækni. Lögð er á hersla á frumkvæði, ábyrgð og uppbyggileg samskipt milli námsmanns, samnemenda og kennara.

Í náminu er einnig lögð rík áhersla á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð og að námið nýtist sem góður undirbúningur fyrir störf í verslun og þjónustu.

- Vélritun/fingrasetning  á hnappa- og númeraborð
- Upplýsingalæsi
- Helstu samskiptatæki og hugbúnaður:
- Póst- og samskiptaforrit, glærugerð, ritvinnsla, töflureiknir, notkun leitarvéla og gagnabanka o.fl.

**Lokamarkmið**

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- mikilvægi fingrasetningar á hnappa- og númeraborð og réttrar vinnustöðu við tölvu
- helstu samskiptatækjum og -hugbúnaði
- algengustu forritum skrifstofuhugbúnaðar svo sem glærugerð, ritvinnslu, töflureikni
- öflun upplýsinga um fjölbreytt efni eftir margvíslegum leiðum þ.e. upplýsingalæsi og mikilvægi þess

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- réttri fingrasetningu á hnappa- og númeraborð
- markvissri notkun tölvupósts og samskiptaneta
- algengustu forritum skrifstofuhugbúnaðar svo sem glærugerð, ritvinnslu, töflureikni
- notkun leitarvéla, gagnabanka, netorðabóka og annarra hjálpargagna í samskiptum við t.d. erlenda aðila

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hafur aflað sér til að:

- meta, varðveita og miðla upplýsingum og þekkingu á skipulagðan og skilvirkan hátt (upplýsingalæsi og rýni)
- vinna með gögn í mismunandi hugbúnaði og miðla þeim á mismunandi hátt eftir umfangi og eðli gagnanna

### UTL 2A05 / UTL 203

Undanfari: UTL 1A05 / UTL 103

**Námslýsing**
Í áfanganum kynnast nemendur og læra að nota fjölbreyttan hugbúnað og samskiptatæki og vinna með upplýsingar á margvíslegu formi við lausn og framsetningu viðfangsefna í námi sínu.

Markmið námsins er því að stuðla að öflugri færni þátttakenda í fjölbreyttu náms- og starfsumhverfi með hjálp upplýsingatækni. Lögð er á hersla á frumkvæði, ábyrgð og færni í vinnu með gögn af ýmsum toga ásamt færni í samskiptum, meðferð og miðlun upplýsinga

Lögð verður rík áhersla á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð og að námið nýtist sem góður undirbúningur fyrir frekara nám eða störf ( í verslun og þjónustu).

- Póst- og samskiptaforrit,
- ritvinnsla,
- töflureiknir,
- gagnagrunnur
- vefsíðugerð og vefhönnun
- upplýsinga- og menningarlæsi (þróað læsi)
- höfundaréttur og heimildir
- siðfræði/siðferði á Netinu

**Lokamarkmið**
Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- helstu póst- og samskiptanetum
- flóknum aðgerðum í helstu forritum skrifstofuhugbúnaðar svo sem glærugerð, ritvinnslu og töflureikni
- gagnagrunnum og mikilvægi þeirra
- upplýsinga- og menningarlæsi og mikilvægi þess (þróað læsi)
- vefsíðugerð og vefhönnun
- höfundarétti og notkun heimilda
- siðfræði og siðferð Netsins (upplýsinga- og tölvusiðfræði)

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- markvissri notkun póst- og samskiptaneta
- flóknari aðgerðum í helstu forritum skrifstofuhugbúnaðar svo sem glærugerð, ritvinnslu og töflureikni
- grunnaðgerðum í gagnagrunni
- gerð heimasíðna og HTML tungumálinu
- meðferð heimilda

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hafur aflað sér til að:

- meta, varðveita og miðla upplýsingum og þekkingu á skipulagðan og skilvirkan hátt (upplýsingalæsi og rýni)
- átta sig á mikilvægi menningarlæsis í tengslum við alþjóðasamskipti
- vinna með heimildir og virða höfundarétt í vinnu með gögn af ýmsum toga

## Vinnustaðanám

### VSN 2A015 / VSN 179
Undanfari: enginn

**Námslýsing**
Vinnustaðanámið mun fara fram á fyrstu þremur önnunum og samsvarar alls 9 einingum, en á þeirri fjórðu og síðustu eru nemendur að vinna að stóru lokaverkefni og því hentugt að vinnustaðanáminu sé lokið þá. Námið fer þannig fram að nemendur kynna sér mismunandi fyrirtæki; matvöruverslanir, sérvöruverslanir og þjónustufyrirtæki. Stefnt er að því að nemendur einbeiti sér að einni gerð fyrirtækja á hverri önn. Nemendur kynnast af eigin raun störfum í verslun og í þjónustufyrirtæki og halda dagbók um námsferil sinn þar.

**Lokamarkmið:**

Að búa nemendur undir það að starfa við verslunar- og þjónustustörf, en það felur m.a. í sér:

- að nemandi öðlist þjónustuvitund við verknámið og fræðslu um vörur þær sem vinnustaðurinn selur og annast
- að nemandi verði fróðari um alla þá kunnáttu sem þarf til að reka verslun eða þjónustufyrirtæki svo vel sé
- að byggja upp almenna færni nemandans á sviði verslunar og þjónustu og almenna verkkunnáttu í nútíma þjóðfélagi

**Námslýsing**

Nemendur munu fara einn dag í viku til þjálfunar og starfa í fyrirtæki og vinna þar verkefni sem skólinn annarsvegar og vinnuveitandinn hinsvegar munu útvega þeim. Verkefnin gætu m.a. falist í því að fylgjast með sem áhorfandi og/eða sinna þeim störfum sem þarf á vinnustaðnum. Nemendur gætu verið að fylgjast með því hvernig tekið er á móti viðskiptavinum, aðkoma, hreinlæti, viðmót og slíkt. Skoða hvernig leyst er úr vandamálum, kvörtunum eða öðru sem upp getur komið. En einnig ættu nemendur að ganga í störf þau sem í boði eru á vinnustaðnum.

Nemandi ætti að öðlast þjónustuvitund við vinnustaðanámið og fræðast um vörur þær sem vinnustaðurinn selur og annast og hann ætti að verða fróðari um alla þá kunnáttu sem þarf til að reka verslun eða þjónustufyrirtæki svo vel sé og hæfari til að takast á við starf í verslun eða þjónustufyrirtæki að námi loknu.

Á vinnustaðnum verður tengiliður sem annast nemandann og sér um samskiptin við skólann og það sama gildir í skólanum. Þar verður tengiliður sem annast öll samskipti við fyrirtækin og fylgist með því að allt gangi vel, að nemandinn mæti og sinni starfi sínu eins og til er ætlast.

Nemendur munu halda námsferilsbók um vinnustaðanámið þar sem þeir skrá hjá sér hvaða verk þeir vinna, hvað þeim finnst um það sem þeir sjá og gera og þar geta þeir einnig skráð hjá sér hugmyndir og hvað annað sem gæti nýst þeim við vinnu lokaverkefnisins.

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- starfi í matvöruverslun, allri starfsemi verslunarinnar allt frá pöntun vörunnar til þess að hún endar í höndum viðskiptavinarins
- starfi í sérvöruverslun, allri starfsemi verslunarinnar allt frá pöntun vörunnar til þess að hún endar í höndum viðskiptavinarins
- starfi í þjónustufyrirtæki , allri starfsemi fyrirtækisins sama á hvaða sviði það er
- vörum þeim og þjónustu sem fyrirtækið býður upp á

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að þjónusta viðskiptavini með faglegum hætti
- að sinna pöntunum og afgreiðslu á mismunandi sviðum verslunar og þjónustu
- að leysa úr árgreiningsmálum sem upp geta komið milli þjónustuaðila og viðskiptavinar
- að vinna með almenn og sértæk bókhalds- og skráningarkerfi

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hafur aflað sér til að:

- að vinna í samræmi við staðla og innra eftirlit verslunarinnar og þjónustufyrirtækisins
- sinna flestum þeim störfum sem þarf í verslun og þjónustufyrirtæki

**Námsmat**

Námsmat byggir á dagbókinni og á námsferilsbók. Í dagbókinni skal koma fram lýsing á fyrirtækinu og starfsemi þess, lýsing á fyrirtækjabragnum og lýsing á viðfangsefnum fyrirtækisins. Bæði tengiliðirnir á vinnustöðunum og tengiliður skólans mundu annast námsmat sem byggt yrði á vinnu nemandans, dagbók og námsferilsbók.

# Íþróttir

## ÍÞR101

### Markmið

Að nemandi brjóti upp mikla setu í skólaumhverfinu og taki þátt í fjölbreyttri hreyfingu. Auk þess er unnið markvisst að því að auka þol, styrk, liðleika og að kynnast slökunartækni.

### Námslýsing

Kenndir eru tveir verklegir tímar í viku. Á hersla er lögð á fjölbreytta hreyfingu, þar sem sérkenni hverrar íþróttagreinar eru kynnt. Einnig er hugtakið "líkamsrækt" haft að leiðarljósi.

### Námsmat

Námsmat byggist á þeim þáttum sem unnið er með yfir önnina og lokaeinkunn er samsett úr ástundun, virkni og afakastamælinum.

## ÍÞR111

### Markmið

Að nemandi brjóti upp mikla setu í skólaumhverfinu og taki þátt í fjölbreyttri hreyfingu. Auk þess er unnið markvisst að því að auka þol, styrk, liðleika og að kynnast slökunartækni.

### Kennsluhættir

Kenndir eru tveir tímar á viku, annar tíminn í íþróttasal, hinn í minni sal. Aðaláherslan er á fjölbreytta hreyfingu.

### Námslýsing

Áfram er haldið með að byggja á þann grunn sem nemendur hafa og kynntar fyrir þeim nýjar greinar. Áfram er haldið með kennslu í þol- og styrkjandi æfingum. Kenndur er dans eina viku í janúar.

### Námsmat

Námsmat byggist á þeim þáttum sem unnið er með yfir önnina og lokaeinkunn er samsett úr ástundun, virkni og afakastamælinum.

## ÍÞR201

### Markmið

Að nemandi brjóti upp mikla setu í skólaumhverfinu og taki þátt í fjölbreyttri hreyfingu. Auk þess er unnið markvisst að því að auka þol, styrk, liðleika og að kynnast slökunartækni.

### Kennsluhættir

Íþróttir eru tvisvar í viku og er kennt ýmist í íþróttasal og í öðrum minni tækjasal.

### Námslýsing

Kenndir eru tveir tímar í viku. Annar tíminn er í íþróttasal, hinn í litlum sal þar sem unnið er í tækjum og stöðvaþjálfun. Megináherslan er á fjölbreytta hreyfingu, líkams- og heilsurækt.

Nemendur fá alhliða þjálfun þar sem unnið er markvisst með helstu þætti þjálfunar. Upphitun, þol, styrk og leiðleika. Einnig er kenndur dans eina viku í október.

### Námsmat

Námsmat byggist á þeim þáttum sem unnið er með yfir önnina og lokaeinkunn er samsett úr ástundun, virkni og afakastamælinum.

## ÍÞR211

### Markmið

Að nemandi brjóti upp mikla setu í skólaumhverfinu og taki þátt í fjölbreyttri hreyfingu. Auk þess er unnið markvisst að því að auka þol, styrk, liðleika og að kynnast slökunartækni.

### Kennsluhættir

Kenndir eru tveir verklegir tímar í viku. Annar tíminn er í íþróttasal þar sem meginhersla er á knattleiki og aðra leiki, hinn tíminn er í litlum sal þar sem unnið er í tækjum og stöðvaþjálfun.

**Námslýsing**

Megináherslan er á fjölbreytta hreyfingu og heilsurækt. Kenndur er dans eina viku í janúar og eina viku í apríl þar semkenndir eru dansar fyrir peysufatadag.

**Námsmat**

Námsmat byggist á þeim þáttum sem unnið er með yfir önnina og lokaeinkunn er samsett úr ástundun, virkni og afakastamælinum.

## Vörufræði

### VÖR1A05 / VÖR173

Kenndur á 2. ári

## Frumkvöðlafræði

### FRU2A05 / FRU173

Undanfari: enginn

Kenndur á 2. ári

# jafnréttisáætlun

Samkvæmt lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 25 manns að setja sér jafnréttisáætlun. Í 18. gr. laganna kemur fram að í slíkri áætlun þarf að kveða á um launajafnrétti, laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og hvernig atvinnurekendur/yfirmenn stofnana og félagasamtaka ætla að koma í veg fyrir kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni á vinnustað.

**Launajafnrétti**

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|---|---|---|---|
| Gæta þess að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf. | Árleg greining á launum og fríðindum starfsmanna ásamt tölfræðilegri samantekt. Leiðrétta laun ef óútskýranlegur mismunur kemur fram. | Skólastjórn og fjármálastjóri. | Í október á hverju ári. |

**Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun**

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|---|---|---|---|
| Bæði kyn skulu hafa jafna möguleika á starfi við skólann. | Við ráðningu skal litið fyrst til hæfni umsækjanda en leitast við að viðhalda jöfnum kynjahlutföllum í deildum. | Skólastjórn og deildarstjórar. | Athugað árlega. |
| Endur- og símenntun skal vera opin báðum kynjum og óháð aldri. | Við úrvinnslu umsókna skal fyrst og fremst líta til þess hvað nýtist stofnuninni sem best. | Skólastjórn og skólanefnd. | Athugað árlega. |
| Leitast skal við að jafna kynjahlutföll í þeim deildum þar sem hallar á annað kynið. | Litið skal til kynjahlutfalla í deildum og starfshópum þegar ráðið er til starfa. | Skólastjórn og deildarstjórar. | Athugað árlega. |

**Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs**

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|---|---|---|---|
| Tími til undirbúningsvinnu sé sveigjanlegur. | Að ábyrgð á undirbúningsvinnu sé hjá kennurum, óháð stund og stað. | Kennarar. | Endurskoðað árlega. |
| Að karlar og konur þekki og nýti sér réttinn til fæðingarorlofs, -styrkja og leyfa vegna veikinda barna. | Upplýsingar um réttindi starfsfólks séu aðgengilegar og skýrar. | Skólastjórn og trúnaðarmenn. | Athugað í upphafi skólaárs og kynnt nýjum starfsmönnum. |

**Kynbundin og kynferðisleg áreitni**

Allir starfsmenn eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki kynferðislegri eða kynbundinni áreitni.

- Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður. Kynferðisleg áreitni getur verði líkamleg, orðbundin eða táknræn.

- Kynbundin áreitni er hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður.

Telji starfsfólk sig verða fyrir kynferðislegri eða kynbundinni áreitni má t.d. leita til trúnaðarmanna eða jafnréttisfulltrúa.

| Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|---|---|---|---|
| Kynferðisleg áreitni er ekki liðin í skólanum. Því eru fyrirbyggjandi aðgerðir og fyrirfram ákveðin viðbrögð nauðsynleg. | Fræðsla um einelti og kynferðislega áreitni fyrir starfsfólk ásamt því að koma á vinnureglum um hvernig skuli bregðast við ef slíkt kemur upp. | Námsráðgjafar/jafnréttisfulltrúar. | Kynning í september ár hvert ásamt því að vinnureglur skulu vera til í lok árs. |

**Eftirfylgni**

Jafnréttisáætlun Verzlunarskóla Íslands á að vera í sífelldri þróun eins og önnur stefnumótun. Jafnréttisáætlunina ber að endurskoða samhliða starfsmannastefnu á 3 ára fresti.

# Sjálfsmat

Samkvæmt 40. og 41. gr. laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 skal hver framhaldsskóli meta kennslu og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti. Menntamálaráðuneytið lætur síðan gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla á fimm ára fresti.

Haustið 2002 var gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum Verzlunarskóla Íslands og var niðurstaðan sú að skólinn þyrfti að taka aðferðir sínar við sjálfsmat til athugunar. Í því skyni var vinnuhópur kennara skipaður til að vinna með gæðastjóra að þessu verkefni. Gæðahópurinn skilaði sjálfsmati til menntamálaráðuneytisins vorið 2004 og haustið 2005. Í mars 2007 var í annað sinn gerð úttekt á vegum menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum við Verzlunarskóla Íslands. Að fengnum gögnum sem skólinn skilaði inn um sjálfsmat við skólann 2004 – 2007 og eftir fund með skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, áfangastjóra og gæðastjóra, var niðurstaða ráðuneytisins í september 2007 sú að skólinn uppfyllti „viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats.“

## Viðhorfskönnun á meðal nemenda

Ár hvert er framkvæmd könnun á meðal nemenda skólans. Tilgangurinn er að kanna hvernig til hafi tekist í skólastarfinu um veturinn með það að markmiði að bæta það sem betur má fara. Frá vori 2006 voru gerðar kannanir sem ýmist voru almennar eða þar sem athugaðar voru einstakar greinar eða þá báðum aðferðum fléttað saman. Á vorönn 2008 var hins vegar gerð ein almenn könnun og aftur á haustönn sama ár en nauðsynlegt var að framkvæma slíka könnun á önninni þar sem venjuleg vorkönnun nær ekki lengur yfir áfanga að hausti, eftir að áfangaskipulagið var að fullu gengið í gegn í skólanum.

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir nemendur í könnuninni haustið 2008:

**Spurningar með vægi 1 - 5**

1. Hversu mikilvægur er áfanginn að þínu mati?
2. Finnst þér sem námsgögn sem notuð eru í áfanganum góð eða slæm?
3. Hversu ánægður/óánægður ert þú með kennslu í áfanganum?
4. Eru fyrirlestrar of fáir eða of margir að þínu mati?
5. Eru verkefni í tímum of fá eða of mörg að þínu mati?
6. Eru heimaverkefni of fá eða of mörg að þínu mati?

7. Finnst þér þú læra mikið eða lítið í kennslustundum?
8. Finnst þér agi í kennslustundum of mikill eða of lítill í þessum áfanga?
9. Finnst þér yfirferð of hröð eða of hæg?
10. Finnst þér kennari útskýra námsefnið vel eða illa?
11. Finnst þér samskipti kennarans og þín vera góð eða slæm?

**Spurningar fyrir textasvör**

1. Af hverju valdirðu Verzlunarskóla Íslands?
2. Hefur skólinn staðið undir væntingum þínum?
3. Er eitthvað sem betur mætti fara í skólanum sem þú vilt koma á framfæri?
4. Hvað telur þú að mikill tími fari að jafnaði í heimanám á viku í klst. talið?

Könnunin að vori fór fram 16. og 17. mars 2010 og að vanda voru heildarniðurstöður kynntar á almennum kennarafundi fljótlega eftir að úrvinnsla hafði farið fram. Eftir almenna kynningu niðurstaðna fór skólastjóri yfir niðurstöður með hverjum og einum kennara í starfsmannaviðtölum.

Í þetta sinn var ákveðið, auk hinnar venjulegu úrvinnslu og greinargerðar sem fram kemur hér að ofan, að yfirkennari, verkefnastjóri vegna nýrra framhaldsskólalaga og gæðastjóri myndu skoða könnunina nánar og beina sjónum sínum að eftirtektarverðum niðurstöðum. Spurningar í könnuninni á vorönn 2010 voru alveg þær sömu og á haustönn 2008 og því ákveðið að bera saman niðurstöður þeirra með skipulegum hætti til að grennslast fyrir um hvort og hvaða breytingar hefðu orðið á því rúma ári sem var liðið. Lögð hefur verið fram skýrsla með niðurstöðum. Áfram verður unnið með sama hætti úr niðurstöðum könnunar komandi skólaárs.

## Mat vegna nýrra framhaldsskólalaga

Þegar samþykkt voru ný lög um framhaldsskóla 2008, varð ljóst að breytingar verða á mörgum þáttum í starfi framhaldsskólanna. Fyrsta skref til kynningar við Verzlunarskólann var fundur kennara og starfsfólks á Hótel Glym í Hvalfirði 1. nóv. 2008. Þar hélt Björg Pétursdóttir inngangserindi um hæfniþætti og aðrar nýjungar með frumvarpinu en síðan var rætt í hópum um ýmsar hliðar yfirvofandi breytinga.

Þessu næst var myndaður stýrihópur (í honum voru yfirkennari, deildarstjóri stærðfræðideildar og verkefnisstjóri um ný framhaldsskólalög). Þessi hópur sótti námskeið sem haldið var um nýju framhaldsskólalögin frá janúar til mars. Þá tók við vinna í einstökum deildum um hugmyndir um vinnu nemenda í einstökum greinum og áföngum þeirra á vorönn 2009. Hugmyndum þar að lútandi var skilað að vori 2009 og í byrjun haustannar 2009.

Í apríl 2009 var síðan skipaður verkefnahópur með fulltrúum allra deilda. Fyrsti fundur hópsins var haldinn í maí 2009.

Verkefnahópurinn hélt síðan áfram störfum skólaárið 2009 – 2010. Alls voru haldnir fimm fundir með hópnum öllum yfir veturinn og mest fjallað um lykilhæfni og mögulegar námsbrautir í nýrri skipan skólans miðað við nýju lögin. Minni hópar fjölluðu um afmarkaðri verkefni á milli funda með hópnum öllum. Niðurstaðan fólst í tiltekinni línu varðandi lengd náms við skólann og hugmyndum um tilteknar námsbrautir sem unnið verður með áfram næsta vetur. Ákveðið var að halda þessu starfi áfram jafnvel þótt menntamálaráðuneytið hefði frestað gildistöku margra þátta nýju laganna á síðari hluta vorannar skólaársins.

## Innra mat á fjarnámi

Skipulegt mat á fjarnámi með fjölbreyttum aðferðum hefur farið fram við á fjarnámi frá vorönn 2008 (sjá sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2008 – 2009). Á liðnu skólaári má segja að mesta orkan hafi farið í að bregðast við yfirvofandi niðurskurði í fjarnáminu.

Á vorönn 2010 stóð Mennta- og menningarmálaráðuneytið hins vegar fyrir úttekt á fjarkennslu á framhaldsskólastigi. Verzlunarskóli Íslands var einn þeirra skóla sem úttekt á fjarkennslu beindist aðallega að. Hinir skólarnir voru Verkmenntaskólinn á Akureyri og Fjölbrautaskólinn við Ármúla. Í bréfi frá ráðuneytinu til skólastjóra VÍ kom fram að:

„Markmiðið með úttektinni er að meta hvort nám með fjarkennslusniði í íslenskum framhaldsskólum uppfylli kröfur gildandi laga, reglugerðar og aðalnámskrár og hvort í náminu séu gerðar sambærilegar kröfur og í reglubundnu námi í dagskólum framhaldsskóla. Með úttektinni skal veita upplýsingar um verklag og umgjörð fjarnáms, meta þörf fyrir fjarnám á framhaldsskólastigi með tillitil til ólíkra námshópa í fjarnámi. Ennfremur skal meta kostnað, skilvirkni og hagkvæmni fjarnáms og skoða starfsþróun kennara með tilliti til undirbúnings og þjálfunar í fjarkennslu."

Úttektina gerður þær Sólveig Jakobsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir frá Menntavísindasviði HÍ. Úttektin hófst í mars og skýrsla kom út um miðjan júní. Slóðin á niðurstöður er : http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/fjarnam_uttekt_2010.pdf

Þess má og geta að fjarnámsstjóri Verzlunarskóla Íslands situr í hópi sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði til að kanna stöðu fjarnáms í framhaldsskólum en skýrsla þess hóps verður væntanlega birt á haustönn 2010.

## Þróunarvinna

Starfendarannsóknirnar árinu á undan þóttu takast svo vel að ákveðið var að halda þeim áfram og fá dr. Hafþór Guðjónsson til að leiða starfið. Umsjón með hópnum hafði Bertha S. Sigurðardóttir. Tæplega 20 kennarar skráðu sig til þátttöku en af þeim voru aðeins um helmingur sem var virkur allan tímann. Fundir voru einu sinni í mánuði. Í upphafi fyrsta fundar sögðu kennarar hvað þeir ætluðu að rannsaka og síðan frá framvindu mála á rannsókninni, skiptust á skoðunum, komu með ábendingar o.s.frv. Voru þátttakendur á einu máli um mikilvægi þess að halda starfendarannsóknum áfram og sú hefur orðið raunin því þótt Hafþór sé ekki lengur með okkur og mánaðarlegir fundir um starfendarannsóknir hafi lagst af eru samt nokkrir kennarar sem eru að gera starfendarannsóknir í sínum bekkjum á þessu skólaári.

Lokafundur var haldinn í byrjun maí 2010 og í tengslum við starfið hýsti Verzlunarskólinn almenna ráðstefnu um starfendarannsóknir frá leikskóla til háskólastigsins sem þótti takast vel.

## Vinna vegna skjalastjórnunar

Á haustönn var hafist handa við að skipuleggja með markvissari hætti en áður meðferð skjala við skólann. Í samstarfi við fyrirtækið Skipulag og skjöl var tekið til við að meta þarfir skólans á þessu sviði og á vorönn síðan ákveðið að nota forritið SharePoint. Á önninni var síðan skipaður sjö manna stýrihópur; þrír úr yfirstjórn, kerfisstjóri skólans og kennarar. Þessi hópur ásamt Sigmari Þormar hjá Skipulag og skjöl, ásamt Skýrr, vann síðan að gerð málalykils fyrir skólann. Fyrirsjáanlegt er að ofannefnt forrit haldi utan um skjöl sem verða til innan skólans í afar víðum skilningi og jafnframt uppfylla reglur um skil á rafrænum gögnum til Þjóðskjalasafns.

Skjalakerfið var kynnt á almennum kennarafundi í byrjun haustannar og námskeið fyrir alla starfsmenn skólans haldið 13. og 20. október 2009. Notkun skjalakerfisins fór af stað með vistun miðsvetrarprófa í desember 2009. Áfram verður unnið að því að efla notkun kerfisins til daglegra nota.

## Mat á prófum

Undanfarin ár hefur einn af reyndustu kennurum skólans, Árni Hermannsson, gert skipulegar athuganir á lokaprófum við skólann, að frumkvæði yfirstjórnar. Að þessu sinni voru athuguð lokapróf í dagskóla eftir haustönnina. Við hendina hafði athugandi prófaniðurstöður seinni ára svo og jólapróf frá síðustu árum í einstökum greinum. Einkum miðaðist athugunin við ,,stærri greinar" þ.e. greinar sem kenndar eru í fleiri en einni bekkjardeild í heilum árgangi.

Athugunin tók til eftirtalinna þátta:

1. Samanburðar á inntaki aðalprófa og sjúkraprófa í öllum bekkjum/áföngum.
2. Prófseinkunna, meðaleinkunna, dreifingar einkunna og vinnueinkunna.
3. Uppbyggingar aðalprófa, sjúkraprófa og endurtektarprófa.
4. Samanburðar við fyrri ár, einkunnagjafar og einkunnadreifingar.

Helstu niðurstöður og ábendingar voru síðan sendar skólastjóra og aðstoðarskólastjóra og kynntar á kennarafundi í upphafi vorannar í janúar. Því var síðan beint til einstakra deilda að ræða um og, eftir atvikum, bregðast við því sem fram kom.

## Stefnumótunarfundur á Grand Hótel 30. okt. 2009

Haustið 2009 kom 15 manna hópur valinna starfsmanna Verzlunarskólans saman og ræddu málefni vinnustaðarins. Þremur árum áður höfðu hin „ytri" málefni skólans verið rædd og yfirfarin. Nú var kominn tími til að skoða innri málefni skólans. Spurningar sem menn veltu upp voru t.d.

- Hvað þarf til að gera stofnun á borð við Verzlunarskólann að góðum og notalegum vinnustað, jafnt fyrir starfsmenn sem nemendur?
- Hvaða kröfur og væntingar höfum við til:
  - námsframboðs
  - aðbúnaðar
  - starfsmanna
  - nemenda?

Einnig ræddu menn um hver væru gildi skólans svo og hlutverk og framtíðarsýn og hver væru lykilatriði í framtíðarsýninni. Einnig ræddu menn um hvort skólinn hefði sérstöðu meðal framhaldsskóla landsins og hver væri hún þá.

Síðar um haustið var haldinn framhaldsfundur þar sem allir starfsmenn mættu. Báðir þessir fundir voru haldnir með aðstoð og undir stjórn sérfræðinga frá Capacent.

# Félagslíf

Félagslífið í Verzlunarskólanum er fjölbreytt og öflugt. Undir stjórn Nemendafélags VÍ (NFVÍ) sitja yfir hundrað nemendur í ýmsum nefndum og ráðum sem standa fyrir margvíslegum uppákomum. Útgáfustarfsemi á vegum nemenda er fjölbreytt. Þeir gefa út þrjú tímarit: Viljann, sem er elsta skólablað landsins, hið veglega Verzlunarskólablað og Kvasi, sem er málgagn stjórnar NFVÍ.

Á hverju ári er stuttmyndahátíð og söngvakeppni (Verzló væl) þar sem kvikmyndagerðarmenn og söngvarar skólans sýna hæfni sína. Í skólanum er íþróttafélag og keppa nemendur í ýmsum greinum. Nemendur VÍ taka á hverju ári þátt í spurningakeppni framhaldsskólanna svo og ræðukeppni. Hápunktur félagslífsins er hið árlega Nemendamót sem haldið er í febrúar. Þar hafa nemendur m.a. sett upp viðamikla söngleiki sem sumir hverjir hafa vakið geysimikla athygli.